ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 5/2003
Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra



10. desember 2004

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 363

2. MÁLSMEÐFERÐ 364
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar. 364
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar 364
2.3. Lýstar kröfur og kynning. 365
2.4. Afmörkun máls nr. 5/2003 366
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð. 366

3. KRÖFUGERÐ 367
3.1. Kröfur íslenska ríkisins vegna þjóðlendu 367
3.2. Kröfur eigenda lögbýla undir Vestur-Eyjafjöllum, annarra en Steinsholts, Stakkholts og Merkurtungna, vegna Almenninga 367
3.3. Kröfur eigenda Ásólfsskálakirkju, Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð, austan Breiðabólstaðartorfu, vegna Þórsmerkur 368
3.4. Kröfur eiganda Breiðabólstaðar, Holts og Odda vegna hálfrar Þórsmerkur og Goðalands 369
3.5. Kröfur eigenda lögbýla undir Austur-Eyjafjöllum, Rangárþings eystra og eigenda jarða í Eyjafjallasveit sem voru í konungseign árið 1588, til Goðalands 369
3.6. Kröfur eigenda Teigstorfu í Fljótshlíð vegna Teigstungna 370
3.7. Kröfur eigenda Eyvindarmúlatorfu í Fljótshlíð vegna Múlatungna 370
3.8. Kröfur eigenda Stóru-Merkur I, II og III vegna Merkurtungna 371
3.9. Kröfur eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða vegna Stakkholts 371
3.10. Kröfur eigenda Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur vegna Steinsholts 372
3.11. Kröfur eigenda Stóru-Merkur I-III vegna Stórumerkurheiðar 372
3.12. Kröfur eiganda Mið-Merkur vegna Miðmerkurheiðar 373
3.13. Kröfur eiganda Syðstu-Merkur vegna Syðstumerkurheiðar 373
3.14. Kröfur eigenda Stóradalstorfu vegna Stóradalsheiðar 373
3.15. Kröfur eigenda Núps I-III vegna Núpsheiðar 374
3.16. Kröfur eiganda Ysta-Skála II og IV vegna Ystaskálaheiðar 374
3.17. Kröfur eigenda Mið-Skála I-III vegna Miðskálaheiðar 375
3.18. Kröfur eigenda Ásólfsskálajarða vegna Ásólfsskálaheiðar 375
3.19. Kröfur eigenda Holtshverfisjarða vegna Holtsheiðar 376
3.20. Kröfur eigenda Núpakots vegna Steinatungna 376
3.21. Kröfur eiganda Þorvaldseyrar vegna Svaðbælisheiðar 377
3.22. Kröfur eiganda Seljavalla vegna Lambafellsheiðar 377
3.23. Kröfur eigenda Raufarfells I-IV og Selkots 378
3.24. Kröfur eigenda Rauðafells I-III 378
3.25. Kröfur eigenda Eyvindarhóla vegna Hólatungna í Hrútafellsheiði 378
3.26. Kröfur eigenda Stóruborgartorfu vegna Borgartungna í Hrútafellslandi 379
3.27. Kröfur eiganda Hrútafells vegna Hrútafellsheiðar 379
3.28. Kröfur eigenda Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða vegna Drangshlíðarheiðar . . . 380

3.29. Kröfur eigenda Ytri-Skóga vegna Ytriskógaheiði 380
3.30. Kröfur eiganda Eystri-Skóga vegna Eystriskógaheiði 381
3.31. Kröfur eigenda Ytri-Skóga og Eystri-Skóga vegna Skógafjalls 381

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN 382
4.1. Inngangur 382
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 382
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru 383
4.4. Vettvangsferð 384
4.5. Skýrslutökur 385

5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA 386
5.1. Landnám 386
5.2. Almenningar og „smáafréttir“ 386
5.3. Þórsmörk 394
5.4. Goðaland 403
5.5. Stóra-Mörk 408
5.6. Mið-Mörk 412
5.7. Syðsta-Mörk 413
5.8. Dalur (Stóradalstorfa) 415
5.9. Núpur 423
5.10. Ysti-Skáli 426
5.11. Mið-Skáli 428
5.12. Ásólfsskáli og hjáleigurnar Moldnúpur, Rimhús og Björnskot 430
5.13. Holtshverfi 434
5.14. Núpakot 443
5.15. Þorvaldseyri (áður Svaðbæli/Svartbæli) 447
5.16. Seljavellir (Lambafell) 450
5.17. Raufarfell 453
5.18. Rauðafell 455
5.19. Hrútafell, Hólatungur og Borgartungur 457
5.20. Drangshlíð 461
5.21. Skarðshlíð 467
5.22. Ytri-Skógar 468
5.23. Eystri-Skógar 472

6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 475
6.1. Inngangur 475
6.2. Landnám 475
6.3. Almenningar 475
6.4. Þórsmörk 481
6.5. Teigstungur 487
6.6. Múlatungur 491
6.7. Goðaland 495
6.8. Merkurtungur 500
6.9. Stakkholt 504
6.10. Steinsholt 508
6.11. Stóra-Mörk 511

6.12. Mið-Mörk 515
6.13. Ysti-Skáli 517
6.14. Mið-Skáli 520
6.15. Ásólfsskálatorfa 523
6.16. Holtshverfisjarðir 526
6.17. Núpakot 529
6.18. Þorvaldseyri (Svaðbæli) 531
6.19. Seljavellir (Lambafell) 534
6.20. Raufarfell 537
6.21. Rauðafell 540
6.22. Hrútafell, Hólatungur og Borgartungur 543
6.23. Drangshlíð, Drangshlíðardalur og Skarðshlíð 549
6.24. Ytri-Skógar 552
6.25. Eystri-Skógar og Skógafjall 555
6.26. Eyjafjallajökull, Mýrdalsjökull, Núpur, Stóri-Dalur, Syðsta-Mörk og önnur landsvæði 561
6.27. Um málskostnað 563
6.28. Um tæknileg atriði 563

7. ÚRSKURÐARORÐ 563

VIÐAUKAR.
I. Hnit
II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)

FYLGISKJÖL 591
I. Kort
II. Aðila- og eigendaskrá
III. Skjalaskrá
IV. Tækniskýrsla

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, föstudaginn 10. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Karl Axelsson og Allan V. Magnússon.

Aðilar málsins eru:[1]
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.
(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)
Eigendur lögbýla undir Vestur-Eyjafjöllum, annarra en þeirra sem lýsa kröfum til Stakkholts, Steinsholts og Merkurtungna, vegna Almenninga.
Eigendur og umráðamenn Ásólfsskálakirkju, Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð austan Breiðabólstaðartorfu vegna Þórsmerkur.
Eigendur lögbýla undir Austur-Eyjafjöllum, Rangárþing eystra og eigendur jarða í Eyjafjallasveit sem voru í konungseign 1588 vegna Goðalands.
Eigendur Teigstorfu í Fljótshlíð vegna Teigstungna.
Eigendur Eyvindarmúlatorfu í Fljótshlíð vegna Múlatungna.
Eigendur Stóru-Merkur I, II og III vegna Merkurtungna.
Eigendur Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða vegna Stakkholts.
Eigendur Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur vegna Steinsholts.
Eigendur Stóru-Merkur I-III vegna Stórumerkurheiðar.
Eigandi Mið-Merkur vegna Miðmerkurheiðar.
Eigandi Syðstu-Merkur vegna Syðstumerkurheiðar.
Eigendur Stóradalstorfu (Stóra-Dals, Dalskots, Mið-Dals og Eyvindarholts) vegna Stóradalsheiðar.
Eigendur Núps I-III vegna Núpsheiðar.
Eigendur Ysta-Skála II-IV vegna Ystaskálaheiðar.
Eigendur Mið-Skála I-III vegna Mið-Skálaheiðar.
Eigendur Ásólfsskálajarða (Ásólfsskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots og Rimahúsa) vegna Ásólfsskálaheiðar.

1 Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

Eigendur Holtshverfisjarða (Varmahlíðar, Vallnatúns, Hellnahóls, Ormskots, Efstu-Grundar, Mið-Grundar, Syðstu-Grundar og Indriðakots) vegna Holtsheiðar.
Eigendur Núpakots vegna Steinatungna.
Eigandi Þorvaldseyrar vegna Svaðbælisheiðar.
Eigandi Seljavalla vegna Lambafellsheiðar.
Eigendur Raufarfells I-IV og Selkots.
Eigendur Rauðafells I-III.
Eigendur Eyvindarhóla vegna beitarítaks jarðarinnar í Hólatungum í Hrútafellslandi.
Eigendur Stóru-Borgartorfu vegna beitarítaks torfunnar í Borgartungum í Hrútafellslandi.
Eigandi Hrútafells vegna Hrútafellsheiðar.
Eigendur Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða (Drangshlíðardals, Drangshlíðar I-II, Skarðshlíðar I-III) vegna Drangshlíðarheiðar.
Eigendur Ytri-Skóga vegna Ytri-Skógaheiðar.
Eigandi Eystri-Skóga vegna Eystri-Skógaheiðar.
Eigendur Ytri-Skóga og Eystri-Skóga vegna Skógafjalls.
(Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfr.)
Eigandi jarðanna Breiðabólstaðar í Fljótshlíð, Holts undir Vestur-Eyjafjöllum og Odda á Rangárvöllum vegna hálfrar Þórsmerkur og Goðalands.
(Ólafur Björnsson hrl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálendinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um

svæðisskipulag miðhálendis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

Afmörkun svæðisins til austurs tók nokkrum breytingum á síðari stigum.

2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarsmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, dagana 1.-31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

2.4. Afmörkun máls nr. 5/2003

Í janúar 2003 var lögmönnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjarhreppar, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Það svæði sem til meðferðar er í máli nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra (Rangárvallasýslu), afmarkast til vesturs af mörkum fyrrum Vestur-Eyjafjallahrepps gagnvart fyrrum Austur-Landeyjahreppi og til norðurs af mörkum fyrrum Vestur-Eyjafjallahrepps gagnvart fyrrum Fljótshlíðar- og Hvolhreppum. Öll framangreind landsvæði eru nú í Rangárþingi eystra. Til austurs afmarkast svæðið af mörkum Rangárvallaasýslu gagnvart Vestur-Skaftafellssýslu. Þá er Eyjafjallajökull allur til meðferðar hér sem og svæði á Mýrdalsjökli sem afmarkast af línu sem dregin er frá upptökum Fúlalækjar, við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, til norðausturs inn á jökulinn, í stefnu á Mælifell við norðaustanverðan Mýrdalsjökul. Þeirri línu er fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er á milli Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, og Huldufjalla (730 m), í suðaustanverðum jöklinum. Úr framangreindum skurðpunkti er svo dregin lína í Entu (1347 m). Til suðurs afmarkast svæðið af hafinu.

Á því svæði sem hér hefur verið lýst hafa í meginatriðum annars vegar komið fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu innan tilgreindra marka og hins vegar kröfur tiltekinna aðila um eignarland innan hluta þess landsvæðis sem íslenska ríkið gerir kröfu um að teljist þjóðlenda. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 5/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og fyrirsvarsmanna málsaðila 14. febrúar 2003. Gefið var færi á athugasemdum við skipan óbyggðanefndar í málinu en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og farið yfir ýmis atriði varðandi skjöl og gagnaöflun. Gerð var grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl., sbr. einnig bréf óbyggðanefndar til lögmanna, dags. 29. september 2002. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort sáttaflötur væri á málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 14. mars var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins 11. apríl var sá frestur framlengdur um tvær vikur, auk þess sem óbyggðanefnd lagði fram nokkur gögn. Greinargerð Braga Björnssonar hdl. og Einars Jónssonar lögfræðings var lögð fram við fyrirtöku málsins 25. apríl ásamt fleiri gögnum. Greinargerð Ólafs Björnssonar hrl. vegna Prestsetrasjóðs var lögð fram við fyrirtöku málsins 27. júní. Við sama tækifæri var farið yfir dagskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangsferðar. Einnig voru lögð fram ýmis gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð fór fram dagana 1.-4. júlí 2003 og skiptist í forflutning, vettvangsferðir, skýrslutökur og munnlegan málflutning. Þeirri fyrirspurn var beint til lögmanna hvort þeir teldu unnt að sætta málið að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, en svo var ekki. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í gamla grunnskólanum á Skógum. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmenn fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, upp voru kveðnir 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótargögn sem áður höfðu verið kynnt lögmönnum. Engar athugasemdir komu fram.

Málið var tekið fyrir 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

Málið var jafnframt endurupptekið 6. september 2005 og bókað um nánari tilgreiningu á úrskurðarlínu við sunnanvert Skógafjall, bæði í texta og á korti, án þess að í því fælist efnisleg breyting. Orðalag í upphaflegum úrskurðarorðum og meðfylgjandi skýringarkorti tók mið af upplýsingum á kortagrunni Landmælinga Íslands en í ljós var komið að þær voru rangar.

3. KRÖFUGERÐ[1]

3.1. Kröfur íslenska ríkisins vegna þjóðlendu

Í greinargerð, dags. 13. mars 2003, er þess krafist af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins að eftirfarandi lína verði viðurkennd sem þjóðlendumörk: „Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk á Eyjafjallasvæði er sá sami og síðasti punktur í Mýrdalshreppi í Vestur Skaftafellssýslu og kallast A og er á sýslumörkum neðst í Skógafjalli. Frá punkti A er dregin lína upp með Fjallgili í punkt B, en hann er þar sem bein lína milli Hornfellsnípu og punkts efst í Hofsárgili sker Fjallgilið. Frá punkti B er svo lína í punkt C, sem er efst í Hofsárgili og þaðan í Hornfellsnípu, sem verður punktur D, frá punkti D er dregin lína í punkt E, sem er í 527m hæð ofarlega í Lambafellsheiði, þaðan er svo dregin bein lína í Þríhyrning í vestari hreppnum og verður punktur F, þar sem sú beina lína sker hreppamörkin milli fyrrum Austur- og Vestur- Eyjafjallahreppa.

Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi og Þórsmerkursvæði er punktur A, sem er sá sami og síðasti punktur í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi, sem er þar sem bein lína milli punkts í Lambafellsheiði í 527m hæð og punkts í Þríhyrningi sker hreppamörkin. Frá punkti A er dregin lína beint í hæsta punkt á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650m hæð (punktur B), frá punkti B í Stórhöfða 741m, sem verður punktur C, frá punkti C í punkt D, sem er í 706m hæð í Arnargilshrygg, frá þeim punkti í punkt E, sem er í Helluhnjúk, þaðan er dregin bein lína í punkt F, sem er þar sem Steinholtsá rennur út á Markarfljótsaura og þaðan í Öldustein, sem verður punktur G og lokapunktur á kröfusvæðinu, en þar sem hreppamörk voru óljós þarna fyrir síðustu breytingu á umdæmum sveitarfélaga er kröfulínan í samræmi við fyrri kröfulýsingu dregin áfram í átt að punkti efst í Fremra Kanastaðagili.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að kröfulína íslenska ríkisins hafi tekið breytingum í samræmi við breytta staðsetningu á Jöldusteini.

3.2. Kröfur eigenda lögbýla undir Vestur-Eyjafjöllum, annarra en Steinsholts, Stakkholts og Merkurtungna, vegna Almenninga

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af Vestur-Eyjafjallahreppi fyrir hönd eigenda

1 Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

lögbýla í Vestur-Eyjafjallahreppi „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur afréttarins, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu, skv. landamerkjaskrá. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli falli við landamerki, til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst skv. landamerkjaskrá fyrir Almenninga nr. 21 í landamerkjabók Rangárvallasýslu og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: „Afrétturinn Almenningar, sem tilheyrir meiri hluta Vestur-Eyjafjallahrepps, hefir þessi takmörk: að innanverðu Emstruána fremri frá upptökum hennar úr jöklinum allt niður í Markarfljót í fljótsgilinu, þá Markarfljót niður eftir gilinu þar til Þröngá fellur í það; enn að framanverðu í móti Þórsmörk, Þröngá, sem fellur eftir Þröngárgili allt frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.“ Að austan ráði jökulbrún.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Almenninga og í fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998“.

Við fyrstu fyrirtöku málsins var gerð sú athugasemd af hálfu framangreindra aðila að á kröfulínukorti (kortagrunni Landmælinga Íslands) séu hreppamörk rangt teiknuð rétt norður af Entujökli. Kröfulína vegna Almenninga á þessu svæði sýni hin réttu hreppamörk, auk þess sem norðan við hana hafi áður verið Hvolhreppur, ekki Fljótshlíðarhreppur.

3.3. Kröfur eigenda Ásólfsskálakirkju, Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð, austan Breiðabólstaðartorfu, vegna Þórsmerkur

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af Vestur-Eyjafjallahreppi fyrir hönd eigenda Ásólfsskálakirkju og Stóradalskirkju „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að Ásólfsskálakirkja og Stóradalskirkja, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landsvæðinu, skv. máldagaskrám, fornum vitnisburðum og landamerkjaskrá. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki landsvæðisins verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Að norðan, Þröngá, allt frá upptökum hennar upp við jökul og þar til hún fellur í Markarfljót síðan ræður Markarfljót allt fram á móts við Þórsmerkurrana. En að sunnanverðu Krossá, allt frá upptökum hennar upp við jökul og alla leið fram fyrir Þórsmerkurrana.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í greinargerð er gerð sú breyting að kröfugerð vegna Þórsmerkur er einnig sett fram í nafni „jarða í Fljótshlíð, austan Breiðabólstaðartorfu“. Einnig kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Þórsmerkur og í fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998“.

3.4. Kröfur eiganda Breiðabólstaðar, Holts og Odda vegna hálfrar Þórsmerkur og Goðalands

Í kröfulýsingu, dags. 7. maí 2002, er þess krafist „að viðurkennt verði að Prestsetrasjóður, sem eigandi jarðanna Breiðabólstaðar í Fljótshlíð, Holts í V-Eyjafjöllum og Odda á Rangárvöllum, hafi beinan eignarrétt að ½ Þórsmörk og Goðalandi, sbr. meðfylgjandi uppdrátt.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði hefðbundinn afnotaréttur vegna ofangreindra jarða í þjóðlendu komi til þess að hluti landsins teljist þjóðlenda.

Landamerki Goðalands, sem er afréttarland er tilheyrir jörðinni Breiðabólstað í Fljótshlíð, eru þessi: „Að innanverðu ræður gil það ofanfrá Eyjafjallajökli, sem nú er á milli Múlatungna og hinna svokölluðu Hruna á Goðalandi allt niður í Krossá, þá Krossá frameftir (eða miður farvegur hennar) milli Goðalands og Þórsmerkur þar til Hvanná fellur í hana, þá Hvanná og Hvannárgil milli Goðalands og Stakkholts upp til Merkurtungna og síðan norður gilið milli Goðalands og Merkurtungna upp til jökuls.“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

Í greinargerð, dags. 9. maí 2003, er framangreind kröfugerð sundurliðuð þannig að þess er krafist „að viðurkennt verði að Prestsetrasjóður, sem eigandi jarðarinnar Breiðabólstaðar í Fljótshlíð, hafi beinan eignarrétt að landsvæði því er nefnt er Goðaland, sem er hluti Þórsmerkursvæðisins, sbr. og meðfylgjandi uppdrátt. Þess er jafnframt krafist að viðurkennt verði að Prestsetrasjóður, sem eigandi jarðarinnar Odda á Rangárvöllum, hafi beinan eignarrétt að ½ Þórsmörk. Þá ber að gæta að fornum skógartekjuréttindum jarðarinnar Holts í V-Eyjafjöllum á þessu svæði er benda til óbeins eignarréttar á svæðinu.“

„Landeigandi lítur svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt hans í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins 13. mars 2003, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

3.5. Kröfur eigenda lögbýla undir Austur-Eyjafjöllum, Rangárþings eystra og eigenda jarða í Eyjafjallasveit sem voru í konungseign árið 1588, til Goðalands

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af Austur-Eyjafjallahreppi fyrir hönd eigenda lögbýla í Austur-Eyjafjallahreppi og/eða hreppsins og/eða Vestur-Eyjafjallahrepps „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að nytjendur afréttarins skv. hefð og venju, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.

Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Að norðan Krossá frá upptökum uns Hvanná fellur í hana, að vestan Hvanná frá upptökum Innri-Hvannár. Að öðru leyti ræður jökulbrún og vatnaskil á Fimmvörðuhálsi.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Framangreind kröfugerð tekur til Goðalands, ásamt Múla- og Teigstungum. Í greinargerð kemur hins vegar fram aðskilin kröfugerð vegna hvers landsvæðis um sig. Jafnframt kemur fram að Rang-

árþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Goðalands og í fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998“.

Í greinargerð er þannig gerð eftirfarandi krafa af hálfu Rangárþings eystra vegna Goðalands, fyrir hönd allra lögbýla undir Austur-Eyjafjöllum: „Að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að nytjendur afréttarins skv. hefð og venju, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Jafnframt er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Að norðan Hrunaá frá upptökum uns Krossá fellur í hana, að vestan Hvanná frá upptökum Innri-Hvannár. Að öðru leyti ræður jökulbrún og vatnaskil á Fimmvörðuhálsi dregin beint til austurs og vesturs frá Þrívörðuskeri að jökulbrúnum.“

Til vara gerir Rangárþing eystra sömu kröfur til handa sjálfu sér.

Til þrautavara gerir Rangárþing eystra sömu kröfur til handa eigendum konungsjarða í hreppunum eins og þær voru árið 1588, en þær eru Eystri-Skógar, Ytri-Skógar, Drangshlíð, Skarðshlíð, Bakkakot (bæði), Hörðuskáli, Lambafell (nú líka Seljavellir), Berjanes, Stóra Mörk (hálf), Mið-Mörk, Fit og Hali (nú Fitjarmýri).“

3.6. Kröfur eigenda Teigstorfu í Fljótshlíð vegna Teigstungna

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er sett fram krafa vegna Goðalands, Múlatungna og Teigstungna sameiginlega, sjá kafla 3.5. Í greinargerð, dags. 25. apríl 2003, kemur hins vegar fram aðskilin kröfugerð vegna hvers landsvæðis um sig. Þannig krefst Rangárþing eystra þess fyrir hönd eigenda Teigstorfu í Fljótshlíð vegna Teigstungna „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að nytjendur afréttarins skv. hefð og venju, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Jafnframt er þess krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Að norðan Krossá frá upptökum uns Hrunaá fellur í hana, uppeftir henni uns Tungnakvísl fellur í hana og síðan eftir henni til jökuls. Síðan eftir jökulbrún á milli upptaka Tungnakvíslar og Krossár.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Teigstungna og í fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998“.

3.7. Kröfur eigenda Eyvindarmúlatorfu í Fljótshlíð vegna Múlatungna

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er sett fram krafa vegna Goðalands, Múlatungna og Teigstungna sameiginlega, sjá kafla 3.5. Í greinargerð, dags. 25. apríl 2003, kemur hins vegar fram aðskilin kröfugerð vegna hvers landsvæðis um sig. Þannig krefst Rangárþing eystra þess fyrir hönd eigenda Eyvindarmúlatorfu í Fljótshlíð „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að nytjendur afréttarins skv. hefð og venju, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til af-

réttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Jafnframt er þess krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Að norðan Tungnakvísl frá upptökum uns Hrunaá fellur í hana, síðan uppeftir henni til jökuls. Síðan eftir jökulbrún á milli upptaka Tungnakvíslar og Hrunaár.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Múlatungna og í fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998“.

3.8. Kröfur eigenda Stóru-Merkur I, II og III vegna Merkurtungna

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Stóru-Merkur I, II og III „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Stóru-Merkur eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu, skv. hefð og venjubundnum merkjum. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Hvanná fremri og innri frá upptökum í jöklinum, uns þær koma saman neðan tungnanna, en jökulbrún að sunnan.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.9. Kröfur eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða vegna Stakkholts

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af Vestur-Eyjafjallahreppi fyrir hönd eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur afréttarins eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu, skv. landamerkjaskrá. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst: skv. landamerkjaskrá fyrir Stóra-Dal nr. 22 í landamerkjabók Rangárvallasýslu og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: „Afréttarlandið Stakkholt ... liggur sunnan Krossár í millum Steinholtsár og Hvannár.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Stakkholts og í

fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998“.

3.10. Kröfur eigenda Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur vegna Steinsholts

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur afréttarins eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu, skv. landamerkjaskrá. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins séu þau sem hér er fyrst lýst skv. landamerkjaskrá fyrir Steinsholt nr. 20 í landamerkjabók Rangárvallasýslu og að það land allt sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: „Steinsholt, sem tilheyrir jörðunum Mið-Mörk, Fitjamýri og Fit í Vestur-Eyjafjallahreppi, hefir þessi takmörk: á innri hlið, á móti Stakkholti, Steinsholtsá allt frá upptökum hennar á jöklinum niður í Markarfljót þar til Jökulá fellur í það; enn að framanverðu í móts við Langanes (Stórumerkurland) Jökulsá frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.“ Og að sunnan ráði jökulbrún, en að norðan Krossá/Markarfljót skv. meðfylgjandi korti.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.11. Kröfur eigenda Stóru-Merkur I-III vegna Stórumerkurheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Stóru-Merkur I-III að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Stórumerkurheiði og heiða upp af Langanesi (eignarland Stóru-Merkur I-III) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 21, 22, 23, 24, 25 og 26.“ Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Stóru-Mörk, þingl. 23. maí 1890, upplesin í Stóru-Dalskirkju og Holtskirkju 1741. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila.“

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Mót suðri og suðvestri: Ræður svokallað Bæjargil úr 320 metra hæð yfir sjó (punktur 21) og upp til enda gilsins. Þaðan ræður stefna gilsins til suðurmarka jarðarinnar (punktur 23). Síðan eru suðurmörk jarðarinnar miðuð við beina stefnu til austurs úr sunnanverðu Dagmálafjalli, þar sem 900 metra hæðarlína gengur lengst til suðurs í fjallinu (punktur 14) fyrst til viðmiðunar, en sem landamerki úr skurðpunkti línunnar að vestan og norðvestan (punktur 23) og beint til austurs að jökulbrún (punktur 24). Við jökul: Ræður jökulbrún landamerkjum (frá punkti 24) til norðurs og austurs allt að framanverðum sporði Gígjökuls (punktur 25) en þaðan miðlína jökullónsins og Jökulsár sem úr því fellur, allt að hreppamörkum (punktur 26).“

3.12. Kröfur eiganda Mið-Merkur vegna Miðmerkurheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Mið-Merkur að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Miðmerkurheiði (eignarland Mið-Merkur) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 19, 20, 14, 23, 22 og 21“. Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Mið-Mörk, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Mörk mót suðvestri: Kambagil, norðanvert við Rauðahraun, frá gilskjafti (punkti 19) að gilsbotni (punktur 20). Úr gilsbotninum ræður stefna gilsins merkjum að suðurmerkjum jarðarinnar (punktur14). Að sunnan: Beint til austurs úr sunnanverðu Dagmálafjalli þar sem 900 metra hæðarlína nær lengst til suðurs í fjallinu (punktur 14), uns mörk jarðarinnar mót norðri og norð-austri skera þá línu (punktur 23). Mót norðri og norðaustri: Ræður svokallað Bæjargil úr 320 metra hæð yfir sjó (punktur 21) og upp til enda gilsins. Þaðan ræður stefna gilsins til suðurmarka jarðarinnar (punktur 23).“

3.13. Kröfur eiganda Syðstu-Merkur vegna Syðstumerkurheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Syðstu-Merkur að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Syðstumerkurheiði (eignarland Syðstu-Merkur) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 17, 18, 13, 20 og 19“. Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Syðstu-Mörk, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að sunnan: Úr botni Hrafnagils (punktur 17) bein lína um Hádegishnjúk og áfram með brúnum sama lína þar til komið er í vestan- og sunnanvert Dagmálafjall (punkt 18). Að austan: Ræður sjónhending í norðlæga átt austanvert við landnorðurshornið á Bláfelli (á korti merkt Stórhöfði). Lengstum er sjónhending þessi til viðmiðunar en gagnvart Ysta-Skála er hún landamerkjalína jarðarinnar (á milli punkta 18 og 13). Að norðan: Ræður Kambagil norðanvert við Rauðahraun merkjum frá gilskjafti (punkti 19) að gilsbotni (punktur 20). Úr gilsbotninum ræður stefna gilsins merkjum að austurmerkjum jarðarinnar (í punkti 13).“

3.14. Kröfur eigenda Stóradalstorfu vegna Stóradalsheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Stóradalstorfu (Stóra-Dals, Dalskots og Eyvindarholts) að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Stóradalsheiði (eignarland Stóra-Dals, Mið-Dals og Eyvindarholts) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 15, 16, 18 og 17.“ Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Stóra-Dal, dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892 og landskiptagerðar Stóradalstorfu, dags. 21. júní 1969. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan

málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að sunnan: ræður vatnsfarvegur, upp frá Seljalandsá (frá punkti 15) norðanvert við Bláfell um Tröllagil, svo langt sem hann nær (að punkti 16). Að austan: ræður sjónhending í norðlæga átt austanvert við landnorðurshornið á Bláfelli (á korti merkt sem Stórhöfði) fyrst til viðmiðunar en síðan (úr punkti 16) sem landamerki torfunnar uns línan sker norðurmörk torfunnar (í punkti 18). Síðastnefndi skurðpunkturinn verður einnig ákvarðaður með því að draga viðmiðunarlínu beint til vesturs úr sunnanverðu Dagmálafjalli þar sem 900 metra hæðarlína nær lengst til suðurs í fjallinu (punktur 14). Að norðan: Úr botni Hrafnagils (punktur 17) bein lína um Hádegishnjúk og áfram með brúnum sama lína þar til komið er í vestan- og sunnanvert Dagmálafjall (punktur 18).“ Í viðaukanum kemur einnig skýrt fram að krafan sé gerð vegna Stóra-Dals, Dalskots, Mið-Dals og Eyvindarholts.

3.15. Kröfur eigenda Núps I-III vegna Núpsheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Núps I-III að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Núpsheiði (eignarland Núps I-III) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 11, 12, 16 og 15“. Vísað er almennt til lögfestu fyrir Núp, dags. 25. júlí 1842, upplesin í Holtskirkju 7. ágúst 1842 og 31. maí 1843 fyrir manntalsrétti. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Sunnan Króks (punktur 11) ræður vestari kvísl Írár (Myrká) til upptaka. Þaðan ræður sjónhending í norðurátt austanvert við landnorðurshornið á Bláfelli (á korti merkt sem Stórhöfði) uns mætast lína þessi og landamerki jarðarinnar að norðan. Að norðan ræður vatnsfarvegur, upp frá Seljalandsá (frá punkti 15) norðanvert við Bláfell um Tröllagil, svo langt sem hann nær (að punkti 16.)“

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við aðild að máli þessu vegna Núps II af Vestur-Eyjafjallahreppi.

3.16. Kröfur eiganda Ysta-Skála II og IV vegna Ystaskálaheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Ysta-Skála II og IV að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að „Ysta-Skálaheiði (eignarland Ysta-Skála I-IV) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 9, 10, 14, 13, 12 og 11“. Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Ysta-Skála, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður sjónhending tekin fremst á Miðskálaegg (punktur 9) beina línu inn eftir egginni og síðan í sömu stefnu að norðurmörkum. Að vestan: Sunnan Króks (punktur 11) ræður vestari kvísl Írár (Myrká) til upptaka. Þaðan ræður sjónhending í norðurátt austanvert við landnorðurshornið á Bláfelli (á korti merkt sem Stórhöfði) uns mætast lína þessi og landamerki Mið-Merkur í Dagmálafjalli (punktur 13). Að norðan: Ráða landamerki Mið-Merkur, fyrst bein lína úr Kambagili með stefnu af gilinu (milli punkta 13 og 14) og síðan áfram bein stefna til austurs, úr sunnanverðu Dagmálafjalli þar sem landamerkin skera 900 metra hæðarlínu syðst í fjallinu (punktur 14), allt þar til austur- og norðurmörk jarðarinnar skerast (punktur 10).“

Í greinargerð kemur fram að krafa þessi sé gerð vegna Ysta-Skála I-IV.

3.17. Kröfur eigenda Mið-Skála I-III vegna Miðskálaheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Mið-Skála I-III að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Mið-Skálaheiði (eignarland Mið-Skála I-III) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 7, 8, 24, 10 og 9.“ Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Mið-Skála, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður Miðskálaá frá láglendi (60 m.y.s. punktur 7) og til upptaka í jökli (punktur 8). Að vestan: Ræður sjónhending tekin fremst á Miðskálaegg (punktur 9) beina línu inn eftir egginni og síðan í sömu stefnu að norðurmörkum. Að norðan: Jökulbrúnin uns kemur að landamerkjalínu á móti Stóru-Mörk (línu á milli punkta 10 og 24) þar sem hún sker jökulbrúnina, á því bili ræður sú lína, en hún er dregin, fyrst sem viðmiðunarlína beint til austurs úr Dagmálafjalli sunnanverðu þar sem 900 metra hæðarlína í fjallinu gengur lengst til suðurs, en síðan sem landamerkjalína.“

3.18. Kröfur eigenda Ásólfsskálajarða vegna Ásólfsskálaheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Ásólfsskálajarða (Ásólfsskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots og Rimahúsa) að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Ásólfsskálaheiði (eignarland Ásólfsskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots og Rimahúsa) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 5, 6, 8 og 7.“ Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Ásólfsskála, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Holtsá ræður þar sem hún rennur á Holtsdal (punktur 5) og áfram inn til landsins þar sem áin rennur um Tungugil eystra til upptaka í jökli. Að vestan: Ræður Miðskálaá frá láglendi (60 m.y.s. punktur 7) og til upptaka í jökli (punktur 8). Að norðan ræður jökulbrún."

3.19. Kröfur eigenda Holtshverfisjarða vegna Holtsheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Holtshverfisjarða (Varmahlíðar, Hellnahóls, Ormskots, Efstu-Grundar, Mið-Grundar, Syðstu-Grundar og Indriðakots) að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Holtsheiði (eignarland Holtshverfisjarða) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 1, 2, 3, 4, 6 og 5." Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Holtsland, dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi". Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila".

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Úr enda Merkisgils ofan brúna (punktur 1) ráða hreppamörk að gilinu vestan Steinatungna (punktur 3), en síðan það gil að jökulbrún. Að vestan: Holtsá ræður þar sem hún rennur á Holtsdal (punktur 5) og áfram inn til landsins þar sem áin rennur um Tungugil eystra til upptaka í jökli. Að norðan ræður jökulbrún."

Í greinargerð kemur fram að umráðamenn Vallatúns (Vallnatúns) séu einnig aðilar að kröfum þessum.

3.20. Kröfur eigenda Núpakots vegna Steinatungna

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Núpakots að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Steinatungum (eign Núpakots) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 25, 26, 29, 28 og 27." Vísað er almennt til landamerkjabréfs fyrir Núpakot, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi". Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila".

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður Svaðbælisá, frá þeim stað er hún rennur í 60 metra hæð yfir sjó (punktur 25), inn til landsins. Þar sem áin greinist framan Steinatungna ræður eystri kvíslin til upptaka í jökli. Að vestan: Úr Leyni (punktur 27) ræður sjónhending með austanverðum Steinafjallsenda uns komið er að hreppamörkum. Þaðan ráða hreppamörk að gilinu vestan Steinatunga, en síðan gilið að jökulbrún (punktur 29). Að norðan ræður jökulbrún.“

3.21. Kröfur eiganda Þorvaldseyrar vegna Svaðbælisheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Þorvaldseyrar að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að „Svaðbælisheiði (eign Þorvaldseyrar) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 23, 24, 26 og 25“. Vísað er almennt til landamerkjabréfs fyrir Svaðbæli, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, og gerðardóms 29. júní 1968 vegna deilna um landamerki Hlíðar, Þorvaldseyrar og Núpakots. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Frá gilkjafti Merkigils (punktur 23) ræður Lambafellsá þar sem hún rennur í gilinu, allt til upptaka í jökli. Að vestan: Ræður Svaðbælisá, frá þeim stað er hún rennur í 60 metra hæð yfir sjó (punktur 25), inn til landsins. Þar sem áin greinist framan Steinatungna ræður eystri kvíslin til upptaka í jökli. Að norðan ræður jökulbrún.“

3.22. Kröfur eiganda Seljavalla vegna Lambafellsheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Seljavalla að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að „Lambafellsheiði (eign Seljavalla) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 21, 22, 24 og 23“. Vísað er almennt til landamerkjabréfs fyrir Lambafell, dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893, og landskiptagerðar á milli Seljavalla og Lambafells, dags. 5. júní 1973. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Frá mótum Laugarár og árkvíslar að

austan (punktur 21) ræður Laugará að upptökum í jökli. Að vestan: Frá gilkjafti Merkigils (punktur 23) ræður Lambafellsá þar sem hún rennur í gilinu, allt til upptaka í jökli. Að norðan ræður jökulbrún.“

3.23. Kröfur eigenda Raufarfells I-IV og Selkots

Í kröfulýsingu vegna fjölda jarða í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 22. apríl 2002, er ekki sett fram sérstök krafa af hálfu eigenda Raufarfells og Selkots. Samt sem áður eru eigendur Raufarfells II-III og Selkots tilgreindir sem aðilar að kröfulýsingunni, kröfulínur teiknaðar á meðfylgjandi kort og vísað almennt til landamerkjabréfs fyrir Raufarfell, dags. 16. mars 1886. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, gerði óbyggðanefnd athugasemd við skort á skýru samhengi texta og korta í framangreindri kröfulýsingu og óskaði eftir nánari upplýsingum. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Af kröfulýsingu og viðauka við hana verður ráðið að af hálfu eigenda Raufarfells og Selkots er gerð sú krafa að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra innan eftirfarandi merkja: „Að austan: Frá Högnakletti (punktur 19) ráða fjallseggjar að jökulbrún (punktur 20). Að vestan: Frá mótum Laugarár og árkvíslar að austan (punktur 21) ræður Laugará að upptökum í jökli. Að norðan ræður jökulbrún.“ Hið sama kemur síðan fram í greinargerð.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Í greinargerð kemur fram að eigandi Raufarfells I sé einnig aðili að kröfum þessum.

3.24. Kröfur eigenda Rauðafells I-III

Í kröfulýsingu vegna fjölda jarða í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 22. apríl 2002, er ekki sett fram sérstök krafa af hálfu eigenda Rauðafells. Samt sem áður eru eigendur Rauðafells I, II og III tilgreindir sem aðilar að kröfulýsingunni, kröfulínur teiknaðar á meðfylgjandi kort og vísað almennt til landamerkjabréfs fyrir Rauðafell, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, gerði óbyggðanefnd athugasemd við skort á skýru samhengi texta og korta í framangreindri kröfulýsingu og óskaði eftir nánari upplýsingum. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Af kröfulýsingu og viðauka við hana verður ráðið að af hálfu eigenda Rauðafells er gerð sú krafa að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra innan eftirfarandi merkja: „Að austan: Frá gilkjafti Kaldaklifsgils (punktur 13) ræður Kaldaklifsá að upptökum í jökli (punktur 14). Að vestan: Frá Högnakletti (punktur 19) ráða fjallseggjar að jökulbrún (punktur 20). Að norðan ræður jökulbrún.“ Hið sama kemur síðan fram í greinargerð.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

3.25. Kröfur eigenda Eyvindarhóla vegna Hólatungna í Hrútafellsheiði

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eins eigenda Eyvindarhóla að Hólatung-

ur verði viðurkenndar sem beitarítak „með tilteknum merkjum innan Hrútafellsheiðar, en viðurkennd að öðru leyti eign Hrútafells að Tungunum“. Umrædd merki eru dregin á milli punktanna 14, 15, 17, 16 og 14. Vísað er almennt til landamerkjabréfs fyrir Eyvindarhóla og Hólatungur, dags. 14. janúar og 27. apríl 1885 og þingl. 21. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Frá upptökum Kaldaklifsár (punktur 14) ræður hún uns henni sameinast á sem rennur úr austri (punktur 15). Ræður síðarnefnda áin að sunnan, en að austan árkvísl sem rennur úr jökli (punktur 16) milli Hólatungna og Borgartungna. Að norðan ræður jökulbrún mörkum.“

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra sé aðili að kröfu vegna Eyvindarhóla, fyrir hönd annarra eigenda en þess sem tilgreindur er í kröfulýsingu.

3.26. Kröfur eigenda Stóruborgartorfu vegna Borgartungna í Hrútafellslandi

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eins eigenda Stóru-Borgar að Borgartungur verði viðurkenndar sem beitarítak „með tilteknum merkjum innan Hrútafellsheiðar, en viðurkennd að öðru leyti eign Hrútafells að Tungunum“. Vísað er almennt til landamerkjabréfs fyrir Stóru-Borg, Klömbru, Minni-Borg og Sitjanda, dags. 25. febrúar 1886 og þingl. 21. júní 1887. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Árkvíslar sem renna beggja vegna Tungnanna, og eiga upptök í jökli, afmarka Tungurnar að austan og vestan, kvíslar þessar koma saman sunnan Borgartungna (punktur 17). Að norðan á milli upptaka árkvíslanna (punktar 16 og 18) ræður jökulbrún mörkum.“

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra sé aðili að kröfu vegna Stóruborgartorfu, fyrir hönd annarra eigenda en þess sem tilgreindur er í kröfulýsingu.

3.27. Kröfur eiganda Hrútafells vegna Hrútafellsheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Hrútafells að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að „Hrútafellsheiði (eign Hrútafells) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 11, 12, 12a, 14 og 13“. Vísað er almennt til landamerkjabréfs Hrútafells, dags.

14. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, og dóms landsyfirdóms 31. mars 1913 í máli Hrútafells með Hrútafellskoti og Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal, þingl. 10. júní 1913. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi, en á Fimmvörðuhálsi á jökla upp til austurs og vesturs frá Þrívörðuskeri“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður sjónhending frá stóra steininum á Yxnadalsöxl (punktur 11) um Hornfellsnípu uns komið er að merkjum að norðan. Að vestan: Frá gilkjafti Kaldaklifsgils (punktur 13) ræður Kaldaklifsá að upptökum í jökli (punktur 14). Að norðan ræður jökulbrún frá upptökum Kaldaklifsár til austurs og norðurs uns lína frá austri til vesturs, sem dregin er um Þrívörðusker þar sem það er hæst, sker jökulbrúnina (punktur 12a), frá þeim punkti ræður línan um Þrívörðusker norðurmörkum uns hún mætir línu í austurmörkum (punktur 12).“

3.28. Kröfur eigenda Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða vegna Drangshlíðarheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða (Drangshlíðar I-II, Drangshlíðardals og Skarðshlíðar I-III) að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Drangshlíðarheiði (eign Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 8, 9, 10, 12 og 11“. Vísað er almennt til landamerkjabréfa Drangshlíðar (og Skarðshlíðar), öll þrjú dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890, og dóms landsyfirdóms 31. mars 1913 í máli Hrútafells með Hrútafellskoti og Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal, þingl. 10. júní 1913. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína á Fimmvörðuhálsi hugsast dregin „á jökla upp til austurs og vesturs frá Þrívörðuskeri.“ Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Frá mótum Skógár og Króksár (punktur 8), ræður Skógá til eystri upptaka sinna (punktur 9) þaðan sjónhending mitt á milli norð-austurs og norð-norð-austurs í jökulbrún. Að vestan: Ræður sjónhending frá stóra steininum á Yxnadalsöxl (punktur 11) um Hornfellsnípu uns komið er að merkjum að norðan. Að norðan ræður lína frá austri til vesturs sem dregin er um Þrívörðusker þar sem það er hæst.“

3.29. Kröfur eigenda Ytri-Skóga vegna Ytriskógaheiði

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Ytri-Skóga að viðurkenndur

verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Ytriskógaheiði (eign Ytri-Skóga) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 5, 6, 7, 10, 9 og 8.“ Vísað er almennt til landamerkjabréfa Ytri-Skóga, hið fyrra dags. 14. júní 1885 og þingl. 22. júní 1885, og hið síðara dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, auk samnings um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14. desember 1899, sem staðfestur var af stiftsyfirvöldum 14. september 1901 og þingl. 29. maí 1902. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður Dalá frá u.þ.b. 240 metra hæð yfir sjó (punktur 5) allt til upptaka, þaðan sjónhending til norð-norð-austurs beint í jökul. Að vestan: Frá mótum Skógár og Króksár (punktur 8), ræður Skógá til eystri upptaka sinna (punktur 9) þaðan sjónhending mitt á milli norð-austurs og norð-norð-austurs í jökulbrún. Að norðan ræður jökulbrún.“

3.30. Kröfur eiganda Eystri-Skóga vegna Eystriskógaheiði

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Eystri-Skóga að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hennar að „Eystriskógaheiði (eign Eystri-Skóga) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 1, 3, 4, 7, 6 og 5“. Vísað er almennt til landamerkjabréfa Eystri-Skóga, hið fyrra dags. 9. nóvember 1885 og þingl. 21. maí 1890, og hið síðara dags. 14. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890, auk samnings um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14. desember 1899, sem staðfestur var af stiftsyfirvöldum 14. september 1901 og þingl. 29. maí 1902. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður fremsti hluti Jökulsárgils (punktur 1), vestan Hestaþingsháls, til norðurs uns komið er að Fjallgilsá, þaðan ræður áin til upptaka í jökli. Að vestan: Ræður Dalá frá u.þ.b. 240 metra hæð yfir sjó (punktur 5) allt til upptaka, þaðan sjónhending til norð-norð-austurs beint í jökul. Að norðan ræður jökulbrún.“

3.31. Kröfur eigenda Ytri-Skóga og Eystri-Skóga vegna Skógafjalls

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Ytri-Skóga og Eystri-Skóga að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Skógafjalli (eign Ytri-Skóga að 4/5 og Eystri-

Skóga að 1/5) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 2, 3, 4, 5 og 2.“ Vísað er almennt til samnings um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14. desember 1899, sem staðfestur var af stiftsyfirvöldum 14. september 1901. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalína við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Frá skurðpunkti, þar sem mætast Fjallgil og Votagjá (punktur 3), um Votugjá til austurs, síðan með sýslumörkum um Jökulsárgil til jökuls, þaðan ræður jökulbrún að upptökum Fjallagilsár (punktur 4), en síðan áin í gilinu að áður fyrstnefndum mótum Fjallgils og Votugjár (punktur 3).“

Við aðalmeðferð málsins, 4. júlí 2003, var kröfugerð vegna Skógafjalls breytt á þann veg að í stað þess að kröfulína jarðanna liggi um Votugjá „verði miðað við sýslumörk Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu, þannig að svokallað Litlafjall syðst í Skógarfjalli falli til sameignarlands jarðanna“. Ný kröfugerð er nánar tiltekið svohljóðandi: „Frá skurðpunkti, þar sem mætast Fjallgil og sýslumörk Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu síðan til austurs, áfram með sýslumörkum um Jökulsárgil til jökuls, þaðan ræður jökulbrún að upptökum Fjallagilsár (punktur 4), en síðan áin í gilinu að áður fyrstnefndum mótum Fjallgils og sýslumarka (punktur 3).“ Breyting þessi á kröfugerð er sögð tilkomin vegna upplýsinga sem fram komu við vettvangsferð.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-14 ásamt undirskjölum eða samtals 690 skjöl, auk 36 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar sam-

kvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 3, 4 og 5. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 3 og 5) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitar heimilda í óprentuðum frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu. Þessari skiptingu er nánar lýst í greinargerðum um gagnaöflun. Greinargerð Þjóðskjalasafns er nr. 3 í skjalaskrá en greinargerð óbyggðanefndar nr. 5.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns leituðu eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum í óprentuðum gögnum safnsins en óbyggðanefnd aflaði ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (stuðst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“), 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum hjá sýslumanninum á Hvolsvelli. Einnig kannaði óbyggðanefnd landskiptabækur við sýslumannsembættið.

Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918 en óbyggðanefnd aflaði ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1938 og Fasteignabók 1957.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfirréttar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirknaskjöl, vísitasíubækur prófasta, brauðamöt, kirkjustóla og skýrslur presta um tekjur og útgjöld og ástand prestssetra. Einnig var farið yfir vísitasíubækur biskupa og skrifað upp það efni sem talið var einhverju skipta fyrir málið.

Í Þjóðskjalasafni voru enn fremur athuguð skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfð-

ingja. Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Hvað varðar bréfasöfn og bréfabækur biskupa í flokki óprentaðra frumgagna fór forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns yfir afrit af bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar sem þar er varðveitt. Niðurstaða þeirrar athugunar er nr. 4 í skjalaskrá.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu. Óbyggðanefnd aflar einnig örnefnaskráa frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og leggur fram ef ástæða þykir til en það var ekki gert í þessu máli. Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita sem áður hafa verið nefnd fóru starfsmenn óbyggðanefndar yfir Íslenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og var stuðst við áðurnefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. við þá yfirferð. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands og leitað þar heimilda. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) hefur ekki verið ljósrituð að neinu leyti heldur stuðst við hana sem almennt uppsláttarrit.

Um önnur gögn, prentuð og óprentuð, en hér hafa verið nefnd er vísað til áðurnefndra greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og skjalaskrár.

4.4. Vettvangsferð

Farið var á vettvang dagana 1., 2. og 4. júlí. Fyrsti hluti vettvangsferðar hófst Að morgni þriðjudagsins 1. júlí. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila, var séra Sváfnir Sveinbjarnarson, fyrrverandi prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð með í för. Ekið var frá Hótel Skógum í vesturátt eftir þjóðvegi nr. 1. Beygt var út af við Seljalandsfoss og haldið í átt að Þórsmörk. Staðnæmst var innan við Stóru-Mörk og þeir Baldur Björnsson, Fitjamýri, og Guðjón Ólafsson, Syðstu-Mörk, stigu upp í bílinn. Fram kom að þeir hefðu báðir verið oddvitar og fjallkóngar í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi. Guðjón tók við leiðsögn. Ekið var áfram norðaustur í átt að Þórsmörk. Guðjón greindi frá því að nú væri ekið um landnám Ásgerðar Asksdóttur. Flatlendið kvað hann eitt sinn hafa verið nefnt Langanes en sé nú almennt kallað Merkurnes. Þar hafi áður verið mikill skógur sem nú sé að fullu eyddur. Ekið var yfir Akstaðaá og stuttu síðar mátti sjá Fljótsdalsheiði og Þórólfsfell á vinstri hönd. Guðjón greindi frá landnámi í Þórsmörk og bæjarrústum þar og í Almenningum. Stöðvað var við Gígjökul og svipast um. Til norðurs mátti sjá Þórólfsfell. Aðspurðir sögðust heimamenn ekki þekkja örnefnið Þurragil í Þórólfsfelli og töldu það vera glatað. Þá bentu heimamenn viðstöddum á það sem þeir telja vera Jöldustein. Það var sameiginlegur skilningur allra viðstaddra að Jöldusteinn væri ekki rétt staðsettur á þeim kortagrunni Landmælinga Íslands sem lýstar kröfur hafa verið færðar inn á. Guðjón benti jafnframt á þann stein sem sumir hafa talið vera Jöldustein og lýsti því af hverju sú kenning ætti ekki við rök að styðjast að hans mati.

Haldið var af stað á ný og ekið sem leið lá yfir Jökulsá, Steinsholtsá og Krossá inn á Merkurrana og þaðan inn í Húsadal. Þar mátti sjá í kollinn á Valahnúk. Þaðan var ekið áfram inn eftir Langadal. Á leiðinni greindi Guðjón frá staðháttum. Ekið var framhjá Stakkholtsgjá. Valahnúkur blasti við á vinstri hönd og Hvannárgil á þá hægri. Þá mátti sjá í ranann á Merkurtungum. Guðjón greindi frá þeirri skoðun sinni að Valahnúkur hafi áður nefnst Bláfell og sé það fjall sem getið er um fjölda skógarítaka í. Þetta byggir hann á því að Bláfell í Múlatungum sé þannig staðsett að litlar líkur séu á að þar hafi nokkru sinni verið skógur. Staðnæmst var við skála Ferðafélags Íslands í Langadal. Að svo búnu var gengið á Valahnúk. Af toppi Valahnúks sást vel yfir Þórsmerkursvæðið allt. Þegar ofan var komið var haldið inn í Básá Goðalandi. Þar var stigið út og litast um.

Þá var haldið til baka. Séra Sváfnir Sveinbjarnarson tók nú við leiðsögn og greindi frá staðháttum. Staðnæmst var innan við Stóru-Mörk og Baldur Björnsson kvaddi. Haldið var af stað á ný og stöðvað við Grástein. Þar voru merki Merkurjarðanna skoðuð. Ekið var af stað á ný og haldið upp á Hamragarðaheiði. Rétt neðan við veginn upp á Hamragarðaheiði beið Guðmundur Guðmundsson, Núpum, sem steig upp í bifreiðina og tók við leiðsögn. Nokkur þoka var á heiðinni og skyggni slæmt. Guðmundur lýsti staðháttum eftir fremsta megni. Fljótlega varð þó ljóst að vegna þoku mundi ferðin ekki bera árangur og því haldið niður á ný. Haldið var áleiðis að þjóðvegi nr. 1 og svo eftir honum að Hótel Skógum. Þangað var komið síðdegis.

Að morgni miðvikudagsins 2. júlí var haldið af stað í vettvangsferð á ný. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila voru þeir Ingólfur Björnsson, Drangshlíðardal, og Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum, með í för. Ólafur Björnsson hrl., lögmaður Prestsetrasjóðs, var fjarverandi en Bragi Björnsson hdl. var mættur fyrir hans hönd. Ekið var sem leið lá upp Skógaheiði undir leiðsögn Sigurðar. Staðnæmst var rétt ofan við þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins og skyggnst um. Sjá mátti Kverná á hægri hönd og Hoffellsnýpu á þá vinstri. Haldið var af stað á ný og ekið upp á Kambsfjöll. Þaðan sáust Skógafjall vel sem og Drangshlíðarfjall. Þá mátti sjá hvernig Skógá kvíslast. Því næst var ekið yfir Skógá og inn á Landnorðurstungur. Þar tók áðurnefndur Ingólfur við leiðsögn. Ekið var sem leið lá upp að Baldvinsskála á Fimmvörðuhálsi. Þar var stöðvað og litast um. Mikil þoka var og útsýni því lítið.

Þá var haldið til baka. Þegar komið var niður af Skógaheiði var ekið í austurátt eftir þjóðvegi nr. 1 í átt að Skógafjalli. Beygt var út af veginum og ekið yfir Aurakvísl, sýslumörk Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og áfram eftir vegslóða sem liggur upp með Jökulsá á Sólheimasandi. Stöðvað var við Sólheimajökul. Þar mátti glöggt sjá hvar Skógafjall liggur á milli Fjallgils og Jökulsárgils. Ekið var áfram veginn á enda. Þar var stöðvað og skyggnst um. Að svo búnu var ekið til baka að Hótel Skógum. Þangað var komið stuttu eftir hádegi.

Síðdegis var haldið af stað á vettvang á ný. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila var Karl Sigurjónsson, Efstu-Grund, með í för. Ekið var undir leiðsögn Karls eftir þjóðvegi nr. 1 í vesturátt og merki á milli jarðanna undir Eyjafjöllum skoðuð. Að því loknu var haldið upp á Hamragarðaheiði á ný. Þoka var enn á heiðinni og skyggni slæmt og því fljótlega afráðið að snúa við. Ekið var til baka að Hótel Skógum.

Eftir hádegi miðvikudaginn 3. júlí var enn haldið af stað. Farið var frá Hótel Skógum í bifreiðum Ólafs Sigurgeirssonar hrl. og Braga Björnssonar hdl. Skyggni var mjög gott. Með í för auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila var Guðjón Ólafsson, Syðstu-Mörk. Þá var Bragi Björnsson hdl. mættur f.h. Ólafs Björnssonar hrl. Ekið var sem leið lá í vesturátt eftir þjóðvegi nr. 1. Beygt var út af við Seljalandsfoss og ekið að vegslóða sem liggur upp á Hamragarðaheiði. Haldið var upp á heiðina. Guðjón lýsti staðháttum. Skyggni var gott og vel sást yfir. Aðspurður kvaðst Guðjón ekki þekkja örnefnið Miðtungugil. Þá lýsti Guðjón þeirri skoðun sinni að Álftadalir sem nefndir eru í landamerkjabréfi Stóra-Dals væru stakkar neðst í heiðinni. Stöðvað var þrisvar sinnum á heiðinni, stigið út og skyggnst um. Við þau tækifæri sáust m.a. Dagmálafjall, Hornfell, Tröllagil, Tröllagilsmýri, Stórhöfði, Bláfell, Arnargilshryggur og Hádegishnúkur. Jafnframt sást Eyjafjallajökull vel og staðsetning Dagmálafjalls miðað við jökulbrúnina. Þá voru viðstaddir sammála um að Stórhöfði væri rangt staðsettur á þeim kortagrunni Landmælinga Íslands sem lýstar kröfur hafa verið færðar inn á og að sá punktur sem nefndur er Stórhöfði á kortinu sé í raun landnorður hornið á Bláfelli. Að svo búnu var haldið sömu leið til baka að Hótel Skógum.

4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Sváfni Sveinbjarnarsyni, fyrrverandi prófasti á Breiðabólstað í Fljótshlíð; Guðjóni Ólafssyni, Syðstu-Mörk; Sigurði Sigurjónssyni, Ytri-Skógum; Ingólfi Björnssyni, Drangshlíðardal; Karli Sigurjónssyni, Efstu-Grund; Ármanni Fannari

Magnússyni, Hrútafelli; Gunnari Sigurðssyni, Eyvindarhólum og Sigurði Á. Björgvinssyni, Stóru-Borg. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám í Eyjafjallasveit og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir nýtingu afréttar á svæðinu frá öndverðu til þessa dags.

5.1. Landnám

Í Landnámabók eru nefndir nokkrir landnámsmenn á því svæði sem nú nefnist Eyjafjallasveit. Sá sem austast nam land hét Þrasi Þórólfsson. Frásögn um hann er ýtarlegust í Hauksbók:

> Þórólfr son Herjólfs hornabrjóts ok Óláfr bróðir hans váru konungar at Upplǫndum. … Þrasi var son Þórólfs; hann fór af Hǫrðalandi til Íslands ok nam land millim Jǫkulsár ok Kaldaklofsár[1] ok bjó á Bjallabrekku[2]; þar heita nú Þrasastaðir skammt austr frá forsinum, en leiði Þrasa er fyrir vestan Forsá[3] heldr nær ánni í Drangshlíð undir gnúpinum, ok er skriða á hlaupin.[4]

Fyrir vestan Þrasa nam Hrafn Valgarðsson land. Um hann segir svo í Sturlubók:

> Hrafn enn heimski hét maðr, son Valgarðs Vémundarsonar orðlokars, Þórólfssonar vǫganefs, Hrœrekssonar slǫngvandbauga, Haraldssonar hilditannar Danakonungs. Hann fór ór Þrándheimi til Íslands ok nam land milli Kaldaklofsár ok Lambafellsár[5]; hann bjó at Rauðafelli enu eystra[6] ok var et mesta gǫfugmenni. Hans bǫrn váru þau Jǫrundr goði ok Helgi bláfauskr ok Freygerðr.[7]

Þriðji landnámsmaðurinn var Ásgeir kneif. Í Sturlubók segir á þessa leið:

> Ásgeirr kneif hét maðr, son Óleifs hvíta Skæringssonar Þórólfssonar; móðir hans var Þórhildr dóttir Þorsteins haugabrjóts. Ásgeirr fór til Íslands ok nam land milli Lambafellsár ok Seljalandsár ok bjó þar, er nú heitir at Auðnum.[8]

Annar maður keypti hluta af landnámi Ásgeirs eins og greint er frá í sömu bók:

---

1 Kaldaklofsá, nú oft nefnd Kaldaklifsá, fellur fram vestan við Drangshlíðarfjall (Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma.* 2. b. Reykjavík. S. 411).

2 „hann bjó í Skógum enum eystrum“ (Sturlubók); „ok bjó í Skógum hinum eystrum“ (Melabók) (sbr. *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 338).

3 Forsá heitir nú *Skógaá* (Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 412).

4 *Landnámabók* 1986, s. 339.

5 Lambafell, sem áin var kennd við, er lítið fell, um tvo km fyrir vestan Rauðafell. Lambafellsá er talin annaðhvort sama á og nú nefnist Svaðbælisá, vestan við Lambafell, eða Laugará, austan við það (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 340 (2. nmgr.). Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 412-413).

6 *Raufarfelli* stendur bæði í Hauksbók og Melabók og mun það upphafleg mynd nafnsins. *Rauðafell* getur þó verið gömul tvímynd nafnsins (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 340-341 (2. nmgr.)).

7 *Landnámabók* 1986, s. 340.

8 *Landnámabók* 1986, s. 340. Ekki er vitað hvar bærinn Auðna var.

> Þorgeirr enn hǫrzki son Bárðar blǫnduhorns fór ór Viggju ór Þrándheimi til Íslands; hann keypti land at Ásgeiri kneif milli Lambafellsár ok Írár ok bjó í Holti.[1]

Næst er í Landnámu frásögn um Ófeig úr Raumsdalafylki og Ásgerði konu hans. Í Sturlubók segir:

> Ófeigr hét ágætr maðr í Raumsdœlafylki; hann átti Ásgerði dóttur Asks ens ómálga. Ófeigr varð missáttr við Harald konung hárfagra ok bjósk af því til Íslandsferðar. En er hann var búinn, sendi Haraldr konungr menn til hans, ok var tekinn af lífi, en Ásgerðr fór út með bǫrn þeira ok með henni Þórólfr bróðir hennar laungetinn. Ásgerðr nam land milli Seljalandsmúla ok Markarfljóts ok Langanes allt upp til Jǫldusteins ok bjó norðan í Katanesi.[2]

Þórólfs, sem fyrr er nefndur, bróður Ásgerðar Asksdóttur, er síðast getið af landnámsmönnum í héraðinu:

> Þórólfr bróðir Ásgerðar nam land at ráði hennar fyrir vestan Fljót milli Deildará tveggja ok bjó í Þórólfsfelli.[3]

Enn einn maður er nefndur til sögunnar á svæðinu. Í Landnámu er greint frá því að írskur maður, Ásólfur alskik Konálsson, hafi komið út hingað í Ósum (sennilega Holtavatnsósi), en hann hafi ekki viljað vera við heiðna menn. Hann gerði sér skála undir Eyjafjöllum „þar sem nú heitir at Ásólfsskála enum austasta“. Héraðsmenn ráku hann þaðan brott sökum fjölkynngi því að hann var fengsælli við fiskveiðar en aðrir menn og endaði hann ævina sem einsetumaður á Hólmi á Akranesi.[4] Ásólfur telst ekki meðal landnámsmanna í Eyjafjallasveit.

Fyrir vestan Fljót (Markarfljót) nam Jörundur goði Hrafnsson land og bjó á Svertingsstöðum. Síðan segir í Landnámabók:

> Bjórr lá ónuminn fyrir austan Fljót milli Krossár ok Jǫldusteins; þat land fór Jǫrundr eldi ok lagði til hofs.[5]

Eins og Haraldur Matthíasson tók fram er landnám Jörundar „óþekkt, og veit enginn, hvar það hefur verið, og sama er þá auðvitað að segja um bæ hans, Svertingsstaði“.[6]

Öll þau mörk sem hér hafa verið nefnd verða að teljast skýr. Nokkurt misræmi er þó á land-

1 *Landnámabók* 1986, s. 342. Írá er lítil á sem kemur niður úr fjöllunum milli Núps og Ysta-Skála (Haraldur Matthíasson 1986 (2), s. 414).

2 *Landnámabók* 1986, s. 343. Að sögn Haralds Matthíassonar er Langanes „undirlendið upp með Markarfljóti allt inn að Jökulsá sem fellur úr jökullóni við rætur skriðjökuls sem kemur frá Eyjafjallajökli og nær allt niður undir jafnsléttu“. Jǫldusteinn er kallaður Öldusteinn í Njálu. Um þetta kennileiti kemst Haraldur svo að orði: „Jöldusteinn er móbergssker á Markarfljótsaurum þar á móts við sem Steinholtsá rennur niður úr hlíðum Eyjafjallajökuls, og er líklegt að landnámið hafi náð inn að ánni“ (Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 415). Jöldusteinn (Öldusteinn) er nú nefndur Lausalda. Ekki er lengur vitað hvar Katanes var en giskað hefur verið á að átt sé við fjallsranann sem er sunnan við bæ í Neðra-Dal (Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 415. Sbr. *Landnámabók* 1986, s. 343 (8. nmg.)). Þar nefnist nú Kattarnef (sbr. Haraldur Matthíasson, 1972: „Eyjafjöll.“ Árbók Ferðafélags Íslands. S. 17).

3 Deildará þekkist nú ekki en giskað hefur verið á að innri Deildará sé sú sem nefnd er Gilsá en ytri Deildará sé Bleiksá eða Þórólfsá. Ekki er heldur kunnugt um hvar bærinn var undir Þórólfsfelli (*Landnámabók* 1986, s. 344 (sbr. 2. nmgr.)).

4 *Landnámabók* 1986, s. 61-64.

5 *Landnámabók* 1986, s. 350 (Sturlubók).

6 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 428. Haraldur gat sér þó til um að bjórinn ónumdi hefði verið það land sem síðar var nefnt „smáafréttir“ (sbr. kafla 5.4.).

námsmörkum Ásgeirs kneifs og Ásgerðar Asksdóttur. Ásgeir er sagður hafa numið land milli Lambafellsár ok Seljalandsár en landnám Ásgerðar náði frá Seljalandsmúla. Að sögn Haralds Matthíassonar munar hér sáralitlu því að áin sé fast norðan undir múlanum.

Eins og fram hefur komið náði landnám Ásgerðar vestur að Markarfljóti en vitað er að rennsli þess hefur verið breytilegt. Á milli Álanna, sem mynda vesturmörk Eyjafjallahrepps og Markarfljóts, eins og það rennur nú, eru nokkrar jarðir sem upphaflega hafa verið hjáleigur stórjarða austan Markarfljóts. Má því ætla að þær hafi allar verið í landnámi Ásgerðar.[1]

Að lokum skal hér vitnað í Melabók þar sem segir frá landnámi í Þórsmörk. Svipaðar frásagnir eru einnig í Sturlubók og Hauksbók:

> Ásbjǫrn Reyrketilsson ok Steinfinnr[2] bróðir hans námu land fyrir ofan Krossá ok fyrir austan Fljót. Steinfinnr bjó á Steinfinnsstǫðum, ok er ekki manna frá honum komit. Ásbjǫrn helgaði landnám sitt Þór ok kallaði Þórsmǫrk. Hans son var Ketill er átti Þuríði dóttur Þorgeirs goldnis; bǫrn þeira váru Helgi ok Ásgerðr.[3]

Haraldur Matthíasson tók fram í riti sínu Landið og landnáma að ekki væri víst hversu langt inn eftir landnám þeirra bræðra hefði náð. Hann benti þó á að nú teldist Þórsmörk ná inn að Þröngá og væri líklegt að svo hefði einnig verið um landnám Ásbjarnar. Landnám Steinfinns hefði sennilega verið fyrir innan Þröngá og náð inn að Ljósá eða jafnvel lengra. Við dauða Steinfinns hefði bær hans farið í eyði enda hefði hann ekki átt neina afkomendur og landið þá fengið nafnið Almenningar. Vorið 1925 fannst dys á stað þar sem heitir Kápa, fyrir innan Þröngá, og ýmsir munir og mannaleifar sem benda til búsetu þar á fyrstu öldum Íslandsbyggðar.[4] Einnig hafa fundist mannvistarleifar á Þuríðarstöðum, norðan Merkurrana, í vestur frá mynni Húsadals, og á Þuríðarstöðum efri um 300 m þar frá í suðvesturátt, upp af Engidal. Þar voru fólgnir í jörðu munir sem taldir eru frá tímabilinu 7.-12. aldar. Heimildir benda til að byggð á Þórsmörk hafi ekki haldist lengur en fram á 12. öld.[5]

Af þessu yfirliti sést að landnámin hafa verið nokkuð skýrt afmörkuð hvert frá öðru: frá Jökulsá að Kaldaklofsá (Kaldaklifsá) (Þrasi Þórólfsson), frá Kaldaklofsá að Lambafellsá (Hrafn Valgarðsson), frá Lambafellsá að Seljalandsá (Ásgeir kneif Óleifsson), frá Seljalandsmúla að Markarfljóti (Ásgerður Asksdóttir). Ekki er kveðið skýrt á um efri mörk landnámanna.

5.2. Almenningar og „smáafréttir“

Afréttir, þeir sem hér um ræðir, ná yfir svæði sem ganga undir ýmsum nöfnum. Hin helstu þeirra eru: Almenningar, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Goðaland og Þórsmörk. Í þessum kafla verða þær heimildir raktar þar sem fjallað er almennt um afrétti Eyfellinga en nánar rætt um þá helstu í köflum 5.3. (Þórsmörk) og 5.4. (Goðaland). Enn fremur er vikið að afréttum í umfjöllun um einstakra jarða þegar heimildir gefa tilefni til, einkum í köflum 5.10. (Ysti-Skáli), 5.11. (Mið-Skáli), 5.12. (Ásólfsskáli) og 5.13. (Holtshverfi).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er ekki getið um sameiginlega afrétti Eyfellinga og yfirleitt ekki minnst á fjallhaga nema í sambandi við landspjöll („Fjallhögum spillir blástur“ o.s.frv.). Einstakar jarðir áttu þó afrétt. Um kirkjujörðina Stóra-Dal segir m.a.:

---

1 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 415.

2 *Steinfiðr* í Sturlubók og Hauksbók.

3 *Landnámabók* 1986, s. 344, 346.

4 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 417-418. Sbr. Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1982: „Byggðaleifar á Þórsmörk.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags.* Reykjavík 1983. S. 20-61. Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1992: *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study.* (Oxbow Monograph 17.) Oxford. S. 48-49 (kort sem sýnir dreifingu byggðar frá landnámi).

5 Guðrún Sveinbjarnardóttir 1982, s. 37-53. Sbr. kafla 5.3. (Þórsmörk).

Afrjettur fylgir þar sem heitir Stakkholt, er brúkaður fyrir lamba upprekstur frá Dal og Dalshverfi, líka hefur hann frá fleirum bæjum brúkaður verið, en tolllaust.[1]

Önnur kirkja í Eyjafjallasveit, Hólar (Eyvindarhólar), átti einnig sinn eigin afrétt:

Afrjettarítak á og kirkjan, er heitir Hólatúngur, sem Eyjafjallajökull er að miklu leyti yfirsiginn, so haldið er þar kunni nú ekki um sumur að forsorgast meir en hjer um 20 lömb.[2]

Þriðja kirkjan sem átti „afrjettarítak“ var að Stóruborg:

Afrjettar ítak er kirkjunni eignað, kallað Borgartúngur, sem mönnum þykir forsorga kunna um sumar l [þ.e. 50] lömb, sígur Eyjafjallajökull á þetta takmark og spillir smámsaman.[3]

Kirkjan að Stóruborg var að vísu niður fallin þegar Jarðabókin fyrir Eyjafjallasveit var gerð 1709 en kirkjueignin sjálf hélst óbreytt.

Í Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélags, sem safnað var til um miðja 19. öld, er nákvæm lýsing á Þórsmörk og nálægum afréttum, samin af Einari Sighvatssyni hreppstjóra á Ysta-Skála, en ekki er tekið fram hverjir áttu þar upprekstur. Afréttir þessir voru eftirtaldir: Steinsholt, frá Jökulsá að Steinsholtsá; Stakkholt, frá Steinsholtsá norður að Krossá, til austurs að Hvanná og að sunnanverðu upp undir jökulinn; Goðaland; Tungurnar, sem liggja syðst (Suðurafréttir), næst við Goðaland, og nefnast Múlatungur, Guðrúnartungur og Teigstungur; Þórsmörk og Almenningar fyrir norðan Þröngá (Almenningar fremri fyrir sunnan Ljósá og Innri-Almenningar fyrir norðan Ljósá).[4]

Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 eru eftirfarandi athugasemdir um afrétti í Eyjafjallahreppi:

Athugasemd.

Enginn afréttur tilheyrir Austur-Eyjafjallahreppi en nokkrir ábúendur þar kaupa upprekstur á Goðaland, sem tilheyrir Breiðabólstaðarprestakalli. Er borgað fyrir það nú 24 krónur á ári.

Athugasemd við Vestur-Eyjafjallahrepp.

Allar jarðir í Vestur-Eyjafjallahreppi frá Varmahlíð að Tjörnum (báðar meðtaldar), að undanskildum Fit og Fitjamýri, eiga rétt til upprekstur á „Almenninga“. Allar Stóra-Dalstorfujarðir og Hamragarðar, Neðri-Dalur og Syðsta-Mörk eiga rétt til upprekstur á „Stakkholt“. Á „Steinsholt“ eiga rétt til upprekstur: Fit, Fitjamýri og Mið-Mörk.

Stóra-Mörk á rétt til upprekstur á „Merkurtungur“.[5]

Síðan er vísað til landamerkja Almenninga, Steinsholts og Goðalands í landamerkjabók sýsl-

1 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1. b. Kaupmannahöfn 1913-1917 (ljóspr. 1980). S. 92.
2 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 35.
3 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 44.
4 *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873.* Reykjavík 1968. S. 74-82. Með lýsingu Einars Sighvatssonar fylgir uppdráttur sem sýnir örnefni á Almenningum og í Þórsmörk (sama rit, s. 72).
5 Skjal nr. 3 (89).

unnar. Landamerki Goðalands eru birt í kafla 5.4. en landamerki Steinsholts og Almenninga fara hér á eftir:

Skrásetning yfir takmörk Steinsholts.

Steinsholt, sem tilheyrir jörðunum Miðmörk, Fitjarmýri og Fit í Vestur-Eyjafjallahreppi, hefir þessi takmörk: á innri hlið, á móti Stakkholti, Steinsholtsá allt frá upptökum hennar á jöklinum niður í Markarfljót, þartil Jökulsá fellur í það; enn að framanverðu í móts við Langanes (Stórumerkurland) Jökulsá frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.

Holti undir Eyjafjöllum 14. maí 1892

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli

Fyrir Fitjarmýri undirskrifa: Björn Björnsson

Bergsteinn Einarsson

Framanskrifaða skrásetning á takmörkum Steinsholts samþykkjum við fyrir hönd Stórumerkur

Einar Ólafsson Þorg. Þorgilsson

Fyrir afréttinn Stakkholt samþykkja undirskrifaðir

Sighv. Árnason Jón Sigurðsson[1]

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi Kverkarhellis 21. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Á sama tíma voru landamerki Almenninga skráð og færð til bókar:

Skrásetning yfir takmörk Almenninga.

Afrétturinn Almenningar, sem tilheyrir meiri hluta Vestur-Eyjafjallahrepps, hefir þessi takmörk: að innanverðu Emstruána fremri[2] frá upptökum hennar úr jöklinum allt niður í Markarfljót í fljótsgilinu, þá Markarfljót niðureftir gilinu þar til Þröngá fellur í það; enn að framanverðu, í móti Þórsmörk, Þröngá, sem fellur eftir Þröngárgili allt frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.

Vestur-Eyjafjallahreppi 14. maí 1892

Í umb. hreppsnefndarinnar

Kjartan Einarsson

núverandi oddviti.

1 Skjal nr. 3 (16).

2 *fremri* ritað utanmáls en vísað hér inn.

Fyrir Fljótshlíðarhrepp vegna Þórsmerkur samþykkir

Guðmundur Guðmundsson oddviti.[1]

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á Kverkarhellismanntalsþingi 21. maí 1892 og fært í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Í landamerkjabréfinu er komist svo að orði að Almenningar tilheyri „meiri hluta Vestur-Eyjafjallahrepps“ og í landamerkjabréfi Þórsmerkur 1892 (sbr. kafla 5.3.) eru Almenningar sagðir vera „afrétt Eyfellinga í Holtssókn“. Samkvæmt lýsingu séra Markúsar Jónssonar frá um 1845 voru eftirtaldar jarðir í Holtssókn á þeim tíma og hafa því átt upprekstur í Almenninga: Varmahlíð, Helluhóll (Hellnahóll), Efstakot, Brenna hin efri (nyrðri), Brenna hin syðri, Ormskot, Vallatún, Gerðakot, Efstagrund, Miðgrund, Syðstagrund, Indriðakot, Björnskot, Moldnúpur, Skálakot, Ásólfsskáli (Austastiskáli), Mið-Skáli, Ysti-Skáli, Aurgata, Núpur, Hvammur, Sauðhúsvöllur, Nýibær, Vesturholt, Lambhúshóll, Lambhúshólskot, Efriholt, Syðrihóll, Efrihóll, Efri-Kvíhólmi, Syðri-Kvíhólmi, Rimhús og Holt.[2]

Í fasteignabók 1916 er eftirfarandi athugasemd um „smáafrétti“ sem svo eru nefndir:

> Allar jarðir í Fljótshlíðarhreppi eiga rétt til upprekstur á Grænafjall. (Liggur það frá bygðinni að Rangárvallaafrétti, vestan Markarfljóts. –) Þær eiga og, að undanskildum Breiðabólstaðarjörðum og Austur-Torfastöðum, skógarítak á Þórsmörk, 1 hest á ári fyrir hver 5 hundr. forn, og einnar kindar beit eftir sömu reglu. Þetta er hálf beit á Þórsmörk. Hinn helmingur beitarinnar tilheyrir Oddaprestakalli og er hann nú leigður Inn-Hlíðarmönnum (Fljótsdalur – Hlíðarendi). Alls er þessi beit fyrir 200 fjár (tólfræð). Fé þetta gengur að öllu leyti úti yfir veturinn gjafar- og hirðalaust.
>
> Inn af Þórsmörk eru smáafréttir sem kallaðir eru Tungur og eru notaðar frá Háu-Múla (Eyvindarmúlatungur) og Árkvörn (Teigstungur). Afréttir þessir þykja svo rírir, að eigendur vilja láta beit á þeim fyrir smölun.[3]

Haraldur Matthíasson taldi smáafréttina vera á því svæði sem Jörundur goði fór eldi og lagði til hofs en um það eru fræðimenn ekki sammála.[4]

Ekki er vitað hversu lengi smáafréttirnir höfðu verið nýttir frá Háamúla og Árkvörn. Báðar þessar jarðir voru hjáleigur frá Eyvindarmúla á tíma Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (í byrjun 18. aldar). Þar er Eyvindarmúla og hjáleigum hans ekki eignaður annar afréttur en á Grænafjalli og Mið-Mörk eins og öðrum jörðum í Fljótshlíð.[5] Í sömu heimild er Teigur sagður eiga „[s]kógarítak á Miðri Mörk kallað Teigs túngur“. Skógurinn hafi þar til fyrir 30 árum eða rúmlega það verið nýttur til húsaáreftis en sé nú öreyddur af mönnum úr ýmsum sveitum án þess að greiðsla hafi komið fyrir, „hefur skógurinn ekki orðið vaktaður af Teigs ábúendum vegna fjarlægðar og torfæru vatna“.[6] Teigstungur þær, sem hér er lýst, virðast hafa verið í Þórsmörk en ekki hluti af smáafréttunum „inn af“ Þórsmörk.[7] Í Jarðabókinni er hins vegar tekið fram að afréttur Teigs hafi verið hinn sami og annarra jarða í Fljótshlíð, þ.e. á Grænafjalli og Mið-Mörk.[8] Í gerðabók

1 Skjal nr. 3 (15).

2 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 41-48. Markús Jónsson getur þess að „10 síðasttöldu jarðir“ að Holti (Nýibær – Rimhús) séu almennt kallaðar í einu lagi Mýrabæirnir (sama heimild, s. 47).

3 Skjal nr. 3 (89).

4 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 428-429.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 140-144.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 52.

7 Sbr. Þórður Tómasson, 1996: *Þórsmörk. Land og saga.* Ritstjóri Hálfdan Ómar Hálfdanarson. Reykjavík. S. 75-76.

8 „Afrjett á jörðin ut supra.“

jarðamatsnefndar 1849 eru afréttir Eyvindarmúla og hjáleigna hans ekki nefndir sérstaklega og sama á við um jörðina Teig. Þar standa þó þessi orð: „Hagarýmindi [Teigs] og gædi suður á aurum og til fjalls í betra lagi enn miög ördug“.[1] Einar Sighvatsson hreppstjóri minnist á Tungurnar (Múlatungur, Guðrúnartungur og Teigstungur) í lýsingu sinni á Þórsmörk og nálægum afréttum frá um 1840, segir þær vera fyrir sunnan Krossá og nefnast Suðurafrétti en kennir þær ekki við neinar ákveðnar jarðir.[2]

Í landamerkjabréfi Eyvindarmúla, dags. 1. júní 1891, er skýrt kveðið á um rétt jarðarinnar til Múlatungna:

> Múlatorfan á Múlatungur, sem liggja á milli Goðalands og Teigstungna með þessum takmörkum: Í móts við Goðaland ræður kvíslin í gilinu milli Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna á Goðalandi, frá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir tungnarana. Á hina hlið milli Múlatungna og Teigstungna, ræður kvíslin í gilinu á milli tungnanna frá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir fyrnefndan tungnarana þar sem kvíslarnar falla saman.[3]

Réttindum Teigs í Teigstungum er þannig lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 14. maí 1890: „Afréttarítök á Teigur: Teigstungur. Skógarhögg og sauðabeit í Þórsmörk eftir tiltölu við aðrar jarðir í Fljótshlíð; og sömuleiðis afrétt Grænafjall.“[4]

Í gerðabók fasteignamatsnefndar fyrir Fljótshlíð frá 1916 eru afréttir Háamúla, Árkvarnar og Eyvindarmúla ekki nafngreindir en „beitilandi“ Eyvindarmúla er lýst þannig: „Beitiland er skjólgott (fjalllendi) og fremur gott til sauðfjárbeitar; lítil kúabeit.“[5] Um afrétt Teigs segir í sömu heimild: „Beitilandið fremur gott til sumarbeitar, liggur sunnan Þverár á svonefndum „Aurum“; smalamenska og fjárgæzla erfið.“[6]

Þá skal þess getið að í 66. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 58/1894 er fjallað sérstaklega um „smáafrétti“. Þar segir að hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skuli sjá um fjallskil, réttahöld, grenjaleitir o.s.frv. „í smá-afrjettunum“ Þórsmörk, Teigs- og Múlatungum og Guðrúnartungum. En hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps skuli sjá um það á Almenningum, Merkurtungum, Stokkholti og Steinsholti og Goðalandi.[7] Sams konar ákvæði eru í 56. gr. fjallskilareglugerðar nr. 72/1921 en þar er hvorki minnst á Þórsmörk né Goðaland.[8] Greinin um smáafréttina er ekki í fjallskilareglugerð nr. 157/1943 og virðist ekki hafa verið tekin upp síðar.[9]

Eins og fram kemur í kafla 5.3. (Þórsmörk), voru Teigs-, Guðrúnar- og Múlatungur hluti þess landsvæðis sem Fljótshlíðingar og ábúendur Stóra-Dals lögfestu sér 1753. Tungurnar þrjár („Ad nordan vid Godaland“) eru einnig nefndar í skrá yfir örnefni í Goðalandi frá 17. öld (sbr. kafla 5.4.). Hér skal á það bent að í ritinu Göngum og réttum virðist hugtakið „smáafréttir“ vera notað um afrétti Vestur-Eyjafjallahrepps almennt, þ.e. Steinsholt, Staksholt (þannig ritað), Merkurtungur og Almenninga. Þar segir að afréttirnir séu sundurskiptir í smáafrétti og fylgi hver þeirra vissum jörðum.[10]

1 Skjal nr. 3 (88).
2 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 76.
3 Skjal nr. 3 (172)
4 Skjal nr. 3 (171).
5 Skjal nr. 3 (89).
6 Skjal nr. 3 (89).
7 Skjal nr. 5 (50). Sbr. 62. gr. fjallskilareglugerðar nr. 8/12. jan. 1911 (skjal nr. 5 (51)); 60 gr. fjallskilareglugerðar nr. 80/7. júní 1915 (skjal nr. 5 (52)); 56. gr. fjallskilareglugerðar nr. 72/8. ágúst 1921 (skjal nr. 5 (54)).
8 Skjal nr. 5 (54).
9 Sbr. skjöl nr. 5 (57) og 5 (59) (fjallskilareglugerð nr. 239/1974).
10 *Göngur og réttir.* 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 186. Sbr. einnig kafla 5.4. um Goðaland og smáafréttina.

Enda þótt þær heimildir, sem hér hafa verið raktar, séu ekki skýrar um þetta efni hafa Múlatungur, a.m.k. á síðari tímum, verið taldar sérstakt upprekstrarland Eyvindarmúla og Teigstungur jarðarinnar Teigs í Fljótshlíð hvað sem líður eignarrétti þeirra á landinu sjálfu.[1]

Í afréttaskrá fyrir Rangárvallasýslu er eftirfarandi grein gerð fyrir afréttum Vestur-Eyjafjallahrepps:

> Afréttarlönd sem Vestur-Eyfellingar eiga og nýtt hafa verið af búendum sveitarinnar um aldaraðir til þessa dags, eru þessi:
>
> 1. *Steinsholt,*[2] afréttur milli Jökulsár og Steinsholtsár. Eru þar höfðar með hömrum og hengiflugum, í daglegu tali Hausar, Fremstihaus, Mosahaus, Helluhaus, Kirkjuhaus og Innstihaus. Lítill gróður er á afrétti þessum. *Steinsholt tilheyrir þessum jörðum:* Fit, Fitjarmýri og Mið-Mörk.
>
> 2. *Stakkholt* er næsti afréttur við Steinsholt, fyrir austan Steinsholtsá og nær til norðurs að Krossá, til austurs að Hvanná og síðan að syðri kvísl Hvannár að sunnanverðu við Merkurtungur og síðan uppundir jökulinn. (Litlaland tilheyrir Stakkholti). Allverulegur gróður er á Stakkholti. Stakkholt tilheyrir þessum jörðum: Brúnum, Borgareyrum, Dalseli, Bjarkalandi, Steinmóðarbæ, Hamragörðum, Neðra-Dal, Miðdal, Stóradal, Eyvindarholti og Syðstu-Mörk.
>
> 3. *Merkurtungur* liggja á milli Stakkholts og Goðalands, takmarkast af Hvanná að norðan og syðri kvísl Hvannár að sunnan og vestanverðu, af jöklinum að austan. Merkurtungur tilheyra þessum jörðum: Stóru-Mörk 1-3.
>
> 4. *Almenningar* er afréttur norðan Þórsmerkur. Takmarkast hann af Þröngá að sunnan, sem rennur milli Þórsmerkur og Almenninga, að vestan af Markarfljóti, að norðan Fremri Emstruá og að austan af Mýrdalsjökli. Afréttur þessi er víðáttumikill með gisnum gróðri og allvíðáttumiklum söndum. Almenningar tilheyra þessum jörðum: Öllum öðrum jörðum í Vestur-Eyjafjallahreppi en nefndar eru í tengslum við Steinsholt, Stakkholt og Merkurtungur.[3]

Vestur-Eyfellingar voru vanir að ríða til fjalls sunnudaginn í 22. viku sumars og voru ekki nema einn dag að smala ef veður var hagstætt. Um leið og fjallseðill var gefinn út skipaði hreppsnefnd fjallkóng, einn fyrir hvern smáafrétt, þ.e. Steinsholt, Staksholt, Merkurtungur og Almenninga.[4]

Að sögn Guðjóns Ólafssonar í Syðstu-Mörk sá hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps um skipulag smölunar frá 1944. Smölunaraðferð Vestur-Eyfellinga var þá breytt þannig að sendir voru tveir leitarflokkar til að smala afréttina. Annar smalaði Steinsholt, Stakkholt, Goðaland, Merkurtungur og Múlatungur. Hinn smalaði Almenninga, Þórsmörk og Teigstungur.[5] Eftir 1989 var hætt að reka á afrétti Vestur-Eyfellinga samkvæmt samningi við Landgræðslu ríkisins.[6]

---

1 Sbr. Gestur Guðfinnsson 1972: „Þórsmörk.“ *Árbók Ferðafélags Íslands.* (Rangárvallasýsla austan Markarfljóts.) S. 118-122. Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 429. Þórður Tómasson 1996, s. 74-76. Björgvin Vigfússon sýslumaður taldi Tungurnar vera eign viðkomandi kirkna (sbr. Þórður Tómasson 1996, s. 154).

2 Skáletruð orð eru undirstrikuð í frumtexta.

3 Skjal nr. 5 (66). Afréttaskráin fylgdi bréfi sem Ólafur Kristjánsson á Seljalandi sendi Oddgeiri Guðjónssyni hreppstjóra 8. mars 1979 (sbr. skjal nr. 5 (67)).

4 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 186.

5 Guðjón Ólafsson, Syðstu-Mörk, við skýrslutökur í máli nr. 5/2003, 1.-4. júlí 2003. Sbr. einnig vitnisburð Karls Sigurjónssonar, Efstugrund, við sömu skýrslutökur.

6 Guðjón Ólafsson, Syðstu-Mörk, við áðurnefndar skýrslutökur. Samningur var gerður við Landgræðslu ríkisins 1990 (skjal nr. 3 (188), sbr. kafla 5.3. (Þórsmörk)).

5.3. Þórsmörk

Í Landnámu eru nefndir bræður tveir, Ásbjörn og Steinfinnur Reyrketilssynir. Þeir námu land „fyrir ofan Krossá ok fyrir austan Fljót. Steinfinnr bjó á Steinfinnsstǫðum, ok er ekki manna frá honum komit. Ásbjǫrn helgaði landnám sitt Þór ok kallaði Þórsmǫrk“.[1] Steinfinnsstaðir eru taldir hafa verið á Almenningum norður af Þórsmörk.[2] Þar hafa fundist kuml úr heiðni en að auki eru menjar um byggð á tveimur öðrum stöðum í Þórsmörk eins og greint er frá í kafla 5.1. Í Húsadal eru þó ekki sjáanlegar minjar um eldri byggð en frá um 1800.[3] Þórður Tómasson í Skógum telur ekki loku fyrir það skotið að fleiri rústir kunni að finnast: „Raunar er enginn kominn til með að segja að jafnvel fjórða bæjarrústin eigi ekki eftir að finnast. Rústir geta vel leynst í Hamraskógum og Langadal, svo að dæmi séu nefnd.“[4] Þórsmörk er einnig nefnd í Njálu. Þar voru samkvæmt sögunni þrír bæir sem allir hétu í Mörk og bjó í miðbænum maður er kallaður var Björn hvíti.

Ekki er vitað hvenær byggðin í Þórsmörk fór í eyði en líklega hefur það gerst töluvert áður en Oddaverjinn Jón Loftsson lét að því liggja við Þorlák biskup Þorláksson að hann ætlaði „að fara í Þórsmörk eða einhvern þann stað, er eigi sekist alþýða af samneyti við mik“.[5] Þetta mun hafa gerst um 1180.

Í „gömlum“ máldaga kirkjunnar í Holti undir Eyjafjöllum eru henni eignaðir sjö skógar í Þórsmörk.[6] Þetta er síðan ítrekað í yngri máldögum kirkjunnar frá miðöldum.[7] Kirkjan í Odda á Rangárvöllum átti einnig skóg í Þórsmörk, í Engidal, samkvæmt máldaga 1397 og síðar.[8] Þessi skógareign er hins vegar ekki skráð í máldaga kirkjunnar frá um 1332.[9] Þá ber að nefna að Breiðabólstaðarkirkja átti skóg í Stapa sem séra Hafliði Magnússon á að hafa gefið kirkjunni sennilega á fyrri hluta 14. aldar.[10] Kenningar eru um að Stapi hafi verið í Þórsmörk en það er þó alls óvíst enda örnefnið niður fallið.[11] Enn fremur var kirkjunni í Stóra-Dal eignaður skógur í Þórsmörk samkvæmt vitnisburði Sighvats Jónssonar 1599. Þar segir m.a.:

> Enn þesse skögar takmörk hef eg heyrt atölulaust Dals kirkiu eign halldin: allur skögur ij Alsstaða hälse og alstaðagil, bæde fremra og nyrðra, svo og líka: Asläks Holm, hef eg heyrt Dal sialfum tvímælislaust eignað suo inn ij Sundin ä Stark hollte austan til, allar suður hlíðer ä miðre Mörk, allt inn að Eingedal, Syrteiga alla austan svo inn frä Eingedal, Dalur ætte allan skög frä Valahnauk, og svo þar inn frä langa Dal, allan upp under mollder: So líka þar enn inn frä það takmarks örnefne er kallast, Orms nautur, og til þess heylækjar skögur tekur til, svo líka hälfann husa dal, fyrer austan gautuna: Þetta allt hef eg tvímæles laust dals eign heyrt halldið vera þennann allann minn alldur, sem ädur sagtt er. Enn ij langanese: hef eg heyrtt Dal og Mörk, þesse skögar takmörk: sameigenlega eignuð, sem er allann skog inn under Breiðaur ätölulaust, útan Suðhusnes og Hrossavallar gil, og það sem er inn ij merkur kiere eignað Miðmörk að eg heyrt hefe.[12]

1 *Landnámabók* 1986, s. 346 (Melabók).
2 *Landnámabók* 1986, s. 346 (1. nmgr.).
3 Sbr. Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1982: „Byggðaleifar á Þórsmörk.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags.* Reykjavík 1983. S. 51-53. Sbr. einnig það sem segir um þetta efni í kafla 5.1.
4 Þórður Tómasson, 1996, s. 118.
5 „Oddaverja þáttr.“ *Byskupa sögur.* 1. b. Skálholtsbyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150-151. Sbr. Guðrún Sveinbjarnardóttir 1982, s. 53.
6 „Her fylgia einuirdis: vij skogar.j þorsmork“ (*Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 85). Máldaginn er talinn frá um 1270.
7 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 681 (máldagi frá um 1332). *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 648 (máldagi 1553) (skjal nr. 5 (36)) og *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 671 (máldagi frá um 1570).
8 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 74. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 664 (máldagi frá um 1570).
9 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 690-692.
10 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 689 (máldagi um 1332). *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 270. *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 82. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 667.
11 Þórður Tómasson 1996, s. 169.
12 Skjal nr. 3 (50).

Ekki er kunnugt um uppruna þessara skógarítaka Stóra-Dals en þeim var haldið við ásamt öðrum eignum kirkjunnar með lögfestum næstu aldir eins og nánar er rakið í kafla 5.8. Samkvæmt þessu yfirliti benda heimildir til þess að þegar á miðöldum hafi kirkjurnar í Holti, Odda, á Breiðabólstað og í Stóra-Dal eignast skóg eða skógarítak í Þórsmörk.

Þórsmörk var einnig notuð sem afréttur Fljótshlíðinga. Elsta heimildin um það, sem kunnugt er um, er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Á einum stað, þar sem fjallað er um jarðir í Eyjafjallasveit, standa þessi orð:

> Þurídarstader kallast takmark nokkurt á Miðrimörk (sem nú er so nefnd) fyrir innan Þórsmörk; þar segjast menn heyrt hafa, að í gamaldaga hefði bær verið, en ekki er víst þar sjáist líkindi til. Slægjur eru engar, en vetrarhart mjög, því þykir mönnum ómögulegt þar kunni byggíng á að komast; annars eru á sumur hagar nógir. Þetta pláts og þar um kríng er brúkað fyrir lamba afrjett úr Fljótshlíð.
>
> Húsadalur heitir annað örnefni skamt frá Þuríðarstöðum. Þar halda og menn til forna hafi bygð verið, jafnvel mikil, af girðíngum, sem enn nú til sjest. Er og óbyggilegt sökum slægnaleysis og vetrarharðinda. Þetta pláts er og búkað fyrir afrjett úr Fljótshlíð.[1]

Samkvæmt sömu heimild átti staðurinn Oddi á Rangárvöllum einnig afrétt í Þórsmörk auk afréttar sem kirkjan átti til félags með jörðum á Rangárvöllum: „Allan hálfan afrjett í Mið-Mörk, hver nú er ljeður til brúkunar nokkrum af staðarins landsetum.“[2]

Síðar á öldinni, árið 1753, sáu bændur í Fljótshlíð og ábúendur Stóra-Dals undir Eyjafjöllum ástæðu til að lögfesta réttindi sín til afréttar og skógartekju í Þórsmörk:

> So sem oss underskrifudum er vitanlegt ad eigenn Sión og Umkunnugra Underlage, hvörsu ad so kallader Fliotzhljdar Afretter Grænafiall og Þorsmörk ásamt Skogarplatzenu Langanese (sem epter vissum Máldögum tilheirer Hollts og Storadals Kyrkium) eru yferfallenn og underlögd storkostlegum Yfergange og rangfullre Yrkingu margra Utann Sveitar Manna, sem rifa, skera og brenna Skogarplatzed, beita og undertroda Haglended med sinum Kvikfenade. Hvern [Hverer?] takmarka ólöglega Yrkingu eg Sigurdur Sigurdsson Jardanna Teigs og Storadals so vidt Þorsmork og Langanes snerter, enn vid Hreppstiórar j Fliotzhljd, allra Sveitar Bænda vegna, þad Grænafialls og Þorsmerkur (ad nockru Leite) Afrettum vidvikur. Þá lögfestum við Underskrifader eigenn vegna og j Umbode ann‹a›ra adurgreinda Afrette og Skogarplatz jnnann tiltekenna Takmarka.
>
> 1º Grænafiall fra Þorolfsfelle j Tin‹d›fialla Jökul, þadann j Stora Grænafiall sem jnnst er á Afrettenum. Sidann rædur ad austann og sunnann Markárflót. 2º Þorsmörk mille Þraungar og Krossár upp under Jökul ásamt sokölludum Teigs Gudrunar og Mulatungum. 3º Langanes allt fra Storumerkur Eingiagarde, jnn under Fall Jökul med Sudurhlidum öllum á Stachhollte. Hvar vid adgiætande er ad halft Langanes med vissum Örnefnum og Jtökum á Þorsmörk, lögfestest af mier Sigurde, effter Bon og Fullmagt Veleruverdugs Holltz Stadarhalldara. Fyrerbiódum vier einum og sierhvörium fyrrgreinda Afrette og Skógarplátz j nochru sier nitia, beita, bruka, yrkia, edur nockra Gagnsemd af hafa, under fullkomna Landnámz Sekt, og adrar frekustu Skadabætur effter Lögum, af þeim visvitande hier á móti britur. Enn hvör sá sem meinar sig Skóg edur önnur Jtök eiga jnnann fyrrgreindra Takmarka, sem þesse Lögfesta uppastendur, advarast hier med ad frammleggia sin Skilrike þar fyrir, á næstkomande K[yr]kiulækiar og Hollts Vor Manntals Þingum. Stande Lögfesta þesse til Sekta um næstu 12 Mánude. Enn fyrir Máldaga so leinge henne er ei ad Lögum hrunded.

1 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 101-102, sbr. einnig s. 139.
2 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 260.

Til Stadfestu eru Underskrifadra Nöfn ad Hljdarenda j Fljotzhljd D 11ta Septembris A0 1753.

S. Sigurdsson

Oddur Þordarson Olafur Arngrimsson.[1]

Lögfestan var lesin upp við Dalskirkju, Holts-, Steina-, Skóga- og Hólakirkju í september 1753 og fyrir rétti að Holti 28. maí 1754. Nokkru síðar, árið 1772, lögfesti presturinn í Holti, séra Sigurður Jónsson, skógarítök kirkjunnar í Þórsmörk og hálft Langanes.[2] Heimildir eru fyrir því að fleiri prestar og staðarhaldarar í Holti hafi fyrr og síðar lögfest þessar eignir kirkjunnar og hálft Langanes að auki.[3]

Í lok 18. aldar tóku flestir eða allir þeir, sem hagsmuna áttu að gæta í Þórsmörk, sér fyrir hendur að lögfesta réttindi sín þar á landsvæðinu. Í dóma- og þingabók Rangárvallasýslu er eftirfarandi skráð 21. júní 1790:

> Var sidan upplesenn Lögfesta fyrer hálfre Þorsmörk frá Prestenum Sr. Gisla Thorarenssyni sem Odda Stadar Beneficiario sömuleides Lögfesta fyrer allann þann Þorsmerkur Afrettar Part er Odda Kyrkiu ej med rettu tilheirer frá Fliotshlydar Jnbyggendum, en‹n›nu var upplesenn Lögfesta fyrer Storumork i Ejafialla Sveit fra nefndrar Jardar Bændum nefnel. Jone Gudmundssyne, Jone Vilhialmssyne, Gudmunde Isleikssyne og Ingebiorgu Ejolfsdottur. Og enn nu var upplesenn Lögfesta fyrer Skogar Eign og Itökum á Þorsmörk Holts Kyrkiu tilheirande frá Profastenum Sr. Paule Sigurssyni í Holte samt Kaupbref Ingegerdar Jonsdottur á Steinmodarbaj f[yrer] 2c [2 hundruð] 17 Al. I Jordinne Storumork.[4]

Um svipað leyti lögfesti presturinn í Odda, séra Gísli Þórarinsson, hálfa Þórsmörk með þessum orðum:

> Jeg undirskrifadur allranádusgast collationeradur Prestur til Odda lögfesti hér með halfa Þórsmörk, liggjandi í Rángárþínge, med öllum hanns [svo] Gögnum og Gjædum, so sem mér allranádugst tiltrúad var Odda Kirkiu Eign eftir gömlum óafturrekanlegum Máldögum. Fyrerbyd eg hverjum Manni ad beita, brúka edur í nokkurn Máta sér ad nýta þenann hálfa Afrétt framvegis, undir þær Sektir sem Lög qveda, án míns Leyfis. Stande þesse mín Lögfesta Afréttinum til Fríhelgis og Sekta um næstu 12 Mánude, edur so leingi henni er ej ad Lögum hrundid, hvad ef nokkur fýsist af gjöra, advarast þeir og kallast innan Fimtar, sín Rettugheit á þessa Lands Takmörk ad löghelgi. Til Stadfestu er mitt Nafn ad Odda Prestagarde D. 14da Junii 1790.
>
> GThórarensen Prestur til Odda Safnadar.[5]

Lögfestan var lesin upp fyrir manntalsþingsrétti að Kirkjulæk 19. júní 1790 og 15. júní 1791.

Árið 1801 ritaði sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, Vigfús Þórarinsson, stiftamtmanni bréf og tilkynnti honum að bóndinn Sæmundur Ögmundsson[6] hefði óskað eftir því að fá að stofna nýbýli í afréttinum í Þórsmörk („i Afrets Fælleden Thorsmörk“) í samræmi við tilskipunina frá 15. apríl 1776 (nýbýlatilskipunina). Að sögn sýslumannsins heyrðu ¾ afréttarins undir Fljótshlíðinga eða

1 Skjal nr. 3 (72).
2 Skjal nr. 3 (81).
3 Sbr. skjal nr. 3 (82) (lögfesta 1819). Skjal nr. 3 (87) (eignaskjalabók Holts með skrá yfir lögfestur frá 1674-1867).
4 Skjal nr. 3 (12).
5 Skjal nr. 3 (95)b.
6 Sæmundur var faðir Tómasar Sæmundssonar Fjölnismanns, síðar prests á Breiðabólsstað í Fljótshlíð.

nokkurn hluta byggðarmanna („eller Deel Indbyggere“) til upprekstur á sumrin en ¼ Oddakirkju. Hann lætur þess einnig getið að rústir finnist á afréttinum en þær séu svo gamlar að enginn geti lengur haldið þar fram eignarrétti sínum. Orðrétt er bréfið á þessa leið:

> Pro Memoria. Paa Grund af Forordning af 15de Apr. 1776 har Bonden Sæmund Ögmundsen af Gularas her í Sÿsselet anmeldet [?] sig til að optage en Gaard í Afrets Fælleden Thorsmörk, hvorfor det i bem. Forording er min allerunderdanigste Pligt at angive samme for Deres Hoÿvelbaarenhed, med den tilföyede Oplysning, at 3/4 Deele af bemte Afret tilhörer Fliótshliden eller Deel Indbyggere, til Brug eller Overdrev [svo] om Sommere, hvilken dog er ikke af nogen af dem undtagen mig selv allene, er bleven benÿttet, siden min Tiltrædelse her til Sysselet. 1/4 Deel af ommeldte Afret tilhörer Kirken paa Odda i fölge Vilkens Máldaga; eller (som den udtrykker sig) hálfur Afrettur i midia Mörk, hvilken og af Beneficiarierne ikkuns lidet er bleven brugt, naar undtages at nærværende Beneficiarius har tilladt nogle faa Bönder, at drive deres Lamme derhen om Sommeren. At her dog i forrige Tiider have været 3de eller i det mindste nogle Böndergaarde, sees saavel af den bekiendte Historie Niála, som af Arnæ Magnæi Jordeobog. Rudera sees der og, især paa eet Stæd, menn sikkert ere de fra saa ædlgamle Tider nedlagde at ingen nu kan angive dem for sin Eyendom. Ikke heller stöde nogle Gaarde til denne Afret hvis Beboere i fölge Forordningens 4de & kunde indvarsles til Forretning over den optagende Gaard.
>
> Manden har vel begiæret, at ham til næstkommenfe Flötte-Tiid maatte tillades at optage Begiæring, anmeldes ikkuns, og henstilles underdanigst til Deres Höyvelbaarenheds Forgotbefindende og Naadige Resolution.
>
> Hlídarende den 2en Martii 1801 underdanigst WThorarensen.[1]

Stiftamtmaðurinn, Ólafur Stefánsson, sem jafnframt var amtmaður suðuramts, svaraði sýslumanni 15. apríl sama ár og benti á að Sæmundur gæti ekki talist eigandi þess býlis sem hann vildi stofna ef afrétturinn „tilheyrði“ Fljótshlíðingum og kirkjunni („Præstegaarden“) í Odda og að auki væri nauðsynlegt að tilkynna um fyrirhugaða nýbýlastofnun ef einhverjir vildu gera við hana athugasemd:

> Nr 3006. Til Sysslemanden Thorarensen.
>
> Da Herr Sysselmand har, ved Skrivelse af 2. f.M. indmeldet af Bonden paa Gularaas Saimund Ögmundsen, vilde optage en Gaard paa Thorsmarken hvilken til 3/4 Deele tilhörte Fljótshlyden, ellers dens Indbyggere, men 1/4 Deel deraf Præstegaarden Odda, saa indsees heraf at beme Sajmund ikke kan blive Ejer af den af ham optagende Jord men vel Leilænding paa samme i Fölge Forordningens af 15. Apr. 1776 & og 10, denne Optagelse vilde og have været at [þetta orð undirstrikað = yfirstrikað] i Forvejen at bekjendtgjöre ved Altingsbogen, i Fald man havde paatvivelt Fljótshlýdens og Præstkaldets Ejendomsret til Thorsmarken. I Anledning heraf har jeg ikke skullet undlade herved at anmode Herr Sysselmanden, om at forhöre: om Fljótshlÿdens Indbyggere, saavelsom Præsten til Odda Beneficium have noget at indvende imod at fornte Sæjmund optager en Gaard i denne dem tilhörende i Böygden beliggende ypperlige Beedemark, og især med tilagne 4 uvillige Danne Mænds, skjönne: 1, om disse hermed maatte skee nogen Fornærmelse eller Skade ved deres Fædrivt til Marken eller ikke. - 2, om det maatte ansees for sikkert, at een eeneste Mand nedsætter sig langt fra alle beboende Jorder, i Thorsmarken blandt en Mængde af andres Faar, og ikke ansees at kunne derved gjöre sig mistænkt for Sveitefaarenes Mishandling, paa enn eller anden Maade, hvilket omendskjönt, ikke maatte

1 Skjal nr. 3 (91)b.

være at befrygte af Saimund Ögmundsen som troes at være en reedelig Mand, saa dog mueligen af hans Eftermænd paa den midt i Marken optagne Jord, hvilke ingen endnu kjander. I saa Fald var det tjenligere at fleere Gaarde belv optagne i oftnævnte Mark, naar Boygde-Folkets Fædrivt ellers kunde taale slig Indskrænkning.

Vidöe, den 15. Apr. 1801. O. Stephensen.[1]

Ljóst er að Sæmundur fékk heimild til að hefja búskap í Húsadal því að hann er skráður þar í sóknarmannatali Fljótshlíðarþinga, Eyvindarmúlasókn, í nóvember 1802 ásamt Guðrúnu Jónsdóttur eiginkonu sinni, dóttur, þriggja missera gamalli, vinnumanni og vinnukonu. Í Húsadal var einnig annað býli og bjuggu þar hjónin Magnús Árnason og Þuríður Guðmundsson ásamt nýfæddum syni þeirra.[2] Bændurnir í Húsadal urðu fyrir fjárfelli vorið eftir og fluttu þaðan niður í Landeyjar.[3]

Árið 1813 veitti sóknarpresturinn í Odda, Steingrímur Jónsson prófastur, fyrrnefndum Vigfúsi Þórarinssyni umboð til að nota eða leigja öðrum afrétt Oddakirkju gegn árlegu gjaldi. Orðrétt segir í yfirlýsingu prófastsins:

Giorist vitanlegt: ad ieg Steingrímur Jónsson Prófastur i Rángárþíngi og Sóknarprestur til Odda, hefi gefid og hérmed géf S.T.Hra Cancellieraad W. Thorarensen mitt Umbod yfir Odda Kirkiu Afrétti á Þórsmörk tilad nota og liá ödrum til forsvaranlegrar Brúkunar, móti því, ad hann gialdi mér árlega eptir sama Afrétt 1rd Courant. Áskil eg, þó jafnframt, sjálfum mér og Odda Kirkiujarda Landsetum frí Upprekstur, þá eg þad min eda þeirra Vegna begiæri.

Stendur þetta Umbod, svoléngi sem ockur bádum umsemur.

Odda þann 29da Octobr 1813 Steingrímur Jónsson

Ofanskrifad undergeingst Hlídarenda D. 19da Novembr 1813 WThorarensson[4]

Í sama skjali kemur fram að Vigfús greiddi prófastinum leigu fyrir afréttinn en ekki var þeim ljóst hvort „eign“ Oddakirkju væri ½ eða ¼ hluti Þórsmerkur. Þetta er rakið nánar í eftirfarandi orðum:

Extract af Brefe Canc. R. Vigfusa Thorarenssonar til Prófasts Steingrims Jonssonar, dat. 20 Novembr 1813.

Eg legg herinn Bladed um Þórmörk af mér uppaskrifad, hvarvid eg vil minnast þess, ad eg sidstl. Haust med Ásetninge taldi út 2rd fyrir hana, því þá er eg ánægdur ad betala eptir hana, so lengi eg hefi hana eins og i Fyrra og i Ár, so sem eg og skrifadi ydur i Fyrra, ad eg þá hefdi betalad oflítid 1rd. Enn þegar Odda Stadarhalldari og Landsetar reka þángad, er fullsett á ¼ af Þórsmörk, og er eg þá frá þeim Parte hennar.

Extractens Rigtighed vitnar Steingrímur Jónsson.

Extract af Brefi Prof. Steingrims Jonss. til Hr CancRaad V. Thorarensen D. 29 Novembr 1813.

1 Skjal nr. 3 (92)b.
2 Skjal nr. 3 (93). Drengurinn var skírður í Húsadal 27. ágúst 1802, daginn eftir fæðingu (sbr. skjal nr. 3 (94)).
3 Þórður Tómasson 1996, s. 138-139, sbr. s. 268-271.
4 Skjal nr. 3 (73).

Svo skal vera sem þer vilied um Þórsmörk ockar í mille 2rd Eptirgialded og eg skal ecke liá, helldur vísa, ef Afrettarins beidast, Odda Landsetum til Ydar, enn einasta fyrir mig siálfan, ef tilkjæmi, villda eg ega hann fríann. Uti Interpretationina af Máldagans Ordum ½ Afrett í Midia Mörk, fer eg ecke. Hún má vera sem vill ¼ eda ½ Partur Þórsmerkur. Á medan adrir hafa ecke nein Document fyrir hinum ½ eda ¾ Pörtum, ætla eg ecke giörist Þörf, ad determinera Odda Eign, og því let eg vera ótilgreint, hvad miked eg eignadi Odda til þess hvörki ad auka né vana Máldagans [ ] med mínum Skilníngе, neinum til præjudice.[1]

Eins og rakið hefur verið hér að framan eru allmörg dæmi um að prestar að Holti undir Eyjafjöllum hafi lögfest kirkjunni skógarítök í Þórsmörk. Ein hin síðasta er frá 1867:

Eg undirskrifaður Björn Þorvaldsson, prestur að Holti undir Eyjafjöllum, lögfesti hér í dag eptirskrifuð skógarítök Holtskirkju liggjandi fyrir austan Markarfljót og ofan Krossá í afréttinum Þórsmörk, (og máské Almenníngum) sem í elztu máldögum Holtskirkju, biskupa-visitatium og fjölda af lögfestum, nefnd eru þannig:

„Sjö skógarteigar í Þórsmörk í Stöng, gamla Nautur-gatnaskógur, Loptsnautur, Lækjarskógur og Tungur inní gil frá Höfða-skógi“, sem einnig í sumum seinni tíða lögfestum eru nefnd: „Hamar-skógar, Litli-endi og Stóri-endi, Stöng og Stangar-háls, að Gilinu fyrir innan Stöng“. Líka svonefndar „Svínatungur“. Lögfesti eg til þessara ummerkja, að sunnan og vestan frá Krossá í vestanverðan Langadal, í götuna (hjá Skugga), sem liggur norður í Húsadal, og svo ofaneptir henni, að múlanum fyrir framan húsatætturnar, þaðan beint vestur í götuna, sem liggur norður við brekkuna í Húsadalsmynni vestur á aurinn, og norður að Markarfljóti, svo ræður fljótsgilið inneptir, þar til Þröngá fellur í það, úr því ræður hún, inní svokallað Rjúpnafellsgil, þá skal úr því ofanverðu taka sjónhendíng suður í gilið fyrir innan Stöng (sem kallað er „Góðagil“) í það ofanvert, lækurinn, sem í því rennur ræður ofanað Kro[ssá] svo frá nefndu gili sunnaní Mörkinni allt vestur að Langadal, allt það pláz neðan frá Krossá og uppundir hamra, svo langt sem byrkiskógur vex, lögfesti eg vegna Holtskirkju, að orðfullu og lögmáli réttu til friðhelgis og verndar alls byrkiskógarviðar, sem vex innan hér tiltekinna takmarka, fyrirbjóðandi einum og sérhverjum, nefnda viðartegund að höggva, rífa eður nokkurn hátt hana sér[2] í nyt að færa, án míns leyfis og samþykkis, undir fullkomnar landnáms- og Skaðabætur. Standi þessi lögfesta um næstu tólf mánuði, til fullra sekta, en fyrir Holtskirkju-máldaga fyrir alda og óborna, allt svo lengi henni er ekki með riktugum skjölum og eiðfestum vitnum hrundið.

Leggi þeir fimtarstefnu mót lögfestu minni, sem meina sig með henni aflaga borna, í byrki-skóga notkun, innan þeirra takmarka, sem í henni eru tilgreind.

Til staðfestu er mitt undirskrifað nafn, og hjásett innsigli.

Holti d. 7 Maí 1867

Björn Thorvaldsson[3]

Lögfestan var lesin upp og bókuð í manntalsþingsrétti að Kirkjulæk 18. maí 1867 og færð í kaup- og veðmálabók Rangárvallasýslu.

1 Skjal nr. 3 (73).
2 Upphaflega ritað *sér hana* en orðaröð breytt með tölustöfum.
3 Skjal nr. 3 (98).

Þessari lögfestu mótmæltu Fljótshlíðingar, einkum því að presturinn í Holti væri að eigna kirkjunni nýgræðuskóga á framanverðri Þórsmörk enda ætti það sér enga stoð í eldri heimildum:

> Presturinn sjera Björn Þorvaldsson á Holti undir Eyjafjöllum ljet á manntalsþingi voru þann 18. þ.m. lesa upp lögfestu eina, hvar hann vill eigna sjer, eða kirkjunni í Holti, mestan hluta þess nýgræðu-skóg-ar, sem sprottið hefur á framanverðri Þórsmörk í næstliðin 40 ár, síðan skógarrætur þar voru friðaðar, sem þá voru óeyddar; þessari lögfestu prestsins finnum vjer undirskrifaðir ástæðu til að mótmæla, þar við hugsum að presturinn viti ekki betur, hvar þeir skógarteigar munu legið hafa, er þeir fornu og rjettu máldagar Holtskirkju eigna henni, en prestar þeir, sem voru í Holti á 17. og öndverðri 18. öld, en að þetta hafi átt sjer stað sýnir ljóslega visitatía Jóns biskups Árnasonar yfir Holtskirkju ár 1731 hvarí biskupinn spyr um eignir og ítök kirkjunnar, þá svarar presturinn og nærstaddir sóknarmenn: að skógarteigar þeir, sem kirkjunni tilheyrir, sjeu sumir eyddir með öllu, en sumir viti menn ekki hvar legið hafa. Þegar presturinn sjera Þorsteinn Oddsson lýsti þessu fyrir biskupi, þá var enn nú skógur á framanverðri Þórsmörk, en norðari og efri hluti hennar, mun þá hafa verið orðinn skóglaus að mestu; en Þórsmörk nefndist í forna daga allur sá landshluti, sem liggur fyrir austan fljót, milli Krossár og Emstruár. Um þetta leyti var og síðastnefndur prestur búinn að þjóna Holtsbrauði næstum 30 ár, og var þar borinn og barnfæddur, því sjera Oddur faðir hans var þar prestur um 40 ár, en hann tók við brauð-inu að fyrirrennara sínum lifandi, sjera Þorsteini Jónssyni, en hann fjekk Holtið 1632. Öngvir þessir prestar eignuðu sjer skóg í framanverðri Þórsmörk, utan skógarteiginn Stöng. En á seinni hluta næst-liðinnar aldar byrjaði prófasturinn sjera Sigurður Jónsson, að eigna kirkjunni á Holti skóg á framan-verðri Þórsmörk, og reyndi til að telja mönnum trú um að þar lægu þeir fornu skógarteigar kirkjunnar, þó örnefni þau bæru önnur nöfn, en þau fornu. En þareð Fljótshlíðingar mótmæltu þessu, þá var síðast-nefndur prófastur fullséður að halda þá ekki lengra útí það mál. Um þetta leyti gekk líka sú aldar óvenja sem hæzt, að bæði æðri- og lægristjettar-menn hirtu lítið um hverjir skógana ættu, því þeir voru þá brúkaðir sem herfang, og kepptist hver við annan að eyða þeim í mesta regluleysi, svo um næstliðin aldamót var Þórsmörk orðin skóglaus með öllu, en á fyrsta fjórðungi þessarar aldar var byrjað á því, að friða þær fornu skógarætur, sem þá voru óuppgrafnar, því þá fór stjórnin að styrkja þetta mál, og síðan hefir skógur þessi sprottið, undir vöktun og umsjón Fljótshlíðinga; af hjertöldum ástæðum, finn-um við undirskrifaðir oss knúða til, að mótmæla frama‹n›nefnd‹r›i lögfestu sjera Björns, sem ástæðu-lausri, og eins allri yrkingu skógarins af prestsins hálfu (að fráskildum skógarteiginum „Stöng“ inn-undir „Góðagil“) á meðan hann ekki löglega sannar fyrir oss að þeir fornu skógarteigar Holtskirkju, sjeu á framanverðri Þórsmörk…
>
> Fljótshlíðarhreppi 28. maí 1867[1]

Mótmæli þessi voru lesin upp og bókuð í manntalsþingsrétti að Steinahelli 4. júní 1867 og inn-færð í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu.

Árið 1877 tók sýslumaður skýrslu „hlutaðeigenda útaf kæru umsjónarmanna Þórsmerkurskóg-anna í Fljótshlíðarhreppi um heimildarlaust skógarhögg þar“. Ekki er gerð frekari grein fyrir þess-um „umsjónarmönnum“.[2] Teknar voru skýrslur af tveimur vinnumönnum í Eyjafjallasveit, Þórði Jónssyni á Hamragörðum og Bjarna Gíslasyni á Syðrirotum. Báðir kváðust þeir hafa tekið viðar-klyfjar fyrir norðan Þröngá, sem skilji Þórsmörk frá Almenningum, og vissu ekki betur en að til þess hefðu þeir haft fulla heimild. Sýslumaður sá ekki ástæðu til, eins og sakir stóðu, að halda rann-sókninni áfram.[3]

1 Skjal nr. 3 (83), sbr. nr. 3 (99). Undir bréfið rita 32 menn nöfn sín.

2 Meðal eftirlitsmanna með skógarhöggi í Þórsmörk í byrjun 20. aldar var Arnþór Einarsson í Teigi. (Þórður Tómasson 1996, s. 232).

3 Skjal nr. 3 (113).

Sérstakt landamerkjabréf er til fyrir Þórsmörk, gert árið 1892:

Landamerki á Þórsmörk

Markið að norðan, sem aðskilur Þórsmörk og Almenninga, afrétt Eyfellinga í Holtssókn er á, sem heitir Þröngá, allt frá upptökum hennar upp við jökul og þar til hún fellur í[1] [Markarfljót síðan ræður] Markarfljót allt fram á móts við Þórsmerkurrana.

Enn að sunnanverðu Krossá, sem aðskilur Þórsmörk og afréttina sunnan árinnar, Teigs og Múlatungur, Goðaland og Stakkholt allt frá upptökum hennar upp við jökul og alla leið fram fyrir Þórsmerkurrana.

Fljótshlíðarhreppi 2. maí 1892

Í umboði hreppsnefndar Guðm. Guðmundsson

Fyrir hönd afréttarins Stakkholts samþykki ég hins vegar skrifuð landamerki

Eyvindarholti 12. maí 1892

Sighv. Árnason

Fyrir afréttinn Almenninga samþykki ég hins vegar rituð landamerki í umboði hreppsnefndarinnar Vestur-Eyjafjallahrepps

Holti undir Eyjafjöllum 14. maí 1892

Kjartan Einarsson núverandi oddviti

Við hinsvegar rituð landamerki athugast, að Holtsprestakall undir Eyjafjöllum á þessi skógarítök á Þórsmörk: Í Stöng Gamlanaut og Loftsnaut, Lækjarskóg og Gatnaskóg og Tungur inn í gil frá Höfðaskógi, og tvo skógarteiga á Ákstöðum. Að öðru leyti samþykkjast landamerkin.

Holti undir Eyjafjöllum 14. maí 1892

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli.

Fyrir hönd séra Eggerts Pálssonar Oddur Oddsson

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kirkjulæk í Fljótshlíð 18. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Enginn virðist hafa staðfest landamerkjabréf Þórsmerkur af hálfu Odda á Rangárvöllum en samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 22. maí 1890, var „[a]fréttur hálfur í miðja Þórsmörk“ meðal „ítaka“ sem „fylgdu“ jörðinni.[2]

Í Þórsmörk var afréttur Fljótshlíðinga eins og fram kemur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.[3] Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps tók hins vegar á leigu afrétt Oddakirkju í Þórsmörk

1 Það sem er í hornklofa er ritað utanmáls en vísað hér inn. Skjal nr. 3 (17).

2 Skjal nr. 3 (185).

3 Sbr. skjal nr. 3 (103): Afsal, dags. 9. janúar 1901, fyrir ¾ í Eyvindarmúla í Fljótshlíð „með tiltölulegum hluta úr kúgildum, skógarítaki og fjárbeit í Þórsmörk“. Skjal nr. 3 (106): Samningur, dags. 7. mars 1914, um sölu á hluta í Kirkjulæk í Fljótshlíð „með öllum gögnum og gæðum er téðum jarðarparti hafa fylgt ... þar á meðal skógarítak og vetrarbeit á Þórsmörk“.

árið 1901 en áður höfðu Vigfús sýslumaður Þórarinsson og síðar ábúendur Árkvarnar haft umboð fyrir afréttinum.[1] Árið 1918 tók nýr prestur við embætti í Odda. Sagði hann þá upp samningnum við Vestur-Eyjafjallahrepp og leigði Tómasi Sigurðssyni á Barkarstöðum afrétt kirkjunnar í Odda. Þetta kemur fram í bréfi sem hreppstjóri Vestur-Eyjafjallahrepps ritaði stjórnarráði Íslands, dóms- og kirkjumáladeild, 5. október 1918. Hreppstjóri taldi að við prestaskiptin hefði „ítak" þetta átt að hverfa undir embætti hans í samræmi við lög nr. 46, 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta og vildi fá úrskurð stjórnarráðsins um það efni.[2] Stjórnarráðið sendi erindið til biskups sem svaraði með bréfi 29. nóvember sama ár. Þar segir biskup m.a.:

> Út af erindi þessu vil ég virðingarfylst leyfa mér að taka fram, að ítak þetta er metið hinum núverandi Oddapresti til heimatekna (sbr. bréf stjórnaráðs til mín dags. 25. febr. þ.á) og hefir Oddaprestur því full umráð þess og fulla heimild til að leigja það hverjum sem hann vill, án þess að vera í nokkru bundinn af samningum fyrirrennara síns við V. Eyjafjallahrepp, því að þeir samningar eru að sjálfsögðu bundnir við prestskapartíð hans, sem útrann í næstliðnum fardögum.[3]

Á 19. öld tóku stjórnvöld að beita sér fyrir friðun skóglendis með lagasetningu. Árið 1894 voru sett lög um friðun skóga og mels og árið 1907 samþykkti Alþingi lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands. Árið eftir tók danski skógfræðingurinn A.F. Kofoed-Hansen við embætti skógræktarstjóra og tveimur árum síðar var Einar E. Sæmundsen skipaður fyrsti skógarvörður á Suðurlandi. Sumarið 1909 fór Einar í fyrstu ferð sína í Þórsmörk ásamt Árna Einarssyni, bónda í Múla, en hann var kunnugur á þeim slóðum. Þessar ferðir munu hafa sannfært Einar og Kofoed-Hansen um nauðsyn þess að láta friða Þórsmörk alla fyrir búfjárbeit.[4]

Árið 1920 rituðu eigendur og ábúendur jarða í Fljótshlíð nöfn sín undir yfirlýsingu um að þeir vildu endurgjaldslaust gefa eftir beitiréttinn í Þórsmörk gegn því að landstjórnin sæi um að girða þar skóginn með fjárheldri girðingu og að skógræktarstjórnin tæki að sér að annast um smölun að haustlagi á því fé sem kynni að smeygja sér inn fyrir girðinguna. Sóknarpresturinn í Odda féllst einnig á þetta „[sem] umráðamaður hálfrar Þórsmerkur er liggur undir Oddakirkju, að því er beit snertir".[5] Bæði í yfirlýsingu Fljótshlíðinga og sóknarprestsins í Odda er komist svo að orði að gefinn sé eftir „beitarrjettur" („beitirjettur") og í bréfum prestsins og biskups vegna þessa máls er talað um „ítak" sem hafi verið tekið undan Oddaprestakalli 1920.[6] Árið 1924 var hafist handa við að setja upp varnargirðingu með fram Þórsmörk að norðan og jafnframt unnið að því að stækka friðunarsvæðið þannig að það næði yfir Goðaland, Teigstungur, Múlatungur og Merkurtungur (sbr. kafla. 5.4.). Árið 1927 var gerður samningur milli landeigenda og Skógræktar ríkisins um að hún tæki að sér friðun og umsjón svæðisins. Í samningnum var tekið fram að bændur eða eigendur jarða misstu allan rétt til landnytja í Mörkinni nema skógarhöggs.[7] Friðun þessa landsvæðis var m.a. þeim vandkvæðum bundin að girðingin var ekki að öllu leyti fjárheld og leitaði því fé úr afrétti Vestur-Eyjafjallahrepps (Almenningum) inn á hið friðaða svæði. Annars staðar var ekki völ á góðu beitarlandi. Úr þessu rættist ekki fyrr en árið 1990 með samkomulagi milli Landgræðslu ríkisins og Vestur-Eyfellinga um að þeir rækju ekki fé á afrétti hreppsins næstu 10 ár. Með þessum samningi tókst að lokum að ná því markmiði sem stefnt var að árið 1920 að tryggja friðun Þórsmerkur fyrir allri búfjárbeit.[8]

1 Þórður Tómasson 1996, s. 148-149.
2 Skjal nr. 3 (175).
3 Skjal nr. 3 (175).
4 Andrés Arnalds, 1990: „Friðun Þórsmerkursvæðisins." *Ársrit Skógræktarfélags Íslands*. S. 89-92. Þórður Tómasson 1996, s. 232.
5 Skjal nr. 5 (199). Sbr. Þórður Tómasson 1996, s. 232-245.
6 Þórður Tómasson 1996, s. 234-235.
7 Andrés Arnalds 1990, s. 93.
8 Skjal nr. 3 (188). Andrés Arnalds 1990, s. 89-98.

Samkvæmt lögum um lausn skógarítaka nr. 100/1940 og um lausn ítaka af jörðum nr. 113/1952 skyldu allir þeir sem töldu sig eiga ítök (skógarítök og síðar önnur ítök) lýsa þeim. Frá árinu 1953 er varðveitt lýsing á ítökum kirkna undir Eyjafjöllum. Þar kemur fram að kirkjan að Eyvindarhólum átti einn skógarteig í Þórsmörk (ítak Arnarbæliskirkju), kirkjan að Ásólfsstöðum átt sjö skógarteiga í Þórsmörk (í Stöng, Gamlanaut, Gatnaskóg, Loftsnaut, Lækjarskóg og tungur, eina í gil frá Höfðaskógi, tvær á Asksstöðum) og enn fremur, að sögn Jóns Helgasonar biskups, skógarteiga í Stóraenda, Litlaenda og Stöng og kirkjan að Breiðabólstað var lýstur eigandi skógar hjá Stapa.[1]

Á síðari árum hefur verið komið fyrir aðstöðu fyrir ferðamenn í Þórsmörk. Þar eru nú þrír gistiskálar: skáli Ferðafélags Íslands í Langadal, skáli Austurleiða hf. við Húsadal og skáli Útivistar í Básum á Goðalandi.[2]

5.4. Goðaland

Elsta heimild um mörk Goðalands, sem kunnugt er um, er í örnefnaskrá sem að stofni til er talin vera frá prestskaparárum séra Sigurðar Einarssonar á Breiðabólstað (um 1630) en er nú varðveitt með hendi séra Högna Sigurðssonar frá miðri 18. öld. Í skránni er þessi lýsing:

> NB Godaland er nefnt innan Hrunagilzär og Hvannär firer austan Krossá. Þar örnefne: Sträkagil, Riettarflötur, Godalandzheller, í Bäsum, Riettafell. Þar fyrir framan ad sunnanverdu; Stackhollt, Steinzhollt, Fagredalur og þar fyrir framan tunga Ein firer framan falljökul. NB
>
> Ad nordan vid Godaland, Gudrunartungur, Teigstungur, Mulatungur (miög litlar).
>
> So kemur Stangarhals þar i Budarhamar, Ende store og litle, Valahnukur, fyrir nedan Snorra Rike koma breckurnar i dalnum sem skogartoften tekur til.[3]

Í sömu heimild eru einnig taldir upp skógar sem Breiðabólstaður átti og var einn þeirra hjá Réttarfelli sem nefnt er hér í örnefnaskránni.

Árið 1588 var staðfestur í lögréttu svonefndur Kirkjulækjardómur Nikulásar Björnssonar frá 27. september 1578 og einnig Lambeyjarsamþykkt frá 14. maí 1579 um Goðaland. Tildrögin voru þau að séra Erasmus Villatsson (Vilhjálmsson), prófastur í Odda og á Breiðabólstað (1573-1579)[4] hafði kært nokkra bændur sem bjuggu „fyrir austan vatn under Eyiafiöllum“ fyrir þá sök „sem er ad þeir brukudu. hefdi og hielldi fyrir sier kirkiunnar afriett fra Breidabolstad sem kallazt Godaland“. Prófasturinn lagði fram nokkur innsigluð bréf með vitnisburði nafngreindra manna sem öllum bar saman um að þeir vissu ekki annað sannara „en þessi Godalandz afriettur væri og hefdi verid halldinn vafalaus kirkiunnar eign æa Breidabolsstad. og aller þeir sem þann afriett hefdi viliad hafa fyrir vestan Marckarfliőt. hefdi þeigit leyfi af kirkiunnar formanni æa Breidabolsstad“.

Í úrskurði sínum vísaði sýslumaðurinn til þess sem stóð í lögbókinni („laugmælinu“) „ad hvad stadid hefur. xx. ær edur leingur ataululaust skal halldazt um alldur og æfi“. Enn fremur minnti hann á það sem getið er um í „gaumlum kirkiunnar laugum“ og í „Ordubok“ konungs að lénsmenn væru skyldugir til að koma því aftur til kirkju sem ranglega væri frá henni tekið. Dómsniðurstaðan var því sú að Goðalandsafréttur skyldi teljast eign Breiðabólstaðarkirkju:

> Dæmdum vier fyrr nefnder domsmenn med fullnadardoms álíktan þennann optnefndan Godalandz afriett eign kirkiunnar æa Breidabolsstad epter því sem fyrrgreinder vitnisburder til vijsa. utan dandi-

1 Skjal nr. 3 (187). Ekki er að fullu kunnugt um hvar Stapi er (sbr. Þórður Tómasson 1996, s. 169).
2 Þórður Tómasson 1996, s. 254-257.
3 Skjal nr. 3 (184). Sbr. Þórður Tómasson 1996, s. 70.
4 Sbr. *Alþingisbækur Íslands.* 1. b. Reykjavík 1912-1914. S. 459.

menn under ϵyiafiollum fyrir austan vatn gieti hier ad komit sterckari bivijsingum. þeim er þessum hrínde. Og vier vitum ecki.[1]

Ári síðar (1579) komu nokkrir nafngreindir menn saman á þriggja hreppa þingi í Lambey í Fljótshlíð til að fara yfir þennan dóm og athuga hvort nokkur skjöl hefðu verið lögð fram sem gætu hrundið honum. Það reyndist ekki vera og var dómurinn því staðfestur „j aullum sinum Articulis og greinum“.[2] Í þessu sambandi er rétt að taka fram að ekki er minnst á Goðaland í ýtarlegum máldaga Breiðabólstaðarkirkju frá um 1570.[3] Í fyrrnefndum staðfestingardómi lögréttu 1588 er hafður á fyrirvari, sem hvorki er að finna í Kirkjulækjardómi né Lambeyjarsamþykkt, um ítak kóngsjarðar:

Domur vm mål Erassmus vm Godaland. ...

Dæmdu þeir þå dőma og vitnisburdi skiallega og minduga. sem herra Erassmus fram bar. þő ad őkreinktu þvi jtaki sem kongsins jôrdu til kemur.[4]

Hér kann að vera um almennan fyrirvara að ræða, þ.e. ef vera kynni að konungs jörð ætti ítak í Goðlandi, skyldi það haldast óbreytt.

Í vísitasíubók Jóns biskups Vídalíns frá 1704 er vikið að Kirkjulækjardómi 1578 um leið og gerð er grein fyrir eignum Breiðabólstaðarkirkju. Þar segir m.a.:

Epter Medkenningu Sr Sigurdar Einarssonar hvoria Presturin Sr Jon Torfason frammlagde á Kirkian þessa Skoga og Itök, Völlu er liggia nordur fra Næfurhollte, Lángafell so langt framm sem Skoge er vaxid austan til. Melfell er liggur i landnordur fra Næfurhollte, Skog hia Stapa :/sem adur er umgeted /: svo langt sem Skoge er vaxed framm ad Utisaudagia og Skogur inn fra er kollud er Mariutunga sem liggur i millum Gilianna. Jtem tvær Skogar Topter hvora hia annarre fÿrer framan Falljökul, svo langt ofan sem Sliettan tekur vid. Jtem Skógartóptt i Langadal framanverdum, fÿrer vestan i Dalnum inn ad Breckum ad Hlídarenda Skogi og fram á Hálsin. Jtem Skóg i Rietta Felle. Jtem litla Skogartoptt fÿrer jnnann Kÿle, upp under Jökulinn og eru þesser Skogar nu sagder nærre eidder. Epter Dómj Nikulasar Biörnssonar geingnum 1578, er Erasmus Villa‹d›sson var Stadarhalldare ad Breidabolstad, a Kirkian Godalands Afriett. … Þesse Skiöl liggia á Kirkiunne, Domur Nikulasar Biörnssonar Valldsmanns i Rángárþinge, a Pergament dateradur 1578. Hliódande umm, ad Godalands Afrietur sie Eign Kirkiunnar ad Breidabólstad. Brefid er med þremur hangande Jnsiglum, öllum nockud skertum, en iiij eru i burtu.[5]

Einhver óvissa virðist hafa verið áfram um eignarréttinn á Goðalandi því að í verklýsingu fyrir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá byrjun 18. aldar er Goðaland nefnt í kafla um atriði sem athuguð skyldu sérstaklega:

Eyðilönd, ef nokkur á landi eru, álíka og um eyjarnar sagt var, sem engum vissum jörðum tileinkuð eru (svo sem vera kynni Goðaland fyrir ofan Fljótshlíð, Traðardalur í Hvammssveit, ef hann engum tilheyrði).

1 Skjal nr. 5 (70).
2 Skjöl nr. 5 (70, 198).
3 Sbr. skjal nr. 7 (3).
4 Skjal nr. 5 (70).
5 Skjal nr. 3 (38).

Hvar eru (forte nullibi sunt [ef til vill eru þau hvergi]).

Hvert aldrei hafi byggð verið.

Hvert ei byggjast kunni og hvar fyrir eða ef byggjast kynni, þá með hvaða hætti og kostum.

Hvað þau eigandanum importera, hver hann er.[1]

Þá er þess einnig að geta að laugardaginn 15. júní 1720 tilnefndi Hákon Hannesson sýslumaður í Rangárþingi átta menn til að fjalla um stefnu sem séra Þorleifur Arason staðarhaldari að Breiðabólstað lagði fram „með hvörre hann hafde til vitnesburdar Stefnt Halldore Magnussyne, Magnuse Brandssyne og Snorra Bödvarssyni til ad vitna þad framast þeir visse under sinn svarenn eyd hvar Godalands afriettur liggur, og hvort þeir visse nockurn annann afriett sem Godaland kalladest fyrer utann þann eina“.[2] Hinir stefndu voru allir tregir til að vitna í málinu. Um þetta segir m.a. í gögnum réttarins:

> Frammlagde Halldor Magnusson eitt Jnnlegg, i Hvöriu hann oskar ad metest hvört sier bere ad lögum hier umm ad vitna; þvj sie þad Prestsens ástæda ad átelia vegna Kirkiunnar ad Breidabolsstad þann Afriett, er Eystra parte Eyafiallasveitar eignadur sie, og af Abuendum þar hafe um lángann tima brukadur vered, hallde hann sier tilheyre, ásamt ödrum Hlutadeigendum, efter eignar ummrádum hans j Hrutafelle, fyrer þann Afriett Svörum ad hallda, dat. Holltsstad 15. Junij 1720.[3]

Niðurstaðan var sú að hrófla ekki við því sem áður hafði verið ákveðið og dæmt um Goðaland og voru bæði Kirkjulækjardómur og Lambeyjarsamþykkt lesin upp „firer Riettinum ad Holti“ 16. júní 1722.[4]

Í skýrslu, sem séra Tómas Sæmundsson gerði um Breiðabólstaðarbrauð 1839 og sendi biskupi, er þess getið að Goðalandsafréttur „tilheíri brauðinu, og er hann bigður Austrejafjallamönnum firir 2 vættir af fiski árlega - 40 al.[5] Í þessari sömu skýrslu er einnig lögfesta Torfa Jónssonar, staðarhaldara (beneficiarius) á Breiðabólstað, frá 9. maí 1821:

> Eg Torfi Jónsson Beneficiarius til Breídabólstadar i Fljótshlíd lögfesti hjermed í dag allt Breídabólstadar heímaland med öllum þess gögnum og gjædum til lands og vatns, fjalls og fjöru, sömuleídis lögfesti eg þessi eptirskrifud ítök, skóga og rekafjörur Breíðdabst. k[ir]kiu tilheírandi: Godaland allt innan Hraungilsár og Hvannár…Beítarland ad Dagverdarnesi og Kanastödum liggjandi firir vestan Markarfljót – Völlu sem liggja nordur frá Næfurholti, Lángafell so lángt fram skógi er vagsid – Skóg hjá Stapa allt frammad Sandagjá – 2 Skógartóptir hvörja hiá annari firir framann Falljökul – Skógartópt í Lángadal framanverdum firir vestan í dalnum innad Brekkum ad Hlídarenda skógi og frammá hálsinn – Skóg i Rjettafelli og litla Skógartópt firir innan Kíli uppundir Jökulinn - Markhlíd edur Maríutúngr milli giljanna i landnordur af Næfurholti. …[6]

Í sambandi við afmörkun Goðalands skal þess getið að í lok 18. aldar var Sveinn Pálsson með

1 Skjal nr. 5 (63): *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 13. b. Fylgiskjöl. Reykjavík 1990. S. 42.
2 Skjal nr. 3 (186).
3 Skjal nr. 3 (186).
4 Skjal nr. 5 (70). Sbr. einnig skjal nr. 3 (b, nr. 263) (uppskriftir frá Þjóðskjalasafni Íslands á gögnum í kirkjustóli Breiðabólsstaðar 1752-1851).
5 Skjal nr. 3 (170).
6 Skjal nr. 3 (170).

þá kenningu að fornmenn hefðu nefnt Emstrurnar Goðaland enda kæmi það heim við frásagnir gamals fólks í Fljótshlíð.[1] Jafnvel er nú talið, með hliðsjón af leiðarlýsingu í Njálu, að Goðaland hið forna hafi náð að minnsta kosti yfir það landsvæði sem nú nefnist Almenningar og Emstrur, frá Jökulsá úr Gígjökli (eða Steinholtsá) og upp að Kaldaklofskvísl (eða Bláfjallakvísl).[2]

Í lýsingu séra Magnúsar Torfasonar á Eyvindarhóla-, Steina- og Skógasóknum 1840 er komist svo að orði um „afréttarlöndin“:

> Afréttarlönd fylgja engin þessari sveit, en þeir sem eiga land að Hrútafells-, Drangshlíðar- og Skóg[a]heiðum reka þangað lömb sín og geldfé, þó allt kannske á miðju sumri komi saman við búsmalann. Hólahverfið og Stóruborgareign eiga lítið pláts upp undir jökli til lamba upprekstur og heitir þetta pláts Hólatungur og Borgartungur. Þessar tungur bera yfir það heila hér um 80 lömb. Hinar aðrar jarðir hér hafa leigt sér afréttarpláts af prestinum á Bre[i]ðabólstað, hvort pláts liggur fyrir norðan jökulinn og heitir Goðaland.[3]

Árið 1844 lýsti séra Jón Halldórsson búskaparháttum og landslagi í Breiðabólstaðarsókn og gerði þá rækilega grein fyrir eignum Breiðabólstaðarkirkju. Í lok þeirrar greinargerðar er þessi yfirlýsing: „Eftir dómum af 1578 og 1720 á kirkjan Goðalands afrétt.“[4]

Í jarðamati 1849 er minnst á Goðaland í sambandi við úttekt á Breiðabólsstað:

> Jörðinni fylgir auk afréttar á Grænafjalli einsog öðrum Fliotshlýdarjörðum, afrétturinn Goðaland með skógarlog nockurri.[5]

Varðveitt er skýrsla um tekjur og útgjöld Breiðabólstaðarprestakalls á tímabilinu 1862-1867. Meðal þeirra ískyldna, ítaka og hlunninda, sem presturinn notaði sjálfur, var nýgræddur skógur á Goðalandi. Um þetta segir í skýrslunni:

> Nýgræddur skógur á Goðalandi en skógarsviðið er ofurlítið og ekki nema handa prestinum einum og til að gjalda þeim fyrir ómak sitt, sem hefur vöktun skógarins á hendi; en mjög er torvelt að friða hann fyrir óhlutvandri irkingu, meðan þeir, sem eiga skóga í grennd, gæta ekki góðrar reglu með þá. Að meðaltali hefur prestur látið taka þar 6 hesta á hverju hausti, sem metst 6 al.[6]

Afrétturinn sjálfur var hins vegar leigður til upprekstrar eins og Tómas Sæmundsson hafði áður upplýst um:

> Goðalandsafrjettur, leigður til lambaupprekstur á sumrum fyrir 40 al. árlega, sem gjaldast haust hvert í hörðum fiski með 2 vættum.[7]

Áður hafði Goðaland verið leigt öðrum til vetrarbeitar en ekki lengur sökum vetrarharðinda.[8]

---

1 Sveinn Pálssonar, 1983: *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797.* 1. b. Reykjavík. S. 259.
2 Guðmundur Páll Ólafsson, 2000: *Hálendið í náttúru Íslands.* Reykjavík. S. 366 (þar er m.a. vitnað í „Sagnfræðilega vangaveltu“ Freysteins Sigurðssonar jarðfræðings).
3 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 20.
4 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 100.
5 3 (88).
6 Skjal nr. 3 (126). Sbr. einnig skjal nr. 3 (121) („Skýrsla um Tekjur og Útgjöld Breiðabólstaðar Prestakalls í Rángárþingisprófastsdæmi eptir 5 Ára Meðaltali 1849, 1853 “).
7 Skjal nr. 3 (126). Sbr. einnig skjal nr. 3 (121).
8 Skjal nr. 3 (126).

Sérstakt landamerkjabréf er til fyrir Goðaland, gert í maí 1891:

Landamerkjabréf

Landamerki „Goðalands“ afréttarlands, er tilheyrir Breiðabólsstað í Fljótshlíðarhreppi. Mörkin eru þessi: Að innanverðu ræður gil það ofan frá Eyjafjallajökli, sem er á milli Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna á Goðalandi allt niður í Krossá; þá Krossá fram eftir (eða miður farvegur hennar) milli Goðalands og Þórsmerkur þar til Hvanná fellur í hana; þá Hvanná og Hvannárgil milli Goðalands og Stakkholts upp til Merkurtungna og síðan norður gilið milli Goðalands og Merkurtungna upp til jökuls.

Í maim. 1891

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa:

Eggert Pálsson	Skúli Skúlason	Tómas Sigurðsson
Guðm. Guðmundsson	Ágúst Jónsson	Kjartan Einarsson[1]

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 28. maí 1891 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Að lokum skal hér vitnað í það sem sagt er um Goðaland í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916:

Afnot þess tilheyra Breiðabólsstaðarprestakalli, sem eru sumarbeit fyrir sauðfé og dálítið skógarhögg. – Goðaland mun eiga að teljast með Vestur-Eyjafjallahreppi. – Metið á kr. 600.

Athugasemd.

Enginn afréttur tilheyrir Austur-Eyjafjallahreppi, en nokkurir ábúendur þar kaupa upprekstur á Goðaland, sem tilheyrir Breiðabólsstaðarprestakalli. Er borgað fyrir það nú 24 krónur á ári.[2]

Við skýrslutökur hjá óbyggðanefnd 1.-4. júlí 2003 kvaðst séra Sváfnir Sveinbjarnarson, prestur á Breiðabólstað 1963-1998, ekki vita annað en að Goðaland hefði alltaf verið eign Breiðabólstaðarkirkju. Prestar á staðnum hefðu leigt bændum undir Austur-Eyjafjöllum upprekstur í Goðaland og haft af því tekjur fram yfir aldamótin 1900 en eftir það látið nægja að þeir smöluðu og hirtu afréttinn. Hann skýrði frá því að faðir sinn, sem einnig var prestur á Breiðabólstað, hefði notað Goðaland til beitar fyrir geldneyti síðast árið 1932. Einnig kom fram í máli séra Sváfnis að árið 1927 hefði Jón Helgason biskup afsalað „beitarítaki Breiðabólstaðar í Goðalandi“ til skógræktarinnar (Skógræktar ríkisins).[3]

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var aðdragandi þessa máls á þá leið að dóms- og kirkjumálaráðuneytið ritaði sýslumanninum í Rangárvallasýslu bréf 13. október 1926 til að spyrjast fyrir um

1 Skjal nr. 3 (28). Af markalýsingu almenninga má ráða að Kjartan Einarsson hafi verið oddviti Vestur-Eyjafjallahrepps og Guðmundur Guðmundsson oddviti Fljótshlíðarhrepps (skjal nr. 3 (15)). Kjartan Einarsson var einnig nafn prestsins í Holti og Eggert Pálsson var prestur á Breiðabólstað (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 116, 135, 458).

2 Skjal nr 3 (89).

3 Sjá skjal nr. 5 (66): Afréttaskrá fyrir Rangárvallasýslu. Þar segir á einum stað: „Árið 1920 afhentu eigendur og umráðamenn framantalinna afrétta austan Markarfljóts [m.a. Goðalands] landstjórninni beitarrétt sinn þar, gegn ákveðnum skilyrðum.“

nýtingu Goðalandsafréttar. Í svari sínu 9. desember 1926 skýrði sýslumaður frá því að séra Eggert Pálsson, prestur á Breiðabólstað, hefði leigt Austur-Eyjafjallahreppi á sínum tíma „beitarrjett á Goðalandsafrjetti“ en við fráfall hans hlyti þessi „afnotarjettur Eyfellinga yfir Goðalandi“ að vera upphafinn og afrétturinn ætti því að vera kominn undir umsjón hreppstjórans í Fljótshlíðarhreppi. Kirkjustjórnin hefði þó enn ekki „afhent eða látið afhenda umráð afrjettar þessa í hendur áðurnefnds hreppstjóra“ en það hefði sennilega átt að gerast þegar séra Eggert komst á föst laun og hætti að nota „beitarrjettinn“ árið 1921.[1] Síðar í þessum sama mánuði ritaði skógræktarstjórinn bréf til stjórnarráðsins og minnti á að bráðlega yrði skipaður nýr prestur til Breiðabólstaðar og fór þess á leit við yfirvöld að í embættisbréfinu yrði tekið fram að presturinn hefði ekki lengur leyfi til að beita skepnum á Goðalandsafrjetti og að „beitirjetturinn á Goðalandsafrjetti“ væri tekinn af að öllu leyti.[2] Jafnframt sendi skógræktarstjórinn erindi um sama efni til biskupsins yfir Íslandi, Jóns Helgasonar. Eins og fram kemur í eftirfarandi bréfi biskups til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins tók hann að öllu leyti undir tilmæli skógræktarstjóra:

> Jafnframt því að senda hinu háa ráðuneyti erindi skógræktarstjóra viðvíkjandi afréttarítaki Breiðabólstaðarprestakalls í Fljótshlíð á Goðalandi upp af Þórsmörk, vil ég skýra ráðuneytinu frá því, að ég hefi tilkynt bæði prófasti í Rangárþingi og væntanlegum nýjum presti þar í prestakallinu, að ítak þetta sé tekið undan Breiðabólstaðar-prestakalli vegna fyrirhugaðrar friðunar Þórsmarkar.[3]

Biskupinn lét ekki þar við sitja heldur tók sérstaklega fram í bréfi til prófastsins 22. febrúar 1927 „að afréttar-ítakið á Goðalandi, sem áður fylgdi þessu prestakalli, er nú algerlega undan því tekið vegna fyrirhugaðrar friðunar Þórsmarkar...“[4]

> Samkvæmt lögum um skógrækt, nr. 100/1940, og um lausn ítaka af jörðum nr. 113/1952 skyldu allir þeir sem töldu sig eiga ítök (skógarítök og síðar önnur ítök) lýsa þeim. Frá árinu 1953 er varðveitt lýsing á ítökum kirkna undir Eyjafjöllum. Þar kemur fram að Stóradalstunga var talin eiga fjórðung skóg-ar í Bláfelli (Múlatungum) og hvað kirkjuna á Breiðabólstað snerti var haft eftir eftir Jóni Helgasyni biskupi að hún ætti nýgræddan skóg í Goðalandi og Goðalandsafrétt.[5]

5.5. Stóra-Mörk

Stóra-Mörk var bær Ketils Sigfússonar og Þorgerðar Njálsdóttur sem frá er sagt í Njálssögu.
Í Stóru-Mörk var kirkja, helguð Pétri postula, og þjónað frá Dal[6]. Elsti varðveitti máldagi kirkjunnar er talinn vera frá fyrri hluta 14. aldar.[7] Þar er hvorki getið um hlut hennar í heimalandi né aðrar fasteignir.[8] Sama á við um yngri máldaga. Kirkjan virðist einungis hafa átt kvikfé, helgigripi og skrúða.[9] Í Stóru-Mörk hefur því verið bændakirkja en ekki staður.

Í kaupmálabréfi frá 1485 en þar er greint frá því að Sveinn Sumarliðason hafi haft til kaups og eiginorðs alla peninga sína, m.a. Mörk undir Eyjafjöllum.[10] Nokkru síðar virðist hálf jörðin hafa komist í eigu konungs en hinn helmingurinn var í eigu Hólmfríðar Erlendsdóttur (Erlendssonar í Dal), síðar eiginkonu („hústrú“) Jóns Hallssonar sýslumanns sem varð umboðsmaður konungs-

1 Skjal nr. 3 (182).
2 Skjal nr. 3 (181).
3 Skjal nr. 3 (180).
4 Skjal nr. 3 (183). Sbr. kafla 5.3. (Þórsmörk) um friðun Þórsmerkursvæðisins.
5 Skjal nr. 3 (187).
6 „Hálfkirkja“ samkvæmt máldaga frá um 1570 (skjal nr. 5 (39)).
7 Útgefandi 2. bindis Fornbréfasafns telur máldagann vera frá 1332.
8 Skjal nr. 5 (3).
9 Skjöl nr. 5 (36 og 39). Skjal nr. 5 (39).
10 Skjal nr. 5 (20).

hlutans í Merkureignum 1522.[1] Í skiptabréfi Eyjólfs bónda Einarssonar í Stóra-Dal 1588 er elsta syni hans, Magnúsi, eignuð hálf Stóra-Mörk, 30 hundruð.[2] Öll jörðin hefur því verið 60 hundruð að dýrleika. Stóra-Mörk er að vísu metin á 76 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 en þá var tekið mið af landskuldinni sem var 3 hundruð og 100 álnir. Í jarðabók 1695 er dýrleikinn 60 hundruð í samræmi við fornt mat.[3] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er dýrleiki Stóru-Merkur einnig sagður 60 hundruð en bætt við að hálf jörðin hafi ekki verið talin nema 20 hundruð þegar Jón Einarsson á Hrútafelli fékk konungshlutann á leigu og hafi það síðan viðhaldist í 8 eða 9 ár. Kirkjan var þá fyrir löngu niður lögð.[4] Tvær eyðihjáleigur eru nefndar í Jarðabókinni, Grófartún og Nauthús sem eiga að hafa verið í landi Stóru-Merkur.[5] Í sambandi við úttektina á Stóru-Mörk er minnst á tvö önnur örnefni, Þuríðarstaði „á Miðrimörk (sem nú er so nefnd fyrir innan Þórsmörk“) og Húsadal, „skamt frá Þuríðarstöðum“. Bæði þessi „pláts“ voru brúkuð fyrir afrétt úr Fljótshlíð.[6]

Eins og getið er um í Jarðabók Árna og Páls var konungshluti Stóru-Merkur metinn á 20 hundruð í byrjun 18. aldar og var öll jörðin eftir það talin 40 hundruð að dýrleika. Þetta má m.a. sjá í jarðamati 1802 og í Jarðatali Johnsens 1847.[7] Í Nýrri jarðabók 1861 er Stóra-Mörk metin á 68,5 hundruð.[8]

Elsta landamerkjalýsing Stóru-Merkur mun vera í lögfestu 1741.

> Effter þvi vid underskrifader þikjustum underokader og ockur stór Órettur giördur af Jnnann og Utannsveitarfólke, sem giöra sier þad ad skilldu ad höggva, skiera, rÿfa og beita Stórumerkur Skog og Gras, hvad vid treistustum ei leingur ad þola ummtalzlaust. Hvar firer vid Eignarmenn og Ábuendur samt Ummbodshalldarenn Stórumerkur, liggiande under Eyafiöllumm og Stóradals K[ir]kiusókn, logfestumm hier i Dag hina sömu Jörd, hennar Tödur Eingiar, Hollt, Haga, Reka og allar Landsnytiar, þær er hennar Lande eiga ad fylgia, til Ummmerkia þeirra er adrer Menn eiga j Móte, og nu greinumm vid þesse: Fra Grasteine, er stendur á Fitenne mille Stórumerkur og Eyvindarhollts, og þángad j Bæargiled sem first siest j þad. So rædur Stórumerkur Á til Merkurbotna, þadann til Jökuls austur. Þá ur Grásteine j HestEyru j Stóru Dimon, þadann j Hakolla, frá Hákóllumm Siónhending j Þurragil j Þorolfsfelle, ur Þurragile j Jöldustein, og þadann Siónhending j Jökul austur. Firerbódum vier hverium Manne jrkia edur sier jnitia[9] tilteked Stórumerkur Land jnnann adurnefndra Takmarka, hvort helldur vera kann Skógaryrking, Hestabeit, Veideskapur, eda hver önnur Jnitia ólögleg án Leifess, hvar med

1 Skjöl nr. 5 (30, 32). Hálf Stóra-Mörk var hluti af „Merkureignum“. Í *Jarðatali Johnsens* 1847 (s. 23, 7. nmgr.) er því haldið fram að auk hálfrar Stóru-Merkur hafi Efra-Bakkakot, Syðra-Bakkakot, Berjanes og Hörðuskáli myndað sérstak umboð sem nefndist Skóga- og Merkureignir. Í gögnum Árna Magnússonar er önnur skýring gefin á þessum eignum: „Um Skógaeignir (lén) eru munnmæli, að bóndinn í Skógum hafi í reiði drepið son sinn, ungling, og þær þar fyrir fallið. Það voru: Ytri-Skógar (nú bóndaeign), (Ytri-Skóga: er nú lénsjörð prestsins), Eystri-Skógar úr heimalandi, Drangshlíð, Skarðshlíð, Bakkakot, Hörðuskáli, Lambafell (bóndaeign nú orðin: Jón Fabíansson), Berjanes. Merkureignir meinast fallnar vera, þá bóndinn í Stóra-Dal undir Eyjafjöllum sló bóndann á Krossi í hel. Þ(ær) eru Stóra-Mörk hálf, Mið-Mörk (lénsjörð prestsins), Fit (nú orðin bændaeign), Hali, eyðilagður af Markarfljóti“ (*Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 469). Skóga- og Merkureignir voru meðal þeirra jarða sem konungur seldi Henriki Bjelke ríkisaðmíráli upp í skuld með afsalsbréfi, undirrituðu 30. apríl 1675 (skjal nr. 5 (74): *Alþingisbækur Íslands* 7, s. 443-448). Í byrjun 18. aldar hafði hluti af Skóga- og Merkureignum verið seldur, þ.e. „Vestariskógar“ (Ytri-Skógar), Drangshlíð, Skarðshlíð, Lambafell og Fit (*Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 502.). Áður höfðu erfingjar Bjelkes heimilað Lárusi Gottrup klausturhaldara og umboðsmanni að selja jarðagóssið hæstbjóðanda (sbr. skjal nr. 5 (76)).

2 Skjal nr. 5 (38).

3 Björn Lárusson 1967, s. 89.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 100.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 101. Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 470.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 101-102.

7 Skjöl nr. 3 (90), 5 (44).

8 Skjal nr. 5 (45).

9 *hagnytia* stendur í þeirri gerð lögfestunnar sem færð er í landamerkjabók, sbr. hér síðar.

og underskillst j þessare Lögfestu Stórumerkur Reke, giefande þar á saker sem Lög leifa ef nockur á móti þessare lögfestu brytur. Enn sieu þeir nockrer er þar þikiast eiga skog eda önnur Jtök Jnnann ádur lögfestra Stórumerkur Landamerkia, óskum vid alvarlega þeir hiner sömu syne þau med skilrykium hvar liggia, so bæde þeir og vid meigum syns nióta med rettu.

Þessare ofann skrifadre Lögfestu til Stadfestu skrifumm vid og látumm skrifa vor Nöfn hier under ad Storumörk þann 2 Septembris, Anno 1741.

Magnus Brandsson Sæmundur Jónsson

Sÿgurdur Sueinsson

Jon Arnason

Þesse framann og ofannskrifud logfesta var openberlega upplesenn vid Stóradals Kirkiu epter afstadna Hl. Þiónustugiörd 14da Sunnudag epter Trinitatis 1741 Sofnedenum á heirande vitna underskrifader.

Jon Magnusson Ofeigur Hákonarson

Upplesið við Holtskirkju í safnaðarens á heirn þann 15 sunnudag effter Trinitatis að endadre H. Þionustugiord, innverande arz, vitna

Arne Aarnason

Þordur Axelsson[1]

Lögfesta þessi var ítrekuð með litlum árangri að sögn þeirra sem að henni stóðu og var því önnur lesin upp á manntalsþingi 1833:

Lögfesta fyrir Jördinni Stóru Mörk af 3ia Junii 1833.

Jafnvel þö þad til skamms tíma optar enn einu sinni hafi med ítrekudum og opinberlega upplesnum lögfestum verid gjört heyrum kunnugt hvör lands ummerki hingad til átölulaust hafa verid haldinn og eignud ábílis og eignarjörd ockar Störumörk vid út Eyafjöll, hafa þö fleiri enn færri af þeim sem þessar ockar lögfestur heyrt hafa, lítid skeitt þess Réttar er vid hér med höfum viljad helga landi voru med því eins eptir sem ádur í ockar óleifi og möt Forbodi voru, ad hafa beitt fénadi sínum og gjört jardarrast med lingrifi og eidileggingu á þeirri litlu Skögarlö sem eptir er í umgetnu Störumerkurlandi. Lögfestum vid því hér med nefnda ockar eignar og ábílisjördu Störumörk med hennar tünum, eingjum og skögalandareignum, holtum og högum og öllum landsnitjum þeim er þessari jörd híngad til filgt hafa til lands og vatns, til þeirra ummerkja er adrir kynnu möti oss eiga, bædi ad ordfullu og lögmali réttu: úr Grásteini þar sem fyrst sjest í Bæargil, rædur so Merkurá upp þadann til Jökuls, úr sama Grásteini aptur sjónhendíng Rétta í Rauduskridu uppundir Hákollum í Störu Dímon, þadan í Þurragil í Þórólfsfelli, þadann aptur í Lausöldu, og aptur þadann stefnu beina í Falljökul austur, og Fjöru sem ad austann markast vid Dalsfjöru Eldíng rétta milli Ellireyar og Bjarnareyar, enn ad vestann frá Marju Fjöru. Eldíng milli Heimalands og Ellireyar. Fyrirbjödum vier hedan af hvörjum manni í ad vinna edur sér ad nitja nema ockar lof edur leifi komi til undir þær frekustu sektir um landnám og áverka bætur

1 Skjal nr. 3 (48).

sem Jónsb. Landsl. bálkur xviii og xix kap. til tekur, samt þad ansvar er sömu Lagabökar Rekabálkur vid leggur vid öskil og hyrdíngu á annars manns Reka. Þessa ockar lögfestu fyrir þíngheimi upplesna, stadfestum vid med ockar undirskrifudum nöfnum, og hjáþrikktum signetum ad

Störumörk þann 3ia Junii 1833

Jón Gudmundsson Thorsteinn Jónsson

(LS) (LS)[1]

Lögfestan var lesin upp fyrir manntalsrétti að Steinahelli 4. júní 1833.
Í lok lögfestunnar eru eftirfarandi athugasemdir:[2]

Athugasemdir vid framanskráda lögfestu (undir staflid A og B)

A) - þar sem í lögfestunni stendur á eptir ordinu „upp undir hákollum í Stóru Dímon þadann í þurragil í Þórólfsfelli“ þá hygg eg rjettara væri sagt: „þadann - (nefnilega úr Dímon) - í Lausöldu“ a.1.[3]

B) - og aptur þadann (nefnilega úr Lausöldu) rjettara sagt: „Í Falljökul sudur“ b.2.[4]

Síðar á öldinni, árið 1877, gáfu eigendur Stóru-Merkur út yfirlýsingu til að tryggja sér allan rétt til skógartekju í landi sínu:

Sökum þess, að við undirskrifaðir eigendur jarðarinnar Stórumerkur í Vestur-Eyjafjallahreppi höfum orðið þess lítilega áskynja, að Skógarítak hafi verið á fyrri tímum eignað sjer af öðrum útí frá í landi nefndrar eignarjarðar okkar, þá gjörum við hjermeð heyrum kunnugt, að í landi nefndrar eignarjarðar okkar Stórumerkur, er nú enginn skógur til, hvorki stór nje smár og enginn sýnilegur vottur hans og hefir ekki verið í núlifandi manna minnum, og lýsum hjermeð opinberlega yfir algjörðu skógarnámi á nefndri eignarjörð okkar innan hennar yztu merkja, svo orðfullt og lögfullt, sem lög standa til.[5]

1 Skjal nr. 3 (138).

2 Í lok athugasemdanna er fangamarkið E.S. og stendur það trúlega fyrir Einar Sighvatsson en hann bjó á Ysta-Skála og var um tíma hreppstjóri (sbr. Þórður Tómasson 1996, s. 45. *Rangárvallasýsla* 1968, s. 71).

3 Hér er vísað neðanmáls þar sem stendur: „Eg sje ekki betur en ad ordinn: „í þurragil í Þórolfsfelli“ eigi ad fellast úr lögfestunni, þvj þad er bædi ósennilegt og óskiljanlegt ad Stóra-Mörk geti helgad sjer nokkud í Þórólfsfelli sem er í Fljótshlídarlandi innsta Bæarins í Fljótshlíd fyrir vestann Markarfljót, sem á stundum hefur runnid framm med Þórólfsfelli og á stundum framm med Langanesi, og Brotid í sig lönd þessi…[hér hefur afritari lögfestunnar gert úrfellingarmerki og ritað „nær ólesandi“] og þad alt í Stóru-Merkur landeign, og alt ad þeirri tilnefndu sjónhendingarlínu, sem tekinn er úr Dímon inn í Lausöldu.“

4 Hér er vísað neðanmáls þar sem stendur: „En þar sem lögfestann segir: „úr Lausöldu aptur í Falljökul austur“ er ekki rjett ordad, því Lausalda er … klöpp eda klettur sem gnæfir einn sjer upp úr Markarfljótsaurum fyrir nedann grænafjall nordvestur af Þórsmerkurrana, framm med hvörjum Fljótid rennur nú á dögum. Falljökull sá sem lögfestan nefnir var ad sönnu til, enn þad var skridjökultángi, sem hérumbil öndverdlega á 17du öld (eda 1612) [hér er enn vísað neðanmáls þar sem stendur: Sjá skrif Jóns prófasts Steingrímssonar um Eldgos.] hljóp ofan úr hájöklinum ofann sljettlendid alt í Markarfljót en þad Jökulhraun takmarkadi Stóru-Merkur landeign ad austannverdu. Nú á dögum er þessi Falljökul allur hjadnadur og horfin enn sandhriggur liggur ofan frá Fjallinu þar sem Falljökullinn lá, og er ádurnefnd Lausalda austann vid hánordur, til ad sjá, frá endanum á þeim sandhrigg, svo hinn er þá í sudurátt ad sjá frá henni, enn ekki í Austurátt. Austan í þeim sandhrigg liggur svonefnd Hoftorfa [hér er vísað neðanmáls þar sem eru hugleiðingar um landnámsmörk og fangamarkið E.S. þar undir] í henni stendur klettur allhár. Nokkrir meina þad sje sá jöldar eda öldu steinn sem í [svo] Landnáma nefnir.“

5 Skjal nr. 3 (101).

Ekkert landamerkjabréf var gert fyrir Stóru-Mörk í kjölfar landamerkjalaganna, nr. 5/1882, en í stað þess er í landamerkjabók færð inn orðrétt fyrrgreind lögfesta Stóru-Merkur 1741. Í lok lögfestunnar staðfestir Halldór Daníelsson, „notarius publicus“, í Reykjavík 27. ágúst 1887 að lögfestan sé rétt rituð eftir frumriti í skjalasafni Steingríms biskups (Jónssonar) í landsbókasafni.[1] Undir lögfestuna, eins og hún er í landamerkjabókinni, rita Kjartan Einarsson fyrir Mið-Mörk, Jón Sigurðsson og Sighvatur Árnason.[2] Svo virðist sem hinir tveir síðarnefndu hafi ritað hvor fyrir sinn helming Eyvindarholts en á þessum tíma bjó Jón á Syðstu-Mörk og Sighvatur í Eyvindarholti. Landamerkjalýsing þessi var lesin upp og bókuð á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890.[3]

Eins og áður er getið var hálf Stóra-Mörk í eigu konungs. Þessi hluti jarðarinnar var seldur 19. ágúst 1808.[4] Tvíbýli var á jörðinni í tíð Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og fjórbýli í byrjun 19. aldar.[5] Stóra-Mörk skiptist í þrjú býli þegar fasteignamat var gert 1916 og er svo enn (Stóra-Mörk I, II, III).

Landamerki Stóru-Merkur voru færð í landamerkjabók undir lok 19. aldar og benda heimildir ekki til annars en að eftir þann tíma hafi jörðin verið framseld á venjubundinn hátt og veðsett.[6]

5.6. Mið-Mörk

Samkvæmt máldaga, sem talinn er frá 1332, átti prestur að Péturskirkjunni í Dal undir Eyjafjöllum að syngja 12 sálumessur á ári í Mið-Mörk.[7] Í yngri máldaga Dalskirkju (1371?) er ákvæði um 12 messur (ekki sálumessur) í Mið-Mörk og bendir það til að á þeim tíma hafi verið fjórðungskirkja.[8] Mið-Mörk var komin í eigu konungs fyrir siðaskipti og var ein þeirra jarða í Rangárvallasýslu sem lagðar voru prestum til uppihalds.[9] Mið-Mörk var metin á 26 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 en 12 hundruð 1695 í samræmi við fornt jarðamat.[10] Jörðin er einnig sögð 12 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847 og lénsjörð Stóradalsprestakalls en 12,6 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.[11]

Í athugasemdum við úttekt (Specification) á Stóradalsprestakalli 1839 er lénsjörð prestssetursins, Mið-Mörk, lýst og hlunnindum hennar. Þar segir m.a.: „Hagbeitarland sæmilegt bæði vetr og sumar feingi hún að njóta þess firir annara ágángi.“[12] Í jarðamati 1849 er land talið gott „en heldur lítið til hagbeitar“.[13] Í fasteignamati 1916 er þessi lýsing:

> Beitilandið er skýlt, en ekki stórt, gott til sumarbeitar, vetrarbeit góð fyrir sauðfje. Fremur erfið smalamenska.[14]

Landamerkjabréf Miðmerkur var undirritað 17. maí 1890 og er á þessa leið:

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Miðmörk í Vestur-Eyjafjallahreppi.

---

1 Í upphafi landamerkjabréfsins (þ.e. lögfestunnar) í landamerkjabókinni standa þessi orð: „Stafrétt eftirrit af frumskjali í nr. 58 fol. Stgr. Í landsbókasafninu bls. 95.“
2 Skjal nr. 3 (18).
3 Skjal nr. 3 (18). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 191-192.
4 *Jarðatal á Íslandi* … Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 435.
5 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 100. Skjal nr. 3 (90).
6 Sbr. skjöl nr. 3 (165) og nr. 5 (185, 186, 188, 234, 235, 236).
7 Skjal nr. 5 (3).
8 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 262.
9 Sbr. Björn Lárusson 1967, s. 87 (2. nmgr.), 89. *Jarðatal Johnsens* 1847, s. 27.
10 Björn Lárusson 1967, s. 89.
11 Skjöl nr. 5 (44, 45).
12 Skjal nr. 3 (117).
13 Skjal nr. 3 (88).
14 Skjal nr. 3 (89).

Á eina hliðina, í móts við Stórumerkurland, úr Grásteini bein stefna í Merkurárgil að neðanverðu; ræður svo gilið svo langt sem það nær upp til heiðarinnar og svo bein stefna í afstöðu af gilinu allt í jökul.

Á aðra hliðina, í móts við Syðstumerkurland, úr fyrnefndum Grásteini bein stefna í Kambagil; ræður svo gilið svo langt sem það nær inn til heiðarinnar, og svo bein stefna í jökul eftir afstöðu af gilinu.

Á þriðju hliðina ræður jökullinn.

Afréttina Steinsholt á jörðin hlutfallslega við aðra sameigendur; takmörk þess eru þessi: Jökulsá að framanverðu á móts við Langanes, enn Steinsholtsá að innanverðu í móts við Stakkholt, sem báðar falla úr jökli þvert í Markarfljót, enn það ræður niðri á aurnum.

Holti undir Eyjafjöllum 17. maí 1890

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli.

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

Fyrir Stórumörk	Einar Ólafsson	Þorgils Þorgilsson	Ólafur Jónsson
Fyrir Syðstumörk	Jón Sigurðsson	Jón Hjörleifsson.[1]	

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók.

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Mið-Mörk verið framseld á venjubundinn hátt og veðsett.[2]

5.7. Syðsta-Mörk

Syðsta-Mörk er nefnd í máldaga Péturskirkju í Dal sem talinn er frá 1332 en þar segir að frá þeirri kirkju skuli syngja tólf messur „j synztu mork“.[3] Það bendir til að á þeim tíma hafi verið fjórðungskirkja (messað fjórða hvern helgan dag) í Syðstu-Mörk. Syðsta-Mörk var að hálfu í eigu kirkjunnar í Dal samkvæmt áðurgreindum máldaga frá 1332.[4] Hinn helmingur jarðarinnar var í bændaeign og metinn á 10 hundruð í skiptabréfi Eyjólfs bónda Einarssonar í Stóra-Dal 1558.[5]

Syðsta-Mörk var metin á 36 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 en 20 hundruð árið 1695 í samræmi við fornt mat og einnig í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 og Jarðatali Johnsens 1847.[6] Í Nýrri jarðabók 1861 er Syðsta-Mörk metin á 21,2 hundruð.[7] Ekki er vikið sérstaklega að afrétti eða fjallhögum Syðstu-Merkur í Jarðabók Árna og Páls að öðru leyti en því að hagar eru sagðir spilltir af skriðum og blástri, „sjerdeilis fjallhagarnir“.[8] Í fasteignamati 1916 er komist

1 Skjal nr. 3 (19). Í sáttabók Eyjafjallahrepps 31. október 1818 er vísað til sáttargerðar um landamerki milli Mið-Merkur og Syðstu-Merkur samkvæmt bréfi frá 1599. Þetta bréf hefur ekki fundist í Þjóðskjalasafni (sbr. skjal nr. 3 (46)).

2 Sbr. skjöl nr. 5 (174, 216). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 193.

3 Skjal nr. 5 (3). Sbr. einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 262 (máldagi frá um 1371). Ekki er að sjá að kirkja hafi verið í Syðstu-Mörk þegar elsti varðveitti máldagi Dalskirkju var gerður 1269 að talið er (sbr. skjal nr. 5 (7)).

4 Sbr. skjal nr. 5 (3). Ekki verður séð af máldaga Dalskirkju, sem talinn er frá 1269, að Syðsta-Mörk hafi þá verið í eigu kirkjunnar (sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 1).

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 325.

6 Björn Lárusson 1967, s. 89. *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 98. Skjal nr. 5 (44).

7 Skjal nr. 5 (45).

8 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 99.

svo að orði um beitilandið að það sé „fremur lítið, gott til sumarbeitar, nokkur vetrarbeit. – Smalamenska nokkuð erfið“.[1]

Árið 1608 seldi Jón Vigfússon Hákoni Árnasyni Stóra-Dal og fékk í staðinn Dyrhóla í Mýrdal. Í kaupsamningnum er að nokkru leyti lýst merkjum Syðstu-Merkur og Neðra-Dals sem voru eignir Stóra-Dals:

> En Dalsland og kirkiunnar eign sem er, half Sydstu mörk, og halfur nedre Dalur, Nordur ij Grástein, sem stendur upp hia merkur holum, þar fyrer sunnan Hóla og riettsynis ij fiall austur. Enn ij vestur sionhending ur ádursögdum steini og i raudu skriduna ij storu Dimon og svo alla stóru Dimon[2] ad sunnan og Dimona hólma, sidan rettsynis sudur epter ij gelldinga Tanga, svo langt ad naumast siáest vaka Selia landz foss, þa fra Tiörnum er sunnan ad er geingid.[3]

Næstu landamerkjalýsingu, sem kunnugt er um, er að finna í lögfestu frá 1815:

> Lögfesta fyrir Jördinni Sydstumörk af 29da Maii 1815.
>
> Eptir hafandi fullmakt frá eiganda ½ Sydstumerkur sem og eiginn vegna Störadals kyrkju eignar, ad hinum helfingi Sydstumerkur. Lögfesti eg hér í dag landeign nefndrar jardar 20c ad dýrleika, eptir máldaga af kálfskinni rétt útskrifudum, nefnilega: á milli Midmerkur og Sydstumerkur úr Grásteini beina stefnu í Kambagilsbotn hinn efri enn á sudur sýduna úr nefndum Grásteini í steininn á Hraunsnefi og so í gatid á Hrafnagili innann hér tiltekinna landamerkja fyrirbíd eg öllum mönnum, ad yrkja, beita, brúka, án míns eda sameiganda leifis og samþikkis, undir frekustu landnáms og skadabætur, líka fyrirbíd eg ad nú nýbyggt fjárhús frá Midmörk sé hér eptir haft nær Sydstumerkur landi enn Jónslögbók leyfir. Skal þessi lögfesta standa þar til annadhvort verdur forlíkun um landamerkinn edur þaug verda fastsett med fimtarstefnudömi.
>
> Staddur á Holti d. 29. Maii 1815
>
> P. Gudmundsson ä Brúnum.[4]

Lögfesta þessi var lesin upp fyrir manntalsþingi á Holti 29. maí 1815.
Landamerkjabréf Syðstu-Merkur var undirritað 12. maí 1890 og er á þessa leið:

> Skrásetning
>
> Yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Syðstu-Mörk liggjandi í Vestur-Eyjafjallahreppi eins og við eigendur þessarar jarðar vitum þau sönnust og réttust vera þannig:
>
> Í fyrstu úr „Grásteini“ – sem er vestanundir Merkurhólum - beina stefnu neðst í „Kambagil“. Það gil er norðanvið Rauðahraun, svo ræður gilið upp í efri brún Magradals sem er austan við Rauðahraun, þaðan ræður efri fjallsbrúnin beina línu fram í Hádegishnúk, sem er hæsti hnúkurinn á fjallinu fyrir ofan Hrafnagil aftur úr Hnúknum beina línu efst í Hrafnagil, þaðan ræður gilið niðureftir niður á móts við dalbrúnina og þaðan fram eftir allri dalbrúninni fram í Hraunsnef eður í stein sem er uppi á nefinu, úr þeim steini beina línu í áðurnefndan Grástein.

1 Skjal nr. 3 (89). Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 192 en þar er minnst á Syðstumerkurheiði þar sem sagðir eru „góðir sumarhagar fyrir sauðfé og skýlt“.
2 *og svo alla stóru Dimon* bætt við milli lína.
3 Bréf þetta er afritað og samlesið 1929 eftir apogr. A.M. 5247.
4 Skjal nr. 3 (66).

Að því leyti hálf jörðin er Stóradals kirkjujörð ber henni að tiltölu trjáreki af Stóradalsfjöru við aðrar kyrkjujarðir enn fjörumörkin eru þessi: Að austanverðu að drífandafoss beri vestast um bæinn á Fornusöndum, enn að vestan að elding sjáist að neðanverðu[1] í millum Elliðaeyjar og Bjarnareyjar og beri Bjarnarey austurundan.

Afréttarlandið Stakkholt sem liggur sunnan Krossár á millum Steinsholtsár og Hvannár, er afréttur jarðarinnar að réttri tiltölu við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.

Skógarítak hálfrar jarðarinnar er á Þórsmörk í húsadal sunnanmegin við lækjarfarveginn er rennur eftir dalnum og allt upp í brúnir að hlutfalli við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.

Eystri-Skógum og Syðstu-Mörk 12. maí 1890

eigendur jarðarinnar: J. Hjörleifsson (eigandi að ¼ jarðarinnar) Jón Sigurðsson (eigandi að ¾ jarðarinnar)

Sameigandi að hálfu Eyvindarholti samþykkir: Sighv. Árnason.

Fyrir Miðmörk samþykkir Kjartan Einarsson.[2]

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók.

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Syðsta-Mörk verið framseld á venjubundinn hátt og veðsett.[3]

5.8. Dalur (Stóradalstorfa)

Bærinn Dalur er nefndur í Njálssögu en þar bjó Runólfur, sonur Úlfs aurgoða. Kirkja var í Dal um 1200 þegar Páll biskup Jónsson lét gera skrá um kirkjur þær í Skálholtsbiskupsdæmi sem presta þurfti til að fá.[4]

Í máldaga kirkjunnar 1269[5] kemur fram að í Dal var alkirkja, þar voru tveir prestar og þjónaði annar þeirra m.a. Neðra-Dal.[6] Máldagi 1332 er nokkru ýtarlegri en upphaf hans er á þessa leið:

Peturs kirkia j dal vnder fiollum a heima land halft. synztu mork halfa. savdhus völl halfvann. nedra dal halfvann. oc þesse oll med fiorum oc skoghum oc ollum þeim gognum oc giædum sem fylgia.[7]

Kirkjan átti heimaland hálft og var því „bændakirkja“ en engu að síður undir eftirliti biskups.[8] Síðar í máldaganum er tekið fram að kirkjan eigi „fiordung j skogi j blafelli“.[9]

Í máldaga, sem talinn er frá tímabilinu 1491-1518, er frá því greint að Eyjólfur lögmaður (Einarsson) hafi gefið kirkjunni í Dal hálfa Syðstu-Mörk og hálfan Sauðhúsvöll undir Eyjafjöllum en

1 Sýnist upphaflega skrifað *norðanverðu* en leiðrétt.
2 Skjal nr. 3 (20).
3 Sbr. skjöl nr. 3 (164) og nr. 5 (190, 237). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 192.
4 Skjal nr. 5 (37).
5 Aldursgreining máldaga í *Íslensku fornbréfasafni* er víða með fyrirvara.
6 Skjal nr. 5 (7).
7 Skjal nr. 5 (3).
8 Sbr. skjal nr. 5 (33) (dómur Ögmundar biskups Pálssonar 1538).
9 Sbr. einnig skjal nr. 5 (6) (máldagi [1371]).

áður hafi jarðirnar verið að hálfu í eigu kirkjunnar og væru þær því eftir það eign hennar að fullu.[1] Þessi eignabreyting er þó ekki færð inn í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 heldur fylgt eldri máldögum.[2]

Árið 1558 gerði Eyjólfur skiptabréf þar sem tilgreindur er dýrleiki nokkurra jarða sem hann átti. Þar er þess getið að kirkjan í Stóra-Dal eigi 60 hundruð í heimalandinu og hefur jörðin öll því verið 120 hundruð að dýrleika. Kirkjan í Stóra-Dal átti einnig hálfan Neðra-Dal og var sá helmingur metinn á 10 hundruð.[3] Þá eru heimildir fyrir því frá 15. og síðar að jörðin hefur gengið kaupum og sölum og framselst við erfðir.[4]

Í fyrrnefndum máldaga Gísla biskups Jónssonar er komist svo að orði:

> Jtem gardurinn .Lxc. [þ.e. 60 hundruð]
>
> Jtem fastagotz .c. hundrada og .xxxc. [þ.e. 120 hundruð og 30 hundruð að auki][5]

Í fyrstu mætti ætla að „garðurinn“ merkti hér kirkjuhlutann í jörðinni (sbr. fyrrnefnt skiptabréf 1558) en jörðin í heild ásamt byggingum væri 150 hundruð að dýrleika. Í jarðabókum 1686 og 1695 kemur þó í ljós að jörðin var á þeim tíma metin á 60 hundruð. Landskuld jarðarinnar 1695 (6 hundruð) bendir til þess að hún hafi þá verið vanmetin og dýrleikinn verið nær 120 hundruðum.[6] Neðri-Dalur var á sama tíma metinn á 20 hundruð.[7]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er Stóri-Dalur 60 hundruð að dýrleika, þ.e. heimajörðin 20 hundruð og hjáleigur, byggðar úr jörðinni, 40 hundruð. Þær voru: Króktún (2 ½ hdr.), Dalskot (2 ½ hdr.), Ólafshús (2 ½ hdr.), Brúnir (2 ½ hdr.), Borgar-Eyrar (2 ½ hdr.), Dals-Sel (5 hdr.), Steinmóðarbær (5 hdr.), Murnavöllur (2 ½ hdr.) og Eyvindarholt (15 hdr.). Tvær hjáleigur voru byggðar frá Steinmóðarbæ, Steinmóðarbæjarhjáleiga og Dímonarhólmi en báðar komnar í eyði þegar Jarðabókin var gerð.[8] Í Jarðabókinni er enn fremur lýst afrétti jarðarinnar:

> Afrjettur fylgir þar sem heitir Stakkholt, er brúkaður fyrir lamba upprekstur frá Dal og Dalshverfi, líka hefur hann frá fleirum bæjum brúkaður verið, en tolllaust.[9]

Stóri-Dalur er einnig talinn 20 hundruð að dýrleika í jarðatali Johnsens 1847. Þar virðast hjáleigurnar taldar sjálfstæðar jarðir, þ.e. Brúnir (3 hundruð), Borgareyrar (3 hundruð), Steinmóðarbær (5 hundruð), Dalsel (5 hundruð), Dalskot (3 hundruð), Króktún (3 hundruð) og Eyvindarholt (15 hundruð).[10] Í Nýrri jarðabók 1861 eru þessar sömu jarðir, að frátöldu Eyvindarholti, skráðar sem hjáleigur Stóra-Dals og samanlagt 80,5 hundruð samkvæmt nýju mati (Stóri-Dalur 23,95 hundruð). Neðri-Dalur var þá talinn 23,9 hundruð og Eyvindarholt með eyðihjáleigunni Murnavelli 35,5 hundruð.[11]

---

1 Skjal nr. 5 (22).
2 Skjal nr. 5 (39).
3 Skjal nr. 5 (38).
4 Skjöl nr. 5 (13, 20, 31). Skjöl nr. 5 (106, 109, 116, 122, 123, 131) (heimildir frá 18. öld). Skjöl nr. 5 (119, 120, 127) (framsal Neðra-Dals á 18. öld).
5 Skjal nr. 5 (39).
6 Sbr. þá viðmiðunarreglu við gerð jarðabókarinnar 1686 að dýrleiki skyldi vera tvítugföld landskuld (sbr. Björn Lárusson 1967, s. 16-17).
7 Björn Lárusson 1967, s. 89.
8 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 91-98.
9 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 92.
10 Skjal nr. 5 (44).
11 Skjal nr. 5 (45).

Í jarðamati 1849 er ekki farið mörgum orðum um hlunnindi og landgæði Stóra-Dals en í fasteignamati 1916 er þessi lýsing:

> Beitilandið er meiri hluti víðlent heiðarland, gott til sauðfjárbeitar að sumri, en fremur lítil stórgripabeit, vetrarbeit nokkur. Smalamenska ekki erfið. … Jörðin á rekafjöru fyrir Sandalandi og skógarhögg á Þórsmörk í svonefndum Húsadal, sunnan götu. – Allar jarðir Stóra Dals-torfunnar njóta þessara hlunninda tiltölulega eftir stærð þeirra, að fornu mati.[1]

Elsta landamerkjabréf Stóra-Dals er frá 1599:

> Svo felldann vitnisburð ber eg Sigvatur Jonsson, að eg hef tilmunað vel ij LX. är, og hef eg til vitað, að þä sem i jorðina Störadal ätt og halldið hafa, henne land ätölulaust eignað ij þesse ummerke. J fyrstu ij grästein upp: sunnan under merkur hölum, allt land þaðan rettsynes[2] til fialls, upp ij Kambagils botn hinn efra, og svo líka þaðan rettsynes ut ij Rauðuskriðu J storu Dimon, Item [einnig] og alla Dimon sunnan vert, þar með og eirnen Dimonar holma allann, og liosa dyla, og suður allt i gelldinga tanga, til að naumast mä siäst fuglsbringa, ofan ä Selialands foss, svo líka Dals hölma ytra, sem fyrer utan Dals sel er so og eirnin líka allan hälfan skiptinga hölma ä mots við Vomulastade. Enn a mille Neðra dals og Stora Dals hef eg vitað og heyrt hallden landamerke þau, hinn efra gardinn, sem nær liggur Dalsvelle og so sionhending ur honum ij dagmälavorðuna uppä fiallinu, og það riettsynes fra vörðunne og norður ij norðasta Gliufurz är botn, og svo alla ǫlfta Dale: hverutveggiu nyrdre og fremre, fram under fremra klif ä mötz við Hamragarða heiðe. Enn þesse skögar takmörk hef eg heyrt atölulaust Dals kirkiu eign halldin: allur skögur ij Alsstaða hälse og alstaðagil, bæðe fremra og nyrðra, svo og líka: Asläks Holm, hef eg heyrt Dal sialfum tvímælislaust eignað suo inn ij Sundin ä Stark hollte austan til, allar suður hlíðer ä miðre Mörk, allt inn að Eingedal, Syrteiga alla austan svo inn frä Eingedal, Dalur ætte allan skög frä Valahnauk, og svo þar inn frä langa Dal, allan upp under mollder: So líka þar enn inn frä það takmarks örnefne er kallast, Orms nautur, og til þess heylækjar skögur tekur til, svo líka hälfann husa dal, fyrer austan gautuna: Þetta allt hef eg tvímæles laust dals eign heyrt halldið vera þennann allann minn alldur, sem ädur sagtt er. Enn ij langanese: hef eg heyrtt Dal og Mörk, þesse skögar takmörk: sameigenlega eignuð, sem er allann skog inn under Breiðaur ätölulaust, útan Suðhusnes og Hrossavallar gil, og það sem er inn ij merkur kiere eignað Miðmörk að eg heyrt hefe. Enn þesse fiörumörk. J fyrstu ä mille Merkur fioru og Dals fiöru; Akhlið ä mille Elliða eyiar og Biarnar eyiar, enn ystre mörk ä mille Dalz fioru og Sandafioru að austan: Gamlafiös stæðe ä gömlu Söndum, uppe ä að vera ij Drïfanda fyrer austan Selialand, þä sandafiara þaðann, og svo langt austur að austasta husstöpten ä Söndum bere ij langa Setberg. Og epter þessum mínum vitnisburde ä eg sveria, ef þurfa þiker. Og til sannenda hier um set eg mitt innsigle, fyrer nedan þennann minn vitnisburð, hver utgefenn og skrifaður var, þann annann laugardag ij sumre ä Eyvendar hollte Anno 1599.[3]

Árið 1907 bar Jón nokkur Jónsson því vitni að „ytre Dalshölme“, sem ekki er nánar lýst, væri „halldinn Dals eign“.[4]

Nokkrar lögfestur um jörðina Stóra-Dal eru varðveittar frá fyrri tíð. Elst þeirra mun vera frá 1665:

> Stőri Dalur.

1 Skjal nr. 3 (89).

2 *ut ij Rauðuskriðu* hér næst á eftir strikað út.

3 Skjal nr. 3 (50). Bréfið er varðveitt í afriti (Apogr. A.M.5144). Hér er farið eftir staðfestri uppskrift þess frá 30. júní 1929.

4 Skjal nr. 3 (50). Með fylgir vitnisburður frá 15. febrúar 1614 um yfirlestur þessara tveggja bréfa (1599 og 1608). Uppskriftirnar eru staðfestar 30. janúar 1929 af Hannesi Þorsteinssyni og Vilhelm Jakobssyni.

I. Lögfesta frá 19. Decembris 1665.

Jeg Oddur Magnússon í umbodi Markúsar Snæbjarnarsonar lögfesti hér í dag eign hans egtakvinnu Kristínar Einarsdótter Stóradal vid Eyafjöll, ásamt nefndrar jardar medfilgjandi kyrkjueign, til samans Hundrad Hundrada ad Dýrleika, tödur hennar, eingjar, skóga alla, Holt og Haga, vötn, veidistödur, Reka og allar landsnytjar, er henni filgja og filgt hafa ad fornu og nýu, til lands, vatns og sjáfar, til ummerkja þeirra, er adrir menn med lögum og Rétti sig til leida ad í móti eigi greindri jördu án vjela, tiltakandi þessi landamerki:

Fyrst úr Grásteini og í Rauduskridu í Dímon, svo yfir Kolla vestur í vestasta horn á Dímon og á Aurinn þar til ad Vodmúlastada Kyrkju ber í Hallvardarskóg, þá sjónhending í Kýlinn sem í midjum Skiptihólma er, sýdann sjónhending í Týundadal, þar sem sjest Fuglsbringa vaki ofanverdt í Seljalandsfoss, þadann sjónhending í þúfuna á Geldingatánga, sem og svo sjest fuglsbringa ofanverdt ad vaki í Seljandsfoss af hestbaki naumlega sitjandi manni, en vel sjáandi á hesti standandi. Sydann stódu þrjár þúfur á Bakkanum fyrir austann Lambhúshól, úr þeim sjónhending í Dagmálavördu svo alla nyrdri Álftadali og nordur í Skollagilsbotna, svo sjónhending í Hrafnagilsbotna, þadann í steininn á Hraunsnefi, og svo í Grástein aptur. Fjörumörk á Stóradalsrekum þau eystri eru: ad Drífandafoss beri í vestustu tóft midja á Fornusöndum, enn þau vestri eru: Elding ad nordanverdu á millum Ellidaeyar og Bjarnareyar, og beri Bjarnarey austur undann. – Þessi eru skógatakmörk Stóradals: í fyrstu þridja hvör hrísla í öllu Lánganesi inn undir Falljökul, item í Stakkholti allar Sudurhlídar, en á Midri Mörk. Sýrteigar allir austann, item allur hálfur Húsadalur, svo og á Almenningum úthólmar allir. Fjórdungur skógar í Bláfelli. Fyrirbíd eg hvörjum manni allar Stóradals- og Stóradalskyr‹k›ju eignir ádur nefndar til lands, reka, skóga edur vatns og sjáfar, nytja, beita brúka, á ad búa edur yrkja, edur og nokkra gagnsemd af ad hafa, án leifis Marchúsar Snæbjörnssonar edur míns, leggjandi vid rán og rjett, sem lög og vidtekinn landsvenja framast tilstendur. …

Þessa fyrir framannskrifada lögfestu hefi eg undirskrifadur med handsölum umbodid erlegum sæmdamanni Oddi Magnússyni ad birta og upplesa í hentugum stödum ad jafnfullu sem eg sjálfur persónulega væri, enn lesi hana þó heldst í heirn edur nálægd þeirra manna sem eignir eiga í nánd vid ádurtédar Stóradalskyrkjueignir, og sér vilja innsmeigja í ádurted takmörk til nokkurs eigindóms. Til þessa míns umbods útgjæftar vid Odd Magnússon voru vidstaddir vottar Audun Snorrason og Haflidi Jónsson.

Til merkis mitt nafn og handskrift

Ási 19. Decembris Ár 1665

Marcus Snæbjörnsson med eigin hendi

Haflidi Jónsson med eigin h(endi) Audun Snorrason.[1]

Önnur lögfesta, frá 1795, er á þessa leið:

Eg underskrifadur, lögfesti hier í dag Landeign mína Stóradal under Eiafiöllumm 29 [Hundrud] ad Dírleika, sömuleides Kirku Eigner sömu Jardar, hvar under og skiliast Stóradals Eidebÿle, med öllumm umgetennar Jardar og hennar Kirku Eigna Gögnumm og Giædumm til Fialls og Fiöru, effter

1 Skjal nr. 3 (65). Lögfestan var upplesin við Stóradalskirkju, að kirkjusöfnuðinum áheyrandi, árið 1665 en eyða með úrfellingarmerki er þar sem dagsetningin á að vera („1665 þann...Decembris“).

sem gomul Rit á vÿsa, og so vidt mier og Kirkunne tilheirande Andeil snerter, nefnel. Hollt og Haga Tödur og Eingiar, Vötn og Veidestödur, og sierhvöriar Landsnitiar, er Jördunne filgt hafa og filgia eiga, til jtstu Ummmerkia. J firstu: ur Grásteine og i Rauduskridu í Stóru Dimon, so yfer Kolla vestur i vestasta Horn á Dimon og á Aurenn þar til Wodmúlastadakirku ber i Hallvardarskóg, þá Sióhending i Kylenn sem í midiumm Skiptingarhólma er (edur hefur vered) sydann Sióhending i Tÿundardal, þar sem siest sem Fuglsbrínga vaka ofann verdt j Selialandsfoss, þadann Sióhending í Þúfuna á Geldingatánga sem og so siest sem Fuglsbrínga ad vake ofann verdt j Selialands Foss, af Hestbake naumlega sitiande Manne enn vel siáande af Heste standande. Þadann sunnan til vid Lambhushól og frá hönumm i gamlann Gard á Bakkanumm. Þadan Sióhendíng í Dagmála Vördu (ad fra skildu þvi Tune er Nedradal skal firer nordann a minst Mark tilheira þo so ad þad ei leingra ut setiest á þá Sydu). So Álfftadale effter fornumm Skiölumm af 1599 edur 1665 þadann nordur í Tröllagilsbotna sydann Sióhending i Hrafnagilsbotna. Þadann í Steinenn á Hraunsnefe og so j Grastein afftur. …[1] Sömu Lögfestu til heirer Þrídyungur Skógar ij öllu Langanese, effter óátoldum Dóme sal. Sysslumansens Thorsteins Magnussonar Dat. 24da May 1755.[2] Þess ad auke Sÿrteygar aller austann á Midremork halfur Husadalur, og á Almenníngumm, Utholmar aller, sem og Fiórdungur Skógar i Bláfelle, alt Stakkhollt allar Sudurhlyder hvört sem heldur til Skógarhöggs þiena kann edur Fiár Afriettar. …

Bakkahialeigu í Austur Landejum þann 31 Augustj 1795.

PGuðmundsson[3]

Loks er að nefna lögfestu frá 1816 þar sem áhersla er lögð á að lýsa merkjum milli Neðra-Dals og Hamragarða:

Lögfesta og Máldagi fyrir jördunum Nedradal og Hamragördum af 8da Junii 1816.

Jafnvel þó ad Nedridalur og Hamragardar vid Eyafjöll hafi verid fyrir utann Stóradalsland, sýdann Dalslandamerki voru skrifud á kálfskinn 1599, sem líka má sjá á vitnisburdi og lögfestu af 1665, um þad sama, þá sjá þó allir kunnugir menn ad Nedridalur og Hamragardar hafa verid sameign í fyrstu med Stóradal. Enn af því ad fyrrnefndir máldagar seigja og tilgreina þessi landamerki milli jardanna:

Sídann stódu þrjár þúfur á Bakkanum fyrir austann Lambhúshól, í hvörra stad langvaranlega hefur haldinn verid, og enn nú, gardlag og þúfnaröd, eingjamark á Dalsbökkum, og þadann beina stefnu í Dagmálavördu ad fráskildu því túni, sem Nedradal fylgir nú, og fyrir nordann áminst mark liggur, þó soleidis, ad þad má ecki leingra nordur útsetjast. Frá Dagmálavördu stefnu í Hraunid á milli Álftadala, því þad álítst enn ad Stóradals eigendur hafi aldrei úr sinni eign öllum Álftadölum slept – frá midju þessa Hrauns í Seljalandsá, hvör verid hefur landamerki frá landnámstíd, so rædur áinn ofann eptir þar til hún kemur vestur í Markarfljót, so upp eptir því og á móts vid fyrst nefnt gardlag og þúfnaröd á Dalsbökkum austur af Lambhúshól. Eptir þessum landamerkjum lögfestist Stóradals kyrkjujörd ½ Nedridalur 10c bóndaeign sömu jardar 10c og Hamragardar bóndaeign 8c, þá hvörrar jardar ábúendur yrkja og beita þad sem vid hvörja jörd er kéndt og þeim er nálægast, eptir Llb. [landsleigubálki Jónsbókar] iij kap. eins og ad undannförnu og til forna verid hefur innann greindra landamerkja, enn géti ábúendur ecki komid sér samann í fridsemi þar um vísast þeim til Búfjár ítölu í haga eptir jardarmegni og Llb. iv. kap. Afréttur Stakkholt filgir öllu Dalshverfi milli Steinsholtsár og Hvannár – öllum

1 Sleppt er hér klausu um reka.
2 Sbr. k. 5.13. (Holtshverfi).
3 Skjal nr. 3 (51). Lögfestan er einnig í skjali nr. 3 (64). Lögfestan var lesin við Stóradalskirkju 13. september 1795 og á manntalsþingi að Holti 23. maí 1796.

óvidkomandi mönnum er hér med fyrirbodid án undirskrifadra leifis, öll beit og brúkun á tilteknu landi þá nefndra jarda ábúendum er og so hér med fyrirbodid ad gjöra kríngbúuum sínum ágáng med hagbeit og brúkun út fyrir nefnd landamerki, eptir LLb. xvj. kap. hvorutveggju undir fullkomnar landnáms og skadabætur. Þessum landamerkja endurnýudum Máldaga og lögfestu til stadfestu eru vor undirskrifud nöfn og hjáþrikkt signet.

Stóradal d. 8da Junii 1816.

P. Gudmundsson Thorsteinn Magnússon

(L.S.) (L.S.)

Jón Gudmundsson

(L.S.)

Ofanskrifudu er eg samþikkur og upppástend ad Gljúfursá rádi milli Hamragarda og Nedradals eins og verid hefur. Til merkis mitt nafn og signet.

Páll Árnason

(L.S.)[1]

Lögfesta þessi var lesin upp við Stóradalskirkju 9. júní 1816.
Landamerkjabréf Stóradalstorfunnar var undirritað 12. maí 1888 og er svohljóðandi:

Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Stóradals (Stóradalstorfunnar), sem er með býlunum Dalskoti, Króktúni, Eyvindarholti, Murnavelli, Steinmóðarbæ, Dalsseli, Borgareyrum og Brúnum liggjandi í Vestur-Eyjafjallahreppi eins og við undirskrifaðir eigendur og umboðsmenn þessara jarða vitum þau sönnust og réttust vera þannig:

Í fyrstu úr Grásteini beina stefnu í Rauðuskriðu í Stóra-Dímon, svo yfir Hákolla vestur og vestur af vestasta horni og svo hrygginn þar niður af á klöppina, sem er niður við aurinn [þaðan sjónhending vestur og fram á aurinn][2] þar til litlu-Dímonartá [innri][3] ber í Hjálmastöðul (sic) í Murnavallartúni og jaðrar þá bærinn í Miðmörk austan við Stóru-Dímon; fyrnefnd klöpp er þá að sjá í afstöðu niður af hástandinum, sem er upp á áðurnefndu vestasta horni. Af þessum stað á aurnum sjónhending í kýlinn í Skiftingarhólma, sem er á þeim stað, er Kollabæ á Fljótshlíð ber austanhallt í há-öxlina á Vatnsdalsfjalli og hákollur litlu-Dímonar jaðrar við Hraunsnef, verður þá stefnan inn eftir frá kýlnum nálægt í fossinn í Múlakotslæk, frá þessum kýl[4] sjónhending í Tíundadal hinn forna, sem nú er farinn í Álana, á þeim stað sem bærinn á Bakka í Landeyjum ber í austurbrún á klifinu í Vestmannaeyjum og rætur Hæringsfells að austan taka að eins austar enn rætur Stóru-Dímonar og að sem fuglsbringa vaki af Seljalandsfossi, þaðan beint í Þúfuna á Hraunsnefi (sem er fyrir framan Brúnir) fuglsbringu stefnuna og svo áfram austur eftir að fuglsbringan vaki við þar til Vagnhólar, (sem eru norður við Stórhól í Merkurhólum) eru að sjá mitt á milli Kattarnefs og Lambhúshóls, Vagnhólar eru þá að bera um strýtu-

1 Skjal nr. 3 (65).
2 Það sem er í hornklofa er viðbót utanmáls.
3 Það sem er í hornklofa er viðbót utanmáls.
4 *eftir frá – þessum kýl* undirstrikað í handriti.

myndaðan hnúk vestan við Tindfjöll; á þessum stað jaðrar saman Hvammsnúpur og Holtsnúpur að framanverðu, af þessum þannig miðaða stað liggur stefnan beint inn eftir allt þar garðlag eða þúfnaröð á Dalsbökkum ber í Dagmalavörðu, þufnaröðin er slægjumark á milli Neðradals og Dalskots; nokkuð af túni jarðarinnar Neðra-Dals liggur inn fyrir umgetna stefnu og látum við það óátalið eins og verið hefir enn þó þannig, að það ekki sé lengra útfært í okkar land. Svo liggur stefnan úr Dagmálavörðu inn eftir heiðina á Álftadali og inn í Tröllagilsbotna, svo sjónhending í Hrafnagilsbotna, þaðan í steininn á Hraunsnefi og svo beint í Grástein aftur, sem er nálægt sjónhending frá steininum á Hraunsnefi í hákoll á Stóru-Dímon.

Stóradalsfjara (rekafjara) sem liggur fyrir Sandalandi hefir þessi takmörk að austanverðu: að Drífanda-foss beri vestast um bæinn á Fornu-Söndum, enn að vestan að elding sjáist að neðanverðu í millum Elliðaeyjar og Bjarnareyjar og beri Bjarnarey austur undan.

Afréttarlandið Stakkholt, sem liggur sunnan Krossár í millum Steinsholtsár og Hvannár heyrir til Stóradalstorfunni ásamt jörðunum Syðstu-Mörk, Neðra-Dal og Hamragörðum.

Skógarítak Stóradalstorfunnar á Þórsmörk er: hálfur Húsadalur, nefnilega sá hluti hans sem liggur sunnan götunnar og lækjarins allt upp í brún.

12. maímánuð 1888

Eigandi að hálfu Eyvindarholti, Murnavelli og Króktúni

Jón Sigurðsson

Eigandi að Steinmóðarbæ: Sigurður Árnason

Eigandi að hálfu Eyvindarholti: Sighv. Árnason

Eigandi að Dalsseli: Þóroddur Magnússon

Í umboði eigenda jarðarinnar Brúna: Guðjón Sigurðsson

Eigandi að Stóradal og Dalskoti: Sigurður Ísleifsson

Sem eigendur og ábúendur Stórumerkur samþykkja:

Einar Ólafsson Ólafur Jónsson Þorg. Þorgilsson

Sem eigandi og ábúandi jarðarinnar Neðra-Dals samþykkir:

Ingvar Hallvarðsson[1]

Landamerkjabréf Stóra-Dals var lesið upp og bókað á Kverkarhellismanntalsþingi 21. maí 1892 og ritað í landamerkjabók.

1 Skjal nr. 3 (21).

Tveimur árum eftir gerð þessa landamerkjabréfs undirrituðu eigendur Neðra-Dals landamerkjabréf jarðar sinnar. Það er á þessa leið:

> Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Neðridal liggjandi í Vestur-Eyjafjallahreppi eins og við eigendur þessarar jarðar vitum þau sönnust og réttust að vera þannig:
>
> Garðlag eður þúfnaröð er á Neðradalsbökkum sem er engjamark milli Neðradals og Dalskots, þúfnaröð þessi er austur af Lambhúshól sem er Hóll fyrir vestan Markarfljót, úr nefndu garðlagi svo beina stefnu í Dagsmálavörðu að frá skildu norðurjaðar af Neðradalstúni er fyrir norðan áminnst mark liggur; svo frá dagsmálavörðu beina stefnu í hraunið á milli Alftadala, aftur frá miðju þessu hrauni í upptök Gljúfurár, svo ræður áin ofaneftir vestur í Markarfljót, vestur í austurmark Stóradalstorfunnar og svo beina línu í áðurnefnt garðlag á Neðradalsbökkum austuraf Lambhúshól.
>
> Afrétt á jörðin: Stakkholt er liggur sunnan Krossár í millum Steinsholtsár og Hvannár að réttri tiltölu við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.
>
> Skógarítak á hálf jörðin eður það sem af henni er kyrkjujörð á Þórsmörk í Húsadal fyrir vestan lækjarfarveg þann er liggur eftir endilöngum dalnum allt vestanmegin allt upp í brúnir að tiltölu réttri við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar. Rekaítak fylgir kyrkjuhlutanum af Stóradalsfjöru eftir því sem tala rennur til.
>
> Neðridal, Syðstu-Mörk og Eyvindarholti 22. maí 1890.
>
> Ingvar Hallvarðsson eigandi að ½ jörðinni
>
> Jón Sigurðsson eigandi að 3/8 jarðarinnar
>
> Sighv. Árnason eigandi að 1/8 jarðarinnar
>
> Fyrir hönd jarðarinnar Stóradals undirskrifar Sigurður Ísleifsson á Barkarstöðum.[1]

Bréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók.

Árið 1969 fóru fram landskipti á Stóradalstorfunni. Landskiptin voru gerð fyrir eftirtaldar jarðir: Mið-Dal, Dalkot og Króktún, Stóra-Dal, Eyvindarholt, Dalsel, Borgareyrar, Brúnir og Steinmóðarbæ. Í fundargerð landskiptanefndar segir m.a.:

> Nefndin taldi rétt að heiðin ofan fjallsbrúnar skiptist á milli jarðanna austan Markarfljóts og þessvegna varð nauðsynlegt að meta hana til gildis borið saman við graslendi á láglendinu. Matið er þannig, að tveir hektarar í heiðinni svara til eins hektara á graslendinu.[2]

Mörk jarðanna austan Markarfljóts voru miðuð við fjallsbrúnina: „…og úr henni [vörðu við veginn við Dalsána] í vörðu austan við fjárrétt (10), og þaðan bein lína upp í vörðu á fjallsbrúninni (11), en þaðan fylgja mörkin brúninni vestur í Dagmálavörðu…“. Síðar í landskiptagerðinni er komist svo að orði:

1 Skjal nr. 1 (6).
2 Skjal nr. 1 (12).

> Mörk Eyvindarholts (Eyvindarholt og Murnarvöllur) austan Markarfljóts voru ákveðin þannig: Frá vörðu á fjallsbrúninni (12) eru sameiginleg mörk við Stóradal allt að Litla-Dimon (18), þaðan fylgja mörkin merkjalínunni við Markarfljót (21-22) inn að þeim punkti sem hún sker útmörk torfunnar í markalínunni við Stóru-Merkurbæi. Síðan fylgja mörkin útmörkunum um Grástein (23) í stein á Hraunsnefi (24) úr honum í vörðu efst í Hrafnagili (25), en þar brotnar markalínan frá útmörkunum og fylgir síðan fjallsbrúninni til vesturs í vörðuna sem fyrst var nefnd (12). Heiðin ofan fjallsbrúnar verður óskipt sameignarland jarðanna austan Markarfljóts, Eyvindarholts, Stóra-Dals og Miðdals. Eignarhlutföll þeirra í heiðinni skulu fara eftir jarðamatinu frá 1861.[1]

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Stóri-Dalur og þær jarðir, sem heyrðu til Stóradalstorfu, verið framseld á hefðbundinn hátt og veðsett.[2]

5.9. Núpur

Núpur er nefndur í máldaga Ásólfsskála, sem talinn er frá 1179. Þar er kveðið á um að öll heimatíund frá Núpi (Gnúpi) skyldi leggjast til kirkjunnar að Ásólfsskála en á móti var skylt að syngja þangað messu fjórða hvern löghelgan dag.[3] Þetta bendir til að kirkja (fjórðungskirkja) hafi verið að Núpi á þeim tíma. Núpur virðist síðar hafa verið lagður undir sóknarkirkjuna í Holti því að í máldaga hennar, sem talinn er frá 1332, kemur fram að frá Núpi (Gnúpi) voru greiddar tvær merkur í tíund.[4] Árið 1451 eignaðist Gottskálk Keneksson Hólabiskup 10 hundruð í jörðinni Núpi í próventu Ingibjargar Ólafsdóttur og sex árum síðar hafði hann eignast 20 hundruð í jörðinni með kaupum og sem sektargreiðslu fyrir það að synir hennar slógust þar í kirkjunni.[5]

Núpur er metinn á 40 hundruð í jarðabókum 1686 og 1695.[6] Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 en vitnað er í sögn manna um að til forna hafi jörðin reiknast 50 hundruð. Fyrir 60 árum hafi fallið stór skriða með vatni og klettum á tún og engjar og „hafi jarðardýrleiki þá aftur hlaupið“. Ábúendur voru þá sex á jörðinni.[7] Í Jarðatali Johnsens 1847 er Núpur einnig talinn 40 hundruð en 46,5 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.[8] Heimildir eru fyrir því að á þessum tíma hafi Núpur, að hluta til, gengið kaupum og sölu.[9]

Elsta heimild um landamerki Núps sem kunnugt er um er í eftirfarandi sátt um landamerki Ysta-Skála og Núps:

> Var svo af öllum til Stadar verandi samid um og fast sett, ad hér eptir skuli haldinn vera óátalinn landa merki, í millum hinsvegar greindra jarda: Ytsta-Skála og Núps, er gildi fyrir alda og óborna: Bein stefna úr Flautahellir – sem er framann í Hömrunum skamt fyrir vestann Ýrárgilsmunna – og í Grástein og eptir sömu stefnu-línu, úr Grá-steini í þá vörðu sem nú var byrjad ad glada á austur bakka Lángavatns. En þared sú svo nefnda Lángavatnsþúfa, sem forn Skjöl og lögfestur til nefna, er nú ei framar til, og einginn veit, upp á víst, hvar verid hefur, utann hvad líklegast vyrdist: ad hún verid hafi þar sem Lángavatn nú rennur, þá skal sú fyrrnefnda beina stefna haldast áframm svo lángt út í Lángavatn þartil ad Eldíng sést í millum Hafurshóls, ad ofan verdu, og Fitarhamra, svo þadan aptur siónhendíng í Rimahól, fyrir vestann Rimhús. Þessu til stadfestíngar eru vor nöfn undirskrifud. Ytsta-Skála þann 7da Maji 1839.

1 Skjal nr. 1 (12).
2 Sbr. skjöl nr. 3 (163) og nr. 5 (166, 167, 169, 204, 246, 323, 324). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 188-191.
3 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 256.
4 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 682.
5 Skjöl nr. 5 (16-18). Sbr. einnig skjal nr. 5 (31) (10 hundruð í Núpi eru nefnd í fjárskiptabréfi Hólmfríðar Erlendsdóttur í Dal 1522).
6 Björn Lárusson 1967, s. 88.
7 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 74.
8 Skjöl nr. 5 (44, 45).
9 Sbr. skjöl nr. 5 (99, 107).

MEinarsson [forlíkunarmaður], ASveinsson [Ystaskála], ESighvatsson [hreppstjóri, Skála], PSigurdson [Ystaskála], SIsleifsson [fyrir Núp að hluta], MJonsson eptir Fullmagt frá Sra Sigurde Sigurdssyni i Guttormshaga, Eyolfur Kétils son [fyrir Ystaskála að hluta], Jón Ólafsson [Núpi], Sveinn Pálmason [Núpi], Sighvatur Þorvaldsson [Núpi], Jon Jonsson [Núpi], Sigurdur Sighvatsson [Núpi]. Foreviist paa Kollabæ den 27de Juli 1839 EBardenfleth.[1]

Þremur árum síðar var gerð svofelld lögfesta fyrir Núp:

Lögfesta fyrir jördinni Núpi.

Vid hjer undirskrifadir, sumir eigendur og sumir eptir Bón og gefinni fullmagt af fiærverandi eigendum, lögfestum hjer í Dag jördina Núp 40c (fjörutýe hundrud) ad Dýrleika, liggjandi innann Rángárvallasýslu, Eyafjallahrepps og Holtskyrkjusóknar. Lögfestum vid land alt Jördinni tilheyrandi, Tödur og Eingjar, holt og haga, vötn og veidistadi, reka og afréttarbeit og allar landsnytjar til lands eda vatns, fjalls eda fjöru, sem því landi hefur fylgt, ad fornu og Nýu. Lögfestum vid til þessara ummerkja: úr Flautahellir sjónhending í Grástein, og sömu stefnu í þúfu, norðaustan við Lángavatn, sömu sjónhending áframm út í vatnid, þar til ad eins sjest elding á milli Hafurshóls (ad ofann) og Fitarhamra, úr þeim stad beina stefnu í þann Rimhól sem nærstur er Rimhúsum, hvör Hóll ad er svarid hornmark nærst kringum liggjandi landa, úr þessum Hól, sjónhending vestur í gardrúst þá, sem nefndur er Krossgardur, og sömu sjónhending áfram vestur í svonefndann Skirkýl. Þessi kýll meinum vid, bædi eptir sam(an)burdi[2] annara örnefna, og líka gamallra manna vitnisburdum, ad sje í útnordurs horni á kjeldu þeirri er liggur nordan vid sjálft heimatúnid á Jördinni Efrahól (afbíli frá Efriholtum), úr þessum kýl sjónhending (til Fjalls) í svoköllud Össuaugu, framann í Hvammsnúp, og á sú sjónhending – stefna – ad vera skára og hálfskára austar en rætur á svonefndum Disjarhól, svo rædur fjallsbrúnin vestur eptir, alt í gil þad fyrir austann Fit, sem kallast Merkigil, so upp eptir því, og úr því sjónhending í Tröllagil, úr Botni þess sjónhending í landnordurshorn á Bláfelli, so sjónhending austur í Írá, so rædur nefnd á, þar til hún fellur nidur af Brúninni, sýdan rædur fjallsbrúnin vestur í Flautahellir aptur. Kunni nú nokkur af nærstliggjandi jardaeigendum med rökum ad sýna vissari landamerki en þaug hjer tilgreindu, verda þeir ad géfa sig framm med gögn og skilríki þar um, og sýdann fylgja þeim ástædum framm, þar til þær á rjettvýsinnar metaskálum verda okkar varnarástædum þíngri fundnar. Enn á medann þad er ekki gjört, fyrirbjódum vid hvörjum manni í ad vinna, slá, Beita, stinga, skjera, eda nokkra gagnsemd af ad hafa, nema okkar leifi til komi, en skildi nokkur (mót von) yrkja innann hjer tiltekinna landamerkja, meiga þeir sömu búast vid, að mæta tiltali, so sem þeir, er eptir löglega gjört forbod brúka þó annara land med ofríki án Dóms og Laga, þar bædi þessir og fyrri eigendur hafa álitid þettad land sína eign, og Núpsábúendur hafa yrkt þad so leingi sem nokkur til veit. Lögfestum vid ad ordfullu og lögmáli rjettu, undir lagasektir. Lögfestum vid til lýrittar og lagabeidslu allra þeirra er í móti eiga, lögfestum vid í heyranda hljódi. Lögfestuna stadfesta nöfn vor og hjáþrikkt signet.

Núpi þann 25ta Júlí 1842

Sighvatur Þorvaldsson

Eigendur (hjáþrikkt signet)

Sveinn Pálmason

1 Skjal nr. 3 (109).

2 Vísað er hér neðanmáls í skjalinu þar sem stendur: samburdi, handr.

(hjáþrikkt signet)

Gísli Bjarnason

(hjáþrikkt signet)

Eigandi og eptir fullmagt

Jón Jensson

(hjá þr. signet)

eptir fullm(akt)

Páll Sigurdsson

(hjáþrikkt signet)

Landseti Einar Einarsson

(hjáþr. signet)

Eptir fullm. M. Einarsson

(hjáþrikkt signet)[1]

Lögfesta þessi var lesin upp við Holtskirkju 7. ágúst 1842 að söfnuðinum áheyrandi. Á eftir lögfestunni í sama skjali eru eftirfarandi yfirlýsingar:

Í filgi af framanskrifadri lögfestu okkar mótmælum vid lögfestu prestsins sra S.G. Thórarensens á Hraungerdi í Flóa yfir landeign Jardarinnar Efriholta, ad því leiti sem henni ber ekki saman vid okkar í lögfestunni tilteknu landamerki, þar sem lönd Jardarinnar Núps og Efriholta liggja samann.

Sömu sem undir lögfestunni.

Upplesið fyrir manntalsréttinum ad Steinahellir þann 31ta Maí 1843

vitnar

E. Sverrirsson

Framannskrifud lögfesta fyrir Jördinni Núpi er rjett afskrifud eptir eiginhandarriti Alþingismanns Páls Sigurdssonar á Árkvörn, en hún er samhljóda annari frá því ári 1787, þann 30ta Maj ad öllum örnefnum til. Mótmæli á móti lögfestu prestsins Sra. Sigurdar á Hraungerdi sínast vera á rökum byggd, þegar sonefndur Skirkíll vard fundinn þar sem lögfestann skýrir frá, og sem þá var af manni þeim, er sra Sigurdur í Hraungerdi hafdi gefid umbod sinna vegna ad vera vid, þá skodunargjördinn framfór,

1 Skjal nr. 3 (59).

samþykkt, en þad var merkis og sjálfseignar Bóndinn Sigurdur Ísleifsson á Barkarstödum í Fljótshlíd, og sýdan hefur nidurfallid sú landaþræta sem adur var á milli Núps og Efriholta, um svonefndann Kjeldubakka, sem þá vard innann Núpslands, og hefur lögfesta þessi sýdann verid óátalin ad lögum. Þad vottar

Yztaskála þann 21ta october 1870

E. Sighvatsson Dbr.m.

útnefndur ásamt fleirum til ad meta Jardir í Eyafjallahreppi 1849.[1]

Í fasteignamati 1916 er vakin athygli á því að landamerki séu óinnfærð og eigi tilgreind. Þá var þríbýli á Núpi (austurbær, miðbær og vesturbær).[2] Árið 1963 fóru fram skipti á landi sem lá sunnan þjóðvegarins og takmarkaðist að vestan, sunnan og austan af landamerkjum jarðanna Ysta-Skála að austan og Efriholtatorfunnar að sunnan og Hvamms að vestan. Á Núpi höfðu gilt þessi eignarhlutföll: Núpur I (austurbær) ½, Núpur II (miðbær) ¼ og Núpur III (vesturbær) ¼. Ákveðið var að láta sömu hlutföll gilda við landskiptin.[3]

Heimildir, sem rekja má aftur til 15. aldar, benda ekki til annars en að Núpur hafi verið framseldur á venjubundinn hátt og veðsettur.[4]

5.10. Ysti-Skáli

Í Landnámu er greint frá því að landnámsmaðurinn Ásólfur alskik hafi reist sér þrjá skála undir Eyjafjöllum en verið jafnan hrakinn þaðan, síðast frá hinum „vestasta Ásólfsskála“.[5]

Í máldaga Ásólfsskála, sem talinn er frá 1179, er skýrt frá því að frá Ásólfsskála skyldi syngja messu „til ins yzta asolfs skala“ fjórða hvern dag löghelgan og sálumessu dag í viku um lönguföstu nema hina fyrstu og síðustu. Samkvæmt þessu hefur verið hálfkirkja eða jafnvel ekki nema fjórðungskirkja í Ysta-Skála þegar máldaginn var gerður.[6] Í máldaga Ásólfsskála 1332 er ekki lengur minnst á Ysta-Skála og virðist því sem kirkja hafi ekki lengur verið þar á jörðinni.[7]

Árið 1499 gerðu Kristín Þórarinsdóttir og sonur hennar, Sigmundur Guðmundsson, með sér svofelld makaskipti að hún gaf honum hálft þrettánda hundrað í jörðinni Ytri-Sólheimum fyrir 10 hundruð í Ysta-Skála.[8] Ysti-Skáli hefur síðar komist í eigu Skriðuklausturs því að 6. júlí 1506 kvittaði príor klaustursins Vigfúsi bónda Erlendssyni um andvirði jarðarinnar. Dýrleiki hennar er hins vegar ekki tilgreindur.[9]

Ysti-Skáli var metinn á 73 hundruð og 80 álnir í jarðabók 1686 í samræmi við landskuld en 40 hundruð í jarðabók 1695.[10] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er Ysti-Skáli einnig skráður 40 hundruð með hjáleigunni Aurgötu sem reiknaðist 5 hundruð.[11] Aurgötu er svo lýst að hún sé „afbýli frá Ysta skála standandi við túnið; bygð fyrst áður menn minnast“.[12] Í Jarðatali Johnsens

1 Skjal nr. 3 (59). E. Sighvatsson Dbr.m. (dannebrogsmaður) er Einar Sighvatsson hreppstjóri á Ysta-Skála.
2 Skjal nr. 3 (89).
3 Skjal nr. 1 (16).
4 Sbr. skjöl nr. 3 (155), nr. 5 (16-18, 31, 99, 107, 179-181, 222-224). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 153-155.
5 *Landnámabók* 1986, s. 62-64.
6 Skjal nr. 5 (1).
7 Skjal nr. 5 (3). Sbr. einnig skjöl nr. 5 (6 og 39) (máldagar 1371 og 1570).
8 Skjal nr. 5 (28).
9 Skjal nr. 5 (25).
10 Björn Lárusson 1967, s. 88.
11 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 72.
12 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 74.

er dýrleikinn óbreyttur en haft eftir sýslumanni að Ysti-Skáli sé 35 hundruð og Aurgata 10 hundruð.[1] Samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var Ysti-Skáli með Aurgötu 50,5 hundruð.[2]

Landamerkjabréf Ysta-Skála var undirritað 14. maí 1890. Það er á þessa leið:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðina Ystaskála í Vestur-Eyjafjallahreppi með hjáleigunni Aurgötu sem er bændaeign.
>
> Á eina hliðina sem er milli Ystaskála og Núps er markið þannig: Úr Rimhúsafjárhúsunum í þufuna á Skæringshólma (sem er vestanmegin Rimhúsaáls). Úr henni bein lína þar til elding er milli Hafurshóls og drífanda fjallsbrúnar og er það hornmark í svokölluðu Langavatni , þaðan bein lína í grástein neðan við Borgarsteina sem á að bera í Flauthellir, svo frá honum ráða brýr austur í Ýráarfossbrún, úr því ræður Ýráargil inn úr vestanvið Ystaskálatungur og áin úr því til jökuls.
>
> Á aðra hlið, nl. að sunnan, úr Rimhúsafjárhúsum bein lína í stein í Lónsbökkum, þaðan bein lína í þúfu á háa Lónsbakkaskákarbakkanum sem á að bera í útidyr á Suðurbænum Ystaskála, þaðan bein lína allt þangað til kemur í Steinvörðu sunnan við bæjarmýri á Ystaskála, þar beygist markið í austur í grjótvörðu sem er í mýrinni sunnan við merkigarðinn sem er á milli túnanna Ystaskála og Miðskála, úr síðastnefndri vörðu liggur markið í nefndan merkigarð sem er með sínum krókum og bugum, síðan úr efri enda garðsins bein lína upp á Miðskálaegg svo ræður eggin marki til jökuls.
>
> Fjara fylgir jörðinni fyrir Holtslandi og er austurmark hennar Rimhús í Vondaból sem eru fyrir austan Flauthellir, enn að vestan Efrihóll í Hvamm, hún á að vera fjögur hundruð tólfræðir faðmar.
>
> Afrétt á jörðin Almenninga hlutfallslega við aðrar jarðir sem þann afrétt eiga.
>
> Ystaskála 14. maí 1890
>
> Undir þessa landamerkjaskrá skrifa
>
> fyrir Ystaskála Einar Jónsson Jón Einarsson
>
> fyrir Núpinn Jón Sigurðsson Jón Einarsson Grímur Guðmundsson
>
> Fyrir 1/3 í Miðskála jarðarinnar í umboði M. Magnússonar J. Hjörleifsson
>
> Fyrir 2/3 í Miðskála Sighv. Árnason. Fyrir 2/3 heimajarðarinnar Ásólfsskála Kjartan Einarsson
>
> Fyrir 1/3 í Ásólfskála Ketill Eyólfsson.[3]

Landamerkjabréfið var lesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Í Ysta-Skála hefur lengi verið margbýli. Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Eyjafjallasveit var gerð 1709 voru tveir ábúendur á heimajörðinni en þriðja býlið hafði ekki fengist byggt síðan 1708. Þríbýli var þar í byrjun 19. aldar og einnig þegar fasteignamat var gert

1 Skjal nr. 5 (44) (*Jarðatal Johnsens* 1847, s. 25) . Í *Nýrri jarðabók* 1861 (s. 12) er forna matið þannig tilgreint: Ysti-Skáli 35 hundruð og Aurgata 10 hundruð (skjal nr. 5 (45)).

2 *Ný jarðabók* 1861, s. 12.

3 Skjal nr. 3 (23).

1916 (austurbær, miðbær og vesturbær).[1] Þannig hefur það lengst af verið síðan en á tímabili skiptist jörðin þó í fjögur býli (Ystibær I-IV).[2] Hjáleigan Aurgata, vestast í túnfætinum á Ysta-Skála, fór í eyði í byrjun 20. aldar.[3]

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Ysti-Skáli verið framseldur á venjubundinn hátt og veðsettur.[4]

5.11. Mið-Skáli

Mið-Skála reisti landnámsmaðurinn Ásólfur alskik. Í Landnámu er greint frá því að hann hafi gert sér skála undir Eyjafjöllum „þar sem nu heitir at Ásólfsskála enum austasta“ en var hrakinn þaðan. „Þá færði Ásólfr byggð sína til Mið-Skála ok var þar“ eins og segir í Landnámu.[5]

Í máldaga kirkjunnar að Ásólfsstöðum, sem talinn er frá 1179, segir að tíund heimamanna skuli leggjast til kirkjunnar og einnig frá þeim sem bjuggu á Ásólfsskála „inum nerra“.[6] Fullvíst er talið eftir seinni máldögum að hér sé átt við Mið-Skála. (þ.e. Mið-Skála).[7] Í Mið-Skála var kirkja (trúlega fjórðungskirkja) og skyldi presturinn í Ásólfsskála syngja þar 17 messur á ári.[8] Jörðin gekk kaupum og sölum og er elsta heimildin um það frá fyrsta fjórðungi 16. aldar.[9]

Mið-Skáli er metinn á 50 hundruð í jarðabók 1686 í samræmi við landskuld en talin 30 hundruð að dýrleika 1695.[10] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er jörðin einnig sögð 30 hundruð að dýrleika. Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en þó er haft eftir sýslumanni að jörðin sé ekki nema 20 hundruð og um leið vitnað til þess að 10 hundruð hafi verið komin í eyði á tíma Jarðabókar Árna og Páls.[11] Í Nýrri jarðabók 1861 jörðin metin á 28,6 hundruð.[12]

Landamerkjabréf Mið-Skála var undirritað 20. maí 1887 og er á þessa leið:

> Skrásetning
>
> Um landamerki jarðarinnar Mið-Skála í Vestur-Eyjafjallahreppi Rangárvallasýslu, sem er að dýrleika eftir jarðabókinni 1861, 28.6 hundruð, og eru mörkin sem hér greinir:
>
> Hornmarkið á vesturhorni Miðskálalands að sunnan er steinn. Þar liggur hann sem Holt ber í söðulinn á fjallinu Pétursey, þaðan er bein sjónhending til fjalls að þúfuna á háa bakkanum í Lónsbakkaskákum beri í útidyr á Ystaskála (suðurbæ) allt þangað til að kemur á Steinvörðu sunnan við bæjarmýrina á Ystaskála, þar beygist markið til austurs í grjót- eða steinvörðu, sem er á mýrinni sunnan við markagarðinn sem er á milli túnanna á Miðskála og Ystaskála, úr síðastnefndri vörðu liggur markið í nefndan markgarð, sem úr því ræður marki með sínum krókum og bugum upp í fjallið og svo er bein lína upp á háa egg (Miðskálaegg) svo ræður eggin marki til jökuls.
>
> Úr fyrstnefndum steini er sjónhending til austur-landsuðurs, á markaþúfuna á Lónsbakkaskák að sunnan, og er þá stefnan til þess að hitta þúfuna, á burstirnar á Syðstugrund og það sömu sjónhending áfram

1 Skjöl nr. 3 (89, 90).
2 Skjöl nr. 5 (192-195, 314-317).
3 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 149.
4 Skjöl nr. 5 (192-195, 248-251).
5 *Landnámabók* 1986, s. 62.
6 Skjal nr. 5 (1).
7 Sbr. skjöl nr. 5 (3, 6, 39).
8 Skjöl nr. 5 (3, 6) (máldagi sem taldir eru frá 1332 og 1371).
9 Skjal nr. 5 (29). Sbr. einnig skjöl nr. 4 (1 og 2), skjöl nr. 5 (29, 128).
10 Björn Lárusson 1967, s. 88.
11 Skjal nr. 5 (44).
12 Skjal nr. 5 (45).

á þúfuna sem er á bökkunum vestan við blöndukíl, og ber þaðan Holtskyrkju framan til í söðulinn á fjallinu Pétursey, þaðan er sjónhending á þúfuna hjá merkigarðinum á Miðskálabökkum, þaðan er bein lína í Miðskálaá, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu á milli brekkanna, svo ræður áin í gljúfrinu merki til jökuls austan við Miðskálatungur.

Reka á jörðin fyrir Holtslandi, fjörumark að austan, Björnskot á að bera í dagteigsgilið austan við Ásólfskála, fjörumark að vestan, bæinn Rimhús á að bera í vondaból, sem er austan við Flauthelli. Upprekstur á jörðin tiltölulegan við Holtssóknarmenn á afréttarlandið Almenninga.

Ritað í Eystri-Skógum dag 20. maí 1887.

Í umboði Magnúsar Magnússonar sem á 1/3 í jörðinni J. Hjörleifsson.

Í umboði kaupm. Gísla Engilbertssonar í Vestmannaeyjum, sem á 2/3 jarðarinnar Sighv. Árnason.

Kjartan Einarsson eigandi og umráðamaður 1/3 Ásólfsskálatorfunnar

Í umboði jarðeiganda að ¼ og eiganda að 1/8 jarðarinnar Ystaskála

Einar Jónsson

Eftir umboði jarðeiganda að 3/8 jarðarinnar Sk. Árnason Einar Jónsson

Fyrir 1/6 part Kjetill Eyólfsson.[1]

Landamerkjabréfið var lesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók.

Árið 1912 var gefin út svohljóðandi skýring á landamerkjunum:

Skýring á landamerkjum milli jarðanna Miðskála og Izta-Skála í Vestur Eyjafjallahreppi.

Steinn í Lónsbökkum; úr honum bein stefna yfir þúfu í Háalónsbakkaskákarbakkanum í vörðu, sem frá steininum ber í útidyr á suðurbænum á Izta-Skála og er rjett norðan við þjóðveginn. Úr þeirri vörðu (efri vörðunni) bein stefna í Beljandakíl, sem er við vatnsholið á Skálabrúnni og ber þá vestri steininn á Mýraskarðsbrúninni við öxlina á Mýraskarðshausnum. Frá Beljandakíl bein stefna í vörðu við suðurenda merkigarðsins, sem er milli túnanna á Miðskála og Izta-Skála.

Skráð af eigendum, umboðsmanni og ábúanda nefndra jarða, 25. maí 1912.

Umboðsmaður fyrir 2/3 úr Miðskála

Jón Sveinbjarnarson

Eigandi að 1/3 úr Miðskála

Eyjólfur Ketilsson

1 Skjal nr. 3 (25).

Eigandi að 1/3 úr Izta-Skála og búandi á hálfri Aurgötu

Gísli Jónsson

Ábúandi á 1/3 úr Izta-Skála og 1/2 Aurgötu

Svb. Jónsson

Eigandi að 1/3 úr Izta-Skála

Sigríður Ólafsdóttir[1]

Árið 1954 fóru fram skipti á landskikum á jörðinni Mið-Skála og 1985 var skipt „brekkum fyrir ofan tún á Mið-Skála jörðunum“.[2] Var það lítið land, mælt í stiku.

Í Mið-Skála virðast hafa verið þrír ábúendur fram að tíma Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en eitt býlið var þá nýlega komið í eyði.[3] Í byrjun 18. aldar eru fjórir ábúendur nefndir á jörðinni en við fasteignamatið 1916 skiptist jörðin í tvö býli, austurbæ og vesturbæ.[4] Síðar á öldinni voru bæirnir þrír (Mið-Skáli I-III). Árið 1949 lagðist Mið-Skáli I í eyði og 1962 var búskapur á Mið-Skála II og III sameinaður.[5]

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Mið-Skáli verið framseldur á venjubundinn hátt og veðsettur.[6]

5.12. Ásólfsskáli og hjáleigurnar Moldnúpur, Rimhús og Björnskot

Eins og fyrr er getið er Ásólfsskáli kenndur við Ásólf alskik Konálsson sem kom hingað til lands á öndverðum landnámstíma.

Í máldaga sem talinn er frá 1179 segir að kirkjan að Ásólfsskála eigi hálft (heima)land. Þar hefur því verið svokölluð bændakirkja. Í máldaganum segir einnig að tíund heimamanna skuli leggjast til kirkjunnar og einnig frá þeim sem bjuggu á Ásólfsskála „inum nerra“ (þ.e. Mið-Skála). Enn fremur kemur fram að frá Ásólfsskála var skylt að syngja messu „til ins yzta asolfs skala“.[7] Í Mið-Skála og Ysta-Skála hafa því verið hálfkirkjur eða jafnvel ekki nema fjórðungskirkjur.

Kirkju er getið að Ásólfsskála í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200.[8]

Þegar máldagi kirkjunnar var gerður 1332, að talið er, hafði kirkjan, sem þá er kennd við Ólaf helga, eignast „gelldneyta afrett j langhanes[9]. vtvogstu j langhanesi ad helmingi vid stadinn j hollti“.[10]

Máldagar frá 1371 og 1570 (Gíslamáldagi) eru efnislega samhljóða hinum eldri að þessu leyti.[11]

Ásólfsskáli var metinn á 60 hundruð samkvæmt jarðabókum 1686 og 1695.[12] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er dýrleiki Ásólfsskála sagður 60 hundruð. Býlið skiptist þá í heimajörðina Ásólfsskála (30 hundruð), Skálakot (10 hundruð), Moldnúp (10 hundruð),

1 Skjal nr. 3 (24).
2 Skjal nr. 1 (18), sbr. skjal nr. 1 (17) (landskiptin 1954).
3 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 71.
4 Skjöl nr. 3 (89 og 90).
5 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 147-148.
6 Sbr. skjöl nr. 3 (153), 5 (175-177, 217-219). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 147-148.
7 Skjal nr. 5 (1).
8 Skjal nr. 5 (37).
9 *lauganes* stendur í einu handriti máldagans.
10 Skjal nr. 5 (3).
11 Skjöl nr. 5 (6) og 5 (39).
12 Björn Lárusson 1967, s. 88.

Björnskot (5 hundruð) og Rimahús (5 hundruð). Skálakot og Moldnúpur lágu „skamt frá heimajörðunni“ en Björnskot og Rimahús lágu „útí högum jarðarinnar“. Þrír ábúendur eru nefndir á sjálfri heimajörðinni.[1] Þessar sömu jarðir eru tilgreindar í Jarðatali Johnsens 1847 með óbreyttum dýrleika.[2] Í Nýrri jarðabók 1861 er Ásólfsskáli metinn á 26,61 hundrað, Skálakot á 16,63 hundruð, Moldnúpur á 11,64 hundruð, Björnskot á 8,64 hundruð og Rimahús á 6,32 hundruð.[3]

Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 er komist svo að orði að beitilandið sé „fremur víðlent og skjólgott og gott til sumarbeitar, vetrarbeit fremur létt. Fremur erfið smalamenska“. Beitilandið var þá í óskiptri eigu jarðanna Ásólfsskála, Skálakots, Moldnúps, Björnskots og Rimahúsa.[4]

Landamerki Ásólfskála voru lengi ágreiningsefni milli ábúanda jarðarinnar og staðarhaldarans í Holti. Í júlíbyrjun 1680 var lesin upp í lögréttu samantekt 12 manna vegna landamerkjaágreinings milli Holtsstaðar og Ásólfsskála. Þar kom fram að séra Oddur Eyjólfsson að Holti taldi sér ekki heimilt að leggja land kirkjunnar undir dóm og vísaði til bréfs Kristjáns konungs 3. og fleiri tilskipana konungs um „að kirkjunnar góz ei undir lög leggist fyrir utan kongl. majestats samþykki“ (sjá kafla 5.13.).[5]

Hinn 24. apríl 1850 var haldin samkoma og gerð áreið á landamerkin milli Holtsstaðar og bændaeignarinnar Ásólfsskála (austasta skála) „til þess ad semja og fastsetja, hvörnig mörkin hér eptir skuli haldin verda, hvar þau voru ordin óglögg og nidurfallin“. Niðurstaðan var þessi:

> Eptir fornum skilríkjum og vitnisburdum frá 17du öld, sem menn í höndum hafa, áttu landamerkin ad vera þessi: úr þúfu á bakkanum fyrir sunnann Þurraskurd, sjónhending (í vestur átt) í þúfuna á ofanverdum Narfahólme. Þadan og í Rimahús (en þad er nú 5. landamerkjahóllinn sem er fyrir vestan Rimahús í túninu) aptur úr þúfunni fyrir sunnann þurraskurd (í austur landnordur) skári og hálfskári fyrir sunnan Stebbakot í þúfu fyrir ofann Stekkjar Grund. – var þessi sjónhending og þúfa midud vid Njóladal í Holtsnúp. – úr þessari þúfu skildi taka sjónhending (til landnordurs) í Grettirshaf á Fosshólum í Skálaheidi. átti sú sjónhending ad ráda ad ánni (Holtsá) sem þá hafdi vissann farveg, enn áinn sydan inn eptir dalnum og í fjöll upp.
>
> Þar ed þúfan á Narfahólma er nú fyrir laungu töpud og líklega afbrotinn af Rimhúsaál, og fáir nú á dögum vita hvar Narfahólmi hefur verid, því ekkert pláts þar nálægt er nú svo nefndt – líka, ad þúfann fyrir ofan Stekkjar Grund (nú Efstu Grund) var þegar 1660 töpud vegna vatna yfirgángs, svo einginn sem nú er á dögum veit, hvar hún hefur stadid, enn af því hún hlítur þó ad vera hornmark, og þá líka ad vera viss, þá var vid áreidina nákvæmlega adgjætt frá þúfunni fyrir sunnann þurraskurd stefnulínann sem liggja á skára og hálfskára fyrir sunnann Stebbakotshól og bar þá sjónhendingu nordarlega í Holtsrjett, sem stendur í Njóladal, þessari stefnu áframhaldid austur eptir á þad svædi uppundan Efstu Grund hvar landamerkjaþúfan skildi fordum hafa stadid, og sídan samid um, ad hún skuli hjer eptir vera einmidt þar sem Grettirshaf ber í svart gjögur í innannverdum Tvöfölduhömrum í Skálaheidi, enn þad er þar sem innsti lækurinn fellur ofan af innannverd‹r›i tvöföldu hamrahillu – úr þúfunni á ad taka sjónhendingu í Grettishaf og á sú bein stefna ad ráda, þángad til ad Hesteyra af Grettishafi vakir vid Hraun, sem er fyrir framan þad og nedann. Enn frá þeim stad á aurnum hvar Hesteyra vakir af Grettishafi (hvar Holtsá audsjáanlega hefur runnid ad undanförnu, þó hún nú á þessu tímabili renni fram med Holtsnúp) skal taka sjónhendingu í ána, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu nedan vid svonefnda gildru, og rædur áinn sýdann inn eptir, og loksins kvíslinn sem er fyrir austann Skálatungur, til Jökuls.

1 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 68.
2 Skjal nr. 5 (44). Í *Jarðatali Johnsens* 1847 er Björnskot nefnt Bjarnarkot.
3 Skjal nr. 5 (45).
4 Skjal nr. 3 (89).
5 Skjal nr. 5 (75).

Líka var ridid út á Rimhúsaálsbakkann þar sem menn hafa gamallra manna sögn fyrir ad Narfahólmi muni verid hafa, enn þad er þar á Bakkanum, sem saman koma eingjamörk frá Holti, Varmahlíd og Rimahúsum, bar þá þúfuna fyrir sunnann þurraskurd vid Holtsrjett, þar sem ádur er sagt, á hina sýduna bar þá líka 5. landamerkjahólinn, sem er fyrir vestann Rimahús – og sem lambhúsinn þadan standa á – (og eingin tvímæli leika á ad hafi verid fornu Rimahús) í Nónstein sem er nedan undir Nóntorfu – er þad torfa sú, sem liggur utust nidur frá hömrunum austan í Hvammsnúp, þar sem skugginn kemur í fjallid, og fer vaxandi ad lidnu hádegi, þegar sólskin er – og skal þetta mark og Mid gilda á milli eingjanna frá Holtsstad og frá Rimahúsum, og því líka vera landamerki, og er þad hid sama og fyrrum var, nefnilega stefnann úr þúfunni í Narfahólma í Rimahús, sem þá voru.

Þessi hér greind og tiltekinn landamerki höfum vjer undirskrifadir ordid ásáttir um, ad hjer eptir skuli haldinn verda í fullu gildi og standa óröskud á milli Holtsstadar og Ásólfsskála, fyrir alda og óborna, hvörju til sanninda merkis vjer ritum hjer undir vor nöfn.[1]

Undir landamerkjalýsingu þessa rita nöfn sín séra Þorvarður Jónsson prestur í Holti, Hjörleifur Jónsson vegna Ásólfsskála, Páll Sigurðsson hreppstjóri í Fljótshlíð og Einar Sighvatsson hreppstjóri í Eyjafjallahreppi.

Í þessu sama skjali er greint frá því að 1. maí 1853 hafi verið hlaðin upp þúfa „uppundan Efstu Grund í stefnulínunni sem liggur Skára og hálfskára fyrir sunnann Stebbakot í rjettina í Njóladal og sem sýdann skal taka úr sjónhendingu í Grettishaf".

Í lokin er gerð svofelld athugasemd:

Þess má geta, ad þegar frá hérgreindu landamerki er midad, svokallad grettishaf á Fosshólum í Skálaheidi vid Eyafjall í Hájökul nedanverdt, þá ber þad einmidt þar vid sem árkvísl sú er fellur í Holtsá ofan gilid sem er á milli Holts Lambatúngna og Skálatúngna, kjemur úr Jöklinum.

Grettishafi er í skjalinu lýst á þá leið að það sé

ákaflega stór steinn sem stendur á ávalri Hraunklöpp og er ein steinskorda undir honum ad vestannverdu, þó hann sje nú svo á sig kominn, ad lítt þiki hræranlegur, verda menn þó ad hugsa, ad hann sje þar settur af mannavöldum sem hann er og ad þeir hafi þar þannig frá hönum geingid.[2]

Landamerkjabréf Ásólfsskála var undirritað 17. maí 1890. Það er á þessa leið:

Landamerkjaskrá fyrir heimajörðina Ásólfskála, sem er hálf kyrkjueign enn hálf bændaeign, ásamt hjáleigunum Skálakoti, Moldgnúp og Rimhúsum og Björnskoti.

Á eina hliðina móts við Ystaskálaland er marklínan bein stefna úr Rimhúsa fjárhúsum á stein á Lónsbökkum og úr þeim steini bein stefna í þúfu á bakkanum vestan við Blöndukíl; því næst, móts við Miðskálaland úr nefndri þúfu vestan við Blöndukíl bein sjónhending í þúfu á merkigarðinum á Miðskálabökkum; þaðan er bein sjónhending í Miðskálaá, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu milli brekknanna; svo ræður áin í gljúfrinu marki allt til jökuls austan við Miðskálatungur.

Á aðra hlið móts við Holtsland er marklínan úr áðurnefndum Rimhúsafjárhúsum í vörðu á vestari bakka Rimhúsaáls; síðan úr þeirri vörðu er markið bein lína sunnanvert við svonefndan Stebbakotshól

1 Skjal nr. 3 (58).
2 Skjal nr. 3 (58).

í stóra steina fyrir ofan Efstugrund; þaðan sjónhending í Grettishaf á Fosshólum, og ræður sú sjónhending allt upp að brekku; síðan er markið inn með brekkunni allt í Holtsá; svo ræður áin inn í jökul.

Jörðinni fylgir afréttarlandið Almenningar hlutfallslega við aðrar jarðir, sem þeir fylgja líka.

Fyrir Holtslandi á Ásólfskálatorfan reka innan þessara marka: að austan á Björnskot að bera í útidyr suðurbæjarins á Ystaskála. Að vestan á Björnskot að bera í Dagteigsgil í túni vesturjarðarinnar á Ásólfskála.[1]

Undir bréfið ritar Kjartan Einarsson, prestur í Holtsprestakalli. Eftirtaldir menn samþykkja það: Ketill Eyjólfsson fyrir 1/3 Ásólfsskála, Jón Einarsson og Guðmundur Jónsson fyrir Skálakot, Grímur Guðmundsson fyrir Moldgnúp, Snorri Jónsson og Eyjólfur Kjellsson (Ketilsson?) fyrir Björnskot, Jón Guðmundsson fyrir Rimhús, Einar Jónsson og Jón Einarsson fyrir Ysta-Skála, J. Hjörleifsson fyrir Mið-Skála og Sighv. Árnason fyrir 2/3 Mið-Skála.

Landamerkjabréfið var upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí sama ár.

Af jörðum þeim, sem fyrr er getið á Ásólfsskálatorfunni, eru Björnskot og Rimahús komin í eyði. Á Mið-Skála var tvíbýli árið 1709 og þar var löngum þríbýli, jafnvel fjórbýli, en nú er aðeins búið í Mið-Skála II og III. Í Ysta-Skála hefur alllengi verið þríbýli en hjáleigan Aurgata, vestast í túnfætinum, er komin í eyði.[2]

Í landamerkjabréfinu 1890 er tekið fram að jörðin sé kirkjueign að hálfu. Þannig er jörðin einnig skráð í afsals- og veðmálabók.[3] Í fasteignamati 1916 er því þó haldið fram að ¾ jarðarinnar séu kirkjueign.[4] Af eldri heimildum verður þó ekki annað ráðið en að jörðin hafi lengst af verið bændaeign.[5]

Árið 1948 fóru fram landaskipti á Ásólfsskálatorfu og voru mörk ákveðin sem hér segir:

Landamerki Björnskots:

Mark er sett við Miðskálamörk 285 metra fyrir ofan núverandi Björnskotsgirðingu. Þaðan bein lína í mark sem sett er við Holtsmörk 480 metra frá girðingu í Björnskoti, sem liggur frá túninu austur í Holtsmörk.

Landamerki Rimahúss:

Úr fyrnefndu hornmarki Björnskots við Holtsmörk, bein lína upp að þjóðvegi í mark sem þar er sett 500 metra vestur frá Holtsmörkum. Síðan ræður þjóðvegurinn að Holtsmörkum. Land þetta er þríhyrna.

Landamerki Moldnúps; með ¼ úr Skálakoti:

Frá beygju á túninu suðvestur af Moldanúpsbæ í mark sem er 10 metra vestur af heimreiðarhliðinu. Þaðan bein lína í mark sem sett er suður við Holtsmörk 50 metra ofan við girðingarhornið við þjóðveginn. Þaðan ráða Holtsmörk uppað fjalli.

1 Skjal nr. 3 (26).
2 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 142-149.
3 Sbr. skjal nr. 5 (163) og skjal nr. 1 (1) (landskipti 1948).
4 Skjal nr. 3 (89).
5 Sbr. t.d. skjal nr. 5 (44) (*Jarðatal Johnsens* 1847).

Landamerki Skálakots að ¾:

Frá horni á girðingunni neðan við Skálatún bein lína í mark sem sett er á aurunum vestan við Fosslæk. (Markið við Fosslæk er sett þar sem lína frá því sker Miðskálamörk í rjettu horni 668 metra frá þjóðveginum.) Úr þessu marki við Fosslæk bein lína yfir lækinn í mark sem sett er við þjóðveginn 250 metra austur frá Miðskálamörkum. Síðan ræður þjóðvegurinn að Holtsmörkum og þá Holtsmörk að áðurskráðu marki frá Moldnúpi.

Landamerki Ásólfsskála:

Frá áðurskráðri vesturtakmarkalínu Skálakotslands á Ásólfsskáli allt land ofan þjóðvegar vestur að Miðskálamörkum, og er land þetta að stærð 46.57 ha.

Enn fremur kemur í hlut Ásólfsskála land sunnan þjóðvegarins, að flatarmáli 35.66 ha., og takmarkast það að norðan af þjóðveginum. Að vestan af Miðskálamörkum. Að sunnan af Björnskotsmörkum og að austan af Rimahúsamörkum. Að öðru leyti sem tekið er fram sem landamerki allra ofannefndra jarða vísast til meðfylgjandi uppdráttar af landinu, þar sem allar framanskráðar merkjalínur eru færðar inn með rauðum lit. Skiptunum það [svo í hdr.] með lokið.[1]

Eins og áður hefur komið fram var þríbýli á Ásólfsskála þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð í byrjun 18. aldar og virðist sem ábúendur hafi síðan ýmist verið tveir eða þrír á jörðinni.[2] Tveir ábúendur eru nefndir í jarðamati 1802 og einnig 1916 (Ásólfsskáli austurbær og vesturbær). Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins 1890 hafi Ásólfsskáli verið framseldur á hefðbundinn hátt og veðsettur.[3]

5.13. Holtshverfi

Holts er getið í Landnámabók en þar bjó Þorgeir „hinn hǫrzki“ Bárðarson.[4] Kirkja var í Holti um 1200 þegar Páll biskup Jónsson lét gera skrá yfir kirkjur í biskupsdæminu.[5]

Í elsta máldaga Holts, sem talinn er frá um 1270, er tekið fram að allra heilagra kirkja í Holti sé „staður“ hún eigi heimaland allt og að auki

varmarlid [Varmahlíð], vallu [Völlu, Velli] og gerdar og gardzhorn med ollum fiorum þeim sem þar fylgia enn þad eru. xx hundrat half [synztu vestur-hollta][6] fiara, half huammfiara er liggur fyrir backa. enn þad eru ix tigir fadma hins fiorda hundradz: her fylger og langanes hælft med grasnautn og vtuoxtum at þui sem alþingis domur dæmde…

Her fylgia einuirdis: vij skogar. j þorsmork j staung gamla nautur gatna skogur og loptz nautur lækiar skogur og tungur. inn j gil fra hofda skogi ij a askerstadum saudungs nes allt med vtvogstum allum: vndir saudungs hamrum: og saudungs hamrar. Her fylger xxx: sauda hofn j vestur hollte og fa skædi med stodhrossa hofn vetur og sumar fyrer vtann sandlæk. hundradz lamba hofn i langafell.[7]

1 Skjal nr. 1 (19).
2 Sbr. skjöl nr. 3 (90): jarðamat 1802 (tveir ábúendur) og 3 (89): fasteignamat 1916 (tveir ábúendur). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 146-147.
3 Sbr. skjöl nr. 3 (148-152) og 5 (91, 163, 164). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 146-147.
4 *Landnámabók* 1986, s. 342.
5 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 6.
6 Orð í hornklofa eru með ýmsu móti í handritum. Í máldaga, sem talinn er frá 1332, stendur „halfva synztu vesturhollta fioru“ (skjal nr. 5 (3)).
7 Skjal nr. 5 (2). Við langafell hefur útgefandi Fornbréfasafns þessa athugasemd neðanmáls: „Lambafell (nú)?“

Í máldaga, sem talinn er frá 1332, eru eignir kirkjunnar tíundaðar skilmerkilegar. Auk fyrrgreindra jarða og fjöru og kirkjugripa voru eignir kirkjunnar þessar:

Kirkian a sio skogar teiga j þorsmork.

j stong.

gamla nautur.

gatna skogur.

loptz nautur.

lækiar skogur oc tungur inn j gil fra hofda skoghe.

ij a akstodum.

saudungsnes allt med vtvoxtum ollum vndir saudungs homrum oc saudungs hamra.

nautta rett[1] or hollte oc vtlondum j langanes.

vtvoxtu halfva firi ollu langhanesi.

c lamba afrett j lambafell.

xxx sauda hofn j vesterhollt.

xl. lambgymbra beit j hrutholma.

stodrossa hofn vetur oc sumar. firi vtann sanndlæk.[2]

Í jarðabók 1686 er Holt ekki metið til dýrleika enda jörðin staður og hvorki greidd af henni tíund né landskuld. Á sama tíma var Varmahlíð metin á 33 hundruð og 80 álnir (miðað við landskuld) og Ormskot á 20 hundruð. Í jarðabók 1695 er Holt talið 30 hundruð að dýrleika, Varmahlíð 16 hundruð og Ormskot 10 hundruð.[3] Fleiri jarðir voru þá eignaðar Holti en Varmahlíð og Ormskot, þ.e. Svartbæli, Vallatún, Gerðakot, Vesturholt og Nýibær. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er haft fyrir satt að jörðin sé talin 50 hundruð að dýrleika. Jörðin átti fjallhaga sem vatn og skriður höfðu spillt. Jörðin var því hagaþröng og þurfti að kaupa hagagöngu fyrir fé vetur og sumar að ábúendum Ásólfsskála.[4] Frá Holti voru 11 hjáleigur. Þær nefndust Hellnahöll, Glóra, Einarskot, Harðivöllur, Brenna, Lækjarbrekka, Efstakot, Efrigrund eða Stekkjargrund, Syðrigrund eða Borgargrund, Árbakkar og Fornasel. Þrjár síðastnefndu hjáleigurnar voru þá komnar í eyði.[5]

Við jarðamat 1802 var Holt talið 50 hundruð að dýrleika. Kirkjunni var eignaður rekaviður og

1 „nauta afrett vr Hollti“ stendur í máldaga kirkjunnar frá 1553 (skjal nr. 5 (36)) og „nauta affriett vr Holltte“ í máldaga kirkjunnar frá um 1570 (skjal nr. 5 (39)).

2 Skjal nr. 5 (3).

3 Björn Lárusson 1967, s. 88.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 62.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 63-67.

einnig afréttur og skógur án þess að tilgreina nánar hvar þessi hlunnindi („Herligheder“) voru.[1] Dýrleiki jarðarinnar er einnig sagður 50 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847. Þar eru taldar upp sjö hjáleigur frá Holti: Indriðakot, Efstakot, Hellnahóll, Brenna efri, Brenna syðri, Efrigrund og Syðrigrund. Að auki eru nefndar þrjár kirkjujarðir Holts: Ormskot, Vallnatún og Gerðakot.[2] Í Nýrri jarðabók 1861 eru jarðirnar þrjár lagðar að jöfnu við hjáleigurnar svo að alls verða þær tíu. Samkvæmt nýju jarðamati var Holt 45,57 hundruð að dýrleika og með hjáleigunum 175,9 hundruð.[3]

Árið 1650 lögfesti séra Þorsteinn Jónsson Holtskirkju tilteknar eignir í föstu og hlunnindum og virðast þær að mestu hinar sömu og tilgreindar eru í máldögunum. Landamerkjum er þar ekki lýst.[4]

Í vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar er líklega elsta lýsing á landamerkjum Holts. Lýsingin er frá 1660. Í fyrstu er gerð grein fyrir eignum kirkjunnar í samræmi við eldri máldaga og öðrum eignum sem síðar komu til. Því næst segir:

> Landamerki Stadarins ad austann átölulaus er Merkis Gil, ur Gilinu og j Gardin sem fyrer nedann stendur, sem kalladur er Merkisgardur. Rædur sa Gardur sudur j Fiörumörkinn em er Hnukurinn á Midskálaegg sem vatna á vid Holtznup. Enn ad vestan Þufan j Þurraskurdi átölulaus. Skal þar á Backanum takast Sióndeiling ur þ[eir]ri Þufu j vestur Átt og so j Narfahólma. Ur Narfaholma og j Rimahus. Enn á eystri Sídu ur ádursagdri Þufu á Backanum fyrer sunnann Þurraskurd var haldin Skári og hálf Skæri fyrer sunnann Stebbakot. Þadann Sióndeiling [þ.e. sjónhending] tekin j Þufu þá er stód fyrer ofann Steckar Tunid sem þá var frá Hollti. Hvör Þufa nu er burt sakir Vatnagángs. Enn j stadinn samanlagdir fimm Steinar. Þadan Sjónhending tekinn uppi Grettershaf á Fosshólum j Skálaheidi. Hafdi þá Holltsá vissann Farveg og nær su Sióndeiling ad sunnann j Grettershaf var kominn að Ánni. Átti þá Áin ad ráda ur því jnn effter Dalnum. Þetta hefur borid Jón Sigurdsson hreppstiórnarmadur under Eyafiöllum og Fridur Jónsdotter. Datum Vitnisburdarins Holti 24 Maij 1660.[5]

Tveimur árum eftir þennan vitnisburð var tekinn fyrir á alþingi ágreiningur milli Holtskirkju og Ásólfsskála um „vafaland“. Þrætulandinu er ekki lýst nánar enda taldist málið tæplega dómtækt því að samkvæmt forordningu Kristjáns konungs 3. var óheimilt að leggja góss kirkjunnar undir dóm nema með samþykki yfirvalda. Lögþingismennirnir töldu því rétt að vísa málinu til biskups og fógetans „til góðrar úrgreiðslu“ svo að unnt yrði að útkljá málið með friðsemi og kirkjan fengi þess að njóta sem henni bar, „með því og, að allvíða um þetta land er svo ástætt, að bændur þykjast stórum vanhaldnir, sem lönd á móti kirkjum og kongsjörðum eiga, ef ei fást kann, að þvílíkar þrætur með lögum og dómi fyrir yfirvaldsins samþykki niður setjist, þá þess þar um leiða verður“.[6]

Árið 1676 dæmdi Gísli Magnússon sýslumaður og sex meðdómsmenn um óleyfilega brúkun skóga Holtsstaðar. Þar segir m.a.:

> Innann þeirra takmarka sem Holltz Kyrkiu Mäldagi, umm getur hvar uppa Syslu Madurenn og Döms Menn andsvörudu ad þeim sÿnest ongvann Veigenn lÿdanlegt þuílyk Brukun og oheimilldar Adtekt helldur sækest til löglegra Secta, sem þar til hlyder.[7]

Jón biskup Vídalín minntist ekki á landamerki í vísitasíu sinni 1704 en gerði nákvæma grein fyrir eignum kirkjunnar, m.a. skógarítökum:

---

1 „Drivtömmr, som falder for Gaardens Land, tilhörer Kirken her, ligesom Afretter og Skov-Itake“ (skjal nr. 3 (90)).
2 Skjal nr. 5 (44).
3 Skjal nr. 5 (45).
4 Skjal nr. 3 (74). Sbr. einnig skjal nr. 3 (75) (lögfesta séra Þorsteins Oddssonar 1741).
5 Skjal nr. 3 (35).
6 Skjal nr. 5 (75).
7 Skjal nr. 3 (80).

Epter Medkenningu Sr Sigurdar Einarssonar hvoria Presturin Sr Jon Torfason frammlagde á Kirkian þessa Skóga og Itök, Völlu er liggia nordur fra Næfurhollte, Lángafell so langt framm sem Skoge er vaxid austan til. Melfell er liggur i landnordur fra Næfurhollte, Skog hia Stapa:/ sem adur er umgeted/: svo langt sem Skoge er vaxed framm ad Utisaudagia og Skogur inn fra er kollud er Mariutunga sem liggur i millum Gilianna. Jtem tvær Skogar Topter hvora hia annarre fÿrer framan Falljökul, svo langt ofan sem Sliettan tekur vid. Jtem Skogartóptt i Langadal framanverdum, fÿrer vestan i Dalnum inn ad Breckum ad Hlídarenda Skogi og fram á Hálsin. Jtem Skóg i Rietta Felle. Jtem litla Skogartoptt fÿrer jnnann Kÿle, upp under Jökulinn og eru þesser Skogar nu sagder nærre eidder. Epter Dómj Nikulasar Biörnssonar geingnum 1578, er Erasmus Villa‹d›sson var Stadarhalldare ad Breidabolstad, a Kirkian Godalands Afriett.[1]

Séra Þorsteinn Oddsson tíundar einnig skógarítök og aðrar eignir Holtskirkju í lögfestu sinni 1741 en lýsir ekki landamerkjum. Það gerir hins vegar Ólafur Gíslason í vísitasíu sinni 1752:

Þesse eru Stadarens Landamerke; ad austann er Merkisgil, ur Gilenu og i Gardenn sem fyrer nedann stendur, sem kalladur er Merkisgardur, rædur sá Gardur sudur i Fiörumörkenn, sem er Hnukurenn á Midskala Egg, sem vaka á vid HolltsNup. Enn ad verstannverdu Þufann i Þurraskurde átölulaus, skal þar á Backanum takast Sióndeiling ur þ[eir]re Þufu i Vesturátt og so i Narfa Hólma, og i Rimahus. Enn á eystre Sÿdu ádur sagdre Þufu á Backanum f[yrer] sunnann Þurra Skurd er Skáre og Hálfskiære halldenn[2] f[yrer] sunnann Stebbakot. Þadann Sióndhending tekenn i Þufu Nockra, sem skal hafa staded fyrir ofann Steck‹i›artuned, sem ádur var frá Hollte. Hvör Þufa nu er burtu vegna Vatnagángs. Jtem þ[eir]r 5. Steinar sem i hennar Stad lagder voru. Þadann Sióndhending uppi Grettershaf á Fosshólum i Skálaheide, og þegar so er komed ad Hollts Á, rædur hun inn epter Dalnum. Framar á Kyrkiann Land allt med Sióndum frá Steinamörkum vestur ad Sandamörkum, hvör Merke millum Sanda og Nÿa Bæar eru Sandlækur sem ádur hefur vered rennande, enn sÿdann hann þraut hafe þad vered kallad Slÿlækiar Mynne, þadann uppi gamla Steckiartúned á Söndum og Hrafna Biörg. Landamerke millum Vesturhollts, Efra Hollts og Holltsstadar, Sefpollur og i Skálarrimahus og i openn Flautahellir, hvör Skálarrimahus eru nu þau gömlu Rimhús köllud, og su þyfda Hæd sem stendur hier um freka 80 Fadma til utnordurs frá þeim nu bigda Rimhusa Bæ, og eiga sömu gömlu Rimahus ad vera Horn Mark Hollts Kyrkiu Landz so ad hun eige hvörki leingur vestur nie nordur á þá Sÿdu. Enn ur gömlu Rimahusum á Hollts Kyrkia med riettu sem ádur er geted Sióndhending i ofannverdann Narfahólma, og adskiliest so her med Hollts Kyrkiu og Austasta Skála Landeigner effter Dome Sysslumansens Þorsteins Magnussonar af Dato 3. Junii 1745. Fiörumöreknn á vestare Sÿduna eru austasta Hused sem þá var á Söndum og i lánga Setberg /: meinast ad Sandar hafe þá austar og ofar staded sem nu eru Fornu Sandar:/Þesse Landamerke eru ut dreigenn af Mag. Brinjolfs Sveinssonar Visitatium 1641 og 1662. Jtem hiergreindum Dóme Sysslumansens S[r] Þorsteins Magnussonar.[3]

Í maí 1755 var haldið dómþing til að skipta skógum í Langanesi sem umráðamenn Holts- og Stóradalskirkjur gerðu tilkall til auk umráðamanna Eyvindarhóla-, Steina- og Miðbæliskirkna og jarðanna Austastaskála, Stóru-Merkur og Eyvindarmúla. Í niðurstöðu dómsins segir m.a.:

Landþingsskrifarenn Seigr. Sigurdur Sigurdsson og prófastr Sra Sigurdr Jónsson begjerdu þvínærst ad skifte væru ámillum Hollts kirkiu og Stóradals, skógnum i Lánganese eptir sérhvörs átölulausum tilkallsriette, ikrafte af þeirra i höndum hafande máldögum og Documentum.

1 Skjal nr. 3 (38).
2 *haldenn* undirstrikað, líklega til tákns um yfirstrikun.
3 Skjal nr. 3 (42).

Nefnilega Hollts Kirkiu Helmíng Skógar i öllu Lánganesi. Enn Stóradal Þridiúng Skógar í sama Nesi, svo hvör meige nióta sins útaf fÿrir sig. Hvad og hérmed af Rjettinum sameginnl. eptir gjörda Athugan, Skodan og Ÿfirreid, svol. gjörist – ad Holltskirkiu skiptist allur Skógur itakalaust frá Saudár – allt innad svokölludum Steinaskóge. – Enn allur Skógur þadann ifrá hvar Hollts Kirkju Skog sleppir allt inn og upp til Falljökuls skal tilheÿra Stóradal ad frátekinne Múla Skridu – edur Breidu-Skridu, sem Múle hefur sér bevisad, samt Skálahól, sem Ásolfsskála er tilstadinn og Midbæliskirkiu Skógarteigum, hvörier þo sosem annad Lánganes óvíst og óskipt Skógarpláts áliktast meirenn til Helminga forgeingnir. Svo er og hérmed óspilltur allra þeirra Réttur er fleire Itök géta sér löglega bevisad, i firrgreindum efra og innra Helminge Langaness sem Stóradal er tileinkadur. – Enn ef Itökenn öll verda meire enn einn sjötte Partur alls Lánganess þá hlítur þad eftir riettri Tiltölu ad uppinnast til Stóradals af Hollt Kÿrkiuhluta og Helmingi.[1]

Frá þessum tíma eru varðveittar nokkrar lögfestur þar sem landamerkjum Holts er lýst. Hin elsta þeirra er frá 1745:

Jeg Sigurdur Jonsson [prestur] logfeste hier effter skrifada Eign Holltskirkiu under Eiafiöllum Tun hennar og Eingiar Haga Vötn Reka og Skoga og allar Landsnitiar sem hun á og henne filgt hafa ad Fornu og Nÿu. Heimalandeign Kirkiunnar i þesse tiltekinn Landamerke, ad austann i Merkisgil, ur Gilenu i Gardenn sem þar firir nedann stendur og kalladur Merkegardur, enn ad vestann ur Sefpolle i Rimahus, nu köllud, effter þvj sem eg heire af her innlendum Mönnum þau fornu Rimahus, ur Rimahusum i ofannverdann Narfahoolma, enn úr Narfaholma þangad sem Þufann stod á Arbackanum vid Þuraskurd. Þadann Skare og Halfskiærie firir sunnan Stebbakot, so i þ[úfuna][2] firir ofann Steckiargrund, þadann Sionhending i Grettirshaf a Fosshoolum á su Sionhending ad rada ad Ánne. Enn Áenn ur þvj inn effter Dalnum, firibÿd eg hvörium Manne adurskrifad Holltskirkiuland jnnann tiltekinna Tak Marka sier nita, slá, beita, skera, edur nockra ologlega Brukun i ad hafa under þær Sekter sem Lög ákveda, nema mitt se Lof edur Leife. Under somu Grein lögfeste eg greindrar Holltskirkiu Jarder, Vesturhollt, Niabæ, her innann Soknar og halft Svarbæle lig‹g›iande i Steina Kirkiusokn til ydstu Merkia þejrra er adrar [nær?] liggiande Jarder i móte eiga. Til Merkis [mitt] underskrifad nafn ad Hollte D. 15 Maii [1745] Sigurdur Jo[nsson].

Hier firer framan skrifud Lögfesta var vpplesenn vid Holtskyrkiu öllu Soknarfolke áheyrande þann 4 Sunnudag epter Páska Anno 1745. Þad vitnum vier vnderskrifader

Gunnar Eÿnarsson Þorlakur Gudmundsson.[3]

Ári síðar gaf séra Sigurður Jónsson út aðra lögfestu um eignir og ítök Holtskirkju:

Eg Sigurdur Jons Son Prestur ad Holltz Stad logfeste hier j Dag effter skrifada Eign Holltz Kjrkiu under Eigiafiöllum, Tún hennar og Eingiar, Haga, Vötn, Fiörur, Reka og Skóg[a] og allar Landznitiar sem hún á og henne filgt hafa ad fornu og Nÿu. Heima Landeign Kirkiunnar j þesse til tekenn Landa Merke: Ad austann j Merkesgil úr Gilenu j Gardenn sem þar fyrer nedann stendur og kalladur er Merkez Gard[ur]. [E]nn ad vestann úr Sefpolle j Ryma Hús so ad Flauta Heller bere j þ[a]u, úr Rima Húsum j ofann verdann Narva Hólma, [e]nn úr Narva Hólma þángad sem þufann stód á Arbackanum vid Þurra Skurd. Þadann Skáre og Half Skiære fyrer sunnan Stebba Kot j Þúfuna fyrer ofann Steckiar

1 Skjal nr. 3 (87).
2 Hér og annars staðar þar sem hornklofi er hefur rifnað úr handriti.
3 Skjal nr. 3 (76).

Grund, þadan Sjó[n]hending j Gretters Haf á Foss Hólumm, á sú Sioonhending ad ráda ad Anne, enn Áenn úr þvi jnnepter Dalnum. En þesse eru þau Skógar Platz og Jtök sem Holltz Kirkia á effter Máldaganumm: Langa Nes halft og Grauta med Útvöxtum siö Skógarteigar j Þórs Mörk, j Staung Gamla Nautur, Gatna Skógur, Lofftznautur, Lækiar Skógur og Túngur jnn j Gil fra Höfda Skóge tveir á Aksstödum, Saudungs Nes allt m[ed] Utvögstum öllumm under Saudungs Hömrumm og Sa[u]dungs [Ha]mara, Nauta Afriett fra Hollte og Út Löndum j Langa [Ne]s, Útvögstu halfa fyrer öllu Langa Nese, Hundrad Lamba [Afri]ett j Lambafelle…Thil Merkez er mitt underskrifad Nafn ad Hollte þann 12 Maij Anno 1746 Sigurdur Jonsson.

Framann og ofannskrifud Lögfesta var upplesenn fyrir Riettenumm a Hollts Manntalsþynge Dag 12ta Maj 1746 Testera Thorsteirn Magnusson Magnus Brandsson Jon Jsleifz Son.[1]

Á næstu árum (þ.e. 1749, 1751 og 1757) komu fleiri lögfestur frá séra Sigurði Jónssyni. Allar eru þær töluvert skertar í handriti en af því sem séð verður ber þeim saman við lögfestuna frá 1746.[2]

Lögfesta séra Árna Sigurðssonar í Holti 23. maí 1801 virðist hafa það helst umfram eldri lögfestur að lýst er af meiri nákvæmni en áður hvar eign kirkjunnar í Langanesi var og einnig skógarteigarnir í Þórsmörk:

hálft Langanes að framanverðu inn þangað, sem kallast Steinalágar eður Steinaskógar; Sauðhungsnes alt undir Sauðhungshömrum og Sauðhungshamra; sjö skógarteiga á Þórsmörk: Gamalnaut, Gatnaskóg og Loptsnaut, sem mér hefir verið hermt eptir eldri mönnum, að væri skógarplázin á mörkinni, Litliendi og Stóriendi svokallað, Lækjarskóg, sem nú kallast að sögn manna Hamraskógar, og Tungur inn í gil frá Höfðaskógi.[3]

Brynjólfur Sívertsen, prestur í Holti, lögfesti eignir Holtskirkju 17. maí 1825 og lýsti um leið þá landamerkjum jarðarinnar:

Landamerke ad austann, effter Forneskiu, í Merkegil, ur Gilenu í Gardenn sem þar fyrer nedannstendur, og kalladur er Merkesgardur. Enn ad vestann ur Sefpolle i Rimahús (væntannlega þaug gömlu) so ad Flautahellir bere í þaug ur Rimhusum í Narfhólma. Enn úr Narfhólma í Þúfuna vid Þurra Skurd, þadann Skára og Hálfskjære fyrer sunnann Stebbakot. So í Þufuna fyrer ofann Steckiargrund. Þadann Sióhending í Grettishaf á Fosshólum.[4]

Síðar í lögfestunni gerir presturinn grein fyrir skógarlöndum kirkjunnar með merkjum:

Á Þorsmörk ad vestann, frá því komed er uppa HúsadalsBruner vestur ad Fliótenu, og so lángt ínneffter, þángad til Þröngá rennur ofann í þad, so lángt med henne, þángad til kemur Tinfiall[a?]gil. Ad austann fyrer framann Svýnatúngur, og þettad allt Pláts upp under Hamre þeim meigenn so lángt Skógur vex. – Austann á mote Mörkenne frá Lángadal edur Höfda Skóge, allan Skóg upp og nidur allt ad Gilinu fyrer innan Staung. – Hier ad auke hálft Lánganes ad framannverdu inni Steínalágum sokölludum, item Saudhungs-nes undir Saudungs Hömrum, og Saudhúngs Hamra í fylge af Areydar Dóme Sislumanns sal[ug]a Th. Magnussonar, gengnum þann 24da Maii 1755. – Hvert miked edur lited

1 Skjal nr. 3 (76).

2 Skjal nr. 3 (76). Sbr. skjal nr. 3 (81) sem er lögfesta Sigurðar Jónssonar fyrir Þórsmerkurskógum 1772 og skjal nr. 3 (112) sem er úr dóma- og þingabók 1787-1792 en þar er þess getið að upplesin hafi verið „Logfesta fyrer Skogar Eign og Itökum á Þorsmörk Holts Kyrkiu tilheirande frá Profastenum Sr. Paule Sigurssyni í Holte“.

3 Skjal nr. 3 (77).

4 Skjal nr. 3 (78).

> Skógarland, sem allt þetta á nærverande Timum hefur innehalda, jeg her med lögfeste Kyrkiunne í Holte, tilheyrande, og lyse i Vernd og Forsvare Heydarlegs Sæmdamans Mr. Sæmundar Ögmundssonar á Eivindarhollte, á Móte öllu Skógar Ráne og Hnuple, effter minne skriflegre Bón, og Begære til hans, samt annare Yfervalldsens Tilskyckun til ad frid[a] þessa sem adra Skogastade á Þorsmörk edur annarstadar effter sem orded getur. – Fyrerbiódande því hverium sem einum þesse hernefnd Skógarplats, hvad litel Ló sem vera kann, innann tiltekinna Takmarka, ad yrkia, brúka, edur nockra ólejfelega Höndlun í ad hafa, under þær Sekter sem Lögenn, Amts Urskúrdur af 7da Jan. 1818 og Sislunnar Yfervalld ad eg heire sagt á næstlidnu Sumre herumm greinelega áqveda. … Item lögfeste eg ad Lokum: Holltstadar Jtök og allra Útlanda, nefnilega Naut-Afrétt í öllu Lánganesi. Eg lise og þá Gripe í Laganna Krapte, og Kóngl.ar Forordningar af 5ta April 1749 fridhelga, sem eg þángad læt færa, og eg vid hlutadegande næstu Bæa Landeigendur vil koma mér samann umm.[1]

Skógarítök Holtskirkju urðu síðar á öldinni tilefni deilna, einkum eftir að lögfesta séra Björns Þorvaldssonar, prests í Holti, hafði verið lesin upp á manntalsþingi að Kirkjulæk 18. maí 1867. Þar lögfesti hann, með skírskotun í máldaga, vísitasíur og fjölda af eldri lögfestum, eftirtaldar eignir:

> Sjö skógar teigar í Þórsmörk í Stöng, gamla Nautur, gatnaskógur, Loptsnautur, Lækjarskógur og Tungur inní gil frá Höfða skógi, sem einnig í sumum seinni tíða lögfestum eru nefnd: „Hamar-skógar, Litli-endi og Stóri-endi, Stöng og Stangar-háls, að Gilinu fyrir innan Stöng.“ Líka svonefndar „Svínatungur“. Lögfesti eg til þessara ummerkja, að sunnan og vestan frá Krossá í vestanverðan Langadal, í götuna (hjá Skugga), sem liggur norður í Húsadal, og svo ofaneptir henni, að múlanum fyrir framan húsatætturnar, – þaðan beint vestur í götuna, sem liggur norður við brekkuna í Húsadalsmynni vestur á aurinn, og norður að Markarfljóti, svo ræður fljótsgilið inneptir, þar til Þröngá fellur í það, úr því ræður hún, inní svokallað Rjúpnafellsgil, þá skal úr því ofanverðu taka sjónhendíng suður í gilið fyrir innan Stöng (sem kallað er „Góðagil“) í það ofanvert, lækurinn, sem í því rennur ræður ofanað Kro[ssá] svo frá nefndu gili sunnaní Mörkinni allt vestur að Langadal, allt það plás neðan frá Krossá og uppundir hamra, svo langt sem byrkiskógur vex.[2]

Þessari lögfestu andmæltu bændur í Fljótshlíðarhreppi 28. maí sama ár. Þeir sökuðu prófastinn um að eigna sér eða kirkjunni „mestan hluta þess nýgræðu skógar, sem sprottið hefir á framanverðri Þórsmörk í næstliðin 40 ár, síðan skógarrætur þar voru friðaðar, sem þá voru óeyddar“. Síðan vitnuðu þeir í vísitasíu Jóns biskups Árnasonar yfir Holtskirkju en þar hefðu bæði presturinn og nærstaddir sóknarmenn fullyrt að skógarteigar þeir sem kirkjunni tilheyrðu væru sumir eyddir með öllu en um suma vissu menn ekki hvar legið hefðu. Þá hafi enn verið skógur á framanverðri Þórsmörk en nyrðri og efri hluti hennar hafi verið orðinn skóglaus að mestu. Enginn þeirra presta, sem sátu í Holti, hefði eignað kirkjunni skóg á framanverðri Þórsmörk, utan skógarteiginn Stöng, fyrr en Sigurður Jónsson prófastur fór að gera slíkar kröfur „á seinni hluta næstliðinnar aldar“.[3]

Í matsskýrslum Holtsprestakalls er einnig að finna lýsingar á eignum og hlunnindum kirkjunnar. Í skýrslu 1839 er svipuð lýsing á skógum kirkjunnar og áður hefur komið fram. Til nýjunga má telja að nefndur er Steinaskógur sem réttur kirkjunnar náði til:

> Ennframar á Kirkjann Saudúngsnes allt med útvöxtum öllum undir Saudúngshömrum og Saudúngshamar og Helmíng Skógar í öllu Lánganesi, edur allann Skóg ítakslaust frá Saudár allt innad svokölludum Steinaskógi eptir Dóme af 24a Maii 1755.[4]

1 Skjal nr. 3 (78).
2 Skjal nr. 3 (98).
3 Skjal nr. 3 (83, 99).
4 Skjal nr. 3 (116).

Um afrétt jarðarinnar segir í sömu skýrslu:

> Afrétt: á Stadurinn fyrir Naut í Lánganesi og Útvöxtu hálfa fyrir öllu Lánganesi - sömuleidis 1[c] [hundraðs] Lamba Afrétt í Lambafelli, sem eg ecki veit hvar er, og 40 Lambgimbra Beit í Hrúthólma og Stódhrossabeit Vetur og Sumar fyrir utann Sandlæk, sem eg heldur ecki veit hvar er og sem eg held ad Stadarhaldarar hefi i lángann Tíma ei hagnýtt sér. Þó finn eg allt þetta lögfest, enn ecki samt firri enn 1746 og svo þessi eptirfylgiande Ár 1748, 1751, 1752, enn svo ecki úr því firri enn 1802, þá finn eg adeins þad seinasta af þessu lögfest, nefnilega Stódhrossabeitina, enn svo ecki framar – og ecki hefi eg ennþá gétad uppspurt neitt þessu til upplýsingar. – Saudahöfn fyrir 30 Saude á Stadurinn ogsvo í Vesturhollt; sem í lángann Tíma heldur ecki hefur verid notad og líklega ecki verdur, þar Jördinn er fremur ordinn hagaþraung.
>
> Af Lánganesi hefur nú Gagnid verid misjafnt vegna Stórumerkurmanna, sem ydulega hafa amast vid Peníng, sem þángad hefur verid rekinn, svosem géngi hann þadann yfir Engiar þeirra og Slægiulönd, enn engann hefi eg vitad neita þessu Hollts-Itake.[1]

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Holtsprestakalls 1849-1853 eru þau hlunnindi og ítök, sem fylgt höfðu prestakallinu, talin að mestu úr gildi fallin. Skógar allir í Langanesi voru gjöreyddir þegar um aldamótin bæði af mannavöldum og vatnagangi. Enn standi þó eftir þrír skógarteigar, Stóriendi. Litliendi og Stöng með Stangarhálsi.[2] Þessa skóga nýtti presturinn sjálfur samkvæmt skýrslu yfir tímabilið 1862-1867. Í sérstökum dálki um tekjur af „ískildum ítökum og hlynnindum sem prestakallinu fylgja eptir máldögum“ kemur fram að ónotað hafi verið „Hundrað lamba afrjett í Lambafell, 40 gimbra beit í Vesturholt; Stóðhrossahöfn fyrir utan Sandlæk; Skógur í Lánganes og Sauðúngshömrum; Sjö Skógarteigar í Þórsmörk“.[3] Í fasteignamati 1916 er ekkert minnst á afréttinn heldur einungis sagt að beitilandið sé „lítið annað en engjar“.[4]

Áður var þess getið að sennilega væri elsta landamerkjalýsing Holtsjarðar í vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1660. Frá því sama ári er til vitnisburður um landamerki Holts og Austastaskála (Ásólfsskála).[5] Fleiri landamerkjalýsingar, ýmist sem vitnisburðir eða lögfestur, eru varðveittar frá 17. og 18. öld, í uppskrift Magnúsar Jónssonar, prests í Holti 1837-1846. Virðist flest samhljóða því sem hér hefur áður komið fram.[6] Árið 1850 fór fram áreið á landamerki Holts og Ásólfsskála og er hún að meginhluta birt í kafla 5.12. (um Ásólfsskála).

Landamerkjabréf Holts var undirritað 10. maí 1890 og er sem hér segir:

> Landamerkjaskrá fyrir prestsetrið Holt undir Eyjafjöllum ásamt hjáleigunum: Hellnahól, Brennu, Efstakoti, Efstu-Grund, Mið-Grund, Syðstu-Grund, og kyrkjujörðunum: Varmahlíð, Ormskoti, Vallatúni, Gerðakoti og Indriðakoti.
>
> Að austan, milli Holtslands og Steinalands, er markalínan úr marki milli Holtsfjöru og Steinafjöru, sem er þar sem litli hnúkurinn uppi yfir Miðskálaegg ber við Holtsnúp [sjónhending yfir Holtsós][7] í

1 Skjal nr. 3 (116).
2 Skjal nr. 3 (119).
3 Skjal nr. 3 (124).
4 Skjal nr. 3 (89).
5 Sbr. skjal nr. 3 (87).
6 Sbr. skjal nr. 3 (87).
7 Orð í hornklofa viðbót milli lína.

neðri enda merkigarðsins milli Varmahlíðar og Steina, svo ræður merkigarðurinn og úr efri enda hans er markalínan bein stefna í svo nefnt merkigil; síðan ræður gilið upp á fjallsbrún; þaðan er markalínan beint sunnarlega í Þvertungnagil, sem skilur Þvertungur og Steinatungur; síðan ræður gilið inn í jökul milli Holts og Núpakots.

Að vestan, milli Holtslands og Vesturholtslands, er markalínan frá sjó beint í vörðu í gljábökkunum í þá stefnu, að fjárhúsin á Rimhól vestan við Rimhús beri í Flautahelli, sem er skúti í hömrunum vestan við Írá, síðan sama stefna í vörðu, þar sem landnorðurhorn Vesturholtalands og landsuðurhorn Efriholtalands koma saman við Holtsland; þaðan enn sama stefna allt norður að áðurnefndum fjárhúsum á Rimhól. Úr þessum fjárhúsum er markalínan milli Holtslands og Ásólfskálalands í vörðu á vestari bakka Rimhúsaáls, þar sem, baka til að sjá, fjárhúsin á Rimhól bera í svonefndan Nónstein, sem er í brekkunum vestan við Núpstúnin. Úr þeirri vörðu er markið bein lína sunnanvert við svonefndan Stebbakotshól í stóra steina fyrir ofan Efstu-Grund; þaðan sjónhending í Grettishaf í Fosshólum, og ræður sú sjónhending allt upp að brekku; síðan er markið inn með brekkunni allt í Holtsá; svo ræður áin inn í jökul.

Fyrir Holtslandi austast liggur Holtsfjara innan þessara marka: að austan á litli hnúkurinn upp yfir Miðskálaegg að bera við Holtsnúp; að vestan á Björnskot að bera í útidyr suðurbæjarins í Ytstaskála. Holt á Vesturholtafjöru, og eru mörk hennar: að vestan á vestasta húsið í Efriholtum að bera í Kálfhamar, sem er klettur austan við túnið í Hvammi; að austan á hæsti tindurinn á Hafurshól að bera við austurhornið á heygarðinum á Vesturholtum.

Einnig á Holt Nýjabæjarfjöru, og eru mörk hennar: að austan á vestasta húsið í Lambhúshól að bera í Kálfhamar; að vestan á vestasta húsið á bæjarröðinni á Fornusöndum að bera í Setberg, sem er neðsta klöppin á Seljalandsmúla.

Enn fremur á Holt 1/3 alls reka á Maríufjöru, sem liggur fyrir Bakkalandi í Austur-Landeyjum, og eru mörk þeirrar fjöru: að austan elding milli austureyja og Urðartanga; að vestan Hábarð á Elliðaey og Bunki á Bjarnarey jafnt að vestan.

Holti fylgir skógur á Þórsmörk; 7 skógarteigar: Í Stöng Gamlanautur og Loptnautur, Lækjarskógur og Gatnaskógur og Tungur inn í gil frá Höfðaskógi, og 2 á Ákstöðum. Og sömuleiðis Sauðungsnes allt með útvöxtum öllum undir Sauðungshömrum og Sauðungshamrar og helmingr skógar í öllu Langanesi.

Önnur ítök, sem nefnd eru í máldögum og lögfestum Holts, hafa svo hundruðum ára skiftir ekki verið notuð, og um flest þeirra er svo, að enginn núlifandi manna veit hvar þau hafa verið, og eru þau því ekki talin upp í þessari landamerkjaskrá.

Afréttarlandið Almenninga á Holt hlutfallslega við aðrar jarðir, sem þá eiga líka. Og sömuleiðis á Holt afrétt fyrir naut á Langanesi og útvöxtu hálfa fyrir öllu Langanesi.

Fyrir Holtslandi vestan við Holtsfjöru eiga Ásólfskáli og Miðskáli sívalan reka og hvali að undanskildu leiguliðagagni.

Holti undir Eyjafjöllum 10. maí 1890

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

Fyrir Steina: Þ. Bjarnarson Jón Hjörleifsson Þuríður Bjarnardóttir M. Jónsson

Fyrir 1/3 Ásólfskála: Ketill Eyólfsson

Fyrir Skálakot: Jón Einarsson Guðmundur Jónsson

Fyrir Moldgnúp: Grímur Guðmundsson

Fyrir Björnskot: Snorri Jónsson Eyúlfur Kjetilsson

Fyrir Rimhús: Jón Guðmundsson.[1]

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Eins og áður hefur komið fram voru 11 hjáleigur frá Holti á tímum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Efstagrund (áður Stekkjargrund og Efrigrund) og Miðgrund (áður Syðrigrund og Borgargrund) eru enn í byggð, Efstagrund í eigu kirkjujarðasjóðs en Miðgrund í einkaeigu.[2] Af eignarjörðum Holtskirkju, sem einnig er getið í Jarðabókinni, er enn búið í Nýjabæ, Varmahlíð og Ormskoti. Varmahlíð var seld úr Holtstorfunni með ráðherrabréfi, dags. 2. september 1925, og fóru landskipti fram 1948.[3] Við landskiptin fékk Varmahlíð allt land austan Holtsár.[4] Holt er hins vegar eign ríkissjóðs.[5]

5.14. Núpakot

Núpakot er í heimildum frá miðöldum nefnt Gnúpar. Í máldaga kirkjunnar í Steinum, sem talinn er frá fyrsta þriðjungi 14. aldar[6], standa þessi orð: „Mikals kirkia j steinum a land at gnupum.“[7] Sama yfirlýsing er í máldaga frá því um 1500[8] og 1553.[9] Núpakot er talið 26 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 en 12 hundruð 1695 í samræmi við fornt jarðamat. Jörðin var þá í eigu kirkjunnar að Steinum sem var bændakirkja.[10] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er dýrleiki Núpakots kominn niður í 10 hundruð.[11] Þá var tvíbýli á jörðinni og hún illa farin af skriðum og blástri („fjallhagar að miklu leyti eyddir af skriðum og blástri“).[12] Í jarðamati 1802 er dýrleikinn

1 Skjal nr. 3 (27).
2 Skjöl nr. 5 (168, 201) (Efstagrund) og skjöl nr. 5 (173, 203) (Miðgrund). Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 136-138. Syðstagrund, vestan við Miðgrund (Syðrigrund), var byggð 1817 og er eign ríkissjóðs Íslands (skjöl nr. 5 (189, 202), *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 140).
3 Skjöl nr. 3 (153) og 1 (20).
4 Skjal nr. 1 (20).
5 Skjöl nr. 5 (171, 209). Hjá Fasteignamati ríkisins er prestssetrasjóður skráður „umráðandi“ jarðarinnar Holts (skjal nr. 5 (301)).
6 Útgefandi 2. b. Fornbréfasafns tímasetur hann við árið 1332.
7 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 680.
8 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 39. Útgefandinn telur máldagann vera frá tímabilinu 1491-1518.
9 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 39. *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 647. Í síðari máldaganum er jörðin nefnd Núpur (ekki Gnúpar): „Kirkiann j Steinum a land ad Nupi.“
10 Björn Lárusson 1967, s. 88.
11 Sbr. einnig skjal nr. 5 (64) (sjötti hluti Núpakots talinn 1 hundrað og 80 álnir að dýrleika í eignayfirlýsingu 1703) og skjal nr. 5 (115) (Núpakot talið 10 hundruð í gjafabréfi 1762).
12 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 51-52.

hinn sami og í Jarðabók Árna og Páls, þ.e. 10 hundruð, en er aftur kominn í 12 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847.[1] Í Nýrri jarðabók 1861 er Núpakot metið á 15,9 hundruð.[2]

Elsta landamerkjalýsing Núpakots mun vera í lögfestu 1866:

> Hérmeð lögfesti eg í dag undirskrifaður fjárhaldsmaður Steinakirkju, og meðeigandi í Steinakirkjujarðeign, jörðina Núpakot liggjandi í Steinakirkjusókn og í Eyjafjallahrepp innan Rangárvallasýslu, með öllum gögnum og giæðum til lands og vatns, eignum, ítökum og hlunnindum, sem þessar‹i› jörð, með réttu fylgt hafa og fylgja eiga, eftir því, sem bæði gamlir og nýir, ráðvandra manna vitnisburðir ávísa, lögfesti eg tún og engjar, holt og haga, vötn og veiðistaði, til þeirra ummmerkja, sem eg hértil nefni. -
>
> Fyrst úr ofanverðu gilinu, sem er fyrir austan Steinatungur og svo ofan eptir því, og svo gilinu, sem aðskilur hálsana og fellið, svo úr neðanverðu því gili, beina stefnu vestan við Lambafells-fjall þangað til að saman ber báða enda túnmarkarrústarinnar, og svo beina stefnu í efri enda áður nefndrar túnmarkarrústar, til hins neðri, og svo sömu stefnu þangað til að þúfan, sem skilur Leyrna- og Berjanesland, er að sjá í Holtskirkju-gafl, þaðan beina stefnu í þá þúfu, úr þeirri þúfu beina stefnu í Gjából, úr því beina stefnu austan við Skálir, inní þvertungna gil, og ræður það gil svo, þangað til ofanvert við Steina tungur, og þaðan beina stefnu ofan vert í gilið, sem er austan við Steinatungur. Svo líka lögfesti eg hérmeð Núpakotsteig, sem er engja ítak, er liggur að öllu undir hið áminnsta Núpakot, fyrirbjóðandi hverjum, sem einum, bæði meiri háttar og minni að brúka eður beita, eður nokkra gagnsemd af að hafa, nema leyfi sé áður þartil fengið; þessu samkvæmt skal þessi lögfesta standa, undir frekustu landnámssektir og skaðabætur, greindu landi til friðhelgis um næstu 12. mánuði, en fyrir máldaga téðrar jarðar, upp síðan, svo lengi henni ekki er með löggildum sönnunum hrundið fyrir sáttanefnd eða með vitnaleiðslu og dómi. Skyldi mót von minni nokkur hér í móti gjöra lögfesti eg áðurnefnt land, að lögfullu og orðfullu og lögmáli réttu.
>
> Framanskrifaðri lögfestu til merkis og en‹n› meiri réttar, er mitt nafn og hjásett signet.
>
> Drangshlíð þann 4da Juní 1866
>
> B. Jónsson L.S.[3]

Lögfesta þessi var lesin upp og bókuð fyrir manntalsþingsrétti að Steinahelli 5. júní sama ár og innfærð í kaup- og veðmálabók Rangárvallasýslu. Á eftir lögfestunni í sama skjali er þessi athugasemd:

> Athugasemd:
>
> Lögfesta þessi var fyrir manntalsþingsréttinum [5. júní 1866] mótmælt, af ábúanda á Steinum bóndanum Einari Einarssyni, að því leyti hinar svonefndu Steinatungur væru tilgreindar innan lögfestu marka, og sömuleiðis af hreppstjóra Jóni Hjörleifssyni, hvað jörðina Svaðbæli snerti, án þess að tilgreina af hverju; ábúandinn á Núpakoti Þorvaldur Björnsson, gagn mótmælti, þeim giörðu mótmælum. - En‹n› fremur mótmæltu bændurnir: Sæmundur Jónsson á Steinum og Tómas Sigurðsson á Varmahlíð, þeim tilgreindu lögfestu merkjum, á móts við nágranna jörðina Hlíð, fyrnefndi fyrir hönd bónda Páls Sigurðssonar á Árkvörn, síðar nefndi fyrir eigin hönd.

1 Skjöl nr. 3 (90) og 5 (44).
2 Skjal nr. 5 (45).
3 Skjal nr. 3 (97).

Þannig samkvæmt þingbókinni

Vottar

H.E. Johnsson[1]

Eins og fram kemur í athugasemdinni var lögfestunni mótmælt og tókst ekki að ná sáttum fyrr en tíu árum síðar. Á sáttafundi, sem haldinn var að Núpakoti 31. október 1876, var komist að svofelldu samkomulagi:

> Eptir að málið var á ýmsa vegu rætt af sáttanefndinni…varð að sátt og samkomulagi milli allra hlutaðeigenda að landamerki og landamerkjastefnur milli jarðanna Svaðbælis og Lambafells skuli vera þannig fast sett:
>
> Úr svonefndri Steinkjerlingu, sem þeir viðurkjenna að sje rjett haldið og brúkað hornmark fjögra jarða nefnil. Yztabælis, Leyrna, Svaðbælis og Lambafells, bein stefna eða sjónhending í austur landnorður framanhalt við háhnúkin [að ofanverðu][2] á hæsta fjallinu sem er að sjá, frá áður nefndri Steinkjerlingu, innanhalt fyrir ofan Selkot, þar til komnir eru fjögur hundruð, týræð, og þrjá týu og sex faðmar frá greindri Steinkjerlingu, mældir þrjár álnir danskar í hvörjum faðmi, og svo þaðan aptur uppávið beina sjónhending í neðsta og stæzta fossin sem er austan megin í Svaðbælisheiði vestanhalt við merkigil að neðan verðu og ræður sú stefna alt þangað til að kjemur í lækin sem rennur framúr merkigili að neðanverðu og síðan ræður merkigil upp í jökul.[3]

Aðild að þessu samkomulagi áttu Þorvaldur Björnsson í Núpakoti, Guðmundur Gíslason á Seljavöllum, Sigríður Árnadóttir á Efrimörk, Einar Einarsson á Steinum og Jón Jónsson á Lambafelli.

Landamerkjabréf Núpakots var undirritað 1. mars 1887 og er á þessa leið:

> Landamerki jarðarinnar Núpakots í A-Eyjafjallahreppi 12 hundruð að fornu mati, en 15,9 hundruð að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861.
>
> Steinn er nefndur ýmist Grásteinn eða Slóðasteinn. Liggur hann norðanvert við sýsluveginn og norður frá austurenda á garðinum, sem liggur sunnan megin sýsluvegarins og hefir sá garður verið gjörður frá Hlíð austur með veginum. Úr steini þessum liggur markalínan sjónhending upp í Hamarsnefið eða hinn svonefnda Gjábólsklett, sem er neðst í hömrunum vestan við svo nefnt Gjából og það sömu stefnu upp á fjallið og svo beygist línan í austur á við meðfram fjallsbrúninni að ofan austur á Faxa, og svo þaðan norður eftir efri brúninni norður eftir svo nefndum Leynir vestan við svo nefndar Skálir, og svo úr norðanverðum Leynir beina stefnu sunnanlega í Þvertungnagil og ræður svo það gil til jökuls. Ræður svo jökullinn í austur í gilið sem liggur austanmegin með Steinatungum. Ræður svo áin í gilinu fram í gilmynni og svo liggja mörk þaðan allt af fram með dalbrekkunni, þangað til kemur í lækinn, sem rennur fram með þeim, þá ræður lækurinn þangað til kemur í nyrðri enda túnmarkrústarinnar, sem er á millum Núpakots- og Svaðbælis-túna; þaðan ræður rústin sem langt suður sem hún nær og frá suðurenda hennar sjónhending í upphaflega nefndan stein.

1 Skjal nr. 3 (97).
2 Orðum í hornklofa bætt við milli lína.
3 Skjal nr. 3 (110).

Slægju ítak, svo nefndan Núpakotsteig, á jörð þessi austast í landi jarðarinnar Steina, sunnan og austanvert við Steina tún.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887

Þ. Bjarnarson	Jón Hjörleifsson	Anna Helgadóttir	G. Jónsson
Margrét Eiríksdóttir	Benedikt Magnússon	Kjartan Einarsson	
Sigríður Björ‹n›sdóttir	K. Jónsson	Kort Hjörleifsson	Sk. Árnason
Þ. Bjarnardóttir	K. Guðmundsson	Jón Brandsson	

Eigandi að 5[c] f.m. [forn mat] úr jörðinni Hlíð, samþykkir ofangreind landamerki að því er Hlíðinni viðkemur.

Kyrkjubæ vestri 18. janúar 1889

Þuríður Þórðardóttir (handsalað)[1]

Landamerkjabréfið var upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Enda þótt ekki séu bókaðar neinar athugasemdir við landamerkjabréfið virðist sem ekki hafi verið full sátt um merki jarðarinnar Núpakots. Árið 1968 var felldur gerðardómur í ágreiningsmáli um landamerki milli jarðanna Hlíðar, Þorvaldseyrar og Núpakots í Austur Eyjafjallahreppi (Gerðadómur. Mál nr. 15/1968, 29. júní 1968):

Sátt:

Aðiljar þeir Sigurjón Sigurgeirsson, Sigurbergur Sigurgeirsson, Eggert Ólafsson og Þorvarður Sigurjónsson f.h. Guðlaugar Guðjónsdóttur samþykkja landamerki á hinu umdeilda landsvæði þannig:

Frá fjögurra landa mörkum (þ.e. milli jarðanna Leirna, Hlíðar, Berjanes og Þorvaldseyrar) beina línu í blágrýtisstein, sem liggur nær fellt miðja vegu milli hinna umdeildu steina. Í þennan stein eru klappaðir stafirnir L.M.

Síðan verði mörk milli Hlíðar og Núpakots frá þessum merkjasteini beina línu í munna svonefndrar Gjábólsgjár. Þaðan eru mörkin mili þeirra tveggja jarða svo sem landamerkjabréf jarðanna segja fyrir um.

Til staðfestingar sáttargerðinni:

Sigurjón Sigurgeirsson Eggert Ólafsson

1 Skjal nr. 3 (1). Ekki kemur fram fyrir hvaða jarðir landamerkjabréfið er undirritað en af öðrum heimildum má ætla að Þ. (Þorvaldur) Bjarnason hafi verið fyrir Núpakot og einnig Þorvaldseyri, Jón Hjörleifsson (hreppstjóri, Eystri-Skógum) fyrir Svaðbæli, Kort Hjörleifsson fyrir Berjaneskot og Þ. Bjarnardóttir fyrir Drangshlíð. K. Jónsson er sennilega séra Kjartan Jónsson, Ytri-Skógum, Sk. (Skæringur) Árnason hreppstjóri, Skarðshlíð og K. Guðmundsson ábúandi í Drangshlíð (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 75, 87 og skjal nr. 3 (17). Hér hefur einnig verið stuðst við Sóknarmannatal Eyvindarhóla í Þjóðskjalasafni).

Þorvarður Sigurjónsson

Sigurbergur Sigurjónsson

Gerðardómi er hérmeð lokið

Björn Fr. Björnsson

Ólafur Jóhannesson

Sveinbjörn Jónsson[1]

Núpakot var, eins og áður greinir, eign Steinakirkju en var komið í einkaeigu þegar fasteignamat var gert 1916.[2]

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Núpakot verið framselt á venjubundinn hátt og veðsett.[3]

5.15. Þorvaldseyri (áður Svaðbæli/Svartbæli)

Svartbælis (Svartsbælis) er getið í bréfi 1499 en þar vitna tveir prestar um það að Árni bóndi Guðmundsson hafi gefið kirkjunni í Holti undir Eyjafjöllum hálfa jörðina „suartzbæli“ sér og konu sinni til sáluhjálpar en með því skilyrði að preststíund og kirkjutíund skyldi greiðast til kirkjunnar í Steinum.[4] Hálft Svartbæli er eftir það talið með eignum Holtskirkju í máldaga hennar.[5]

Svartbæli er metið á 60 hundruð í jarðabók 1686 en 40 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við fornt mat.[6] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er jörðin einnig nefnd Svarfbæli, 40 hundruð að dýrleika. Ábúendur voru þá þrír. Svartbælisá (Svaðbælisá) spillti túnum, engjum og högum og var talið vandséð að jörðin gæti lengi haldist í byggingu.[7] Dýrleiki jarðarinnar er óbreyttur í jarðamati 1802 og í Jarðatali Johnsens 1847 og jörðin skiptist eins og áður milli kirkjunnar í Holti og nokkurra einstaklinga sem áttu hinn helming jarðarinnar, misstóran hlut hver þeirra.[8] Í Nýrri jarðabók 1861 er Svaðbæli metið á 26,6 hundruð og er þar sennilega miðað við kaupahlutann eða bændahluta jarðarinnar.[9]

Elsta landamerkjalýsing Svaðbælis mun vera í lögfestu 1866:

> Þareð umráðamaður Steinakirkju hér í Eyjafjallahreppi, hefir á næstliðnu ári uppsett lögfestu fyrir Steinaeignar afbýlinu (og eptir renslu jörd) Núpakoti, að hvers túni og högum, liggja á eina síðu tún og hagar jarðarinnar Svaðbælis, sem hálf er eign Holtsstaðarkirkju í nefndum hreppi, en hálf bændaeign. Þar fyrir til friðhelgis næstgreindri jörðu eptir géfnu umboði og eigin myndugleika, lögfestum vér undirskrifaðir hérmeð nefnda jörð Svaðbæli, hennar hús, töður, slægju og beitiland, og allar landsnytjar þær, er því landi fylgja eiga, hverju nafni, sem heita, til ummerkja þeirra, er aðrir menn móti eiga, tiltakandi þessi landamerki á austur síðuna: fyrst ofan frá jökli niður í merki-gilið á millum Svaðbælis- og Lambafells heiðar, svo ræður lækurinn, sem í því rennur ofan heiðina; annars er landamerki

1 Skjal nr. 3 (3).
2 Sbr. skjal nr. 3 (89).
3 Sbr. skjöl nr. 3 (167) og 5 (140, 221). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 84.
4 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 431-432.
5 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 648 (máldagi 1553). *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 671 (máldagi um 1570).
6 Björn Lárusson 1967, s. 88.
7 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 50-51.
8 Skjöl nr. 3 (90), 5 (44).
9 Skjal nr. 5 (45).

Svaðbælis á þessa síðu það sama, sem Lambafells, hvers máldagi og lögfesta frá 4. Maí 1607 vottar að séu á milli þessara jarða, svo langt suður, sem þeirra lönd liggja saman, en það er þangað, sem svokallaða Steinkérling ber í Holtskirkju-stafn, þaðan sjónhendingu í vestur í fjögra-landamerkið, sem á þeirri leið á líka að bera í Holtskirkju, þaðan uppí mýrina sjónhending í Rimatröð (svo kallaða) úr henni í Slóðastein, við mýrina undir Hlíðarleiti, sem sagt er í téðri stefnu að sunnan, eigi að bera í Gjából, eða Gjábóls-klett, úr Slóðasteini, sjónhending í norð-austur, í endan á þeirri garðrúst, sem aðskilur Svaðbælis- og Núpakotstún, þá ræður garðrústin að læknum austan við Núpakot, þar sem endinn á Svaðbælistúngarði liggur austan að honum, svo ræður lækurinn innundir leytið í brekkunni, þangað, sem bugurinn er á honum, þaðan skal taka sjónhending beint í gilið, sem er fyrir austan Steinatungur, skammt fyrir neðan jökultangan, sem ofaní það liggur, á sú stefna að liggja við, eða yfir um klettabeltið vestaní Svaðbælisheiði fyrir austan gilið, en lækurinn í gilinu ræður merkjum, þangað til hann kémur á aurunum í seinastnefnda stefnu-linu.

Fyrirbjóðum vér einum og sérhverjum, hérgreint land, innan hér tiltekinna takmarka að yrkja, brúka til stungu, torftöku, eður sér á nokkurn hátt í nyt færa, án landsdrottna leyfis, eða samþykkis, undir fullkomnar landnáms og skaðabætur. Standi þessi lögfesta um næstu tólf mánuðu til fullra sekta, en fyrir máldaga jarðarinnar Svaðbælis fyrir alda og óborna, allt svo lengi í henni er ekki með riktugum skjölum og eiðfestum vitnum [hrundið?], leggi þeir fimtarstefnu mót lögfestu vorri, er meina sig aflaga borna.

Til staðfestu eru nöfn vor og innsigli

Holti, Eyvindarhólum og Skógum 7. Maí 1866

Björn Thorvaldsson E. Kjartansson Jón Hjörleifsson[1]

Bréfið var lesið upp og bókað fyrir manntalsþingsrétti að Steinahelli 4. júní 1867 og fært í afsals og veðmálabók Rangárvallasýslu.

Í lok þessa skjals er eftirfarandi athugasemd:

Athugasemd:

Lögfestu þessari var mótmælt á manntalsþinginu af ábúandanum á Núpakoti, sáttamanni Þorvaldi Björnssyni, og fjárhaldsmanni Steinakirkju og sameignarmanni í Steinaeigninni, bónda Birni Jónssyni á Drangshlíð, og skýrskotuðu þeir báðir til þeirrar á manntalsþingi í Eyjafjallahreppi vorið 1866 auglýstu lögfestu fyrir jörðinni Núpakoti

vottar H.E. Johnsson.[2]

Í lok desember 1876 var samin sáttargerð um landamerki Svaðbælis og Lambafells eftir að Þorvaldur Björnsson hafði lagt fram kæru í málinu.[3] Orðrétt segir í sáttinni:

Eptir að málið var á ymsa vegu rætt af sáttanefndinni og málspörtum varð að sátt og samkomulagi milli allra hlutaðeigenda að landamerki og landamerkjastefnur milli jarðanna Svaðbælis og Lambafells skuli vera þannig fast sett:

1 Skjal nr. 3 (100).
2 Skjal nr. 3 (100).
3 Þorvaldur Björnsson (Bjarnarson) mun hafa eignast kirkjuhluta Svaðbælis um 1870 (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 88).

Úr svonefndri Steinkjerlingu, sem þeir viðurkjenna að sje rjett haldið og brúkað hornmark fjögra jarða nefnil. Yztabælis, Leyrna, Svaðbælis og Lambafells, bein stefna eða sjónhending í austurlandnorður framanhalt við háhnúkin‹n› að ofanverðu á hæzta fjallinu sem er að sjá, frá áður nefndri Steinkjerlingu, innanhalt fyrir ofan Selkot, þar til komnir eru fjögur hundruð, týræð, og þrjátýu og sex faðmar frá greindri Steinkjerlingu, mældir þrjár álnir danskar í hvörjum faðmi, og svo þaðan aptur uppávið beina sjónhending í neðsta og stæzta fossin‹n› sem er austanmegin í Svaðbælisheiði vestanhalt við merkigil að neðanverðu og ræður sú stefna alt þangað til að kjemur í lækin‹n› sem rennur framúr merkigili að neðanverðu og síðan ræður merkigil upp í jökul.[1]

Landamerkjabréf Svaðbælis var undirritað 1. mars 1887 og er á þessa leið:

Landamerki jarðarinnar Svaðbælis í Austur-Eyjafjallahreppi 20 hundruð að fornu mati, enn 26,6 hundruð að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861.

Hornmark fjögra jarða, nefnilega: Leyrna, Ystabælis, Lambafells og Svaðbælis er svo nefnd Steinkelling. Úr henni liggur markalínan „beina stefnu eða sjónhending í austur-landnorður framanhallt við háhnúkinn að ofanverðu á hæsta fjallinu, sem er að sjá frá áðurnefndri Steinkellingu innanhallt fyrir ofan Selkot þar til komnir eru fjögur hundruð (tíræð) og þrjátíu og sex faðmar frá greindri Steinkellingu, mældar þrjár álnir danskar í hverjum faðmi og svo þaðan aftur upp á við beina sjónhending í neðsta og stærsta fossinn, sem er austanmegin í Svaðbælisheiði vestanhallt við Merkigil, að neðanverðu, og ræður sú stefna allt þangað til að kemur í lækinn, sem rennur[2] fram úr Merkigili að neðanverðu og síðan ræður Merkigil upp í jökul“. Ræður svo jökullinn vestur í gilið, sem liggur austanmegin með Steinatungum. Ræður svo áin í gilinu fram í gilmynni og svo liggja mörkin þaðan allt af fram með dalbrekkunum, þangað til kemur í lækinn, sem rennur fram með þeim; þá ræður lækurinn þangað til kemur í nyrðri enda túnmarkrústarinnar, sem er á millum Núpakots og Svaðbælistúna; þaðan ræður rústin svo langt suður, sem hún nær og frá suðurenda hennar sjónhending í stein, sem er nefndur ýmist Grásteinn eða Slóðasteinn og liggur hann norðanvert við sýsluveginn og norður frá austurenda á garðinum, sem liggur sunnanmegin sýsluvegarins og hefir sá garður verið gjörður frá Hlíð, austur með veginum. Úr steini þessum liggur markalínan sjónhending suður í fjögra landa merkið, nefnilega jarðanna: Hlíðar, Berjaness, Leyrna og Svaðbælis. Merki þetta er búfa í garðshorni. Úr henni sjónhending í áðurnefnda Steinkelling og þegar á henni er staðið, á hið nýnefnda fjögra landa merki að bera í Holtskyrkjugafl.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887

Þ. Bjarnarson	J. Hjörleifsson	K. Jónsson	Guðmundur Gíslason (handsalað)[3]
Jón Jónsson	G. Jónsson	Sigríður Björ‹n›sdóttir	
Kort Hjörleifsson	Sk. Árnason	Þ. Bjarnardóttir	K. Guðmundsson.

Eigandi að 5^{c} í jörðinni Hlíð samþykkir ofangreind[4] landamerki, að því er Hlíðinni við kemur.

1 Skjal nr. 3 (110).
2 *rennur* leiðrétt fyrir *kemur* sem er yfirstrikað.
3 (*handsalað*) stendur fyrir neðan nafn Guðmundar Gíslasonar og á sennilega fremur við það en nafn Sigríðar Björnsdóttur.
4 *þessa* hér næst á undan yfirstrikað.

Kyrkjubæ vestri 18. janúar 1889

Þuríður Þórðardóttir (handsalað)[1]

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Önnur landamerkjalýsing er til fyrir jörðina Svaðbæli (Þorvaldseyri). Þar er um að ræða úrskurð gerðardóms í ágreiningsmáli um landamerki milli jarðanna Hlíðar, Þorvaldseyrar og Núpakots (mál nr. 15/1968, 29. júní 1968):

> Sátt:
>
> Aðiljar þeir Sigurjón Sigurgeirsson, Sigurbergur Sigurgeirsson, Eggert Ólafsson og Þorvaldur Sigurjónsson f.h. Guðlaugar Guðjónsdóttur samþykkja landamerki á hinu umdeilda landsvæði þannig:
>
> Frá fjögra landa markinu (þ.e. milli jarðanna Leirna, Hlíðar, Berjaness og Þorvaldseyrar) beina línu í blágrýtisstein, sem liggur nær fellt miðja vegu milli hinna umdeildu steina. Í þennan stein eru klappaðir stafirnir L.M.
>
> Síðan verði mörk milli Hlíðar og Núpakots frá þessum merkjasteini beina línu í munna svonefndrar Gjábólsgjár. Þaðan eru mörkin milli þessara tveggja jarða svo sem landamerkjabréf jarðanna segja fyrir um.[2]

Þorvaldseyri mun vera kennt við Þorvald Bjarnarson sem, eins og áður sagði, eignaðist hálft Svaðbæli um 1870 og síðan jörðina alla. „[Hann] reisti stórbýlið Þorvaldseyri á grýttum eyrum upp frá Svaðbæli og flutti þangað frá Núpakoti 1886.“[3] Einar Benediktsson sýslumaður og skáld átti Þorvaldseyri um tíma. Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Þorvaldseyri frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi hún verið framseld og veðsett á venjubundinn hátt.[4]

5.16. Seljavellir (Lambafell)

Lambafell er ekki nefnt í skjölum fyrr en á fyrsta fjórðungi 16. aldar.[5] Jörðin var þá konungseign og hluti af Skógaeignum svonefndum sem áður hefur verið gerð grein fyrir (sbr. kafla 5.5. um Stóru-Mörk). Lambafell var síðar selt úr jarðagóssinu og taldist þá „bóndaeign“.[6]

Í jarðabók 1686 er Lambafell metið á 30 hundruð með hliðsjón af landskuldinni en 16 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við elda mat.[7] Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðabók Árna Magnússonar og

1 Skjal nr. 3 (2). Ekki kemur fram fyrir hvaða jarðir landamerkjabréfið var undirritað. Þ.(Þorvaldur) Bjarnason bjó á Þorvaldseyri. Jón Jónsson er nefndur ábúandi í Lambafelli og á Leirum á þessum tíma, Jón Hjörleifsson var hreppstjóri og bjó í Eystri-Skógum en hann kann að hafa ritað undir bréfið fyrir jörðina Steina (sbr. landamerkjabréf Holts hér framar), K. Jónsson er sennilega Kjartan Jónsson, prestur í Ytri-Skógum, maður að nafni Guðmundur Gíslason bjó á Seljavöllum og Kort Hjörleifsson í Berjaneskoti. Sk. (Skæringur) Árnason var hreppstjóri og bjó í Skarðshlíð (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 22, 43, 72, 75, 89, 90. Sóknarmannatal Eyvindarhóla í Þjóðskjalasafni).

2 Skjal nr. 3 (3).

3 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 86.

4 Sbr. skjöl nr 3 (147), nr. 5 (162, 254). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 86-87.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 107. Skjalið (veiting umboðs) er frá 28. júlí 1522.

6 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 469, 502. Jón Fabíansson er þar sagður hafa keypt jörðina og mun það vera sami maður og titlaður er umboðshaldari og hreppstjóri í heimildum frá síðari hluta 17. aldar og bjó í Flögu í Skaftártungu (sbr. *Alþingisbækur Íslands.* 8. b. Reykjavík 1949-1955. S. 125, 253).

7 Björn Lárusson 1967, s. 88.

Páls Vídalíns, 20 hundruð. Ábúendur voru þá tveir á jörðinni. Þar er getið um hjáleigu frá Lambafelli sem nefndist Vindás og var fyrst byggð í stekkatúni heimajarðarinnar 13 eða 14 árum fyrr. Hún var þá í eyði.[1] Lambafell er einnig skráð 20 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847 en 28,6 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.[2]

Elsta landamerkjalýsing Lambafells mun vera í lögfestu frá 1607. Hún er á þessa leið:

> Jeg undirskrifadur lögfesti hér í dag mýna Eignar Jörd Lambafell undir Eyjafjöllum 20^{c} [hundruð] ad Dyrleika, eftir hennar máldaga, svo hljódandi sem fylgir. First liggur Merkid ofan frá Jökli í Raudastein, sem stendur í Laugarárgili, þadan sjónhendíng sudur í Gardinn, sem er framavid Lambafells Jadar ad austanverdu. Frá Gardinum og vestur ad Svadbælismarki 4^{c} týræd og 40 fadmar, úr þeim Gardi sjónhendíng og í Marka Kielduna, sem er á milli Raudafells og Midbælis. Rædur Kieldan svo langt sudur, sem fjögra Jarda Mark saman kemur. Mælist þar Lambafells Land ad sunnan 5^{c} 20 fadmar í greint Mark ádur Þúfa ber í Holtsstadar Kirkjustafn. Rædur svo lækur í austur landnordur, sem kallast Steinkotsbakkaskurdur, en er þó sjónhendíng úr ádur nefndri þúfu í austur landnordur allnær skurdinum 2^{c} 60 fadmar allt þartil sjest í lækinn ad nedanverdu, sem rennur úr Merkigili, milli Lambafellsjadars ad vestanverdu og Jadarsins, eda annessins, sem liggur nidur med Koltúngulæk í framanverdu Merkigili. Rædur so Merkigil upp ad Jökli. – Þar fyrir fírirbýd eg nokkur madur styngi eda skeri, slái eda leigselje, eda veiti nokkurn yfirgang á firnefndri Jordu Lambafelli. Til stadfestu mitt Nafn ad Lambafelli þann 4da Maii Anno 1607. Marteirn Arnorsson m.e.H.
>
> Ofanskrifadur Máldagi var lesinn vid Holltsstadar Kyrkju Annann dag Hvitasunnu 1607. Vitnum vid Bjarni Fabíansson m.e.H. Einar Finnbogason m.e.H.
>
> Framanskrifuð lögfesta og máldagi var auglýstur að Steina Kyrkju þriðja dag Hvytasunnu Anno 1607. Vitnum vid undirskrifaðir Kolbeinn Jónsson m.e.H. Finnur Sigurdsson m.e.H.
>
> Firskrifadur maldagi var opinberlega lesinn vid Hóla Kyrkju á Trinitatis Sunnudag [15]. Vitnum við med eigin höndum. Gýsli Arnason m.e.H. Jón Jónsson [m.e.H.].[3]

Á eftir lögfestunni í sama skjali er þessi yfirlýsing:

> Okkur undirskrifada krafdi til vitnisburdar Erlegur Mann Marteirn Arnórsson ad vitna um landeign Lambafells og hvört þad ætti Jtök í ödrum Jördum, eda adrar Jardir innan Lambafells Landeignar, hvar til vid svörum, ad eingin Jtök úr ödrum Jördum hafi því tilheyrt, Ej heldur nockud lagt ur þess Landi til annara Jarda, og fyrskrifud landamerki kringum Lambafells Landeign eru sönn og átölulaus eptir máldaganum. Hvar uppa vid höfum aflagt okkar eid ad Holltsstadar Þyngi þann 28 Mai 1607. Til stadfestu skrifum vid okkar nöfn hér undir ad Lambafelli þann 3ia Octobris 1608.
>
> Petur Rafnsson m.e.h. [J]Jónsson m.e.h.[4]

Í sambandi við þá yfirlýsingu að engin jörð ætti ítak í landareign Lambafells er rétt að benda á að Holtskirkja átti hundrað lamba afrétt í Lambafelli samkvæmt gömlum máldögum. En þetta ítak kirkjunnar og fleiri munu smám saman hafa lagst af (sbr. kafla 5.13. um Holtshverfi).

1 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 46-47.
2 Skjöl nr. 5 (44, 45).
3 Skjal nr. 3 (96) (úr afsals- og veðmálabók). Lögfestan er einnig í skjali nr. 3 (55) en það er úr kveri, afrituðu eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli 1909.
4 Skjal nr. 3 (96). Sbr. skjal nr. 3 (55).

Landamerkjabréf Lambafells er undirritað 11. júní 1892 og er á þessa leið:

Landamerkjaskrá

jarðarinnar Lambafells í Austur-Eyjafjallahreppi Rangárvallasýslu.

Eru mörkin sem hér segir:

Hornmark fjögra jarða nl. Lambafells, Þorvaldseyrar, Ystabælis og Leirna er svo nefnd Steinkerling, úr henni liggur markalínan beina stefnu eða sjónhending í austur-landnorður framanhallt við háhnúkinn að ofanverðu á hæðsta fjallinu, sem er að sjá frá áðurnefndri Steinkerlingu innanhalt fyrir ofan Selkot, þar til komnir eru fjögur hundruð (tíræð) þrjátíu og sex faðmar frá nefndri Steinkerlingu mældar 3 álnir danskar í hverjum faðmi og svo þaðan uppávið beina sjónhendingu í neðsta og stærsta fossinn, sem er austanmegin í Þorvaldseyrarheiði, austanhallt við merkigil að neðanverðu og ræður sú stefna allt þangað til að kemur í lækinn, sem rennur fram úr Merkigili að neðanverðu og síðan ræður Merkigil upp í jökul. Svo úr ofannefndri Steinkerlingu beina línu með fram Ystabælislandi að ofan í þúfuna, sem er hornmark á Lambafellslandi á suðausturkanti.

Úr þeirri þúfu er bein lína eða sjónhending í rauðastein sem er á aurunum fyrir innan Seljavelli, svo er marklínan beint áfram inn með laugarárbrekkum niður á aurunum og inn í gilið, sem er vestan við svo nefndar Raufafells-tungur, liggur svo markið eftir miðju gilinu í jökul.

Lambafelli, dag. 11. júní 1892

Jón Jónsson, Ingibjörg Eyjólfsdóttir

Eigendur[1]

Bréf þetta var lesið upp og bókað á Steinahellismanntalsþingi 9. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Eins og áður er frá greint var tvíbýli í Lambafelli þegar Jarðabók Árna Magnússonar Páls Vídalíns fyrir Eyjafjallasveit var gerð 1709 og mun það hafa haldist lengst af fram til ársins 1859 þegar annar bærinn var fluttur inn á Seljavelli.[2] Seljavellir eru ekki nefndir í Nýrri jarðabók 1861 enda var hún unnin töluvert fyrir þann tíma en í fasteignamati 1916 eru Seljavellir skráðir sem sérstök jörð og metnir á 1200 kr. eins og Lambafell.[3] Árið 1973 fóru fram landskipti milli jarðanna Lambafells og Seljavalla. Í skiptagerðinni segir m.a. um land Seljavalla:

Að austan takmarkast land Seljavalla af markalínu milli Lambafellstorfu og Raufarfellstorfu. Að vestan úr síðast nefndri vörðu[4] við Merkigilslæk eftir Merkigilslæk í jökul samkvæmt landamerkjabréfi Lambafellstorfu.[5]

Ekkert bendir til annars en að búskapur hafi verið nokkuð samfelldur í Lambafelli frá því að

1 Skjal nr. 3 (4).
2 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 89. Sbr. skjal nr. 3 (90) (jarðamat 1802).
3 Sbr. skjöl nr. 5 (45) og 3 (89).
4 Hér er átt við vörðu „við fjallsrætur, sem er 22 m. norðan við gamla fjárrétt“.
5 Skjal nr. 2 (8).

jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að hún hafi verið framseld og veðsett á þann hátt sem venja var hverju sinni.[1]

5.17. Raufarfell

Raufarfell er nefnt í máldaga Miðarnarbælis sem talinn er frá 1179. Þar segir að tíund heimamanna í Miðarnarbæli skuli liggja til kirkju sem þar var, „ok af næsta bæ ok fra Ravfarfelle env vestra ok syngia þangat .xij. messor“.[2] Samkvæmt þessu hefur verið kirkja eða bænhús (fjórðungskirkja) í Raufarfelli snemma á öldum. Kirkja þessi eða bænhús virðist hafa verið í notkun að minnsta kosti fram undir lok 14. aldar en hennar er ekki lengur getið í máldaga Miðbælis frá um 1570.[3] Heimildir eru til um það allt frá síðasta fjórðungi 15. aldar að Raufarfell hafi gengið kaupum og sölum.[4]

Í skiptabréfi eftir Pál lögmann Vigfússon, dags. 19. maí 1570, var ákveðið að í hlut Guðríðar systur hans skyldu m.a. koma 20 hundruð í Rauðarfelli ytra.[5] Ekki er þar tekið fram hver heildardýrleiki jarðarinnar var en í jarðabók 1686 er Raufarfell („Ytra Raufarfell“) metið á 78 hundruð og 80 álnir og var þá tekið mið af landskuldinni. Í jarðabók 1695 er Raufarfell talið 40 hundruð í samræmi við fornt mat.[6] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er dýrleikinn hinn sami, 40 hundruð, að meðtöldu afbýlinu Selkoti sem reiknaðist 5 hundruð og 80 álnir. Eigendur voru þá tveir og ábúendur fjórir. Jörðin lá undir miklum spjöllum:

> Fjallhagar jarðarinnar eru mjög spiltir af skriðum og blástri, líka skemma túnið skriður mikilega. Engjar og hagar á sljettlendinu stórlega fordjarfað og næsta alt í burt af yfirgángi Laugarár.[7]

Dýrleiki jarðarinnar er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 þrátt fyrir landspjöll en haft er eftir sýslumanni að Raufarfell sé ekki meira en 35 hundruð og Selkot 7½ hundrað.[8] Í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin metin á 39,9 hundruð.[9]

Elsta landamerkjalýsing Raufarfells er talin vera frá um 1850. Hún er þó einungis varðveitt í afskrift frá 20. öld. Landamerkjalýsingin er á þessa leið:

> Raufarfell.
>
> Jördin Raufarfell er talin med afbílinu Selkoti 40c ad dýrleika. Landamerki, hvar land þessarar Jardar og Raudafells liggja saman, eru talin ádur vid Raudafell, – en fyrir sunnan Raufarfellsland skal einnig vera sama mid og fyrir sunnan Raudafellsland, nefnilega ad Hesteyra sjáist af Pétursey framundan Hrútafellsfjalli, og skal þettad mid hafa vestur ad Lambafellslandi, en úr því rædur Lambafells mark til Jökuls – (þarum sjá Lambafell).[10]

Önnur landamerkjalýsing, frá um 1870, er einnig varðveitt í afskrift frá 20. öld. Hún er nokkuð lengri og ýtarlegri en hin fyrri:

---

1 Sbr. skjöl nr. 5 (139, 215) (Lambafell), 5 (148, 245) (Seljavellir). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 89-90.
2 Skjal nr. 5 (1).
3 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 679. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 260. *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 38. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 672.
4 Sbr. skjöl nr. 5 (21) (kaupbréf 1489), 5 (61 og 79) (kaupsamningur 1688).
5 Skjal nr. 5 (41). Rauðarfell ytra er sama jörð og Raufarfell (sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 804).
6 Björn Lárusson 1967, s. 87.
7 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 42.
8 Skjal nr. 5 (44).
9 Skjal nr. 5 (45).
10 Skjal nr. 3 (68). Lýsing þessi er úr kveri, afrituðu eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli 1909.

Raufarfell.[1]

Jördinn Raufarfell er talin med afbílinu Selkoti ad fornu mati 40^{c} ad dýrleika. Hefur hún landamerki sjer, og liggur til Fjalls nærst fyrir austann Laugará, og liggur heidarland hennar til Jökuls og fram med Laugarárgili. Lambafells máldagi tiltekur landamerkid þannig: Fyrst liggur markid ofann frá Jökli í Raudastein sem stendur í Laugarárgili. Þadan sjónhending sudur í gardinn sem er framan vid Lambafellsjadar ad austanverdu. - Ekki á Jörd þessi – eda torfa – land leingra sudur med Lambafells marki en þar til sem briddir á – eda sjest – sem Hesteyra af Pjetursey í Mírdal frammundan Hrútafells (edur leiti) Fjalli, og rædur sú stefna til austur landsudurs, austur ad Raudafells landeign, en Midbælis landeign liggur sunnann ad Raufarfellslandi, ad austanverdu liggur Raudafellslandeign samsyda Raufarfellslandi til Jökuls. Ekkert reka jtak á jördin. Hún er heldur landlítil, med því líka Laugará spillir töluverdt útslægjum hennar.[2]

Landamerkjabréf Raufarfells var undirritað 16. mars 1886 og er sem hér segir:

Skrásetning

um landamerki jarðarinnar Raufarfells í Austur-Eyjafjallarhreppi Rangárvallasýslu, og er hjer lýst mörkum bæði eptir skjölum og skilríkjum, og svo líka eptir samkomulagi og sögn núlifandi manna, og eru mörkin sem nú skal greina:

Úr þúfunni sem er rjett ofan við sýsluveginn norðanvið vestri Helgubakkann, er bein sjónhending í hinn forna markgarð, á milli Raufarfells og Rauðarfells og það sömu beina línu yfir nefndan Sandháls austan til og upp úr Högnaklett, og úr Högnaklett ræður eggin í yrpústungnahöfuð í jökul, úr nefndri þúfu að sem hesteyra sjáist af fjallinu Pjetursey, framundan Hrútafells-fjalli allt þangað til að kemur það langt vestur að kemur á þúfuna rjett framanvið sýsluveginn, vestast á horninu á nefndri Torfmýri, svo úr þeirri þúfu beina sjónhending í Rauðastein, sem er á aurunum fyrir innan Seljavelli, og svo er þessi marklína áfram innmeð Laugarásbrekkum niður á aurnum og inní gilið, sem er vestanvið svo-nefndan Raufarfellstungur, liggur svo markið eptir gilinu til jökuls.

Raufarfell, dag. 16. mars 1886.[3]

Í umboði Vilborgar Jónsdóttur. Jón Hjörleifsson

Bárður Pálsson, Sveinn Arnoddarson, Þ. Björnsson, Þ. Guðmundsdóttir, Tomas Stefánsson,
Sveinn Sveinsson, Árni Magnússon, Halldór Magnússon, K. Guðmundsson,
Eyjólfur Þórarinsson, Guðmundur Gíslason, Jón Jónsson, Sigríður Jónsdóttir,
Þórður Tómasson, Halldór Jón Stefánsson, Magnús Arnoddarson[4]

1 Hér er vísað neðanmáls þar sem stendur: „Raufarfell og Raudafell eru adskildir Bæir, sem standa Framann undir Fjallinu, sem er á milli Kaldaklifsár og Laugarár, og er Raudafell austar (sjá þeirrar jardar lísingu á nærstu bls.).“

2 Skjal nr. 3 (53). Lýsing þessi er úr kveri, afrituðu eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli 1909.

3 Virðist upphaflega ritað 1887.

4 Skjal nr. 3 (5). Ekki er tekið fram fyrir hvaða jarðir bréfið er undirritað en heimildir benda til að Bárður Pálsson og Þ(or-björg) Guðmundsdóttir hafi verið fyrir Raufarfell, Þ. Björnsson (Þorvaldur Bjarnarsson?) fyrir Þorvaldseyri, Árni Magnússon fyrir Miðbælisbakka, Guðmundur Gíslason fyrir Seljavelli, Jón Jónsson fyrir Lambafell og Þórður Tómas-son og Halldór Jón Stefánsson fyrir Rauðafell (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 41, 67, 87, 89, 90, 92, 95, 97). Sveinn Arnoddsson bjó að Rauðafelli, Tómas Stefánsson í Selkoti, Sveinn Sveinsson í Gíslakoti, Halldór Magnússon í Miðbæli, K. Guðmundsson í Drangshlíð og Eyjólfur Þórarinsson að Raufarfelli (Sóknarmannatal Eyvindarhóla, Þjóðskjalasafni).

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli í Austur-Eyjajallahreppi 21. júní 1887 og fært í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Eins og áður er vikið að voru ábúendur fjórir í Raufarfelli í byrjun 18. aldar. Þegar jarðamat var gert einni öld síðar voru þeir fimm og í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 eru skráð fjögur býli í Raufarfelli (suðurbær, austurbær, miðbær og vesturbær).[1] Árið 1967 fóru fram landskipti milli jarðanna Raufarfells og Selkots. Skiptahlutföll voru þessi: Raufarfell 80,08% og Selkot 19,22%.[2] Ári síðar var tekið til skipta allt ræktanlegt land Raufarfellsjarða, einnig brekkur ofan Raufarfellstúna og brekkur frá Djúpagili fram að mörkum Selkots. Jörðinni Raufarfelli I, II, III og IV var þá skipt þannig að úr urðu tvær jarðir, Raufarfell II, 15 hundruð (42,86%) og Raufarfell III, 20 hundruð (57,14%).[3]

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Raufarfell verið framselt á venjubundinn hátt og veðsett.[4]

5.18. Rauðafell

Rauðafell mun vera sama jörð og nefnd er „Rauðafell et eystra“ í Landnámu en þar bjó Hrafn hinn heimski er nam land milli Kaldaklofsár og Lambafellsár.[5] Í Melabók, Hauksbók og Njálu er jörðin nefnd Raufarfell og er sú nafnmynd talin upphafleg. Rauðafell er sennilega gömul tvímynd af nafninu og kemur fyrir í heimildum frá 19. öld.[6] Jörðin er nefnd í skjali 20. júní 1474 en þar bera tveir menn því vitni að 20 hundruð í Raufarfelli eystra hafi komið til greina sem greiðsla fyrir hálfan Héðinshöfða á Tjörnesi.[7] Raufarfell eystra var meðal þeirra jarða sem komu til skipta eftir andlát Vigfúsar Erlendssonar, lögmanns og hirðstjóra, 1521, en jarðardýrleika er ekki getið.[8]

Eystra-Raufarfell var metið á 71 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 (rúmlega tvítugföld landskuld) en 55 hundruð í jarðabók 1695.[9] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er Raufarfell eystra einnig sagt 55 hundruð að dýrleika. Eigendur jarðarinnar voru þá fjórir og ábúendur jafnmargir. Jörðin lá undir spjöllum enda mjög hætt fyrir skriðum.[10] Í Jarðatali Johnsens 1847 er „Raufarfell eystra“ skráð 55 hundruð en haft er eftir sýslumanni að hún sé 52 ½ hundrað að dýrleika.[11] „Rauðafell“ er hins vegar metið á 61,8 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.[12]

Elsta landamerkjalýsing Rauðafells, sem kunnugt er um, mun vera frá um 1850 en einungis varðveitt í afskrift frá 20. öld:

> Jördinn Raudafell er talin 51[c] ad dýrleika. Landamerki á milli nefndrar Jardar og Raufarfells (á hvörjum jördum tün og eingjar liggja saman) eru: úr Eystri Sandhálsi – sem er framan í Fjallshlídinni fyrir ofann þar sem tünin liggja saman – í læk þann sem adskilur tüninn, vid nedannverd túninn skal úr þeim læk vera sjönhending í midjann kyrkjugard í Midbæli, á sú sjónhending ad ráda svo lángt, þar til Hesteyra sjest af Pétursey (í Mírdal) framundan Hrútafellsfjalli (litla fjalli) þá er sjónhending til landsudurs

1 Skjal nr. 3 (90) (jarðamat 1802) og skjal nr. 3 (89) (fasteignamat 1916).
2 Skjal nr. 2 (9).
3 Skjal nr. 2 (10).
4 Sbr. skjöl nr. 3 (144), nr. 5 (144-147, 229-232).
5 *Landnámabók* 1986, s. 340 (Sturlubók).
6 *Landnámabók* 1986, s. 340 (2. nmgr.). Í *Jarðabók Árna og Páls* (1. b., s. 39) er jörðin nefnd „Raufarfell eystra“, „Austara Rauðafell“ í kaupbréfi 1748 (skjal nr. 5 (113), „Rauðafell“ í brigðalýsingu 1764 (skjal nr. 5 (117) og „Röidafell“ í jarðamati 1802 (skjal nr. 3 (90)).
7 *Íslenskt fornbréfasafn* 5, s. 752.
8 *Íslenskt fornbréfasafn* 8, s. 798, 805.
9 Björn Lárusson 1967, s. 87.
10 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 39-41.
11 Skjal nr. 5 (44).
12 Skjal nr. 5 (45).

í þúfu ofanverdt vid Drángshlídarhólma – í þessari stefnu skal halda sama midi á Pétursey og Hrútafellsfjalli, sem hér er tilgreint – úr nefndri þúfu er tekinn sjönhending í þúfuna á Kröksnesi, sem er nordanmeginn vid framanverdt Kaldaklifsárgil, úr því rædur nefndt gil til Jökuls, úr upphaflega nefndum Sandhálsi í Högnaklett, frá Högnakletti rædur Brúnin edur eggjarnar fyrir austann dalinn sem er í fjallinu, til Jökuls.[1]

Nokkru yngri, eða frá um 1870, er önnur landamerkjalýsing og er hún eins og hin fyrri einungis varðveitt í yngri afskrift:

Jördinn Raudafell, er sumir nefna Raufarfell Eystra (t.a.m. Jardatal Johnsens) hefur sumstadar verid talin ad dýrleika (ad f.m. [að fornu mati]) 55^{c} en nú hefur hún leingi verid talin 51^{c}.

Landamerki á milli nefndrar jardar og Raufarfells (á hvörjum jördum tún og eingjar liggja saman) eru þessi:

Úr Eystri Sandhálsi, sem er framan í Fjallshlídinni fyrir ofan þar sem túnin liggja saman í læk þann sem adskilur túnin, vid nedanverd túnin skal úr þeim læk vera sjónhending í midjann kirkjugard í Midbæli, á sú sjónhending ad ráda svo lángt sudur þar til Hesteyra sjest af Pétursey í Mírdal framundan Hrútafellsfjalli (litla fjalli) þá er sjónhending tekinn til landsudurs í þúfu ofanverdt vid Drángshlídarhólma í þessari stefnu skal halda sama midi á Pétursey og Hrútafellsfjalli, sem hjer er tilgreint, úr nefndri þúfu er tekinn sjónhending í þúfuna á Króksnefi, sem er nordannmegin vid framanvert Kaldaklifsárgil, úr því rædur nefnt gil til Jökuls.

Nú er vikid aptur í vestara Markid á fyrstnefndann Sandháls, úr hönum skal vera bein stefna upp í svonefndann Höggnaklett (sem er hár tindur í Fjallsbrúninni), frá Höggnakletti rædur brúnin, eda eggjarnar fyrir austann dalinn, sem er í Fjallinu, til Jökuls.[2]

Landamerkjabréf Rauðafells var undirritað 1. mars 1887 og er á þessa leið:

Landamerki jarðarinnar Rauðafells í Austur-Eyjafjallahreppi 52 ½ hundrað að fornu mati, enn 61.8 hundruð að dýrleika að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861.

Úr þúfu, sem er rjett fyrir norðan sýsluveginn, norðan við Vestri-Helgubakka, er bein sjónhending í hinn forna markgarð, sem er á milli Rauðafells og Raufarfells, og það sömu beinu línu yfir svo nefndan Sandháls austan til og upp í Högnaklett og þaðan sömu beina línu í jökul eftir Kálfaskálaegg.

Úr áðurnefndri þúfu er bein sjónhending, sem næst í austur-landsuður með fram Bakkakotslandi og Hörðuskálalandi, að sem hesteyra sjáist af fjallinu Pétursey framundan Hrútafellsfjalli allt þar til kemur austur á þúfuna, sem er hornmark milli Rauðafells og Hörðuskála, hver þúfa að liggur í horninu að austan og norðan á svonefndum Drangshlíðarhólma sunnan við sýsluveginn. Úr nefndri þúfu er bein sjónhending í háa þúfu, sem er á neftanganum, er liggur syðst vestanvert við Kaldaklifsárgil. Ræður svo áin í gilinu marki allt til jökuls.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887

Þ. Bjarnarson Jón Jónsson K. Jónsson Þ. Bjarnardóttir Tómas Stefánsson

1 Skjal nr. 3 (67). Þessi lýsing er skrifuð upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli árið 1909.
2 Skjal nr. 3 (54). Þessi lýsing er skrifuð upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli árið 1909.

í umboði Vilborgar Jónsdóttur Bárður Pálsson Einar Einarsson

(J. Hjörleifsson) Halldorjón Steffánsson Þórdur Tómasson

J. Hjörleifsson Sk. Árnason Þ. Guðmundsdóttir.[1]

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Eins og áður hefur komið fram var fjórbýli í Rauðafelli þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð í byrjun 18. aldar. Í jarðamatsgögnum 1802 eru sjö ábúendur skráðir á jörðinni en fjórir í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 (austurbær, Þórðarbær, miðbær, vesturbær).[2] Nú munu vera þrjú býli í Rauðafelli (Rauðafell I, II og III).[3] Árið 1972 fóru fram skipti á landi Rauðafellstorfu að undanteknu heiðalandi og landi utan fyrirhleðslugarða, ógrónu, og skyldu hlutföllin vera þessi: Rauðafell I 12,5%, Rauðafell II 22,5% og Rauðafell III 17%.[4]

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Rauðafell verið framselt á venjubundinn hátt og veðsett.[5]

5.19. Hrútafell, Hólatungur og Borgartungur

Hrútafells virðist ekki getið í varðveittum heimildum fyrr en eftir siðaskipti. Í jarðabók 1686 er Hrútafell metið á 80 hundruð (þ.e. tvítugföld landskuld sem var 4 hundruð) en í jarðabók 1695 er dýrleikinn sagður 40 hundruð.[6] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er jörðin sögð 40 hundruð með afbýlunum Hrútafellskoti, sem reiknaðist 5 hundruð, og Bökkunum en dýrleiki þeirra var talinn 2 hundruð og 60 álnir. Þá var þríbýli á jörðinni.[7] Heimildir frá 18. öld benda til að jörðin hafi á þeim tíma gengið kaupum og sölum, að hluta til, enda jörðin í margra eigu.[8]

Í Jarðatali Johnsens 1847 er Hrútafell eins og áður talið 40 hundruð að dýrleika. Þar er hjáleigan Hrútafellskot einnig nefnd en ekki minnst á Bakka (Bakkana).[9] Í Nýrri jarðabók 1861 er Hrútafell metið á 38,9 hundruð, þ.e. Hrútafell 33,93 og hjáleigan Hrútafellskot 4,98 hundruð.[10]

Í jarðamati 1849 er ekki annað sagt um beitiland Hrútafells en að það sé gott („land til hagbeitar gott“) og „gripagagn all gott“.[11] Í fasteignamati 1916 er lýsingin nákvæmari:

> Beitilandið er mjög gott fyrir allan fénað, en sérstaklega er góð sauðabeit í Hrútafellsfjalli, sauðir ganga hér gjafalausir. Smalamenska er hæg.[12]

Elstu heimild um merki Hrútafells er trúlega að finna í landamerkjalýsingu Drangshlíðar sem rekja má til fyrri hluta 19. aldar:

1 Skjal nr. 3 (6). Ekki kemur fram fyrir hvaða jarðir bréfið er undirritað en samkvæmt Sóknarmannatali Eyvindarhóla bjó Þ.(Þorvaldur) Bjarnason á Þorvaldseyri, Kjartan Jónsson prestur á Ytri-Skógum, Tómas Stefánsson í Selkoti, Einar Einarsson í Hrútafellskoti og Jón Hjörleifsson hreppstjóri í Eystri-Skógum. Halldór Jón Stefánsson var ábúandi að Rauðafelli (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 97).
2 Skjöl nr. 3 (89, 90).
3 Íbúðarhús á jörðinni Rauðafelli II ber nafnið Rauðafell IV (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 97).
4 Skjal nr. 2 (11).
5 Sbr. skjöl nr. 3 (143) og 5 (141-143, 226-228).
6 Björn Lárusson 1967, s. 87.
7 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 32-35.
8 Skjöl nr. 5 (81, 100, 105, 108, 113), sbr. einnig skjal nr. 3 (90).
9 Skjal nr. 5 (44).
10 Skjal nr. 5 (45).
11 Skjal nr. 3 (88).
12 Skjal nr. 3 (89).

Landamerki Hrútafells og Drangshlíðar (Skarðshlíðar)

Sjónhending úr Grásteini í Hólalínu, sem er Hornmark Hóla og Hrútafells, í Grettisglugga í Skarðshlíðargrjótum. Þaðan í fjallsnef þar hjá, síðan með fjallsrótum í Þorláksgnípu. Úr Þorláksgnípu og yfir þvert Drangshlíðarfjall í Yxnadalsöxl og síðan í Hornfellsgnípu og þaðan í Finnvarðarháls við Jökul.

Brynjólfur Thómasson á Hrútafelli, 79 ára, segir svo frá 5. Ágúst 1909 eptir Magnúsi Sigurðssyni á Leirum (d. 1853).[1]

Í öðru landamerkjabréfi, dags. 28. desember 1885, er lýst mörkum á milli Hrútafells annars vegar og Drangshlíðar og Skarðshlíðar hins vegar og er það birt í kafla 5.20. (Drangshlíð).

Landamerkjabréf Hrútafells var undirritað 14. maí 1886 og er svohljóðandi:

Skrásetning

yfir landamerki og landamerkjastefnur sem og rekafjörutakmörk jarðarinnar Hrútafells í Austur-Eyjafjallahreppi eftir því sem við undirskrifaðir eigendur og umráðamenn jarðarinnar vitum þetta sannast og réttast að vera, sem er með báðum Hrútafellskotunum 38.9^{c} að dýrleika eftir jarðabókinni frá 1861.

Í móts við Eyvindarhólaland að vestanverðu er landamerkið Reynhóll, úr honum er stefna austur um hinn svo kallaða merkigarð (sem er þar austur af og sem en‹n›[2] sést glöggt móta fyrir) allt austur í móalón sunnanvert, þaðan upp á við, í móts við Skarðshlíðarland (Drangshlíð), beina stefnu í Grettisglugga, svo í bláa nefið á fjallsrótunum (Litlafjalli) þar upp af, síðan austur með rótum fjallsins og í Þorláksnýpu og þaðan í yxnadalsöx, þaðan beint í Hornfellsnýpu og þaðan í Fimvarðarháls.

Aftur að vestanverðu móts við Klömbruland, Hörðuskála og Rauðafellsland, úr Reynhól, fyr nefndum, í vesturátt beint í markavörðu, sem er á þeim stað sem Rauðafellsbæ ber í Högnaklett, þaðan upp eftir nefnda stefnu að Rauðafellsbæ beri í Högnaklett, þar til sundið á milli bæjanna að Hrútafelli ber um fremstu brún Skógarnúps, þá beygist merkjalínan vestur á við í keldu, sem merkjavarða verður við sett ef þessi skrásetning samþykkist af öllum hlutaðeigandum úr keldunni aftur í Brúarendanum sem þar er upp af sem líka verður sett merki við ef samþykkist og þaðan beina stefnu í Háuþúfu við Kaldaklifsárgil[3] og síðan ræður Kaldaklifsárgil og farvegur upp til jökuls vestan Þorvaldstungna.

Hrútafellsfjara hefir þessi takmörk: varða suður við sjó eða fjöru beina stefnu í Losaberg, sem er í fjallinu austan við Löngutorfu í Drangshlíðarfjörumark milli Hrútafellsfjöru og Drangshlíðar, enn milli Hrútafells og Hóla, að sjáist sem fuglsbringa austan undan Skóganúp.

Hrútafell 14. maí 1886.

Tómas Tómasson, Ólafur Guðmundsson, Þorsteinn Þorsteinsson

K. Jónsson, B. Tómasson, Sveinn Arnoddasson[4]

1 Skjal nr. 3 (71). Undir þetta ritar Jón Þorkelsson, þáverandi þjóðskjalavörður: „Er þetta orðrétt eptir Brynjólfi ritað samstundis og síðan upp fyrir honum lesið og af honum samþykt. Magnús á Leirum var uppalinn á Hrútafelli [viðb. neðanmáls: „Fæddur á Hrútafelli í Maí 1770“].“

2 *en* bætt við milli lína.

3 *sem líka – Kaldaklifsárgil* bætt við milli lína.

4 Skjal nr. 3 (7). Þorsteinn Þorsteinsson og Tómas Tómasson voru báðir bændur í Hrútafelli (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 54. Skjal nr. 3 (115)). Samkvæmt Sóknarmannatali Eyvindarhóla í Þjóðskjalasafni bjó Ólafur Guðmundsson í Hrútafellskoti syðra, Brynjólfur Tómasson í Hrútafelli og Sveinn Arnoddason í Rauðafelli.

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Undir lok aldarinnar gáfu ábúendur Drangshlíðar, Skarðshlíðar og Hrútafells út svofellda yfirlýsingu um upprekstur í heiðarland jarðanna:

> Við undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna Drangshlíðar, Drangshlíðardals, Skarðshlíðar og Hrútafells, fyrirbjóðum öllum upprek‹s›tur á heiðarland téðra jarða, sem er milli Kaldaklifsár og Skógarár.
>
> Brjóti nokkur móti þessu banni okkar, munum við leita réttar okkar á annan hátt, og verður fénaður sá, sem þar finnst, tekinn fastur og meðhöndlaður sem lögum er samkvæmt.
>
> Drangshlíð, Skarðshlíð og Hrútafelli 31. maí 1894
>
> | | |
> |---|---|
> | Þuríður Bjarnardóttir | Þorsteinn Jónsson |
> | Sigurður Halldórsson | Hjörl. Jónsson |
> | Þorsteinn Þorsteinsson | Tómas Tómasson |
> | Guðmundur Ólafsson | Stefán Tómasson |
> | Jóhannes Símonarson | Sólveig Finnsdóttir[1] |

Vestan Þorvaldstungna, sem nefndar eru í landamerkjabréfinu, eru Borgartungur sem Stóraborg hefur gert tilkall til a.m.k. frá 17. öld. Vísitasía Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Stóruborg, 26. september 1641, hefst á þessum orðum:

> Kyrkian ad Borg vnder Eÿafiollum á Klambrar Land, Borgartungur nema Bref framm komi.[2]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er komist þannig að orði:

> Afrjettar ítak er kirkjunni [að Borg] eignað, kallað Borgartúngur, sem mönnum þykir forsorga kunna um sumar l [þ.e. fimmtíu] lömb, sígur Eyjafjallajökull á þetta takmark og spillir smámsaman.[3]

Í jarðamati 1849 er ekki minnst á þetta „ítak“ Stóruborgar þó að jörðinni fylgdu „hagaþreingsli mikil“ og ekki heldur í fasteignamati 1916.[4] Jörðin er þó enn talin eiga upprekstur í Borgartungur.

Fyrir vestan Borgartungur eru Hólatungur sem eignaðar eru Eyvindarhólum. Um þetta segir í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar 26. september 1641:[5]

> [Maríukirkja að Eyvindarhólum] á þad Jtak sem kallast Hólatungur nordur j Heidinne, og Skógarjtak j Langanesi sem kallast Holaskogur.[6]

1 Skjal nr. 3 (102).
2 Skjal nr. 3 (31).
3 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 44.
4 Skjöl nr. 3 (88, 89).
5 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 11, 61.
6 Skjal nr. 3 (30).

Í annarri vísitasíu Brynjólfs biskups, frá 4. september 1662, er þessi yfirlýsing:

> Jt[em] á Kyrkian Hólaatungur sem liggia milli Hrutafellsheidar og Raufarfellsheidar. Halldast enn under til Lamba og Gelldfiárreksturs.[1]

Yngri vísitasíur virðast engu bæta við það sem áður hefur komið fram. Í vísitasíu Finns biskups Jónssonar 29. ágúst 1757 segir t.d. á þessa leið:

> Anno 1757. 29 Augusti visiterud Kyrkiann ad Holum under Eyafiollum. Hun á Heimaland allt med Gögnum og Giædum; 21 Malnytu Kugyllde, 3 hundrads Hesta. Innanngátta í ofrÿdum Peningum 5 aura. Itak sem kallast Hola Tunga.Visítatia Mag. Jóns Arnasonar af Dato 1722 sem citerar adrar elldre Visitatiur eignar henne Skógar Jtak i Langanese sem kallast Hola Skógur, hvort Stadarhalldarenn seiger ad á næstfyrerfarande Áre hafe undann K[yr]kiunne dæmt vered.[2]

Ekki er minnst á Hólatungur í jarðamati 1849 en í skýrslu um tekjur og útgjöld Eyvindarhólaprestakalls á tímabilinu1849-1853 er gerð svofelld grein fyrir tekjum prestssetursins:

> Prestssetrið Ejvindarhólar, nefndir 26^{c} með sínum 3^{r} hjáleigum, kúgildi heima 4^{r}.
>
> Jörð þessi er mjög hagalítil, spillir Kaldaklifsá þeim árlega meira og minna er undirorpin griot og sandfoki til stórskjemmda í ýmsum veðrum, útslægjulaus, túnið er stort ogreidt og þift, fást af því í meðalári herumbil 160 hestar, ætlast því að jörðin frammfæri 3 kýr 15 ær 15 lömb 3 hross, motekja er enginn, svo bruka verður haug til eldividar; hlynnindi eru: opt hægt aðfærslu með sjóarabla og trjáreki fyrir jarðarinnar landi þó sjaldann sé að miklu verði, lamba-afréttur, svonefndar Holatungur, nordan vid Hrutafellsheidi, hérumbil fyrir 40 lömb sem heimajördinni ásamt hjaleigum hennar fylgia.[3]

Í fasteignamati 1916 er ekki minnst á Hólatungur en tekið fram að beitilandið sé „fremur víðlent og gott til allrar beitar. Smalamenska hæg“.[4]

Engar athugasemdir eru skráðar í landamerkjabók við landamerkjabréf Hrútafells en árið 1907 gáfu eigendur Drangshlíðar og Skarðshlíðar út yfirlýsingu þar sem þeir mótmæltu því að eigendur Hrútafells hefðu eignað sér land þessara jarða. Landsvæði þetta væri austan við markalínu sem þeir hefðu lýst með landamerkjaskjali 28. desember 1885 og væri sem hér segir:

> Grásteinn, sem er hornmark á suður og vesturkanti Drangshlíðar og Skarðshlíðarlands, liggur austan og ofanvert við Hólahæðir, úr honum er sjónhending í austurhornið á Rútshelli og það sömu sjónhending upp á fjallsbrúnina, svo liggur markið með brúnum austur í Grettisskarð og þaðan með brúnum í Þorláksgnýpu og svo sjónhending úr Þorláksnýpu í stóra steininn á Yxnadalsöxl, úr steininum er sjónhending í Hornfellsnýpu og þaðan sjónhending í jökul.[5]

Árið 1909 lögðu eigendur Drangshlíðar og Skarðshlíðar fram kæru á hendur eigendum Hrútafells og var málið tekið fyrir í aukarétti Rangárvallasýslu 12. maí sama ár. Dæmt var í málinu 24. október 1910 á þessa leið:

---

1 Skjal nr. 3 (37).
2 Skjal nr. 3 (43).
3 Skjal nr. 3 (118). Sams konar lýsing er í brauðamati Eyvindarhólaprestakalls 1862-1867 (sbr. skjal nr. 3 (123)).
4 Skjal nr. 3 (89).
5 Skjal nr. 3 (105).

> Að landamerki milli Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal á aðra hlið og Hrútafells og Hrútafellskoti á hina hlið, skulu hér eftir vera þessi: að sunnanverðu úr hornmarksvörðu á landamerkjum Eyvindarhólalands í merkjavörðu á Grásteini, þaðan sjónhending til fjalls í merkjavörðu neðst í garðrústinni fyr nefndu og eftir garðrústinni upp til hamra, þaðan með klettarótum í bláa nefið á suðaustur horni Hrútafellsins upp af Ófeigs eða Skarðshlíðargrjótum og þar lóðrétt upp hamrana og þaðan með klettabrúnum í Grettisglugga upp á fjalli, þaðan með klettabrúnum í Grettisskarð og þaðan með brúnum kletta í Þorláksnýpu, þaðan sjónhending til landnorðurs í stóra steininn á Yxnadalsöxl, þaðan sjónhending í Hornfellsnýpu og þaðan sömu sjónhending í jökul.[1]

Eigendur Hrútafells áfrýjuðu þessum dómi til yfirréttar en þar var málinu vísað frá með dómi 25. mars 1912. Þeir stefndu síðan málinu aftur fyrir yfirdóm sama ár. Fyrir utan annmarka á skipan merkjadómsins og málsmeðferð þar töldu Hrútfellingar að merkjadómurinn hefði farið með lögleysu með því að ákveða suðurmarkið milli jarðanna töluvert norðar og vestar en rétt væri. Dómur yfirréttar var kveðinn upp 31. mars 1913 og skyldi landamerkjadómurinn vera óraskaður.[2]

Árið 1954 fóru fram landskipti á spildum í Hrútafellslandi. Í ljós hafði komið, þegar gengið var á mörk, að ágreiningur var um landamerki milli Hrútafells og Eyvindarhóla og var ágreiningslandið 4,5 hektarar að stærð. Ákveðið var að skipta landinu „út frá sjónarmiði Hrútafellsmanna“. Bakkamýri fékk 45 m breiða skák með fram Hrútafells- og Skarðshlíðarmörkum ofan frá þjóðvegi suður í Eyvindarhólamörk. Hrútafell II fékk spildu austur af spildu Hrútafellskots innan skilgreindra takmarka.[3]

Eins og áður hefur verið getið var þríbýli á Hrútafelli á tímum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og einnig í byrjun 19. aldar.[4] Samkvæmt fasteignamati 1916 skiptist Hrútafell í suðurbæ og norðurbæ auk Hrútafellskots.[5] Norðurbærinn lagðist undir suðurbæinn þegar hann fór í eyði um miðja 20. öld.[6]

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Hrútafell verið framselt á venjubundinn hátt og veðsett.[7]

5.20. Drangshlíð

Drangshlíð er nefnd í Landnámu þegar skýrt er frá því að leiði Þrasa Þórólfssonar sé fyrir vestan Fossá „heldr nær ánni í Drangshlíð undir gnúpinum“.[8] Hér mun þó fremur átt við fjallið Drangshlíð en jörðina. Jarðanna Drangshlíðar og Skarðshlíðar er einnig getið í máldaga kirkjunnar í Skógum frá um 1332 (sbr. kafla 5.21.). Drangshlíð og Skarðshlíð voru í eigu konungs og meðal þeirra jarða sem konungur framseldi Henriki Bjelke ríkisaðmíráli í veð fyrir láni (sbr. kafla 5.5.). Þessar jarðir voru seldar einkaaðilum á 9. áratug 17. aldar.[9] Í jarðabók 1686 er Drangshlíð metin á 60 hundruð og 56 hundruð og 80 álnir 1695. Skarðshlíð er í sömu jarðabókum metin á 26 hundruð og 160 álnir og 20 hundruð. Í síðari jarðabókinni var farið nær hinu forna mati.[10]

Frá byrjun 18. aldar er til mikið safn jarðabréfa sem safnað var í aðdraganda Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Á seðli einum er minnst á selstöðu frá Ytri-Skógum „nærri upp undan Eystri-Skógum“. Síðan segir:

---

1 Skjal nr. 3 (115).
2 Skjal nr. 3 (128).
3 Skjal nr. 2 (12).
4 Sbr. skjal nr. 3 (90) (jarðamat 1802).
5 Skjal nr. 3 (89).
6 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 55.
7 Sbr. skjöl nr. 3 (142) og 5 (137, 138, 210, 211, 212, 213). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 54-55.
8 *Landnámabók* 1986, s. 339.
9 Björn Lárusson 1967, s. 132, 6. nmgr. Skjal nr. 5 (76).
10 Björn Lárusson 1967, s. 87.

> Líka so hefur áður fyrrum önnur selstaða brúkast að sögn á Eskiheiði, sem undan er gengin jörðunni Ytriskógum til Drangshlíðar með áreið hér um fyrir 20 árum.[1]

Í Jarðabók Árna og Páls 1709 er Drangshlíð sögð vera 40 hundruð að dýrleika og Skarðshlíð 20 hundruð. Tvíbýli var á hvorri jörð.[2] Dýrleiki jarðanna er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847.[3] Í Nýrri jarðabók 1861 er Drangshlíð metin á 38,2 hundruð og Skarðshlíð á 25,9 hundruð.[4]

Af heimildum má sjá að ágreiningur hefur verið um nýtingu lands vestan Skógarár milli eigenda og ábúenda Drangshlíðar annars vegar og umboðsmanns Skóga- og Merkureigna hins vegar en hann bjó í Ytri-Skógum. Ábúendur Skarðshlíðar tóku afstöðu með ábúendum Drangshlíðar eins og fram kemur í eftirfarandi bréfi frá 1777:

> Medan Kongurin sialfur atte Drángshlyd veit einginn annad enn Dalurin [þ.e. Drangshlíðardalur] og Heidenn öll fyrer vestan Skogaá hafe fillgt Dráng‹s›hlyd allt nordur ad Drangshlydar Botnum, hvar Hrutfells Land tekur vid. Ádurnefndar Kongs Jarder hiellt i Forlieningu nockra Tyd sa madur er hiet Amunde Thormodsson og bio i Ytre Skógum, storrÿkur og harddrægur madur. Hann bigde fatækum mönnum Drángshlydena so ad hann tók under Bu sitt i Skógum allt Sliettlende ad[5] þvj sem Steirn kann ad vellta ur Brecku. Enn beitte Heidina; En þeir fátæku menn sem i Drangshlyd biuggu og voru hans undergiefner Leigulidar hlutu ad láta liggia i þvj Skaute er hann villde. Þesse hans Asælnis Yfirgángur, barst þo ut, hvort til Kongssins edur Thorkiels saluga[6] kunnum vid ej vyst ad seigia sem hafde þann Útgáng, ad tilskickud var Logmans Áreid a Drang‹s›hlydar Dal og Heide. Var þar tilskickadur vice Logmadur Jón Eiolfsson. En þar hann forfalladist, skal Areidena hafa giört Broder hans sa lærde Syslumadur Arnes syslu Einar Ejulfsson sem med sÿnum Áreidarmonnum dæmde Dalinn og Heidina ad tiltecknum adurgreindumm Mörkumm ævarande Drangshlydar Eign og Eiginndóm, hefur so adur tied Land atolulaust verid sleigid beitt og brukad frá Drangshlyd. …[7]

> Hvað margar fornar og nyar Logfestur sem eru til og finnast fyrer Skóga Lande skal alldrej i þeim finnast ad þeir hafe eignad ser nockud Jtak i Drang‹s›hlydarlande fyrer vestann Ána, sem sannarlega hefde annars nefnt og tiltekid verid. ej eru mörg Ár sydan Drangshlydar og Skoga Mönnum vard sundurorda um Beit þessa, og hofdu Skogamenn þer ej annad til Forsvars en Skiæringur enn verandi i Skardshlyd hefde lied sier Þridiung umm tvistadra Haga þvij Skardshlyd vill telia ser, allann þridia Part i Drang‹s›hlydar Hogum þvj Löndinn liggia þar ad ollu leite saman og hefdu þeir ej borid þetta i Væng, hefdu þeir vitad sig hafa nockurn Riett edur Hefd á Brukune. Þó hafa þeir sem nu a Skogum bua meir og meir b‹e›megtad ser Brukuni‹n›a og þvj framar sem þeir, sierdeilis eirn af þeim bigde eina Nylendu uppi synu eigin Hagbeitar Lande, so þad sem þar fyrer þreingde ad hefur þvj meirra sokt uppa Drangshlydar Land so nu er so komid, þott þeir sem a Drangshlyd verie Kvikfienade þeirra þa reka hiner hann med Kappi og Ofbellde i Landid afftur. Þo upp sie hladinn sa gamle Varnar Gardur er hann jafnodum afftur nidur drifinn, sem ny Dæmi eru til, þvj þeir láta á ser heira og hafa leitast vid ad taka beinke [svo] uppa þad sama: ad hefd sie hier a kominn.[8] Þessu er so i Sanleika háttad effter þvj sem

1 Skjal nr. 5 (62).
2 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 30-31.
3 Skjal nr. 5 (44). Í *Jarðatali Johnsens* (3. nmgr.) er þess getið að Drangshlíð hafi áður verið eign Thorkilii barnaskólans en seld 1838.
4 Skjal nr. 5 (45).
5 *allt* hér næst á undan yfirstrikað.
6 Hér er sennilega átt við Þorkel Jónsson í Njarðvík sem keypti Drangshlíð af konungi (sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 502).
7 Framhaldið er um ágreining út af beit Skógamanna í Drangshlíðarlandi. Áreið sú sem hér er vísað til hefur ekki fundist í Þjóðskjalasafni.
8 Skrifað með gleiðara letri í handriti.

hvör og eirn af oss veit til og ver heirt og fornumid hofumm af og effter oss eldre Mönnum. Hvar a ver vilium frekare Stadfestu giöra ef Þorf krefur. Til Merkis voru Nöfn D. 28 Junji 1777

Andres Gudnason Þorleifur Gudnason Snore Eiriksson Buande i Skardshlyd

Oddni Ellensdotter Gudni Ellensdotter

i Skardshlyd j Skardshlid[1]

Í byrjun 19. aldar stefndu bændur í Drangshlíð bændum í Ytri-Skógum fyrir sáttanefnd um notkun á Drangshlíðardal og heiði. Lofuðu Ytriskógamenn

ad þeir hier efter skule þad frekast þeir gieta halda sínum Skiepnum eda Kvikfenade frá Drangshlídar Dal og Heÿde og i aungan Máta bruka edur nota þeirra Land þar eda annarstadar án þeirra Leifes enn haldest ecke þesser Skilmálar standa allar Saker opnar eins og Eingenn Forlykun hefde giörd vered eda Contractar Rof skied være og lofa ad veria sinn Pening frá sögdu Plátse, enn þad ecke verdur vidgiört kiemur eÿ til Ummtals.[2]

Þessi sátt virðist hafa verið ótraust. Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 segir t.d. um Drangshlíðardal: „Þrætuland millum Ytri-Skóga og Drángshlýdar mest til beitar.“[3] Undir lok aldarinnar gáfu ábúendur Drangshlíðar, Skarðshlíðar og Hrútafells út svofellda yfirlýsingu um upprekstur í heiðarland jarðanna:

Við undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna Drangshlíðar, Drangshlíðardals, Skarðshlíðar og Hrútafells, fyrirbjóðum öllum upprek‹s›tur á heiðarland téðra jarða, sem er milli Kaldaklifsár og Skógarár.

Brjóti nokkur móti þessu banni okkar, munum við leita réttar okkar á annan hátt, og verður fénaður sá, sem þar finnst, tekinn fastur og meðhöndlaður sem lögum er samkvæmt.

Drangshlíð, Skarðshlíð og Hrútafelli 31. maí 1894

Þuríður Bjarnardóttir Þorsteinn Jónsson

Sigurður Halldórsson Hjörl. Jónsson

Þorsteinn Þorsteinsson Tómas Tómasson

Guðmundur Ólafsson Stefán Tómasson

Jóhannes Símonarson Sólveig Finnsdóttir[4]

Yfirlýsingin var þinglesin á Steinahellismanntalsþingi 1. júní 1894.

1 Skjal nr. 3 (44). Neðst á skjalinu standa þessi orð: „Frá Jóni hrstj. [hreppstjóra] Hjörleifssyni í Drangshlíð 15/12 1705.“
2 Skjal nr. 3 (111).
3 Skjal nr. 3 (88).
4 Skjal nr. 3 (102).

Elsta vitnisburð um landamerki Drangshlíðar má rekja aftur til fyrri hluta 19. aldar. Þar er lýst mörkum milli Hrútafells og Drangshlíðar (sbr. kafla 5.19. Hrútafell).

Í öðru landamerkjabréfi, frá um 1870, er lýst mörkum milli Drangshlíðar og Skarðshlíðar:[1]

> Drángshlíd og Skardshlíd.
>
> Drángshlíd 40^{c} og Skardshlíd 20^{c} hundrud ad fornu mati ad dýrleika samtals 60^{c} hundrud eiga haga saman en tún þessara Bæa liggja saman.
>
> Landamerki á milli þessara Jarda ad sunnann og Eyvindarhóla sem eiga land austur ad Skógaá[2] til vesturs tekinn ad austann eru: Eptir visitatiu Biskups Mag. Brinjúlfs Sveinssonar yfir Hóla kirkju undir Eyafjöllum frá 4da Septembris Anno 1662 „úr lækjarbotnum austur í Móanum (vestur) í grástein þann er stendur sunnann undir Stórutjörn“ og á þá stein þann ad bera í Reinhól (þad er í vesturátt).
>
> Úr Grásteini skal taka sjónhending til fjalls – en þad er landamerki á milli Skardshlídar og Hrútafells, sem þá á land fyrir vestann – sjónhending upp ad Brekkum, í gardrúst sem liggur á snid til landnordurs, uppeptir Brekkunni (hjer um bil) 46. födmum fyrir vestann Ófeigshellir (þegar þad er mælt á jafnsljettu nedan verdt vid Brekkuna) og svo upp í fjallsbrún og svo med Brúnum austur í svonefnda Þorláksgnípu, þadann sjónhending til landnordurs í stóra steininn í Yxnadal, þadann sjónhending í Hornfellsgnípu og svo sömu sjónhending í Jökul, á eystri sýdu adskilur Skógaá ad sunnann frá Drángshlídar og ytri skóga lönd alt upp ad Skógafossi en fyrir vestann ána frá svonefndum Skóganúp[3] og inn ad Skógafossi liggur Drángshlídardalur, frá Fossinum skilur áinn heidarlöndin í Jökul nordur, í Dal þessum er bygd kominn fyrir fáum árum frá Drángshlíd[4]. Dalur þessi lagdist til Drángshlídar eptir á, árid 1689. Eingja ítak á Skardshlíd í Hrútafellslandi[5].
>
> Drángshlíd og Skardshlíd eiga fjörustúf samann fyrir ytri Skóga landi, (Skógasandi) fjörumarkid er, ad vestann: „Grjóthrúga eda varda sem er á Sandinum á ad bera vid Flosaberg, þad er í Brekkum[6] fyrir austann Drángshlíd. Eystra markid er: varda sem er hladinn á stórann stein á sandinum, á ad bera í Úlfhildarklof[7] í Brekkum fyrir austann ytri Skóga.[8]

Þrjú þinglýst landamerkjabréf um Drangshlíð eru varðveitt frá lokum 19. aldar. Í fyrsta bréfinu er lýsing á landamerkjum allrar jarðarinnar:

> Skrásetning yfir landamerki jarðarinnar Drangshlíðar í Austur-Eyjafjallahreppi Rangárvallasýslu að fornu mati 60^{c} hundruð, enn eftir jarðabókinni 1861 60,1^{c} hundruð[9] – að Drangshlíðardal og Skarðshlíð með töldum, einungis verður hér lýst mörkum á milli Drangshlíðar og Ytri-Skóga, eftir þeim skjölum og skilríkjum, sem við undir höndum höfum, og svo líka eftir sögu núlifandi manna, og er markið sem hér greinir:

1 Tímasetning skjalsins er frá Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði.
2 Neðanmáls í handriti: „Í fornöld nefnd Fossá.“
3 Neðanmáls í handriti: „Í fornöld hefur undra mikid grjóthrun fallid úr Skóganúp. Meining manna er ad leidi Þrasa landnámsman(n)s hafi þar verid og undir því ordid.“
4 Neðanmáls í handriti: „Bílid í Drangshlídardal er nú álitid ad vera 1/3ji (einn þridji) partur af jördinni Drángshlíd og er því 13^{c} og 40 álnir): þrettán hundruð og 40 álnir.“
5 Neðanmáls í handriti: „Þad eru nefndir Skardshlídar Hólmar.“
6 Skrifað *Brekkunum* en leiðrétt.
7 Skrifað upphaflega *Úlfhlidar* en breytt á milli lína.
8 Skjal nr. 3 (52).
9 Þessi dýrleiki jarðarinnar er ekki í samræmi við heimildir, sbr. það sem getið er um hér framar.

Skógá ræður merki frá jökli allt fram að Skóganúp svo ræður sjónhending til suðurs að sem fuglsbringa sjáist af Skógafossi austur undan Skóganúp í hornmarkið að austan, sem er grjótvarða framarlega á Skógáaröldu austanmegin við Skógá, hver nefnd varða að er hornmark að austan á milli nefndrar jarðar Drangshlíðar á aðra síðu enn Eyvindarhóla á hina. Þegar á þessari nefndu vörðu er staðið ber Reinhól í bæinn Hlíð.

Fjöru á Drangshlíð og Skarðshlíð í sameiningu fyrir framan Skógasand (vestantil) fjörumark er að austan stórsteinn, upp á sandinum, sem á að bera í mitt Úlfhildarklof, sem er lágin framan í löngu torfunni sem nefnist Úlfhildi, austan við Ytri-Skóga.

Drangshlíð 28. dag desember m. 1885

J. Hjörleifsson í umboði E. Kjartanssonar (J. Hjörleifsson)

Jón Guðmundsson K. Guðmundsson Björn Jónsson[1]

Bréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Í næsta landamerkjabréfi er einungis lýst mörkum milli Drangshlíðar og Eyvindarhóla:

Skrásetning

Í áframhaldi af skjali merkt Nr. 1. yfir landamerki jarðarinnar Drangshlíðar, og er hér einungis lýst merki milli hennar og Eyvindarhóla, og er hér farið eftir skjölum og skilríkjum, sem við í höndum höfum og svo líka sögu eldri manna, og eru þau sem nú skal greina:

Grjótvarða syðst á Skógáröldum austanmegin við Skógá og sést eins og fyr segir í skjali merkt Nr. 1. að eins sem fuglsbringa af Skógafossi austur undan Skóganúp, úr þessari nefndu grjótvörðu er sjónhending vestur í Grástein, sem er hornmark að vestan á Drangshlíðar landi, nefndur Grásteinn liggur ofan og austanvert við hólahæðir, þegar á þessari oftnefndu vörðu er staðið ber nefndan Grástein í Reinhól, enn þegar á nefndum Grástein er staðið ber framannefnda vörðu fyrir framan dyrhólaey.

Drangshlíð 28. dag desember m. 1885

J. Hjörleifsson í umboði E. Kjartanssonar (J. Hjörleifsson)

Jón Guðmundsson K. Guðmundsson Björn Jónsson[2]

Bréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Þriðja bréfið lýtur að mörkum milli Drangshlíðar og Skarðshlíðar annars vegar og Hrútafells hins vegar:

1 Skjal nr. 3 (9). Ekki er þess getið hvar þeir menn bjuggu sem undirrituðu landamerkjabréfið. Jón Hjörleifsson var ábúandi í Eystri-Skógum 1885 en bjó frá 1901 í Drangshlíð. Líklegt er að E. Kjartansson hafi búið í Drangshlíðardal (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 43, 46, 48). Samkvæmt Sóknarmannatali Eyvindarhóla var Jón Guðmundsson ábúandi í Berjanesi og K. Guðmundsson í Drangshlíð.

2 Skjal nr. 3 (10).

Í þriðja máta áframhald af markalýsingarskjölum merkt Nr. 1. og 2. og er hér lýst einungis marki á milli Drangshlíðar og Skarðshlíðar á aðra síðu, enn Hrútafells á hina, og er farið eftir skjölum og skilríkjum, sem við í höndum höfum, og svo líka sögn núlifandi manna og er markið sem nú skal greina:

Grásteinn sem liggur austan vert og ofan[1] við hólahæðir (er hornmark að vestan) úr honum er sjónhending [í austurhornið á Rútshelli og það sömu sjónhending][2] upp á fjallsbrúnina, svo liggur markið með brúnum austur í Grettisskarð og þaðan með brúnum austur í Þorláksnýpu og svo sjónhending úr Þorláksnýpu í stóra steininn í Yxnadalsöxl, úr steininum er sjónhending í Hornfellsnýpu, og þaðan sömu sjónhending í jökul.

Fjöru á Drangshlíð og Skarðshlíð í sameiningu framan við Skógasand (vestantil) og er fjörumark að vestan grjótvarða á sandinum sem á að bera í mitt Losaberg, sem er fyrir austan Löngutorfu í Drangshlíð.

Engjaítak á Drangshlíð tvö, annað í Hörðuskálalandi hitt í Bakkakotslandi.

Engjaítak á Skarðshlíð tvö, eitt í Hrútafellslandi annað í Hörðuskálalandi.

Innan framangreindrar markalínu á þrjá vegu kringum Drangshlíðarland, á enginn ítak í, nema ef vera skyldi Hrútafell, slægjustykki austan við Rútshelli, kölluð Kinn, austur að garðrústinni, er liggur á snið í brekkunni; fyrir þetta slægjustykki hefir Hrútafell lagt Skarðshlíð slægju stykki nefnt enn í dag Skarðshlíðarhólmar.[3]

Drangshlíð 28. dag desembermánað 1885

J. Hjörleifsson í umboði E. Kjartanssonar J. Hjörleifsson

Jón Guðmundsson K. Guðmundsson Björn Jónsson Sæmundur Árnason[4]

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Miðvikudaginn 12. maí 1909 var tekið fyrir í aukarétti Rangárvallasýslu landamerkjamál sem eigendur Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal höfðuðu gegn eigendum Hrútafells. Dómur var upp kveðinn 24. október 1910 var niðurstaðan sem hér segir:

Að landamerki milli Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal á aðra hlið og Hrútafells með Hrútafellskoti á hina hlið, skulu hér eftir vera þessi: að sunnanverðu úr hornmarksvörðu á landamerkjum Eyvindarhólalands í merkjavörðu á Grásteini, þaðan sjónhending til fjalls í merkjavörðu neðst í garðrústinni fyr nefndu og eftir garðrústinni upp til hamra, þaðan með klettarótum í bláa nefið á suðaustur horni Hrútafellsins upp af Ófeigs eða Skarðshlíðargrjótum og þar lóðrétt upp hamrana og þaðan með klettabrúnum í Grettisglugga upp á fjalli, þaðan með klettabrúnum í Grettisskarð og þaðan með brúnum kletta í Þorláksnýpu, þaðan sjónhending til landnorðurs í stóra steininn á Yxnadalsöxl, þaðan sjónhending í Hornfellsnýpu og þaðan sömu sjónhending í jökul.[5]

1 Ritað *ofan og austan vert* en orðaröð breytt með tölustöfum.
2 Orð í hornklofa eru rituð milli lína.
3 Byggð hófst í Drangshlíðardal 1855 á einum þriðja Drangshlíðar (*Sunnlenskar byggðir* 4, s. 46).
4 Skjal nr. 8.
5 Skjal nr. 3 (115).

Eigendur Hrútafells með Hrútafellskoti áfrýjuðu landamerkjadóminum til landsyfirréttar 18. sept. 1911 en málinu var vísað frá. Áfrýjendur stefndu málinu síðan aftur fyrir landsyfirrétt og 31. mars 1913 kvað hann upp þann úrskurð að landamerkjadómurinn frá 24. október 1910 skyldi vera óraskaður (sbr. einnig kafla 5.19.).[1]

Í fasteignamati 1916 er komist svo að orði um beitiland Drangshlíðardals að það sé „víðlent heiðarland, óskift frá Drangshlíð og Skarðshlíð“.[2] Neðan hamra fóru landskipti fram 1977.[3]

Eins og fyrr er getið var tvíbýli í Drangshlíð á tímum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og hefur lengst af þannig verið. Drangshlíð skiptist nú í Drangshlíð I og II auk Drangshlíðardals.

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins 1885 hafi Drangshlíð verið framseld á hefðbundinn hátt og veðsett.[4]

5.21. Skarðshlíð

Skarðshlíð er nefnd í máldaga Nikulásarkirkju í Skógum undir Eyjafjöllum en hann er talinn ritaður um 1332. Þar segir að kirkjan eigi hálft heimaland með öllum rekum þeim sem þar fylgja „oc þessum vtjordum. halfa drangshlyd. skardzhlyd. hordaskäle. backe. oc berianes. oc eystre skogar“.[5] Skarðshlíð varð síðar á miðöldum hluti af svonefndum Skógaeignum sem komust í eigu konungs en voru seldar Henriki Bjelke ríkisaðmíráli eins og gerð er nánari grein fyrir í kafla 5.5. um Stóru-Mörk.[6] Árið 1684 veittu erfingjar Bjelkes í Kaupmannahöfn Lárusi Gottrup, klausturhaldara á Þingeyrum, umboð fyrir þessum jörðum og jafnframt heimild til að selja þær hæstbjóðanda. Skarðshlíð var á þeim tíma metin á 20 hundruð.[7] Í jarðabók tveimur árum síðar (1686) er Skarðshlíð talin 26 hundruð og 160 álnir miðað við landskuld en 20 hundruð í jarðabók 1695.[8] Frá 18. öld eru síðan heimildir um að Skarðshlíð hafi gengið kaupum og sölum, fyrir 20 hundruð öll jörðin.[9]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er jörðin sem fyrr talin 20 hundruð þó að hún hafi orðið fyrir miklum skaða „vegna stórkostlegs skriðuhlaups á tún úr fjallinu“. Í stað þess að færa dýrleikann niður var 30 álnum létt af landskuldinni. Tveir ábúendur voru þá á jörðinni.[10] Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er Skarðshlíð metin á 25,9 hundruð.[11]

Skarðshlíð átti landamerki með Drangshlíð og er í kafla þeirrar jarðar raktar allar tiltækar heimildir um landamerki um það efni, hin elsta frá 1777.

Sérstakt landamerkjabréf Skarðshlíðar er ekki til og verður að vísa til þess sem skráð er um merki Drangshlíðar.[12]

Í byrjun 18. aldar var tvíbýli í Skarðshlíð og einnig öld síðar þegar jarðamat fór fram 1802.[13] Tvö býli (austurbær og vesturbær) eru skráð í Skarðshlíð í fasteignamati 1916.[14] Nú munu vera þrjú

1 Skjal nr. 3 (128).
2 Skjal nr. 3 (89).
3 Sbr. skjal nr. 2 (13). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 47.
4 Sbr. skjöl nr. 3 (140), nr. 5 (94-98, 132-134). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 46-49.
5 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 677. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 258 (máldagi Nikulásarkirkju í Skógum 1371?). *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 646 (máldagi Nikulásarkirkju í Skógum 1553).
6 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 105-107.
7 Skjal nr. 5 (76).
8 Björn Lárusson 1967,s. 87.
9 Sbr. skjöl nr. 5 (101, 121, 124, 126, 129).
10 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 31.
11 Skjöl nr. 5 (44, 45).
12 Sbr. kafla 5.20. um Drangshlíð og skjal nr. 3 (8) (landamerki milli Drangshlíðar og Skarðshlíðar annars vegar og Hrútafells hins vegar 1885).
13 Sbr. skjal nr. 3 (90).
14 Skjal nr. 3 (89).

býli í Skarðshlíð: Skarðshlíð I, sem er gamli austurbærinn, Skarðshlíð II (vesturbærinn) og Skarðshlíð III en það var byggt sem nýbýli úr Skarðshlíð II árið 1951.[1]

Heimildir benda ekki til annars en að búskapur hafi verið nokkuð samfelldur í Skarðshlíð frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að hún hafi verið framseld og veðsett á þann hátt sem venja var hverju sinni.[2]

5.22. Ytri-Skógar

Í Hauksbók Landnámu segir frá því að Þrasi Þórólfsson hafi farið af Hörðalandi til Íslands „ok nam land millim Jǫkulsár ok Kaldaklofsár ok bjó á Bjallabrekku; þar heita nú Þrasastaðir skammt austr frá forsinum, en leiði Þrasa er fyrir vestan Forsá heldr nær ánni í Drangshlíð undir gnúpinum, ok er skriða á hlaupin“.[3] Bjallabrekka er sögð vera fyrir ofan bæinn í Ytri-Skógum. En samkvæmt Melabók og Sturlubók bjó Þrasi í „Skógum enum eystrum“.[4]

Kirkja var í Skógum samkvæmt kirknaskrá sem Páll biskup Jónsson lét gera um 1200.[5] Í máldaga, sem talinn er frá 1332, er Nikulásarkirkju í Skógum eignað hálft heimaland með öllum rekum þeim sem þar fylgdu „oc þessum vtjordum. halfa drangshlyd. skardzhlyd. hordaskäle. backe og berianes. oc eystre skogar“.[6] Þetta hélst óbreytt í yngri máldögum kirkjunnar.[7] Af þessu er ljóst að í Ytri-Skógum hefur verið svokölluð bændakirkja og að Eystri-Skógar heyrðu undir hana.[8] Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er hins vegar ekki lengur minnst á Eystri-Skóga eða aðrar útjarðir kirkjunnar.[9] Skógajarðirnar voru þá komnar undir konung og voru hluti af Skóga- og Merkureignum sem gerð er nánari grein fyrir í kafla 5.5. Ytri-Skógar voru ásamt fleiri jörðum seldir Henriki Bjelke ríkisaðmíráli með afsalsbréfi 30. apríl 1675. Eigi síðar en í byrjun 18. aldar höfðu Ytri-Skógar verið seldir úr jarðagóssi Bjelkes og erfingja hans.[10]

Ytri-Skógar voru metnir á 60 hundruð í jarðabókum 1686 og 1695 og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709.[11] Þá var alkirkja í Ytri-Skógum sem þjónað var þriðja hvern helgan dag af staðarhaldaranum að Hólum. Ábúendur voru tveir þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð en höfðu áður verið þrír. Í jarðamati 1802 hefur dýrleiki jarðarinnar verið færður niður í 40 hundruð með þeirri athugasemd að helmingur jarðarinnar tilheyri Högna Benediktssyni en hinn helmingurinn kirkjunni í Skógum.[12] Í Jarðatali Johnsens 1847 eru Ytri-Skógar einnig sagðir 40 hundruð en í Nýrri jarðabók 1861 eru þeir metnir á 56,5 hundruð.[13]

Á ódagsettum seðli, sem er í jarðabókargögnum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, standa þessi orð:

> Eystriskógar undir Eyjafjöllum þykjast menn hafa heyrt, að byggðir sé úr Ytriskógum og hafi prestinum í Meðallandi lagðir verið, nær prestunum voru lénsjarðir til uppheldis eftirlátnar, en nær vita menn ekki, og hafi Eystriskógar í fyrstu verið hjáleiga frá enum ytri, hvað og vera kann, því engin landa-

1 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 51-53. Nafnleyfi var veitt 1953 (sbr. skjal nr. 5 (152)).
2 Sbr. skjöl nr. 3 (141) og 5 (151, 152, 241-243). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 50-53.
3 *Landnámabók* 1986, s. 339.
4 *Landnámabók* 1986, s. 339 (8. nmgr.).
5 Skjal nr. 5 (37).
6 Skjal nr. 5 (4).
7 Sbr. skjöl nr. 5 (9) (máldagi 1371?) og nr. 5 (35) (máldagi 1553).
8 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 676.
9 Skjal nr. 5 (40).
10 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 502. Í sömu heimild (s. 498) stendur að Bergur Benedixen hafi keypt Eystri-Skóga fyrir 700 ríkisdali en það hlýtur að vera misritun fyrir Ytri-Skóga. Í *Sunnlenskum byggðum* 4 (s. 44) segir að séra Högni Ámundason hafi keypt Ytri-Skóga af erfingjum Henriks Bjelkes um 1685.
11 Björn Lárusson 1967, s. 87. *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 28.
12 Skjal nr. 3 (90).
13 Skjöl nr. 5 (44, 45).

merki eru á millum þessara jarða. Þar til hefur og selstaða frá Ytriskógum brúkuð verið nærri upp undan Eystriskógum átölulaust af þeirrar jarðar meðeigendum. Líka so hefur áður fyrrum önnur selstaða brúkast að sögn á Eskiheiði, sem undan er gengin jörðunni Ytriskógum til Drangshlíðar með áreið hér um fyrir 20 árum.[1]

Það sem hér segir um selstöðu Ytri-Skóga vísar til langvarandi ágreinings milli ábúenda Ytri-Skóga og Drangshlíðar sem nánar er fjallað um í kafla 5.20. (Drangshlíð).

Árið 1768 var kveðinn upp svofellur dómur í ágreiningsmáli milli eigenda Eystri- og Ytri-Skóga um landamerki þessara jarða og skógarpláss milli Jökulsárgils og Hofsár:

Eystri Skögar. Dömur sýslumanns Jóns Jónssonar og ha‹n›s 8 medómsmanna afsagdur á Eystri Skögum í Landa og Skögarþrætu sökinni milli eystri og ytri Sköga.

Eptir framkomnum gögnum og bevísingum í landamerkja málinu millum ytri og Eystri Sköga er vor undirskrifadra Dömur: ad ytri Skögum tilheyri land alt og Löd upp á Heidinni, sem liggur á milli nefndra jarda og á millum Hvarnarhölsár og Dalagilsár, [og þad alt austur ad Dalagili eda Dalagilsá][2] samt alt fram á Brúnir (eda svokalladar Þverbrekknabrír) þar til ofan eptir hallar. Enn Eystri Skögum tilheyrir og tildæmast allar Brekkur fyrir nedann Brúnir (eda Þverbrekknabrír) á milli Dalagilsár og Hvarnahölsár, svo ytri Skögar eiga alt heidarland alt austur ad Dalagilsá hid efra. Enn Eystri Skögum til dæmast hér med allar Brekkur nidur ad Sandi og þeirri svokölludu Austustu Fit, út ad Hvarnarhölsá hid nedra, því þar þad er margbevísad eru og hafa verid eignarland, slæjuland og stekkjartúnsland Eystri Sköga frá alda ödli, og hvad ytri Skögamenn hafa leitast vid ad veikja þennann eignarrétt Eystri Sköga er fánítt, veikt og ölögmætt, og þarf einginn ad taka sér til forundrunar né ásteitingar þött Landamerkjum hafi svo hagad og nidur radad verid í firndinni ad lönd liggi á misvíxl, svo einn eigi efra, annar nedra, því þar til finnast mörg dæmi undir Eyafjöllum, hvar margbílt og þraungbílt var og er. Hér ad auki hafa ytri Sköga eigendur og ábúendur Gudmundur og Isleifur Jónss(ynir) lögfest undir sína jörd skögarplátsid milli Hofsár og Jökulsárgils, sem liggur fyrir austann Eystri Sköga í og vid þeirrar jardar átölulausa landeign. Enn þar um leidd og afheyrd 10. vitni af beggja málspartanna hálfu, hafa öll vitnad, ad þetta skögarpláts tilheyri Eystri Skögum enn ekki ytri Skögum hvörs (vegna) þad og Eystri Skögum med fullum og öllum eignarrétti tildæmist. – Fyrir önaudsinlega málsýfing, samt þar vid ordsakada mædu og málskostnad betali saksöknararnir ytri Sköga eigendur og ábúendur Ísleifur og Gudmundur Jónss(ynir) til prestsins séra Björns Jónssonar á Hómaseli 4rd croner, nefnilega sína 2rd hvör þeirra innann 6. vikna frá þessa Dóms uppsögn fyrir Réttinum, alt undir löglega adför og Execoutciön eptir lögum.

Þessi Dömur var opinberlega fyrir réttinum upplesinn þeim Gudmundi og Ísleifi Jónssonum áheyrandi, en síra Björn mætir ei vid Réttinn.

J. Jónsson

Bjarni Jónsson	Brandur Jónsson
Einar Ólafsson	Þorleifur Gudnason
Jón Árnason	I. Simonarson
Jón Þórdarson	Kolbeinn Markússon[3]

1 Skjal nr. 5 (62).

2 Orð í hornklofa eru rituð neðanmáls en vísað hér inn.

3 Skjal nr. 3 (69). Texti þessi er úr kveri, uppskrifuðu eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar 1909.

Landamerkjabréf Ytri-Skóga var undirritað 22. maí 1886 og er á þessa leið:

Skrásetning

yfir landa og fjörumerki Ytri-Skóga undir Eyjafjöllum sem hálf er bænda og hálf kyrkjueign með 14 kyrkjukúgildum.

Þá samkvæmt þeirri brúkun sem bæði vegsummerki og örnefni votta að tíðkuð hafi verið frá ómunatíð og samkvæmt viðvarandi sögusögn mann fram af manni, leyfum við okkur hér með í tilefni af lögum frá 17. mars mánaðar 1882 að skrásetja lýsingar á lands og fjörumörkum eins og vér vitum þau réttust vera:

1. er þá á austurhliðina: Steinhrúga suður á sjávarkampi, sem er bæði fjöru og landamark, hún á að bera eða miðast beina sjónhending í miðjan Dalagilsfoss, Dalagil aðskilur síðan nokkuð langt til norðurs Ytri og Eystri-Skóga heiðarland hvort frá öðru; síðan beygist sama gilið til austurs og er úr því kallað Hnaukagil og ræður það mörkum millum áður nýnefndra Ytri og Eystri Skóga heiðarlanda meðan nokkur þess farvegsmerki eru, enn úr því bein stefna til landnorðurs inn á svo nefndan Bolagilstanga sem er í vesturbrún Fjallgils. Bolagil afmarkar Ytri-Skóga heiðarlönd (sem kallast Sultartungur) frá Eystri-Skógaheiði austur að Fjallgili, frá Bolagilstanga er Fjallgilsáin, sem kemur undan jökli, mark milli Ytri-Skóga-afréttar, sem nefnist Skógafjall, og Eystri-Skógaheiðar; þangað til hún rennur aftur undir jökulinn við fremri enda Skógafjalls, og er fjallið þar umkringt jökli, að austan afmarkar Skógafjall eins og við höfum lýst frá Hvítmöguafrétti Ytri-Sólheima Jökulsárgil og svo nefnt Lónið sem liggur innan við falljökulinn[1].

2. Að vestan markar syðst Skóga-áin, Evyndarhóla, Drangshlíðar og Skarðshlíðar land frá Ytri-Skógalandi frá fjöru til fjalls beina sjónhending í Vörðu á Skóganúp, sem mun vera felld eða fallin (síðan Drangshlíðar eigendur hafa sjálfir tekið sér rétt á dalnum Questionis, sem er þrætuland millum þeirra og Ytri-Skóga eigenda), úr nefndri vörðu eða hennar stöðvum, er mark, beinlínis sjónhending inn á svo nefnt Krókshöfuð, sem er innarlega í austurbrún Skógárgils. – Þaðan er Skógárgilið sem liggur fyrst til norðurs, þar eftir til austurs að landnorðurstunguánni, sem rennur fyrir vestan Landnorðurtungur undan jökli, landamerki millum Ytri-Skóga og Drangshlíðar heiðarlands.

3. Fjörumark að vestan milli Ytri-Skóga og Eyvindarhólafjöru er að bryddi á Skógafossi sem svarar fuglsbringu austur undan Skóganúp. – Getið skal þess, að ítaksfjörur frá Drangshlíð, Skarðshlíð, Hrútafelli og Hrútafellskotum eru á vesturparti Ytri-Skóga-Fjöru og er stór strýtusteinn suður við sjó, sem markar Ytri-Skóga-fjöru frá þeim, þannig, að steinninn beri í Úlfhildarklof, sem er í neðri enda Úlfhildartorfu.

Ytri Skógum 22. maí 1886.

Sem eigandi og ábúandi Kjartan Þórsson

[Sem eigandi og ábúandi] Oddur Sveinsson

[Sem eigandi og ábúandi] fyrir handsal Högni Ólafsson[2]

1 Sýnist standa *fulljökulinn*.
2 Skjal nr. 3 (12).

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Í landamerkjabók er einnig skráð lýsing á mörkum milli afrétta Ytri-Skóga og Ytri-Sólheima frá svipuðum tíma:

> Mark milli afrjettanna Ytri-Skóga, hverra afrjettur kallaður er Skógafjall, og Ytri-Sólheima sem kallaður er Hvítmaga er Jökulsárgil sem Jökulsá rennur nú (?)[1] framúr og hefir runnið svo lengi sem elstu menn muna til.
>
> Ytri-Skógum og Ytri-Sólheimum, 14. júní 1885.
>
> K. Jónsson, Fyrir handsal Oddur Sveinsson,
>
> Vigfús Þórarinsson, Einar Guðmundsson,
>
> Þorleifur Jónsson, Sæm. Árnason,
>
> Guðmundur Ólafsson, Sveinn Magnússon, Jón Ólafsson, nafnið handsalað
>
> Handsalsvottar: Árni Jónsson. Friðrik Jónsson[2]

Lýsing þessi var lesin á manntalsþingi að Loftsalahelli 22. júní 1885 og rituð í landamerkjabók Skaftafellssýslu. Árið síðar, 11. júní 1886, var hún lesin og bókuð á manntalsþingi að Steinahellisþingstað í Austur-Eyjafjallahreppi og rituð í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Svo virðist sem landamerkjabréf Ytri-Skóga hafi ekki verið undirritað fyrir Eystri-Skóga enda voru deilur milli eigenda þessara jarða, ekki síst um eignarréttinn á Skógafjalli. Í þessu sambandi skal á það bent að 14. desember 1885 undirritaði Jón Hjörleifsson í Eystri-Skógum einn undir lýsingu á merkjum milli Eystri- og Ytri-Skóga (sbr. kafla 5.23.).

Hinn 27. júlí 1894 höfðuðu ábúendur Ytri-Skóga, Bárður Bergsson og Gyðríður Guðmundsdóttir, mál á hendur Jóni Hjörleifssyni hreppstjóra í Eystri-Skógum og kröfðust þess að Skógafjall yrði dæmt „eign bændakirkjujarðarinnar Ytri-Skóga og að stefndi yrði dæmdur til að borga sanngjarnan hagatoll fyrir hvert ár, sem hann heimildarlaust hefur beitt umþráttað fjall…“.[3] Málinu var vísað frá héraðsdómi með þeim rökum að þess hefði eigi verið gætt að krefjast útnefningar meðdómsmanna eins og fyrirskipað væri í landamerkjalögum 17. mars 1882. Að auki var bent á að einungis annar stefnandinn hefði heimtað hagatoll og enginn vissa væri fyrir því að spurningin um hagatoll hefði verið lögð fyrir sáttanefnd eins og málið sjálft á sínum tíma.[4] Deilum þessum lauk með samningi með svohljóðandi samningi í lok árs 1899:

> Ár 1899, hinn 13. des. mán. gjörðu þeir hreppstjóri Jón Hjörleifsson, búandi Eystri-Skóga, í von um samþykki kirkjustjórnarinnar, Bárður Bergsson eigandi og ábúandi Ytri-Skóga, og Ísleifur Oddsson ráðamaður móður sinnar Gyðríðar Guðmundsdóttur, eiganda og ábúanda Ytri-Skóga, þann samning milli sín er nú skal greina:
>
> 1. Hið svonefnda Skógafjall, afréttarland Skóga, sem liggur milli Jökulsár og Fjallgilsár, skal hér eftir

1 Spurningarmerki í sviga í handriti.
2 Skjal nr. 3 (11).
3 Skjal nr. 3 (114).
4 Skjal nr. 3 (114).

vera eign Ytri- og Eystri-Skóga þannig, að Ytri-Skógar eiga 4/5 nefnds afréttarlands, en Eystri-Skógar 1/5. Tekið skal það fram að engar aðrar jarðir en Ytri- og Eystri-Skógar eiga rétt til upprekstrar í téð Skógafjall.

2. Landamerkjalína milli Ytri- og Eystri-Skóga skal vera þannig: Úr vörðu á Öldunum, sem er fjörumark milli Ytri- og Eystri-Skóga fjöru, bein stefna í Dalagilsfoss, síðan úr áður nefndri vörðu beint alt upp að Dölu suðvestan við Eystri- Skógatún; síðan ræður Dala upp að fossi, og svo áfram austan við svo nefndan Hnauka, alt innað Kambsfjöllum (frb. Kanfjöll) og þaðan í norður til jökuls. – Auk þess eiga Eystri-Skógar Brekkur allar og Þverbrekkur alt að Efribrúnum, Austustu Fit.

Staddir í Ytri-Skógum 14. de. 1899.

Vitundarvottar: Jón Hjörleifsson, Bárður Bergsson[1]

Kjartan Einarsson Ísleifur Oddsson

Lárus Bjarnason

Sáttargjörð þessi er hér með staðfest.

Stiftsyfirvöld Íslands

Reykjavík 14. seft. 1901.

J. Haavsteen Hallgr. Sveinsson

Rétt eftirrit staðfestir.

Bjarni Einarsson (prófastur)[2]

Eins og áður hefur verið getið var bændakirkja í Ytri-Skógum og mun hún hafa staðið til ársins 1890. Ytri-Skógar eru tvíbýlisjörð og hefur það yfirleitt verið þannig eftir því sem heimildir greina. Árið 1944 var jörðin gefin Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og var þar rekið skólabú til 1968.[3]

Heimildir benda ekki til annars en að búskapur hafi verið nokkuð samfelldur í Ytri-Skógum frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi hún verið framseld á venjubundinn hátt og veðsett.[4]

5.23. Eystri-Skógar

Landnámsmaðurinn Þrasi Þórólfsson af Hörðalandi bjó í „Skógum enum eystrum“ samkvæmt því sem stendur í Melabók og Sturlubók Landnámu.[5] Í Hauksbók segir hins vegar að Þrasi hafi búið á Bjallabrekku en hún er sögð vera fyrir ofan bæinn í Ytri-Skógum[6] Eystri-Skógar eru nefndir sem ein af „útjörðum“ kirkjunnar í Ytri-Skógum í máldaga sem talinn er frá 1332 og jafnan síðan þar til kemur að máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570. Þá er útjarða ekki lengur getið (sbr. kafla 5.22.).

1 Jón Hjörleifsson er skráður ábúandi í Eystri-Skógum 1861-1901 og Bárður Bergsson í Ytri-Skógum 1887-1907 (*Sunnlenskar byggðir* 4, s. 43 og 45).

2 Skjal nr. 3 (104). Ekki er að sjá að þessum samningi hafi verið þinglýst.

3 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 44. Skjal nr. 5 (156). Héraðsnefndir Rangæinga og Vestur-Skaftafellssýslu eru skráðir eigendur jarðarinnar (sbr. skjal nr. 5 (257)).

4 Sbr. skjöl nr. 3 (139), nr. 5 (156-161, 252, 256-260). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 44-45.

5 *Landnámabók* 1986, s. 339.

6 *Landnámabók* 1986, s. 339 (8. nmgr.).

Ytri-Skógar ásamt „útjörðinni“ Eystri-Skógum og fleiri eignum komust undir konung seint á 15. öld. Skógaeignir voru seldar Henriki Bjelke ríkisaðmíráli með afsalsbréfi 30. apríl 1675 að undanskildum Eystri-Skógum sem höfðu verið gerðir að lénsjörð prestsins að Skarði í Meðallandi um 1580.[1] Vikið er að þessu á ódagsettum seðli sem er í jarðabókargögnum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og birtur í kafla 5.22.

Eystri-Skógar voru metnir á 23 hundruð og 80 álnir í jarðabók 1686 en á 12 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við fornt mat.[2] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er dýrleikinn ekki gefinn upp enda Eystri-Skógar lénsjörð og því ekki tíundarskyld.[3] Í Jarðatali Johnsens 1847 eru Eystri-Skógar skráðir á 12 hundruð en 23,2 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.[4]

Í kaflanum um Ytri-Skóga er gerð grein fyrir ágreiningi um landamerki milli Ytri- og Eystri-Skóga. Þar er vísað til landamerkjadóms 1768, deilna um Skógafjall 1893-1895 og samnings um rétt þessara jarða til Skógafjalls og landamerki þeirra 1899. Hér er því við að bæta að árið 1839 gaf ábúandinn í Eystri-Skógum út svofellda lögfestu:

> Lángholts-kyrkju prestakalli innann Vestur Skaptafellssýslu tillagda mensal Jörd Eystri Sköga vid Eyafjöll innann Rángárvallasýslu. Lögfesti eg hér undirskrifadur í dag ad ordfullu og lögmáli réttu ábílisjörd mína Eystri Sköga til lands og vatns og ytstu takmarka, sem adrir menn í möti eiga, og eru þessi ad austan: ur Fjörumarki nordur ad Fjallgili og þadan sýdann nordur í Jökul, ad vestann: ur fjörumarki í Dalagilsfoss, og so rædur Dalagil til Jökuls sem og líka med öllum Brúnum vestur ad Kvarnarhólsgili, úr því sudur í sand á milli austustu og Mid Fitjar, – fyrirbíd eg öllum mönnum þettad mitt leiguland ad brúka nema mitt sé lof eda leifi til undir lagasektir. Enn óskil af nábílismönnum, sem hafa lögfest undir sig af mínu leigulandi, sem eru studjos Einar Högnason, síra Kjartan Jónsson, Sveinn Ísleifsson, ad þeir þá þessa mína lögfestu innann lagatermíns afríi med fimtarstefnu og þeir þá vid Fimtardöminn framleggi þaug skilríki og Document, sem þeir hafa kinni hér á möti, þar eg tjái mig fúsann til ens sama. Til stadfestu er mitt undirskrfad nafn.[5]
>
> Eystri Skögum þann 22. Novembris 1839
>
> H. Jonsson[6]
>
> (LS)

Lögfestan var lesin upp við Skógakirkju 24. nóvember 1839 að söfnuðinum áheyrandi. Landamerkjabréf Eystri-Skóga var undirritað 9. nóvember 1885 og er þannig:

> Skrásetning um landamerki jarðarinnar Eystri-Skóga í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu að fornu mati 12^{c} enn eftir jarðabókinni 1861 23.2^{c}. – Einungis er hér lýst mörkum á milli nefndrar jarðar Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, bæði eftir sögu núlifandi manna og svo líka eftir þeim skjölum og skilríkjum sem ég undirritaður í höndum hefi.

1 Sbr. Björn Lárusson 1967, s. 87 (2. nmgr.). *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 27.
2 Björn Lárusson 1967, s. 87.
3 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 27.
4 Skjöl nr. 5 (44, 45). Þessi mikli munur á dýrleika jarðarinnar 1847 og 1861 er skýrður í úttekt 1915 á þá leið að á þeim tíma hafi allt að hálfum heyskap verið fluttur frá öðrum jörðum og jörðin því gefið af sér meiri heyskap (sbr. skjal nr. 1 (134)).
5 Lögfesta sú sem hér er vísað til hefur ekki fundist í Þjóðskjalasafni.
6 Skjal nr. 3 (70). Lögfestan er úr kveri, skrifuðu upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli 1909 (sbr. skjal nr. 3 (137)).

Fjöru á jörðin fyrir sínu landi, fjörumark er nú brúkað samkvæmt forlíkun sem gjörð er af undirrituðum ábúanda, að stórsteinn rétt ofan við fjöruna með hlaðinni vörðu á, á að bera við vestasta heiðarhornið á Ytri-Sólheimaheiði.

Landmarkið. Hinn nefndi stóristeinn, sem brúkaður er fyrir fjörumark. Úr honum er bein lína í Jökulsárgil, svo ræður gilið upp undir svonefnt Skóga-fjall þá liggur merkjalínan austur úr votugjá, fyrir framan Skógafjall og austur í gilgljúfrið sem er á milli Hvítmögu og Skógafjalls, svo ræður áin sem er í síðastnefndu gljúfri marki norður í jökul. Allt það land sem er fyrir vestan nefnda markalínu tilheyrir Eystri-Skógum, allt út að mörkunum sem eru á milli Eystri og Ytri Skóga, sem skjal merkt Nr. 2. skýrir frá.

Eystri-Skógum dag 9. nóvember 1885.

Jón Hjörleifsson (ábúandi í Eystri-Skógum.)

Undirritaðir ábúendur og eigendur Ytri-Sólheima eru samþykkir framanskrifaðri markalýsingu.

E. Eyólfsson (h.s.) S. Magnússon (h.s.) G. Eyólfsdóttir (h.s.) Ejnar Guðmundsson

Sæmundur Árnason Guðmundur Ólafsson (h.s.) Jón Ólafsson (handsalað) G. Ólafsson

Sveirn Sigurðsson (handsalað)[1]

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Annað landamerkjabréf er til um Eystri-Skóga og lýsir það einungis markalýsingu milli Eystri-Skóga og Ytri-Skóga:

Í framhaldi af markalýsingarskjali merkt Nr 1 um landamerki jarðarinnar Eystri-Skóga í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, og er hér lýst einungis markalínu á milli Eystri-Skóga og Ytri-Skóga í nefndum hreppi og sýslu eftir þeim skjölum og skilríkjum, sem ég í höndum hefi og svo líka eftir sögu núlifandi manna, og er markalínan sem nú skal greina:

Fjörumark milli Eystri-Skóga og Ytri-Skóga er grjótvarða á Öldunum fram við fjöru, sem á að bera í dalagilsárfoss, úr þessari vörðu er bein lína á sandinum sem næst til útnorðurs, það langt, að þangað til að sjá má Kvarnarhólsárfoss, liggur þá markið upp á milli svonefndrar Austustu fitar og miðfitar og það beina sjónhending upp í Kvarnarhólsá, svo ræðujr áin í gilinu þangað til að kemur á móts við efri Þverbrekknabrýr, liggur þá markið austur á við með brúnunum og það austur að miðtungugili og með þeim brúnum ofan við svo nefnt laufeimi og álfhól og kofaskjól, úr því ræður dalagil þangað til að það fer að beygjast austur í við vestan við svonefnda hrauka, þá liggur markalínan í laufatungugilið og það áfram sem næst í hánorður, norður í jökul. Allt það land sem er fyrir austan hér nefnda markalínu frá jökli til sjóar að mörkunum á milli Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima tilheyrir allt Eystri-Skógum.

Eystri-Skógum dag 14. desember 1885

Jón Hjörleifsson[2]

1 Skjal nr. 3 (13).
2 Skjal nr. 3 (14).

Árið 1915 óskaði ábúandi Eystri-Skóga, Vigfús Ólafsson, eftir því að fá að kaupa jörðina sem þá var sögð eign Langholtskirkju í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.[1] Ekkert varð úr sölu í það sinn en í úttekt á jörðinni um líkt leyti er henni talið til tekna að beitilandið sé „víðlent og gott til allra beitar“ en smalamennska erfið.[2] Eystri-Skógar voru seldir ábúandanum 1947 og eru nú í einkaeigu.[3]

6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar, er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum, sem hér fara á eftir, verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Sú umfjöllun er í beinu samhengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, að mestu í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.[4] Þá verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar og loks gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

6.2. Landnám

Í kafla 5.1. er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi við Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul vestanverðan. Þar eru nafngreindir landnámsmennirnir Þrasi Þórólfsson nam land milli Jökulsár og

1 Sbr. skjal nr. 3 (134).
2 Skjal nr. 3 (89) (fasteignamat 1916).
3 Sbr. skjöl nr. 5 (135, 208, 255). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 43.
4 Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 10, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum upplýsingaritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

Kaldaklofsár (Kaldaklifsár), Hrafn Valgarðsson milli Kaldaklofsár og Lambafellsár, Ásgeir kneif Óleifsson milli Lambafellsár og Seljalandsár og Ásgerður Asksdóttir frá Seljalandsmúla að Markarfljóti. Ásgerður er sögð hafa numið Langanes allt upp til Jöldusteins og búið í Katanesi. Einnig er þess getið að Þorgeir hinn hörski Bárðarson hafi keypt land af Ásgeiri kneif milli Lambafellsár og Írár og búið í Holti.

Í Landnámabók er enn fremur greint frá tveimur bræðrum, Ásbirni og Steinfinni Reyrketilssonum, sem námu land „fyrir ofan Krossá ok fyrir austan Fljót". Landnám sitt kallaði Ásbjörn Þórsmörk. Steinfinnur bjó á Steinfinnsstöðum en ekki kemur fram hvar Ásbjörn reisti bæ sinn. Skammt fyrir norðan (innan) Þröngá, á stað sem heitir Kápa, hafa fundist mannvistarleifar, m.a. dys, og eru getgátur um að þar hafi bær Steinfinns staðið. Einnig hafa fundist húsarústir við norðanverðan Merkurrana þar sem heita Þuríðarstaðir og Þuríðarstaðir efri. Þar komu í ljós gripir sem samkvæmt aldursgreiningu gætu verið frá öndverðri landnámsöld. Hugmyndir eru um að á Þuríðarstöðum hafi búið Þuríður Gollnisdóttir og Ketill auðgi, sonur Ásbjarnar Reyrketilssonar landnámsmanns, en um það verður ekkert fullyrt. Enn einn landnámsmaður er nefndur austan Markarfljóts, Jörundur goði Hrafnsson. Í Landnámu segir að bjór hafi legið ónuminn fyrir austan Fljót (þ.e. Markarfljóts) milli Krossár og Jöldusteins. Það land hafi Jörundur farið eldi og lagt til hofs. Haraldur Matthíasson gat sér til um að landsvæði þetta hefði verið þar sem „smáafréttirnir" urðu síðar (þ.e. Eyvindarmúlatungur og Teigstungur) en um það verður ekkert fullyrt enda landnám Jörundar óþekkt.

Samkvæmt framangreindu hefur landnám á Eyjafjallasvæðinu náð frá Jökulsá í austri að Markarfljóti í vestri og norðaustur með því. Land undir Eyjafjöllum er að öðru leyti afmarkað af Eyjafjallajökli, Mýrdalsjökli og hafi. Næst ströndinni er undirlendi en heiðarlönd og fjalllendi upp við jökla og þeirra á milli. Jöklar og hálendi sunnan þeirra blasa við frá fjöru séð, og fjarlægðir þar á milli eru ekki verulegar. Norðan Eyjafjallajökuls og norðvestan Mýrdalsjökuls er land fjalllent, mjög skorið giljum og víða all bratt, þá einna helst norðan undir jöklunum. Undirlendi og flatlendi svæðisins er að finna með fram Markarfljóti og Krossá.

Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Eyjafjallasvæðinu verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður að telja fremur líklegt að sunnan- og vestanvert Eyjafjallasvæðið hafi verið numið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti. Staðhættir mæla hins vegar fremur gegn því að landið norðan Eyjafjalla- og Mýrdalsjökla hafi verið numið. Bein túlkun Landnámu styður þó fremur ályktun í þá veru. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

6.3. Almenningar

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Almenningar tilheyrir sunnanverðu miðhálendi Íslands.[1] Að Almenningum liggur til vesturs afréttur Fljótshlíðinga (Grænafjall), til norðurs er afréttur Hvolhrepps (Emstrur), Mýrdalsjökull er til austurs og Þórsmörk að sunnanverðu.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Almenningar eru bæði í hlíðar- og fjallbeltinu, að mestu í 200-1100 m yfir sjávarmáli.[2] Vesturhluti Almenninga er hallalítill en austan til undir jökli hækkar landið snöggt og mætir jökli í um 1000 m. Vestasta tá Almenninga kallast Kápurani á Kápu sem afmarkast að norðan af ánni Ljósá, sem sker

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, dags. 10.5. 1999.

2 Í skýrslu Ólafs Arnalds o.fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997), segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 38 km^2 að flatarmáli.

landsvæðið þvert frá austri til vesturs, og Þröngá að sunnan. Ljósá skiptir Almenningum í Fram- og Innafrétt. Austur frá Kápu liggur Gráfell í 427 m. Innan Gráfells liggja Þröngárkrókar (Þröngárbrúnir) í 400-500 m norðan Þröngár, austur að jökli. Norðan Ljósár liggja Úthólmar sem eru gróðurreitur í örfoka landi á vestasta tanga landsvæðisins. Innan þeirra liggja Ljósabrýr sem ná austur að Fauskatorfum í Fauksheiði sem er eldbrunnið land með rauðagjalli í 300-500 m. Inn af Fauksheiði er land í 400-600 m og austan þeirra eru nokkuð brattar flatir sem nefnast Lakaflatir og er hæsti tindur þeirra 782 m. Ofan og austan þeirra eru hallalitlir Lakar. Norðaustan Laka rís Illhöfuð undir Entujökli í 871 m. Landræma skilur Entujökul og Merkurjökul suðaustur Illhöfuðs og nær hún í 1400 m. Á norðanverðum Almenningum er hallalítill Langháls sem liggur að Söndunum til norðurs. Sandarnir eru nyrsti hluti Almenninganna og standa þeir í 500-600 m og eru þeir víðlend og gróðurlaus flatneskja. Norðan þeirra rennur Fremri-Emstruá.

Gróður um landnám var ólíkur því sem nú er og talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja ofan skógarmarkanna verið nokkuð samfelld. Frá landnámi fram á þennan dag hefur orðið mikil breyting og hnignun á gróðurfari bæði í byggð, á heiðum og í fjalllendi Eyjafjalla- og Þórsmerkursvæðisins eins og í öðrum landshlutum. Almenningar eru nú að mestur gróðurlaus auðn sbr. málsskjal nr. 11. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæði Almenninga á eftirfarandi hátt: 68% auðnir, 16% rýrt, 14% fremur rýrt og 3% vel gróið. Af þessu má sjá að Almenningar eru gróðurlitlir.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjalla- og Mýrdalsjökla svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Almenningar liggja norðan sömu jökla og eru því allir í þjóðlendu miðað við þessa kröfugerð.

Á hinn bóginn hafa eigendur lögbýla undir Vestur-Eyjafjöllum lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að meiri líkindi en minni séu fyrir því að byggilegt land af þessu landsvæði hafi verið numið. Sú lýsing Landnámu að numið hafi verið land „fyrir ofan Krossá fyrir austan Fljót“ þurfi þó ekki að taka til mikils landsvæðis og land sé ekki sagt numið til jökuls. Á það er einnig bent að Steinfinni Reyrketilssyni hafi verið vísað þarna til búsetu af bændum í héraðinu án þess að hann sérstaklega helgaði sér land eftir reglum þess tíma. Hafi hér farið fram landnám sé alla vega ljóst að beini eignarrétturinn hafi fallið niður eins og gerðist í landnámsbyggðinni Þjórsárdal hver svo sem ástæðan hafi verið hér. Allar síðari heimildir um Almenninga lúti að afréttarnotum. Þar hafi verið rekið á fjall og gerð fjallskil af hálfu sveitarstjórnar. Ekkert heimildarskjal liggi frammi um eignarrétt og þaðan af síður sé til sérstakur þinglýstur eigandi. Þá sé landsins ekki getið í jarðabókum eða jarðarmötum.

Af hálfu jarðeigenda undir Vestur-Eyjafjöllum, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði hafi allt verið numið. Fornleifarannsóknir hafi leitt í ljós tvær bæjarrústir á svæðinu, sú fremri á Kápu skammt norðan Þröngár, en þær innri á Bæjaröldu skammt norðan Ljósár. Byggð þessi virðist hafa staðið stutt á Innri-Almenningum en að líkindum fram á 13. öld á Fremri-Almenningum. Svæðið hafi að fornu heyrt til Eyjafjallasveit, og eignarréttur fallið til aðila innan þeirrar sveitar þegar byggð lagðist þar af. Svæðið hafi að fornu, og sé enn, kostaríkt af skógum og kjarngott beitiland bæði til sumar- og vetrarbeitar. Því er haldið fram að allur eignarréttur norðan Krossár sé með einum eða öðrum hætti leiddur af eignarrétti Holtskirkju og Stóradalskirkju. Kirkjurnar hafi síðan lagt þeim Eyfellingum, sem ekki áttu afrétt sunnan Krossár, til afrétt norðan Þórsmerkur, lagt eignarland til afréttar. Landsvæði þetta hafi á hverjum tíma verið nýtt á einhvern hátt. Eðli málsins samkvæmt hafi not þessi þó verið mismikil á hverjum tíma og jafnvel fallið niður um tíma á einhverjum svæðum. Nú um stundir sé það fjölsótt ferðamannasvæði. Við margháttaða

friðun „Þórsmerkursvæðisins“ hafi réttur Eyfellinga verið skertur með ýmsum hætti. Sú skerðing eigi þó ekki að raska eignarrétti á svæðinu, heldur sé aðeins um að ræða stjórnsýsluframkvæmd. Vísað er til hefðar.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Almenninga. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[1] Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafa Almenningar talist til afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[2] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Almenninga. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því er þau varðar skal þess getið að í máli nr. 4/2003 hjá óbyggðanefnd er komist að þeim niðurstöðum að afréttur Fljótshlíðar (Grænafjall) og Hvolhrepps (Emstrur) séu þjóðlendur.

Merkjum Almenninga er lýst heildstætt í landamerkjabréfi, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. maí 1892. Komið hafa fram kenningar um að til forna hafi landsvæði þetta, ásamt Emstrum og jafnvel stærra svæði, verið nefnt Goðaland en um það verður engu slegið föstu. Þá er að auki til takmörkuð lýsing Einars Sighvatssonar hreppstjóra frá því um miðja 19. öld. Loks liggur fyrir lýsing á merkjum Almenninga úr afréttaskrá Rangárvallasýslu frá 1979.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Almenninga gagnvart Fljótshlíðarafrétti. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu liggja þau í Markarfljóti þaðan sem Emstruáin rennur í það og „niðureftir gilinu þar til Þröngá fellur í það“. Bréfið er ekki áritað sérstaklega vegna Fljótshlíðarafréttar enda Markarfljót glögg afmörkun af náttúrunnar hendi en oddviti Fljótshlíðarhrepps áritar bréfið vegna Þórsmerkur. Um Fljótshlíðarafrétt er fjallað í máli nr. 4/2003 og þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að Markarfljót ráði gagnvart Almenningum, sbr. m.a. lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmanns Teigs og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum árið 1753 um Grænafjall, Þórsmörk, Teigs- Guðrúnar- og Múlatungur, auk Langaness. Í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 er einnig miðað við Markarfljót að vestan.

Norðurmerki Almenninga, gagnvart Emstrum, afrétti Hvolhrepps, liggja samkvæmt landamerkjabréfinu í Emstruánni fremri, „frá upptökum hennar úr jöklinum allt niður í Markarfljót í fljótsgilinu“. Bréfið er ekki áritað vegna Emstrusvæðisins. Í afréttalýsingu Einars Sighvatssonar kemur einungis fram að Almenningar nái norður fyrir Ljósá. Í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 segir einnig að Fremri-Emstruá ráði að norðan. Um Emstrur er fjallað í máli nr. 4/2003 og þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að Syðri- (eða Fremri-) Emstruá, nánar tiltekið sú kvísl hennar sem á upptök við Entugjá, ráði merkjum gagnvart Almenningum, með vísan til fyrstu og einu heildstæðu lýsingarinnar á mörkum afréttarins, frá 1979.

Hér ber þess að geta að afmörkun Almenninga á korti meðfylgjandi kröfulýsingu jarðeigenda undir Vestur-Eyjafjöllum miðar upptök Emstruárinnar fremri úr jöklinum hins vegar ekki við framangreinda upptakakvísl við Entugjá heldur kvísl sem kemur undan jöklinum nokkru sunnar og vestar. Á þeim stað eru teiknuð hreppamörk á staðfræðikorti Landmælinga Íslands. Þá kom fram sú athugasemd af hálfu jarða undir Vestur-Eyjafjöllum við fyrstu fyrirtöku máls þessa að á kröfulínukorti væru hreppamörk ranglega teiknuð á þessu svæði, þ.e. í þeirri kvísl Emstruár sem á upptök við Entugjá. Þau ættu réttilega að fylgja kröfulínu jarðeigenda undir Vestur-Eyjafjöllum, þ.e. þeirri kvísl Emstruár sem liggur sunnar og vestar. Þar norðan við sé fyrrum Hvolhreppur. Um sé að ræða villu í kortagrunni Landmælinga Íslands. Um það landsvæði norðvestan Entujökuls sem hér hefur

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

verið lýst og telja verður með vísan til framangreinds að falli utan merkja Almenninga er að öðru leyti fjallað í kafla 6.26.

Suðurmerkjum Almenninga, gagnvart Þórsmörk, er lýst í „Þröngá, sem fellur eftir Þröngárgili allt frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót“. Bréfið er áritað um samþykki oddvita Fljótshlíðarhrepps vegna Þórsmerkur. Afréttalýsing Einars Sighvatssonar hreppstjóra frá því um miðja 19. öld er í samræmi við þetta. Til er landamerkjabréf fyrir Þórsmörk, dags. 2. maí 1892, og áritað um samþykki fyrir „afréttinn Almenninga“, í umboði hreppsnefndar Vestur-Eyjafjallahrepps. Merkjum er þar eins lýst og Almenningar eru nefndir „afréttur Eyfellinga í Holtssókn“. Í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 er einnig miðað við Þröngá að sunnan.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Almenninga og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og austurs. Austurmörkum Almenninga er hins vegar einungis sérstaklega lýst í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 þar sem segir að afrétturinn takmarkist af Mýrdalsjökli að austan. Í kröfugerð eigenda lögbýla undir Vestur-Eyjafjöllum vegna Almenninga er gert ráð fyrir að merki landsvæðisins og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti.

Að því er varðar austurmerki Almenninga, gagnvart Mýrdalsjökli, telur óbyggðanefnd að landamerkjabréf svæðisins frá 1892 beri með sér að litið hafi verið svo á að merki landsvæðisins næðu upp að jökli, sbr. einnig afréttaskrá sýslunnar 1979. Merkjum til norðurs og suðurs er þannig lýst alla leið í jökul. Jökull hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til suðurs að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Þeim er því ekki sérstaklega lýst í hinum eldri heimildum.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Almenninga. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum svæðisins sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er skýrt afmarkað af jöklum, ám og árgiljum. Umrætt landamerkjabréf er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þeir sem átt hafa hagsmuna að gæta á Almenningum hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum landsvæðisins væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Almenninga, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu á því landsvæði sem nú nefnist Almenningar, sbr. kafla 6.3. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Minnst er á Almenninga í lögfestu Stóra-Dals frá 19. desember 1665, sbr. einnig lögfestu frá 1795. Þar er fyrst lýst landamerkjum því næst fjörumörkum og loks skógarítökum og ýmsu fleiru, m.a. eru „úthólmar allir“ á Almenningum taldir til eigna Stóra-Dals. Samkvæmt örnefnaskrá Almenninga eru Úthólmar gróðurtorfa á suðvestanverðum Almenningum. Ekkert liggur nánar fyrir um tilurð þessara réttinda og á Almenninga eða Úthólma er ekki minnst í landamerkjabréfi Stóradalstorfu 1888.

Í landamerkjabréfum jarðanna Mið-Skála, Ásólfsskála, Holts og Ysta-Skála, sem gerð voru á árunum 1886 og 1890, segir að Almenningar séu afréttur viðkomandi jarða. Svo sem áður greinir liggja Almenningar norðan Þórsmerkur, norðaustur af Eyjafjallajökli en jarðir þessar undir Vestur-Eyjafjöllum, með fram jöklinum suðvestanverðum. Orðalag bréfanna er með ýmsum tilbrigðum. Í bréfi Mið-Skála segir nánar tiltekið að jörðin eigi „upprekstur ... á afréttarlandið Almenninga“ og í bréfi Ásólfsskála segir að afréttarlandið Almenningar „fylgi“ henni. Þá segir í bréfum Holts og Ysta-Skála að jarðirnar „eigi“ það sem nefnt er „afréttarlandið“ eða „afrétt“ Almenninga. Í öllum

bréfunum er gert ráð fyrir að réttur viðkomandi jarðar sé hlutfallslegur við aðrar jarðir sem sama rétt eigi. Í samræmi við þetta segir í sérstöku landamerkjabréfi Almenninga frá 1892 að „Afréttur Almenningar“ tilheyri „meiri hluta Vestur-Eyjafjallahrepps“. Undir landamerkjabréfið skrifar oddviti Vestur-Eyjafjallahrepps. Sama dag áritar oddvitinn landamerkjabréf Þórsmerkur fyrir Almenninga sem í því bréfi eru nefndir „afréttur Eyfellinga í Holtssókn“.

Í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 segir að Almenningar tilheyri „öllum öðrum jörðum í Vestur-Eyjafjallahreppi en nefndar eru í tengslum við Steinsholt, Stakkholt og Merkurtungur“. Þær jarðir sem nefndar eru í tengslum við Steinsholt, Stakkholt og Merkurtungur eru eftirtaldar: Fit, Fitjarmýri, Mið-Mörk, Brúnir, Borgareyrar, Dalsel, Bjarkaland, Steinmóðarbær, Hamragarðar, Neðri-Dalur, Mið-Dalur, Stóri-Dalur, Eyvindarholt, Syðsta-Mörk, Stóra-Mörk 1-3. Jarðir þessar tilheyrðu ekki Holtssókn. Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 segir svo: „Allar jarðir í Vestur-Eyjafjallahreppi frá Varmahlíð að Tjörnum (báðar meðtaldar), að undanskildum Fit og Fitjamýri, eiga rétt til upprekstur á „Almenninga“.

Þegar þessa landsvæðis er getið í öðrum skriflegum heimildum er það einnig tengt upprekstri og afréttarnotum, sbr. afréttalýsingar Einars Sighvatssonar hreppstjóra á Ysta-Skála frá 19. öld, fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar, auk gerðabókar fasteignamatsnefndar 1916.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarða undir Vestur-Eyjafjöllum, annarra en Fitjar, Fitjarmýrar, Mið-Merkur, Brúna, Borgareyrar, Dalsels, Bjarkalands, Steinmóðarbæjar, Hamragarða, Neðri-Dals, Mið-Dals, Stóra-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur og Stóru-Merkur, hafi haft af Almenningum afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Almenningar hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýttir til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá bendir umfjöllun um Almenninga í framangreindum landamerkjabréfum Almenninga og jarða undir Vestur-Eyjafjöllum fremur til afréttareignar en beins eignarréttar og hið sama á við um lögfestur Stóra-Dals. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabil vegna friðunar Þórsmerkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að rétti þessum hafi verið afsalað.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig umræddar jarðir undir Vestur-Eyjafjöllum eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Almenningar séu innan upphaflegs landnáms á Eyjafjallasvæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Almenninga hafi orðið til á þann veg að hluti íbúa undir Vestur-Eyjafjöllum hafi tekið landsvæði þetta til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda jarða undir Vestur-Eyjafjöllum að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.[1]

Heimildir benda hins vegar til þess að jarðir undir Vestur-Eyjafjöllum hafi átt þar upprekstrarrétt, þ.e. aðrar en þær sem sams konar rétt hafa átt til Steinsholts, Stakkholts og Merkurtungna.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Almenningar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Frá upptökum Fremri-Emstruár við suðvesturjaðar Entujökuls í Mýrdalsjökli er þeirri á fylgt allt niður í Markarfljót í fljótsgilinu, þá Markarfljóti niður eftir gilinu þar til Þröngá fellur í það, þaðan Þröngá, sem fellur eftir Þröngárgili, allt að upptökum hennar í Merkurjökli í Mýrdalsjökli. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarða í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, annarra en Fitja, Fitjarmýra, Mið-Merkur, Brúna, Borgareyrar, Dalsels, Bjarkalands, Steinmóðarbæjar, Hamragarða, Neðri-Dals, Mið-Dals, Stóra-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur og Stóru-Merkur.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign hluta jarða í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

6.4. Þórsmörk

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Þórsmörk, tilheyrir sunnanverðu miðhálendi Íslands.[1] Að Þórsmörk liggur til vesturs afréttur Fljótshlíðinga (Grænafjall), til norðurs eru Almenningar og til austurs Mýrdalsjökull. Að sunnanverðu eru Teigstungur, Goðaland og Stakkholt.

Þórsmörk er aflangt, fjalllent heiðarland, sundurskorið af giljum og dalverpum. Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Þórsmörk er bæði í hlíðar- og fjallbeltinu, í 200-1100 m hæð.[2] Vestasti hluti Þórsmerkur er Ranatá á Merkurrana sem liggur við mót Markarfljóts og Krossár. Á Ranatá eru brattir gróðurlitlir Eggjar sem ná um 260 m hæð. Merkurrani, sem er að mestu uppblásturssvæði, nær austur að bröttum og grónum Valahnúk (458 m) um 2,5 km austan Eggja. Norðan Valahnúks liggur breiður og gróinn Húsadalur og austan Valahnúks liggur gróinn Langidalur. Norðan Húsadals eru Hamraskógar, gróðursælt svæði að mestu vaxið birkisskógi í um 250-300 m hæð. Austan Hamraskóga er Tindfjallagil og sunnan þess eru brött og klettótt Tindfjöll. Hæsti tindur þeirra nær 628 m hæð. Suðurhluti Þórsmerkur er mjög skorinn giljum og hryggir og hálsar þeirra á milli. Á eystri hluta Þórsmerkur eru einstök fell, svo sem Svínatungur (532 m) sem liggja austan Tindfjallagils. Sunnan þeirra er Brúni (550 m). Austan Svínatungna er Rjúpnafell (824 m) og innan þess liggur Mófell (853 m). Innan Mófells tekur Merkurjökull við og mætir land jökli í um 1030 m hæð. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæðið Þórsmörk á eftirfarandi hátt: 51% auðnir, 17% rýrt, 20% fremur rýrt og 12% vel gróið.

Frá landnámi fram á þennan dag hefur orðið mikil breyting og hnignun á gróðurfari bæði í byggð, á heiðum og í fjalllendi Eyjafjalla- og Þórsmerkursvæðisins, eins og í öðrum landshlutum. Talið er að um landnám hafi skógur teygt sig upp í hlíðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjalllendið verið þakið nokkuð samfelldum

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, dags. 10.5. 1999.

2 Í skýrslu Ólafs Arnalds o.fl., *Jaðrvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997), segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 72 km^2 að flatarmáli.

lággróðri. Í fjalllendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjalla- og Mýrdalsjökla, svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Þórsmörk liggur norðan sömu jökla og er því öll í þjóðlendu, miðað við þessa kröfugerð.

Á móti hafa fyrirsvarsmenn Ásólfsskálakirkju og Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð, austan Breiðabólstaðartorfu, lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.3.

Jafnframt hefur eigandi jarðarinnar Odda á Rangárvöllum lýst kröfu um beinan eignarrétt að ½ Þórsmörk. Vegna jarðarinnar Holts í Vestur-Eyjafjöllum hefur sami aðili, eigandi Holts, lýst því yfir að „gæta beri að“ fornum skógartekjuréttindum jarðarinnar er bendi til óbeins eignarréttar á svæðinu. „Landeigandi lítur svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt hans í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að enda þótt hluti Þórsmerkur hafi verið numinn í öndverðu hafi sá beini eignarréttur, sem varð til við námið, ekki framselst með löggerningum og ekki sé vitað til þess að eignarréttinum hafi á nokkurn hátt verið haldið við með virkum yfirráðum. Í byrjun 19. aldar hafi átt að stofna til nýbýla í Þórsmörk en slíkt hafi aðeins verið heimilt í afréttum, sbr. nýbýlatilskipun frá 1776. Nýting Þórsmerkur, þar til svæðið var friðað, sýni glöggt að um afréttarland hafi verið að ræða. Fé hafi verið rekið á fjall og fjallskil verið gerð eins og í öðrum samnotaafréttum hér á landi.

Af hálfu eigenda og umráðamanna Ásólfsskálakirkju, Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð austan Breiðabólstaðartorfu, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að fornleifar styðji frásögn um byggð í Þórsmörk sem hafi staðið fram á 13. öld. Heimildir frá 1270 um skógareign Holtskirkju og um skógareign Stóradalskirkju geti svo mikillar og samfelldrar skógareignar að fullyrða megi að kirkjan hafi eignast þær jarðir sem á Þórsmörk voru. Á 13. og 14. öld hafi kirkjur undir Eyjafjöllum átt mestan ef ekki allan skóg á Þórsmörk að öðru leyti en því að Oddakirkja hafi eignast skóg í Engidal 1397. Samkvæmt máldaga Holtakirkju frá 1270 eigi hún sjö skógarteiga á Þórsmörk. Þá verði ekki annað séð af máldögum og öðrum heimildum en að Holtskirkja hafi átt umtalsverðan skóg á norðanverðri Þórsmörk, á svæðinu frá Markarfljóti og norðurbrún Húsadals inn í Rjúpnafellsgil og að sunnanverðu frá Langadal inn í Góðagil: Þetta sé allur miðhluti Merkurinnar. Í máldaga kirkjunnar í Dal frá árinu 1332 sé lýst eignum kirkjunnar og megi vera ljóst af vitnisburðum að skógarítök sem kirkjunni séu eignuð hafi verið á Þórsmörk. Þannig hafi kirkjurnar undir Eyjafjöllum, Holtskirkja, Miðbæliskirkja og kirkjueign í Dal, átt meginhlutann af skóginum í Þórsmörk á 13. og 14. öld. Engar heimildir séu um að kirkjur eða aðrir aðilar í Fljótshlíð hafi átt ítök á Þórsmerkursvæðinu fyrr en á síðari hluta 16. aldar þegar kirkjunni á Breiðabólstað hafi verið dæmdur eignarréttur að meirihluta Goðalands. Í upphafi 18. aldar hafi eigendur bændajarða í Fljótshlíð tekið að eigna sér hluta beitarinnar í Þórsmörk og réttur þeirra til skógarhöggs síðan fest í sessi. Beitarafnot Fljótshlíðinga hafi verið takmörkuð og einskorðuð við útigang. Vegna eyðingar skóga á Þórsmörk hafi nöfn fyrri skóga horfið. Um rétt Ásólfsstaðakirkju er vísað til þess að hún hafi verið lénskirkja og arftaki Holtskirkju. Margar heimildir hafi varðveist um tilraunir til þess að verjast ágangi í skóga kirknanna.

Af hálfu eiganda Odda á Rangárvöllum, sbr. skjöl nr. 9 og 9(8), er vísað til landamerkjaskrár fyrir Þórsmörk, sem þinglýst hafi verið 18. maí 1892. Landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og eignarrétti verið haldið við með máldögum, vísitasíum og lögfestum. Þórsmörk sé nú innan sérstakra þinglýstra landamerkja, Oddi eigi helming hennar og hafi svo verið samkvæmt elstu heimild-

um. Útilokað sé að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag og telja verði eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af slíkum vafa. Landeigendur hafi farið einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yfirráð, innan þinglýstra landamerkja. Kirkjan hafi því haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi á umþrættu landsvæði enda hafi hún getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Nýting landsins hafi verið í samræmi við búskaparhætti og nýtingarmöguleika á hverjum tíma. Þannig hafi hálf Þórsmörk lengstum verið nýtt til beitar. Loks er að auki vísað til hefðar.

Í kafla 5.3. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Þórsmörk. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[1] Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur Þórsmörk talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma. Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Þórsmerkur. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því er þau varðar skal þess getið að í máli nr. 4/2003 hjá óbyggðanefnd er komist að þeirri niðurstöðu að afréttur Fljótshlíðar (Grænafjall) sé þjóðlenda.

Merkjum Þórsmerkur er fyrst lýst í lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð fyrir hönd bænda þar og fyrirsvarsmanns Teigs og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum árið 1753. Í lögfestunni er fjallað um Grænafjall, „Þorsmörk mille Þraungar og Krossár upp under Jökul ásamt sokölludum Teigs Gudrunar og Mulatungum“, auk Langaness. Árið 1892 er síðan gert landamerkjabréf fyrir Þórsmörk. Þá er að auki til takmörkuð lýsing Einars Sighvatssonar hreppstjóra frá því um miðja 19. öld.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Þórsmerkur, gagnvart Fljótshlíðarafrétti. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu liggja þau í Markarfljóti þaðan sem Þröngá fellur í það og síðan ræður „Markarfljót allt fram á móts við Þórsmerkurrana“. Bréfið er undirritað í umboði hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps. Um Fljótshlíðarafrétt er fjallað í máli nr. 4/2003 og þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að Markarfljót ráði merkum, sbr. m.a. lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmanns Teigs og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum árið 1753 um Grænafjall, Þórsmörk, Teigs- Guðrúnar- og Múlatungur, auk Langaness.

Norðurmerki Þórsmerkur eru gagnvart Almenningum. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu liggja þau í Þröngá, þaðan sem hún fellur í Markarfljót og að upptökum hennar upp við jökul. Bréfið er áritað af hálfu hreppsnefndar Vestur-Eyjafjallahrepps „fyrir afréttinn Almenninga“. Lögfestan 1753 og afréttarlýsing Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld miða einnig við Þröngá. Þessum merkjum er eins lýst í landamerkjabréfi Almenninga, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. maí 1892, sbr. kafla 6.3. Það bréf er áritað „Fyrir Fljótshlíðarhrepp vegna Þórsmerkur“.

Sunnan Þórsmerkur eru Teigstungur austast, síðan Goðaland og loks Stakkholt. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Þórsmerkur eru suðurmerki í Krossá, sbr. einnig lögfestuna 1753. Bréfið er áritað af hálfu Stakkholts og prestsins á Breiðabólstað, að telja verður vegna Goðalands. Þá ber þess að geta að Guðmundur Guðmundsson, sem undirritar landamerkjabréf Þórsmerkur í umboði hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps, var eigandi jarðarinnar Teigs sem Teigstungur eru kenndar við.

Um Teigstungur, Goðaland og Stakkholt er fjallað í köflum 6.5., 6.7. og 6.9. Þar kemur m.a. fram að norðurmerki þessara landsvæða miðist við Krossá, sbr. landamerkjabréf Stóradalstorfu,

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892, Syðstu-Merkur, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, og Neðra-Dals, dags. 22. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, vegna Stakkholts, og landamerkjabréf Goðalands, dags. í maí 1891 og þingl. 28. maí 1891. Bréf Goðalands er áritað af fyrirsvarsmanni hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps en framangreind þrjú bréf sem lýsa merkjum Stakkholts eru ekki árituð vegna Þórsmerkur. Ekkert landamerkjabréf er hins vegar til fyrir Teigstungur né heldur aðrar merkjalýsingar. Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 kemur þó fram að Teigstungur séu „inn af Þórsmörk“.

Hér hafa að framan verið raktar ýmsar heimildir um merki Þórsmerkur og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og suðurs. Austurmörkum Þórsmerkur, gagnvart Mýrdalsjökli, er hins vegar einungis lýst í framangreindri lögfestu frá 1753, þar sem segir að Þórsmörk liggi á milli Þröngár og Krossár og „upp under Jökul“. Í kröfugerð eigenda Ásólfsskálakirkju og Stóradalskirkju og eigenda jarða í Fljótshlíð, austan Breiðabólstaðartorfu, er gert ráð fyrir að merki landsvæðisins og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti.

Óbyggðanefnd telur að af landamerkjabréfi Þórsmerkur frá 1892 verði ráðið að merki landsvæðisins hafi verið talin ná upp að Mýrdalsjökli. Merkjum til norðurs og suðurs er þannig lýst alla leið austur í jökul, sbr. einnig lögfestuna 1753. Jökull hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til austurs að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Þeim er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Þórsmörk. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum svæðisins sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er skýrt afmarkað af jökli, ám og árgiljum. Umrætt landamerkjabréf er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að rétthafar að Þórsmerkursvæðinu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum landsvæðisins væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Þórsmerkur, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu styður fremur þann skilning að hluti svæðisins, a.m.k., hafi verið numinn í öndverðu. Þá benda rannsóknir á sviði fornleifafræði til þess að byggð hafi verið að fornu norðan Þórsmerkur, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla á hinn bóginn fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Um Þórsmörk er fjallað í máldaga Holtskirkju undir Eyjafjöllum frá 1270. Þar segir að kirkjunni fylgi m.a. „vij skogar. j þorsmork“. Í samræmi við þetta segir í máldaga kirkjunnar frá 1332 að hún eigi „sio skogar teiga j þorsmork“, sbr. einnig fjöldan allan af lögfestum frá 18. og 19. öld, auk skýrslu um tekjur og útgjöld Holtsprestakalls. Í lögfestu prestsins að Holti frá 1867 segir orðrétt, eftir að skógarteigar hafa verið tilgreindir og merkjum lýst: „... svo langt sem byrkiskógur vex, lögfesti eg vegna Holtskirkju, að orðfullu og lögmáli réttu til friðhelgis og verndar alls byrkiskógarviðar, sem vex innan hér tiltekinna takmarka, fyrirbjóðandi einum og sérhverjum, nefnda viðartegund að höggva, rífa eður nokkurn hátt hana sér í nyt að færa, án míns leyfis og samþykkis, undir fullkomnar landnáms- og Skaðabætur.“ Árið 1890 er gert landamerkjabréf fyrir Holt og sjö skógarteigar á Þórsmörk taldir upp á eftir lýsingu landamerkja og umfjöllun um reka og fjörur. Í samræmi við þetta áritar presturinn í Holti landamerkjabréf Þórsmerkur 1892 með athugasemd um að Holtsprestakall eigi tiltekin „skógarítök“ á Þórsmörk.

Fleiri jarðir undir Vestur-Eyjafjöllum hafa átt skógarítök í Þórsmörk. Þannig kemur fram í landamerkjabréfi Stóra-Dals, dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892, að skógarítak Stóradalstorfunnar sé hálfur Húsadalur, sbr. einnig fasteignamat um þá jörð frá 1916. Þá segir í landamerkja-

bréfi Neðra-Dals, dags. 22. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, að hálf jörðin „eður það sem af henni er kyrkjujörð“ eigi skógarítak á Þórsmörk í Húsadal, með nánari afmörkun, „að tiltölu réttri við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar“. Í landamerkjabréfi Syðstu-Markar, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí sama ár, er skógarítak hálfrar jarðarinnar einnig sagt á Þórsmörk í Húsadal, með nánari afmörkun og í hlutfalli við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar. Ekki er hins vegar minnst á Þórsmörk í landamerkjabréfi Ásólfsskála, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí sama ár.

Auk framangreindra jarða undir Vestur-Eyjafjöllum átti kirkjan í Odda á Rangárvöllum skóg í Engidal í Þórsmörk, samkvæmt því sem greinir í máldögum 1397 og 1570. Þá lögfestir presturinn í Odda „hálfa Þórsmörk“ 1790 og 1791 „med öllum hanns [svo] Gögnum og Gjædum, ... Odda Kirkiu Eign eftir gömlum óafturrekanlegum Máldögum. Fyrerbyd eg hverjum Manni ad beita, brúka edur í nokkurn Máta sér ad nýta þenann hálfa Afrétt framvegis, undir þær Sektir sem Lög qveda, án míns Leyfis.“ Umræddur afréttur Oddakirkju mun hafa verið nýttur af öðrum með leyfi, sbr. bréf sýslumannsins í Rangárvallasýslu frá 1801, og einnig leigður út gegn gjaldi, sbr. yfirlýsingu prófastsins í Odda frá 1813. Í landamerkjabréfi Odda, dags. 22. maí 1890, segir að ítök fylgi jörðinni, þ. á m. „afréttur hálfur í miðja Þórsmörk“.

Heimildir eru einnig um að Fljótshlíðingar hafi kallað til réttinda í Þórsmörk. Þannig segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 að Þuríðarstaðir á Mið-Mörk og þar um kring sé „brúkað fyrir lamba afrjett úr Fljótshlíð“, sbr. einnig umfjöllun í jarðabókinni um einstakar jarðir í Fljótshlíð. Talið er að Þuríðarstaðir hafi verið í Þórsmörk. Einnig kemur fram að Húsadalur, „skammt frá Þuríðarstöðum“, sé brúkaður fyrir afrétt úr Fljótshlíð. Árið 1753 lögfesta hreppstjórinn í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmenn Teigs í Fljótshlíð og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum, Grænafjall, Þórsmörk ásamt Teigs-, Guðrúnar- og Múlatungum, auk Langaness. Báðir aðilar telja til réttinda yfir Þórsmörk. Í lögfestunni segir orðrétt:

> Fyrerbiódum vier einum og sierhvörium fyrrgreinda Afrette og Skógarplátz j nochru sier nitia, beita, bruka, yrkia, edur nockra Gagnsemd af hafa, under fullkomna Landnámz Sekt, og adrar frekustu Skadabætur effter Lögum, af þeim visvitande hier á móti britur. Enn hvör sá sem meinar sig Skóg edur önnur Jtök eiga jnnann fyrrgreindra Takmarka, sem þesse Lögfesta uppastendur, advarast hier med ad frammleggia sin Skilrike þar fyrir, á næstkomande K[yr]kiulækiar og Hollts Vor Manntals Þingum. Stande Lögfesta þesse til Sekta um næstu 12 Mánude. Enn fyrir Máldaga so leinge henne er ei ad Lögum hrunded.

Í bréfi sýslumannsins í Rangárvallasýslu frá 1801 kemur fram að ¾ afréttarins í Þórsmörk heyrðu undir Fljótshlíðinga til upprekstur á sumrin en ¼ Oddakirkju. Sýslumaður lætur þess einnig getið að rústir finnist á afréttinum en þær séu svo gamlar að enginn geti lengur haldið þar fram eignarrétti sínum. Þá mótmæla bændur í Fljótshlíð tilkalli prestsins í Holti til nýgræðuskóga á framanverðri Þórsmörk 1867.

Árið 1892 er gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Þórsmörk. Lýst er merkjum en ekki fjallað um réttindi eða nýtingu. Bréfið er undirritað í umboði hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps. Í landamerkjabréfum Eyvindarmúla og Fljótsdals í Fljótshlíð, hið fyrrnefnda dags. 1. júní 1891 og þingl. 18. maí 1892 og hið síðarnefnda dags. 24. maí 1890 og þingl. 27. maí 1890, segir að jarðir þessar eigi hagbeit og skógarhögg á Þórsmörk, í hlutfalli við aðrar jarðir í Fljótshlíð. Þá kemur fram í landamerkjabréfi Barkarstaða, dags. 30. júní 1888 og þingl. 27. maí 1890, að jörðin eigi afrétt í Þórsmörk að tiltölu við aðrar jarðir sveitarinnar. Í samræmi við þetta segir í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 að allar jarðir í Fljótshlíð, „að undanskildum Breiðabólstaðarjörðum og Austur-Torfastöðum“, eigi „skógarítak á Þórsmörk, 1 hest á ári fyrir hver 5 hundr. forn, og einnar kindar beit eftir sömu reglu. Þetta er hálf beit á Þórsmörk. Hinn helmingur beitarinnar tilheyrir Oddaprestakalli og er hann nú leigður Inn-Hlíðarmönnum (Fljótsdalur – Hlíðarendi)“, sbr. einnig um-

fjöllun um Múlajarðir, Fljótsdal Í sömu heimild er ekki gert ráð fyrir því að jarðir undir Eyjafjöllum eigi afrétt í Þórsmörk.

Þá segir í fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu nr. 58/1894 að hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skuli sjá um fjallskil, réttahöld, grenjaleitir o.s.frv. á Þórsmörk, sem talin er með svokölluðum smáafréttum. Samkvæmt fjallskilareglugerð nr. 72/1921 skyldu hreppsnefndir Fljótshlíðarhrepps og Vestur-Eyjafjallahrepps sjá um þetta verk.

Óbyggðanefnd telur líkur á því að Þórsmörk sé innan upphaflegs landnáms sunnan Markarfljóts. Tilvist byggðar á þessu svæði hefur verið staðfest með fornleifarannsóknum. Sú byggð hefur hins vegar snemma lagst af og þess utan liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Síðari tíma heimildir, frá því á 13. öld og fram að gerð landamerkjabréfa í lok 19. aldar, eiga það sameiginlegt að fjalla um rétt tiltekinna jarða til takmarkaðrar nýtingar í Þórsmörk, beitar og skógartekju. Þannig er lýst rétti jarða í Vestur-Eyjafjöllum til skógar, Odda á Rangárvöllum til skógar og afréttar og jarða í Fljótshlíð til skógar og afréttar. Ekki liggur fyrir hvernig jarðirnar eru komnar að umræddum réttindum.

Landamerkjabréf umræddra jarða eru í samræmi við þetta og umfjöllun í þeim um Þórsmerkursvæðið bendir fremur til afréttar- og annarra óbeinna eignarréttinda en beins eignarréttar. Þegar þessa landsvæðis er getið í heimildum frá 20. öld er það einnig tengt upprekstri, afréttarnotum og skógartekju, sbr. afréttalýsingar Einars Sighvatssonar hreppstjóra á Ysta-Skála frá 19. öld, fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar, auk gerðabókar fasteignamatsnefndar 1916. Ekkert liggur fyrir um að Þórsmörk hafi, fram til 1927, nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Þórsmerkur hafi orðið til á þann veg að tilteknar jarðir hafi tekið landsvæði þetta til sumarbeitar fyrir búpening, skógartekju og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Ásólfsskálakirkju og Stóradalskirkju, jarða í Fljótshlíð austan Breiðabólstaðartorfu, Odda á Rangárvöllum og Holts undir Vestur-Eyjafjöllum að landsvæði það, sem hér eru til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.[1]

Heimildir benda hins vegar til þess að hluti jarða í Fljótshlíð, auk Odda á Rangárvöllum, hafi átt rétt til upprekstrar á Þórsmörk. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabil, vegna friðunar þess, liggur hins vegar ekkert fyrir um það að rétti þessum hafi verið afsalað.

Kröfur og sjónarmið um viðurkenningu annars konar óbeinna eignarréttinda, fyrst og fremst umræddra skógarítaka, eru vanreifaðar, auk þess sem alls óvíst er um núverandi tilvist slíkra réttinda, hvað þá nákvæma staðsetningu þeirra eða inntak. Með vísan til framangreinds telur óbyggðanefnd ekki unnt að taka kröfur um viðurkenningu annars konar óbeinna eignarréttinda til greina að neinu leyti. Hér ber þess þó að geta að umrædd ítaksréttindi benda e.t.v. til að eignarhald landsvæðisins hafi verið með einhverjum öðrum hætti en að aðeins hafi verið um að ræða hefðbundin óbein eignarréttindi, þar sem til ítaka var ekki svo vitað sé stofnað nema í eignarlandi. Hins vegar eru þessi sérstöku réttindi óljós og engar heimildir eru til um það hvernig viðkomandi aðilar öðluðust þau. Ekki er heldur að finna neinar vísbendingar um að eignarhald þetta hafi verið víðtækara heldur en þessi tilteknu afmörkuðu réttindi. Enn fremur er ekki að finna neinar vísbendingar um

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

það hver hafi átt eignarland það sem umrædd ítök voru í ef um eignarland yfir höfuð hefur verið að ræða. Svo sem að framan getur er ekki útilokað og raunar líklegra en hitt að fyrr á tímum hafi Þórsmörk að hluta eða öllu leyti verið undirorpin beinum eignarrétti. Vera kann að til umræddra ítaksréttinda hafi stofnast á þeim tíma. Allt að einu skal það ítrekað að ekkert liggur fyrir um mögulegt framsal þess beina eignarréttar til þeirra aðila sem á síðari tímum hafa fyrst og fremst gert tilkall til afmarkaðra réttinda, þ.e. beitar, skógartekju o.fl. Fær tilvist ítakanna þannig ekki breytt fyrrgreindri niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis í heild.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Þórsmörk, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Frá upptökum Þröngár í Mýrdalsjökli allt niður í Markarfljót, þá Markarfljót þar til Krossá fellur í það, þaðan Krossá allt að upptökum hennar í sama jökli. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarða í Fljótshlíð austan Breiðabólstaðartorfu og Odda á Rangárvöllum, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign tiltekinna jarða, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

6.5. Teigstungur

Landsvæði það sem nefnt hefur verið Teigstungur, tilheyrir sunnanverðu miðhálendi Íslands.[1] Að Teigstungum liggja til suðvesturs Múlatungur, til norðurs er Þórsmörk og til austurs og suðvesturs er Mýrdalsjökull með skriðjöklum sínum. Teigstungur tilheyra svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Teigstungur eru bæði í hlíðar- og fjallbeltinu, í 300-1200 m hæð.

Teigstungur eru brattar, sundurskornar og hrjóstugar. Fjallhryggir Teigstungna liggja frá austri til vesturs og skipta tvö gil landsvæðinu í þrjá hluta. Syðst eru brattar Teigstungurnar sem eru að mestu umvafðar jökli. Hæstu mót lands og jökuls á Teigstungum eru í um 1200 m hæð. Fremst á Teigstungunum er hátt keilulaga fell sem heitir Moldi og nær það í um 700 m hæð. Norðan Molda er Teigstungnaháls. Fremst á honum er lágur, aflangur grasháls sem nefnist Guðrúnartungur og liggja þær norðaustan Tungnakvíslar. Teigstungnaháls tekur við inn til landsins þegar Guðrúnartungum sleppir. Efst í þeim, sunnan undir jökulrönd Krossárjökuls, er mikið gróðurlaust harmabelti sem ber nafnið Litfari og nær það í 1099 m hæð. Innarlega á Teigstungnahálsi eru hvammarnir Innraver og Fremraver. Áin Kvíslin rennur úr Krossárjökli, norðan Teigstungnaháls. Fremst á því svæði, norðan Kvíslarinnar, er Teigstungnarani en á honum er gróðurlítið fjall sem heitir Göltur (503 m). Austan Galtar er Stóristandur (600 m). Milli Galtar og Stórastands er Stóraskarð. Norð-

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

austan Stórastands liggja brattar Eggjar í um 600 m hæð. Land mætir Krossárjökli í um 500 m hæð. Frá Guðrúnartungum að bæjarstæði Teigs í Fljótshlíð eru 15 km í beinni loftlínu.

Frá landnámi fram á þennan dag hefur orðið mikil breyting og hnignun á gróðurfari bæði í byggð, á heiðum og í fjalllendi Eyjafjalla- og Þórsmerkursvæðisins, eins og í öðrum landshlutum. Talið er að um landnám hafi skógur teygt sig upp í hlíðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður, og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjalllendið verið þakið nokkuð samfelldum lággróðri. Í fjalllendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Mýrdalsjökuls, svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Teigstungur liggja norðan sama jökuls og eru því samkvæmt þeirri kröfugerð allar í þjóðlendu.

Á móti hafa eigendur Teigstorfu í Fljótshlíð lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli kunni að koma við landamerki falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að af lýsingu á landnámi Jörundar goða sé ekki hægt að gefa sér að land fyrir austan Fljót, milli Krossár og Jöldusteins, hafi verið numið allt til jökla. Jörundur hafi lagt numið land á þessu svæði til hofs. Eignarréttur hofsins hafi fallið niður við kristnitöku. Um sé að ræða dæmigert afréttarland.

Af hálfu eigenda Teigstorfu, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði tilheyri austurhluta bjórs þess sem Jörundur goði hafi numið enda renni Krossá til vesturs norðan þeirra. Þessarar eignar Teigskirkju sé að engu getið í miðaldamáldögum og ekki heldur í Gíslamáldögum 1570. Langlíklegast virðist því að ítök þessi hafi kirkjan fengið frá Breiðabólstaðarkirkju eftir að hún hafi náð tökum á Goðalandi. Líta verði svo á að kirkjan hafi öðlast fullkominn eignarrétt að landsvæði þessu fyrir traustfang þrátt fyrir að réttur afsalsgjafa hafi ekki átt við rök að styðjast. Teigskirkja hafi verið bændakirkja sem lögð hafi verið niður á 19. öld, áður en landamerkjabréf Teigs var gert. Þá og síðan hafi umræddar Teigstungur verið átölu- og athugasemdarlaust taldar eign þeirrar jarðar sem Tungurnar áður tilheyrðu. Marghátttuð friðun „Þórsmerkursvæðisins“ eigi ekki að raska eignarrétti á svæðinu. Þar sé aðeins um stjórnsýsluframkvæmd að ræða en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Teigstungur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[1] Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafa Teigstungur talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[2] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Í landamerkjabréfi fyrir Teigsland, dags. 14. maí 1890 og þingl. 27. maí 1890, er engin lýsing á merkjum Teigstungna. Þar segir einungis að Teigur eigi „afréttarítak“ í Teigstungum. Merki Teigstungna verða því helst ráðin af landamerkjalýsingum aðliggjandi landsvæða, jarðarinnar Eyvindarmúla í Fljótshlíð vegna Múlatungna, Goðalands og Þórsmerkur, frá árunum 1891-1892. Aðrar heimildir lýsa einungis afstöðu Teigstungna miðað við Goðaland og Þórsmörk án þess að merkin sjálf séu tíunduð.

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Teigstungna. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Teigstungna, gagnvart Múlatungum. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Eyvindarmúlalands, dags. 1. júní 1891 og þingl. 18. maí 1892, ræður þar merkjum „kvíslin í gilinu á milli tungnanna frá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir fyrrnefndan tungnarana þar sem kvíslarnar falla saman“. Tekið er fram að lýst sé merkjum gagnvart Teigstungum. Tungnakvísl sameinast Hrunakvísl og tekur nafn hennar áður en þær renna út í Krossá. Landmerkjabréf Eyvindarmúlalands er ekki áritað af hálfu Teigstorfu. sbr. kafla 6.6. Ljóst er af samhengi í landamerkjabréfi Eyvindarmúlalands að þarna er átt við Tungnakvísl. Eldri heimildir um merki Múlatungna eru ekki fyrir hendi.

Af landamerkjabréfi Goðalands, dags. í maí 1891 og þingl. 28. maí 1891, verður ráðið að austurmerki liggi í Hrunakvísl, sbr. kafla 6.7. Hrunakvísl nær alla leið frá jökli og út í Krossá en Múlatungur einungis þangað sem Hrunakvísl sameinast Tungnakvísl. Samkvæmt því á Goðaland merki gagnvart Teigstungum frá þeim stað sem árnar sameinast og að Krossá. Ekki verður séð að bréf Goðalands hafi verið áritað af hálfu Teigstungna en þess ber að geta að Tómas Sigurðsson sem áritar bréfið var meðal eigenda Eyvindarmúla og kann að hafa komið fram fyrir hönd Múlatungna. Í lýsingu séra Högna Sigurðssonar á Breiðabólstað á afréttum og örnefnum, frá því um miðja 18. öld, segir m.a. að Teigstungur og Múlatungur séu norðan við Goðaland. Hið sama má ráða af lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld.

Norðurmerki Teigstungna eru gagnvart Þórsmörk, sem um er fjallað í kafla 6.4. Í landamerkjabréfi Þórsmerkur, dags. 2. maí 1892 og þingl. 18. maí 1892, segir að Krossá aðskilji Þórsmörk og afréttina sunnan árinnar, þ. á m. Teigstungur, sbr. einnig lögfestu 1753. Bréfið er ekki áritað í nafni Teigstungna en þess ber að geta að Guðmundur Guðmundsson sem undirritar landamerkjabréf Þórsmerkur í umboði hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps var eigandi jarðarinnar Teigs sem Teigstungur eru kenndar við. Þá kemur fram í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 að Teigstungur séu „inn af Þórsmörk“.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Teigstungna, fyrst og fremst eins og þau verða ráðin af heimildum um merki aðliggjandi landsvæða til suðurs, vesturs og norðurs. Austurmörkum Teigstungna, gagnvart Mýrdalsjökli, er hins vegar hvergi sérstaklega lýst. Í kröfugerð eigenda Teigstorfu er gert ráð fyrir að merki Teigstungna og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins.

Óbyggðanefnd telur að framangreind landamerkjabréf Eyvindarmúla og Þórsmerkur beri með sér að litið hafi verið svo á að merki Múlatungna og Þórsmerkur gagnvart Teigstungum næðu upp að jökli. Þessum merkjum er þannig lýst alla leið austur í jökul. Telja verður að hið sama gildi að þessu leyti um Teigstungur og um Múlatungur og Þórsmörk, þ.e.a.s. að jökull hafi afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til suðurs.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir þau landsvæði sem liggja að Teigstungum, þ.e. Eyvindarmúlaland vegna Múlatungna, Goðaland og Þórsmörk. Eldri heimildir um merki Teigstungna eru ekki fyrir hendi. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Teigstungna sé þar rétt lýst, svo langt sem þær lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að langmestu leyti skýrt afmarkað af jökli, ám og árgiljum.

Umrædd landamerkjabréf voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki landsvæðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn Teigstungna eða annarra aðliggjandi landsvæða. Eigandi Teigs, sem jafnframt var oddviti Fljótshlíðarhrepps, áritar bréf Goðalands og Þórsmerkur, án þess þó að það sé í nafni Teigstungna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem al-

mennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að rétthafar að Múlatungum, Goðalandi og Þórsmörk hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum landsvæðisins væri þar rétt lýst. Það er því álit óbyggðanefndar að landamerkjabréf Eyvindarmúlalands, vegna Múlatungna, Goðalands og Þórsmerkur verði lögð til grundvallar um mörk Teigstungna.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Teigstungna. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu norðan Teigstungna, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Um Teigstungur er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710. Þar segir að Teigur eigi „[s]kógarítak á Miðri Mörk kallað Teigs túngur“. Næst er fjallað um Teigstungur, og einnig þá einnig Guðrúnartungur, í lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmanns Teigs og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum frá 1753. Í lögfestunni er fjallað um Grænafjall, „Þorsmörk mille Þraungar og Krossár upp under Jökul ásamt sokölludum Teigs Gudrunar og Mulatungum“, auk Langaness. Ekki kemur fram hvort annar aðilinn telji sig eiga rétt til Teigstungna umfram hinn en báðir telja til réttinda yfir Þórsmörk. Í lögfestunni segir orðrétt:

> Fyrerbiódum vier einum og sierhvörium fyrrgreinda Afrette og Skógarplátz j nochru sier nitia, beita, bruka, yrkia, edur nockra Gagnsemd af hafa, under fullkomna Landnámz Sekt, og adrar frekustu Skadabætur effter Lögum, af þeim visvitande hier á móti britur. Enn hvör sá sem meinar sig Skóg edur önnur Jtök eiga jnnann fyrrgreindra Takmarka, sem þesse Lögfesta uppastendur, advarast hier med ad frammleggia sin Skilrike þar fyrir, á næstkomande K[yr]kiulækiar og Hollts Vor Manntals Þingum. Stande Lögfesta þesse til Sekta um næstu 12 Mánude. Enn fyrir Máldaga so leinge henne er ei ad Lögum hrunded.

Árið 1890 er gert landamerkjabréf fyrir Teigsland, og þar segir svo: „Afréttarítök á Teigur: Teigstungur: Skógarhögg og sauðaleit í Þórsmörk eftir tiltölu við aðrar jarðir í Fljótshlíð; og sömuleiðis afrétt Grænafjall.“ Umfjöllun um Teigstungur er þannig staðsett eftir að landamerkjum hefur verið lýst og áður en fjallað er um skógarhögg og sauðaleit Teigstorfu í Þórsmörk og afrétt á Grænafjalli. Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig stofnað hafi verið til þessara réttinda Teigs.

Þegar fjallað er um Teigstungur í öðrum heimildum eru þær áfram nefndar afréttur, sbr. lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld, landamerkjabréf Þórsmerkur frá 1892, fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar og athugasemd í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916. Í hinni síðastnefndu segir að Teigstungur séu notaðar frá Árkvörn. Á Guðrúnartungur er minnst með Teigstungum í fjallskilareglugerðum og í lýsingu Einars Sighvatssonar. Sú umfjöllun er sams konar og um Teigstungur.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarðarinnar Teigs hafi haft af Teigstungum afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Teigstungur hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýttar til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá bendir umfjöllun um Teigstungur í framangreindu landamerkjabréfi Teigs fremur til afréttareignar en beins eignarréttar og hið sama á við um lögfestu Stóra-Dals. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabil vegna friðunar Þórsmerkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að eigendur Teigs hafi afsalað sér umræddum rétti.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig eigendur Teigs eru komnir að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Teigstungur séu innan upphaflegs landnáms á þessu svæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Teigstorfu að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[1]

Heimildir benda hins vegar til þess að jörðin Teigur í Fljótshlíð hafi átt upprekstrarrétt í Teigstungum.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Teigstungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Á móts við Þórsmörk ræður Krossá, þaðan sem hún kemur undan Krossárjökli og þangað sem Hrunakvísl fellur í hana. Á móts við Múlatungur ræður Tungnakvísl, frá upptökum hennar við Tungnakvíslajökul og þangað sem hún fellur í Hrunakvísl. Frá þeim stað þar sem Tungnakvísl fellur í Hrunakvísl er Hrunakvísl fylgt uns hún fellur í Krossá. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Teigs í Fljótshlíð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign jarðarinnar Teigs, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

6.6. Múlatungur

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Múlatungur, tilheyrir sunnanverðu miðhálendi Íslands.[2] Að Múlatungum liggur Goðaland til suðurs og vesturs, til norðurs og austurs eru Teigstungur og til suðausturs Mýrdalsjökull með skriðjöklum sínum. Múlatungur tilheyra svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Múlatungur eru bæði í hlíðar- og fjallbeltinu, í 300-700 m hæð.

Múlatungur eru bratt og nokkuð gróið fjalllendi og mætir land jökli í um 550 m hæð norðan Bláfells sem er hæsti tindur landsvæðisins. Frá nyrsta tanga Múlatungna til bæjarstæðis Eyvindarmúla í Fljótshlíð eru u.þ.b. 22 km í beinni loftlínu.

Frá landnámi fram á þennan dag hefur orðið mikil breyting og hnignun á gróðurfari bæði í byggð, á heiðum og í fjalllendi Eyjafjalla- og Þórsmerkursvæðisins, eins og í öðrum landshlutum. Talið er að um landnám hafi skógur teygt sig upp í hlíðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins, þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður, og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjalllendið verið þakið nokkuð samfelldum

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

lággróðri. Í fjalllendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur, sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Mýrdalsjökuls, svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Múlatungur liggja norðan sama jökuls og eru því samkvæmt þeirri kröfugerð allar í þjóðlendu.

Á móti hafa eigendur Eyvindarmúlatorfu í Fljótshlíð lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli kunni að koma við landamerki falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.7.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að af lýsingu á landnámi Jörundar goða sé ekki hægt að gefa sér að land fyrir austan Fljót, milli Krossár og Jöldusteins, hafi verið numið allt til jökla. Jörundur hafi lagt numið land á þessu svæði til hofs. Eignarréttur hofsins hafi fallið niður við kristnitöku. Um sé að ræða dæmigert afréttarland.

Af hálfu eigenda Eyvindarmúlatorfu, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði tilheyri austurhluta bjórs þess sem Jörundur goði hafi numið enda renni Krossá til vesturs norðan þeirra. Þessarar eignar Múlakirkju sé að engu getið í miðaldamáldögum og ekki heldur í Gíslamáldögum 1570. Langlíklegast virðist því að ítök þessi hafi kirkjan fengið frá Breiðabólstaðarkirkju eftir að hún hafi náð tökum á Goðalandi. Líta verði svo á að kirkjan hafi öðlast fullkominn eignarrétt að landsvæði þessu fyrir traustfang þrátt fyrir að réttur afsalsgjafa hafi ekki átt við rök að styðjast. Eyvindarmúlakirkja hafi verið bændakirkja sem lögð hafi verið niður á 19. öld áður en landamerkjabréf Eyvindarmúla var gert. Þá og síðan hafi umræddar Múlatungur verið átölu- og athugasemdarlaust taldar eign þeirrar jarðar sem Tungurnar áður tilheyrðu. Margháttuð friðun „Þórsmerkursvæðisins“ eigi ekki að raska eignarrétti á svæðinu. Þar sé aðeins um stjórnsýsluframkvæmd að ræða en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Múlatungur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[1] Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafa Múlatungur talist til afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[2] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Múlatungna. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða.

Elsta eiginlega merkjalýsingin fyrir Múlatungur er í landamerkjabréfi Eyvindarmúlalands, 1. júní 1891 og þingl. 18. maí 1892. Aðrar heimildir lýsa einungis afstöðu Múlatungna miðað við Goðaland og Þórsmörk án þess að merkin sjálf séu tíunduð.

Verður þá fyrst litið til suður- og vesturmerkja Múlatungna, gagnvart Goðalandi. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu ræður þar „... kvíslin í gilinu milli Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna í Goðalandi, frá upptökum hennar í jöklinum niður fyrir tungnarana ...“. Bréf Eyvindarmúlalands er ekki áritað af hálfu Goðalands en landamerkjabréf Goðalands, dags. í maí 1891 og þingl. 28. maí 1891, fær vel samrýmst þessu, sbr. kafla 6.7. Í lýsingu séra Högna Sigurðssonar á Breiðabólstað á afréttum og örnefnum, frá því um miðja 18. öld, segir m.a. að Múlatungur og Teigstungur séu norðan við Goðaland. Hið sama kemur fram í lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld.

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Norðurmerkjum Múlatungna, gagnvart Teigstungum, er lýst þannig að þar ráði „kvíslin í gilinu á milli tungnanna frá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir fyrrnefndan tungnarana þar sem kvíslarnar falla saman“. Landmerkjabréf Eyvindarmúlalands er ekki áritað af hálfu Teigstorfu. Ljóst er af samhengi í landamerkjabréfi Eyvindarmúlalands að þarna er átt við Tungnakvísl. Landamerkjabréf eða aðrar merkjalýsingar liggja ekki fyrir vegna Teigstungna, sbr. kafla 6.5.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Múlatungna og aðliggjandi landsvæða til suðurs, vesturs og norðurs. Austurmörkum Múlatungna, gagnvart Mýrdalsjökli er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Í kröfugerð eigenda Eyvindarmúlatorfu vegna Múlatungna er gert ráð fyrir að merki landsvæðisins og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins.

Óbyggðanefnd telur að framangreint landamerkjabréf frá 1891 beri með sér að eigendur Eyvindarmúla hafi litið svo á að merki Múlatungna næðu upp að jökli. Merkjum til suðurs og norðurs er þannig lýst alla leið austur í jökul. Jökull hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til suðurs að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Þeim er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Eyvindarmúlalands og m.a. lýst merkjum Múlatungna. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Múlatungna sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að langmestu leyti skýrt afmarkað af jökli, ám og árgiljum. Umrætt landamerkjabréf er undirritað af fyrirsvarsmönnum Eyvindarmúla, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Eyvindarmúlatorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum landsvæðisins væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Múlatungna. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu norðan Múlatungna, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Um Múlatungur er fyrst getið í lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmanns Teigs í Fljótshlíð og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum frá 1753. Í lögfestunni er fjallað um Grænafjall, „Þorsmörk mille Þraungar og Krossár upp under Jökul ásamt sokölludum Teigs Gudrunar og Mulatungum“, auk Langaness. Ekki kemur fram hvort annar aðilinn telji sig eiga rétt til Múlatungna umfram hinn en báðir telja til réttinda yfir Þórsmörk. Í lögfestunni segir orðrétt:

> Fyrerbiódum vier einum og sierhvörium fyrrgreinda Afrette og Skógarplátz j nochru sier nitia, beita, bruka, yrkia, edur nockra Gagnsemd af hafa, under fullkomna Landnámz Sekt, og adrar frekustu Skadabætur effter Lögum, af þeim visvitande hier á móti britur. Enn hvör sá sem meinar sig Skóg edur önnur Jtök eiga jnnann fyrrgreindra Takmarka, sem þesse Lögfesta uppastendur, advarast hier med ad frammleggia sin Skilrike þar fyrir, á næstkomande K[yr]kiulækiar og Hollts Vor Manntals Þingum. Stande Lögfesta þesse til Sekta um næstu 12 Mánude. Enn fyrir Máldaga so leinge henne er ei ad Lögum hrunded.

Minnst er á „Bláfell“ í lögfestu Stóra-Dals frá 19. desember 1665, sbr. einnig lögfestu frá 1795. Þar er fyrst lýst landamerkjum, því næst fjörumörkum og loks skógarítökum og ýmsu fleiru, m.a. er „Fjórdungur skógar í Bláfelli“ talinn til eigna Stóra-Dals. Á Bláfell er minnst allra síðast í lögfestunum, eftir að talin hafa verið upp réttindi Stóra-Dals á Þórsmerkursvæði, þ.e. í Langanesi og Stakkholti, Mörk, Húsadal og Almenningum. Til eru tvö Bláfell á því svæði sem til umfjöllunar er

í þessu máli. Annað er miðsvæðis í Múlatungum en hitt innan merkja jarðarinnar Núps, sem er næsta jörð við Stóradalstorfu. Umfjöllun í lögfestum Stóra-Dals virðist fremur benda til þess að átt sé við Bláfell í Múlatungum en um það verður þó engu slegið föstu. Þá liggur ekkert nánar fyrir um tilurð þessara réttinda og á Bláfell eða Múlatungur er ekki minnst í landamerkjabréfi Stóradalstorfu 1888.

Árið 1891 er gert landamerkjabréf fyrir Eyvindarmúlaland, og þar segir svo: „Múlatorfan á Múlatungur sem liggja á milli Goðalands og Teigstungna með þessum takmörkunum ...“ Umfjöllun um Múlatungur er staðsett eftir að landamerkjum hefur verið lýst og áður en fjallað er um hagbeit og skógarhögg Múlatorfu í Þórsmörk. Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig stofnað hafi verið til þessara réttinda Eyvindarmúlakirkju og á Múlatungur er ekki minnst í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1710.

Þegar fjallað er um Múlatungur í öðrum heimildum er það áfram nefnt afréttur, sbr. lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld, landamerkjabréf Þórsmerkur frá 1892, fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar og athugasemd í gerðabók fasteignarmatsnefndar 1916. Í hinni síðastnefndu segir að Múlatungur séu notaðar frá Háa-Múla.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarðarinnar Eyvindarmúla hafi haft af Múlatungum afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Múlatungur hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýttar til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá bendir umfjöllun um Múlatungur í framangreindu landamerkjabréfi Eyvindarmúla fremur til afréttareignar en beins eignarréttar og hið sama á við um lögfestu Stóra-Dals. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabil vegna friðunar Þórsmerkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að eigendur Eyvindarmúla hafi afsalað sér umræddum rétti.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig eigendur Eyvindarmúla eru komnir að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Teigstungur séu innan upphaflegs landnáms á þessu svæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Eyvindarmúla að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[1]

Heimildir benda hins vegar til þess að jörðin Eyvindarmúli í Fljótshlíð hafi átt upprekstrarrétt í Múlatungum.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Múlatungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Á móts við Goðaland ræður kvíslin í gilinu milli Múlatungna og hinna svokölluðu Hruna á Goðalandi, frá upptökum hennar við Tungnakvíslajökul og niður fyrir tungnarana. Á milli Múlatungna og Teigstungna ræður kvíslin í gilinu á milli tungnanna, frá upptökum hennar við Tungnakvíslajökul niður fyrir fyrrnefndan tungnarana, þar sem kvíslarnar falla saman. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Eyvindarmúla í Fljótshlíð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign jarðarinnar Eyvindarmúla, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

6.7. Goðaland

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Goðaland, tilheyrir sunnanverðu miðhálendi Íslands.[1] Að Goðalandi liggja til vesturs Eyjafjallajökull og smáafréttirnir Merkurtungur og Stakkholt. Til norðurs er Þórsmörk og til austurs eru Teigstungur, og Múlatungur, auk Mýrdalsjökuls. Að sunnanverðu jörðin Hrútafell, handan við Fimmvörðuháls. Goðaland tilheyrir svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Goðaland er bæði í hlíðar- og fjallbeltinu, í 300-1000 m hæð.

Landsvæði það, sem hér um ræðir er mjög fjalllent og bratt. Á norðvestur tá Goðalands rétt austan Hvannár rís Réttarfellið 509 m. Austan Réttarfellsins eru Básar, hallalitlir og vel grónir. Ofan og austan Básа eru Votupallar, nokkuð grónir, og gnæfir brattur og tignarlegur Útigönguhöfði yfir þeim í 805 m. Austan Útigönguhöfða liggur brattur Illihryggur upp að hallalítilli Morinsheiði (Morrisheiði) í 750-800 m hæð. Sunnan Morisheiðar (800-900 m) liggja Úthólmar og sunnan þeirra í um 1000 m hæð liggur Brattafönn á milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls við Fimmvörðuháls. Strákagil sker landsvæðið norður frá Markarfljóti suður að Morinsheiði. Austan Strákagils liggja hallalitlar Foldir og innan þeirra koma brattar Hestagötur en þær liggja vestan Hrunár. Sunnan Hestagatna kemur bratt Heiðarhornið en Hrunagilið skilur það frá Hrunum. Hrunagil liggur frá Heljarkambi í um 800 m hæð og sameinast Hruná við nyrsta tanga Hruna. Innrihrunar liggja sunnan undir Hrunajökli í Mýrdalsjökli í um 600 m hæð. Frá Álfakirkjunni í norðvestur tá Goðalands til bæjarstæðis Breiðabólstaðar í Fljótshlíð eru 31,5 km í beinni loftlínu.

Frá landnámi fram á þennan dag hefur orðið mikil breyting og hnignun á gróðurfari bæði í byggð, á heiðum og í fjalllendi Eyjafjalla- og Þórsmerkursvæðisins eins og í öðrum landshlutum. Talið er að um landnám hafi skógur teygt sig upp í hlíðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjalllendið verið þakið nokkuð samfelldum lággróðri. Í fjalllendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjalla- og Mýrdalsjökla svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Goðaland liggur norðan sömu jökla og er því allt í þjóðlendu, miðað við þá kröfugerð.

Á móti hefur Rangárþing eystra aðallega fyrir hönd eigenda lögbýla í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi, til vara fyrir hönd sveitarfélagsins og til þrautavara fyrir hönd eigenda jarða, sem voru í konungseign í Eyjafjallasveit árið 1588, lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún og vatnaskilum á Fimmvörðuhálsi. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi,

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.5.

Jafnframt hefur eigandi jarðarinnar Breiðabólstaðar í Fljótshlíð lýst kröfu um beinan eignarrétt að Goðalandi. Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði hefðbundinn afnotaréttur ofangreindrar jarðar komi til þess að hluti landsins teljist þjóðlenda. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að sá hluti Goðalands, sem lægra liggi hafi verið innan landnáms Jörundar goða og verið lagður til hofs. Eignarréttur hofsins að hinu numda landi hafi fallið niður við kristnitöku. Hér hafi aldrei verið jörð og ekki njóti við þinglýstra eignarheimilda, einungis landamerkjabréfs. Upplýsingar um afréttarnot og fjallskil styðji þessa kröfu. Því sé sérstaklega mótmælt að dómur staðfestur í Lögréttu við Öxará 1588, þar sem kveðið hafi verið á um að Goðaland skyldi vera ævinleg eign kirkjunnar á Breiðabólstað í Fljótshlíð, verði skilinn þannig að verið sé að dæma beinan eignarrétt. Ríkið gerir kröfu til þess að landsvæðið Goðaland verði úrskurðað þjóðlenda en þar sem fleiri en einn aðili kalli til landréttinda hér verði ekki tekin afstaða til afréttarréttar eða hverjum hann tilheyri. Það snúi að þeim aðilum að færa fram rök og sönnunargögn fyrir máli sínu.

Af hálfu eiganda Breiðabólstaðar í Fljótshlíð er vísað til dóms, er staðfestur hafi verið í Lögréttu við Öxará árið 1588, um að Goðaland skyldi vera „æfinleg eign“ kirkjunnar á Breiðabólstað í Fljótshlíð og landamerkjaskrár fyrir Goðaland sem þinglýst hafi verið 8. maí 1891. Landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og eignarrétti verið haldið við með máldögum, vísitasíum og lögfestum. Goðaland sé nú allt innan sérstakra þinglýstra landamerkja, fylgi jörðinni Breiðabólstað í Fljótshlíð og hafi svo verið samkvæmt elstu heimildum. Útilokað sé að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag og telja verði eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af slíkum vafa. Landeigendur hafi farið einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yfirráð, innan þinglýstra landamerkja. Kirkjan hafi því haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi á umþrættu landsvæði enda hafi hún getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Nýting landsins hafi verið í samræmi við búskaparhætti og nýtingarmöguleika á hverjum tíma. Þannig hafi Goðaland lengstum verið nýtt með því að leigja það Eyfellingum til beitar og þeir goldið hagatoll fyrir. Þá er að auki vísað til hefðar.

Af hálfu framangreindra jarðeigenda í Rangárþingi og sveitarfélagsins sjálfs, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði hafi allt verið numið. Ljóst sé af Kirkjulækjardómi frá 1578 að bændur undir Eyjafjöllum hafa talið sig eiga afrétt á Goðalandi og ekki þurfa leyfi frá prestinum á Breiðabólstað fyrir beit þar. Dómurinn hafi sennilega verið staðfestur með „Lambeyjarsamþykkt“ 1579 en þó sé ekki til staðfesting á því af hálfu allra dómsmanna, einungis bréf tveggja þeirra. Óvíst sé hvort það verði talið gilt enda gert af minnihluta dómsmanna heima hjá öðrum málsaðilanum 16 dögum seinna. Þá séu dómararnir augljóslega hlutdrægir, m.a. komi ekki fram við hvað Eyfellingar hafi stuðst, þó ætla megi af bókuninni að þeir hafi lagt fram skrifleg gögn. Dómar þessir hafi verið staðfestir í Lögréttu 1588, að undanteknu „því jtaki sem konungsins jörðu til kemur“. Þannig skyldu jarðir í eigu konungs halda ítökum sínum í Goðalandi en ítök annarra jarða dæmast eign Breiðabólstaðarkirkju. Þessi undantekning geri dóminn mjög tortryggilegan. Með henni sé einnig í raun viðurkennt að Goðaland hafi verið afréttarland bænda undir Eyjafjöllum. Jafnframt sé ljóst að kirkjunni á Breiðabólstað hafi ekki verið dæmt allt Goðaland heldur hluti þess eða jafnvel aðeins réttur til afréttartolls. Þá verði ekki betur séð en að jarðir þær undir Eyjafjöllum, sem verið hafi í konungseign þegar Lögréttudómurinn hafi verið kveðinn upp, eigi þann beitarrétt sem þeim hafi verið dæmdur. Hér beri þess einnig að gæta að Goðaland sé aldrei nefnt þegar taldar séu upp eignir og ítök Breiðabólstaðakirkju í máldögum frá því fyrir áður en dómurinn var kveðinn upp, ekki einu sinni í Gíslamáldaga, átta árum áður. Samkvæmt vitnisburði Halldórs Magnússonar á Hrútafelli 1720 hafi bændur undir Eyjafjöllum enn þá notað Goðaland,

sem afrétt án leyfis prestsins á Breiðabólstað, á fyrri hluta 18. aldar, ekki aðeins þeir sem bjuggu á jörðunum sem voru í konungseign, heldur hinir líka því Hrútafellið hafi ekki verið konungsjörð. Árið 1722 hafi verið haldið réttarhald að Holti um Goðalandsafrétt. Þar hafi Kirkjulækjar- og Lambeyjardómarnir verið lesnir upp en sennilega ekki Lögréttudómurinn enda sé engin áritun um slíkt í Alþingisbókum Íslands. Þetta bendi ákveðið til þess að síðastnefndi dómurinn hafi ekki verið lagður fyrir réttinn og presturinn fengið niðurstöðu í málinu á þeim forsendum að hann væri ekki til. Bændurnir hafi ekki haft hann tiltækan til þess að leggja hann fram. Ósennilegt sé að Breiðabólstaðarpresti hafi tekist að koma á leigugjaldi fyrir afnot Austur-Eyfellinga af afréttinum fyrr en eftir rekistefnu á árunum 1720-22 en hafi undantekningar lögréttu um beitarrétt konungsjarðanna að engu getið. Enn sé þess að geta að leigugjald fyrir afréttinn hafi ekki verið goldið síðasta aldarfjórðunginn sem Austur-Eyfellingar hafi notað afréttinn. Forsendur virðist mjög hæpnar fyrir upphaflegum dómi og staðfestingardómurinn talandi dæmi um gallað réttarfar. Réttur kirkna til afgjalds af afréttarnotendum eins og hér um ræði virðist oft hafa fallið niður á síðustu eða þar síðustu öld og borið fremur vott um lénska skattheimtu en eignarrétt. Við marghátta friðun „Þórsmerkursvæðisins“ hafi réttur Eyfellinga og Fljótshlíðinga verið skertur með ýmsum hætti. Sú skerðing eigi þó ekki að raska eignarrétti á svæðinu heldur sé aðeins um að ræða stjórnsýsluframkvæmd en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.4. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Goðaland. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[1] Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur Goðaland talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[2] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Goðalands. Í því sambandi verður einnig litið til merkja aðliggjandi landsvæða.

Merkjum Goðalands er lýst í lögfestu Torfa Jónssonar staðarhaldara á Breiðabólstað frá 9. maí 1821. Því landsvæði, sem nú er nefnt Goðaland, er lýst í landamerkjabréfi afréttarins frá 1891. Þá eru að auki til lýsingar séra Högna Sigurðssonar á Breiðabólstað á afréttum og örnefnum frá því um miðja 18. öld, sem rekja má aftur til lýsingar frá fyrri hluta 17. aldar, og Einars Sighvatssonar hreppstjóra, frá því um miðja 19. öld.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Goðalands, gagnvart Stakkholti og Merkurtungum. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu eru „... Hvanná og Hvannárgil milli Goðalands og Stakkholts upp til Merkurtungna og síðan norður gilið milli Goðalands og Merkurtungna upp til jökuls...“. Ekki verður séð að landamerkjabréf Goðalands sé áritað af hálfu Merkurtungna né Stakkholts. Eldri heimildir um merki Goðalands miða einnig við Hvanná.

Um Stakkholt og Merkurtungur er fjallað í köflum 6.9. og 6.8. Þar kemur m.a. fram að austurmerki Stakkholts miðist við Hvanná, sbr. landamerkjabréf Stóradalstorfu, dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892, Syðstu-Merkur, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, og Neðra-Dals, dags. 22. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, vegna Stakkholts. Framangreind þrjú bréf eru ekki árituð vegna Goðalands. Eldri heimildir um merki Stakkholts eru í samræmi við þetta. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Merkurtungur en með hliðsjón af framangreindu landamerkjabréfi Goðalands frá 1891 verður að telja líklegt að merki Goðalands gagnvart Merkurtungum liggi í svokölluðu Norðurgili, þ.e. Innra-Hvannárgili.

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Norðurmerkjum Goðalands, gagnvart Þórsmörk, er lýst í Krossá, frá þeim stað sem gilið á milli Múlatungna og Hruna á Goðalandi kemur í Krossá og þar til Hvanná fellur í Krossá. Bréfið er áritað af fyrirsvarsmanni hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps. Lýsing Einars Sighvatssonar, hreppstjóra, frá því um miðja 19. öld miðar einnig við Krossá. Landamerkjabréf Þórsmerkur, dags. 2. maí 1892 og þingl. 18. maí sama ár, lýsir merkjum í samræmi við þetta, sbr. einnig lögfestu frá 1753, sjá kafla 6.4. Bréf Þórsmerkur er áritað af hálfu prestsins á Breiðabólstað, að telja verður vegna Goðalands.

Verður þá næst litið til austurmerkja Goðalands, gagnvart Múlatungum og Teigstungum. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu ræður „... gil það ofan frá Eyjafjallajökli, sem er á milli Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna á Goðalandi allt niður í Krossá “. Af þessari lýsingu er ljóst að hér hlýtur að vera átt við Mýrdalsjökul, en það mun hafa verið venja í Rangárvallasýslu, a.m.k. fram á 20. öld, að kalla Mýrdalsjökul Eyjafjallajökul, sbr. skjal nr. 10(1). Jafnframt er ljóst af henni að austurmerki Goðalands liggi í Hrunakvísl. Hrunakvísl nær alla leið út í Krossá en Múlatungur einungis þangað sem Hrunakvísl sameinast Tungnakvísl. Samkvæmt því á Goðaland merki gagnvart Teigstungum frá þeim stað sem árnar sameinast og að Krossá. Ekki verður séð að bréf Goðalands hafi verið áritað af hálfu Teigstungna en þess ber að geta að Tómas Sigurðsson sem áritar bréfið var meðal eigenda Eyvindarmúla og kann að hafa komið fram fyrir hönd Múlatungna.

Afmörkun Múlatungna í landamerkjabréfi Eyvindarmúlalands, 1. júní 1891 og þingl. 18. maí 1892, fær vel samrýmst þessu, sbr. kafla 6.6., enda þótt það sé ekki áritað af hálfu Goðalands. Ekkert landamerkjabréf er hins vegar til fyrir Teigstungur né heldur aðrar merkjalýsingar. Í lýsingu séra Högna Sigurðssonar á Breiðabólstað á afréttum og örnefnum, frá því um miðja 18. öld, segir m.a. að Múlatungur og Teigstungur séu norðan við Goðaland. Hið sama má ráða af lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Goðalands og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og austurs. Suðurmörkum Goðalands, gagnvart Eyjafjallajökli, Mýrdalsjökli og Fimmvörðuhálsi, er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf svæðisins frá 1891 beri með sér að litið hafi verið svo á að merki Goðalands til suðurs næðu upp að jöklum. Merkjum til vesturs og austurs er þannig lýst suður í jökul. Jökull hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til suðurs að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Þeim er því ekki sérstaklega lýst. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu í kafla 6.22. að heimildir um merki jarðarinnar Hrútafells, sunnan Goðalands, bendi til þess að merki hennar hafi einnig náð upp að jökli.

Kröfugerð Rangáþings eystra fyrir hönd eigenda lögbýla í Austur-Eyjafjallahreppi miðar merki Goðalands og Hrútafells á Fimmvörðuhálsi við sömu línu og kröfugerð eigenda Hrútafells, þ.e. línu sem dregin er frá austri til vesturs á milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls um Þrívörðusker þar sem það er hæst. Í kröfugerð Prestsetrasjóðs eru merki hins vegar dregin töluvert norðar.

Hér ber þess að geta að á Fimmvörðuhálsi, á milli stóru jöklanna tveggja, hefur ekki verið jökull um áratugaskeið. Heimildir eru hins vegar um að þar hafi verið samfelldur jökull fram á fyrri hluta 20. aldar. Í greinargerð Odds Sigurðssonar jarðfræðings, sjá skjal nr. 10(1), eru þó færð fyrir fram rök gegn því að jökull, samkvæmt skilgreiningu þess hugtaks, hafi verið á Fimmvörðuhálsi til þess tíma en fönn kunni að hafa hulið hálsinn.

Úrlausn þess álitaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls á þessu svæði hafi á merki milli Goðalands og Hrútafells fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland beggja vegna verður að útkljá ágreininginn eftir öðrum leiðum. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar er um eignarréttarlega stöðu Goðalands og Hrútafells.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Goðaland. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Goðalands sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að langmestu leyti skýrt afmarkað af jöklum, ám og árgiljum.

Umrætt landamerkjabréf er áritað af fyrirsvarsmanni Breiðabólstaðar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að rétthafar Goðalands hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum jarðarinnar væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Goðalands. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu norðan Goðalands, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Í elstu fyrirliggjandi heimildum um Goðaland, Kirkjulækjardómi frá 1578 og Lambeyjarsamþykkt frá 1579, er „Goðalandz afriett“ dæmd „eign kirkiunnar aa Breidabolsstad“. Í vitnisburðum, sem lagðir voru til grundvallar þessari niðurstöðu, segir að Godalandz afriett sé „haldinn vafalaus kirkiunnar eign aa Breidabolstad“. Dómar þessir voru staðfestir í lögréttu 1588 en þeir voru kveðnir upp í tilefni af deilum prestsins í Fljótshlíð og bænda undir Austur-Eyjafjöllum um beit í Goðalandi.

Óbyggðanefnd telur að af dómi lögréttu 1588, og fyrirrennurum hans 1578 og 1579, verði ekki annað ráðið en að Goðaland hafi verið afréttur Breiðabólstaðar án þess að inntak eignarréttinda í því sambandi sé skýrt.[1] Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig stofnað hafi verið til þessara réttinda Breiðabólstaðarkirkju og á Goðaland er ekki minnst í ítarlegum máldaga kirkjunnar frá því um 1570.

Þegar fjallað er um Goðaland í öðrum heimildum er það áfram nefnt afréttur, sbr. skýrslu um Breiðabólstaðarbrauð 1839, lýsingu á Eyvindarhóla-, Steina- og Skógasóknum 1840, lýsingu á Breiðabólstaðarsókn 1844 og jarðamati 1849. Í lögfestu staðarhaldara á Breiðabólstað frá 1821 er Goðaland talið upp með ítökum, skógum og rekafjörum, á eftir umfjöllun um „heimaland“, sbr. einnig skýrslu um tekjur og gjöld Breiðabólstaðarprestakalls á tímabilinu 1862-1867. Árið 1891 er gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Goðaland, og það nefnt „afréttarland er tilheyrir Breiðabólstað í Fljótshlíð“. Undir landamerkjabréfið skrifa presturinn á Breiðabólstað, Tómas Sigurðsson á Barkarstöðum, Guðmundur Guðmundsson í Teigi, oddviti Fljótshlíðarhrepps, Ágúst Jónsson í Fljótsdal, Kjartan Einarsson, oddviti og prestur í Holti og Skúli Skúlason, prestur í Odda.

Heimildir benda þannig til þess að Breiðabólstaðarkirkja hafi átt upprekstrarrétt í Goðalandi. Ekkert liggur fyrir um að Goðaland hafi, fram til friðunar, nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé, stundum gegn gjaldi og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá bendir framangreint landamerkjabréf fremur til afréttareignar en beins eignarréttar. Kemur þá til álita hvaða þýðingu yfirlýsing biskupsins yfir Íslandi frá 22. febrúar 1927 hafi í þessu sambandi. Þar segir að afréttarítak Breiðabólstaðarprestakalls á Goðalandi sé tekið undan Breiðabólstaðarprestakalli vegna fyrirhugaðrar friðunar Þórsmerkur. Óbyggðanefnd telur að í þessari yfirlýsingu felist ekki skýrt afsal umræddra eignarréttinda. Í því sambandi hefur ekki úrslitaþýðingu að svæðið hefur ekki verið nýtt til beitar um árabil vegna friðunar Þórsmerkursvæðisins.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig Breiðabólstaðarkirkja er komin að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Goðaland sé innan upphaflegs landnáms á þessu svæði eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Hvað varðar kröfur Rangárþings eystra fyrir hönd lögbýla í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi og fleiri er það mat óbyggðanefndar að af þeirra hálfu hafi ekki verið sýnt fram á það í málinu að þeir

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið afrétt í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

hafi notið sjálfstæðs réttar til Goðalands, umfram eða samhliða framangreindum rétti Breiðabólstaðarkirkju. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til sömu niðurstöðu. Ekki verður þannig séð að not þeirra hafi verið á sjálfstæðum grundvelli heldur eingöngu leidd af rétti kirkjunnar.

Kröfur og sjónarmið um viðurkenningu annars konar óbeinna eignarréttinda eru vanreifaðar, auk þess sem alls óvíst er um núverandi tilvist slíkra réttinda, hvað þá nákvæma staðsetningu þeirra eða inntak. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að taka þær til greina að neinu leyti.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Breiðabólstaðarkirkju, Rangárþings eystra aðallega og framangreindra jarðeigenda að landsvæði það sem hér eru til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.[1]

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign Breiðabólstaðarkirkju, að því leyti sem það liggur að jöklum, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jöklanna eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Eftir er þá að taka afstöðu til merkja Goðalands, sem samkvæmt framangreindu er þjóðlenda, og Hrútafells, en í kafla 6.22. er komist að þeirri niðurstöðu að það sé eignarland. Óbyggðanefnd telur ljóst af framangreindu að snjór hafi að staðaldri hulið Fimmvörðuháls í lok 19. aldar þegar landamerkjabréf Goðalands og Hrútafells voru gerð. Í því sambandi verður ekki talið skipta máli hvort um jökul hefur verið að ræða eður ei. Svæði þetta hefur nú verið jökullaust um áratugaskeið og merki á milli Goðalands og Hrútafells verða því ekki lengur miðuð við jökuljaðar eða snjólínu. Með hliðsjón af framangreindu og staðháttum á svæðinu telur óbyggðanefnd eðlilegt að miða umrædd merki við þá línu sem miðað er við í kröfugerð Rangáþings eystra fyrir hönd eigenda lögbýla í Austur-Eyjafjallahreppi vegna Goðalands og jarðeigenda vegna Hrútafells.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem nefnt er Goðaland, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Þaðan sem Hrunaá kemur undan Tungnakvíslajökli í Mýrdalsjökli og þangað sem hún sameinast Krossá. Síðan er Krossá fylgt þar til Hvanná sameinast henni. Þaðan liggja merki fyrst í Hvanná og síðan í Innri-Hvanná, að upptökum hennar við Eyjafjallajökul. Á milli framangreindra punkta við jaðra Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., og þeirra á milli ræður lína sem dregin er beint til austurs og vesturs frá Þrívörðuskeri að jökulbrúnum.

Sama landsvæði er í afréttareign Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

6.8. Merkurtungur

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Merkurtungur, tilheyrir sunnanverðu miðhálendi Íslands.[2] Að Merkurtungum liggur Stakkholt til vesturs, til norðurs og austurs er Goðaland og til suðurs er Eyjafjallajökull með skriðjöklum sínum. Merkurtungur tilheyra svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Merkurtungur eru bæði í hlíðar- og fjallbeltinu, í 300-900 m hæð.

Landsvæðið þetta er fjalllent og land mætir jökli skammt sunnan Merkurtungnahaus í um 1000 m hæð. Nyrsti rani þess nefnist Niðurganga en ofan hennar er hallalítið graslendi. Nokkru sunnar tekur við nokkuð brattlendi og gnæfir þar efst Merkurtungnahaus (868 m).

Talið er að um landnám hafi skógur teygt sig upp í hlíðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður, og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjalllendið verið þakið nokkuð samfelldum lággróðri. Í fjalllendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur, sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjallajökuls, svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Merkurtungur liggja norðan sama jökuls og eru því samkvæmt þeirri kröfugerð allar í þjóðlendu.

Á móti hafa eigendur Stóru-Merkur I, II og III lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli kunni að koma við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að land þetta hafi ekki verið numið. Það hafi ekki verið hluti af jörð eða nýtt til búskapar en verið leigt til afréttarnota gegn gjaldi. Svæðið sé ekki þinglýst eign nokkurs aðila, heldur fylgi beitarrétturinn tiltekinni jörð, eins og sé um öll afréttarlönd landsins. Slíkt sé ekki grundvöllur beins eignarréttar. Krafa um beinan eignarrétt grundvallaðan á hefð sé ekki rökstudd með tilliti til þess á hvern hátt hefðarrétturinn hafi orðið til. Þessum rétti er mótmælt og vísað til umfjöllunar ríkisins um hefð. Viðurkenndur er réttur Stóru-Merkur jarða til afréttarnota landsins, eins og jörðunum hafi tilheyrt frá fornu fari.

Af hálfu eigenda Stóru-Merkur I, II og III, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði tilheyri austurhluta bjórs þess sem Jörundur goði hafi numið enda renni Krossá til vesturs norðan þeirra. Landamerkjabréf hafi ekki verið gert fyrir Merkurtungur en mörk þeirra séu óumdeild. Margháttuð friðun „Þórsmerkursvæðisins“ eigi ekki að raska eignarrétti á svæðinu. Þar sé aðeins um stjórnsýsluframkvæmd að ræða en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Merkurtungur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[1] Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafa Merkurtungur talist til afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[2] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til athugunar hvað ráðið verður af þessum heimildum um afmörkun Merkurtungna. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu Merkurtungna. Þess skal strax getið að um Merkurtungur eru litlar heimildir.

Ekkert landamerkjabréf var gert fyrir Merkurtungur í kjölfar landamerkjalaganna frá 1882.

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Sama máli gegnir um Stóru-Mörk en þess í stað var lögfesta Stóru-Merkur frá 1741 færð orðrétt inn í landamerkjabók, sbr. kafla 6.11. Þar segir ekkert um Merkurtungur. Merki landsvæðisins verða því helst ráðin af landamerkjalýsingum aðliggjandi landsvæða, Stakkholts og Goðalands, auk merkjalýsingar í afréttaskrá Rangárvallasýslu frá 1979.

Verður þá fyrst litið til austurmerkja Merkurtungna, gagnvart Goðalandi. Í landamerkjabréfi Goðalands, dags. í maí 1891 og þingl. 28. maí 1891, kemur fram að Hvanná og Hvannárgil ráði upp til Merkurtungna og síðan liggi merki norður gilið milli Goðalands og Merkurtungna og ráði upp til jökuls, sbr. kafla 6.7. Líklegt er hér átt við svokallað Norðurgil, þ.e. Innra-Hvannárgil, sbr. einnig afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979. Ekki verður séð að bréf Goðalands hafi verið áritað af hálfu Stóru-Merkur eða Merkurtungna. Eldri heimildir um merki Goðalands miða einnig við Hvanná.

Verður þá næst litið til vesturmerkja Merkurtungna, gagnvart Stakkholti. Ekki er til sérstakt landamerkjabréf fyrir Stakkholt en merkjum landsvæðisins er lýst í landamerkjabréfum Stóra-Dals, dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892, Syðstu-Merkur, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, og Neðri-Dals, dags. 22. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, sbr. kafla 6.9. Samkvæmt því er þar greinir eru austurmerki Stakkholts í Hvanná. Með hliðsjón af framangreindu landamerkjabréfi Goðalands frá 1891 verður að telja líklegt að átt sé við svokallað Suðurgil, þ.e. Fremra-Hvannárgil. Þessi lýsing er í samræmi við lögfestu Neðri-Dals og Hamragarða frá 1816, afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og afréttaskrá Rangárvallasýslu frá 1979. Þá skal þess getið að landamerkjabréf Stóra-Dals, þar sem m.a. er fjallað um Stakkholt, er áritað af eigendum og ábúendum Stóru-Merkur, sem talið hafa til réttinda yfir Merkurtungum, án þess þó að tilgreint sé hvers vegna þeir árita.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Merkurtungna og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og austurs. Suðurmörkum Merkurtungna, gagnvart Eyjafjallajökli, er hins vegar einungis lýst í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 þar sem segir að svæðið takmarkist „af jöklinum að austan“. Í kröfugerð eigenda Stóru-Merkur er gert ráð fyrir að merki Merkurtungna og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins.

Óbyggðanefnd telur að framangreind landamerkjabréf Goðalands og Stóra-Dals, Syðstu-Merkur og Neðri-Dals beri með sér að litið hafi verið svo á að merki Goðalands og Stakkholts gagnvart Merkurtungum næðu upp að jökli. Hvanná rennur úr jökli og í bréfi Goðalands er merkjum beinlínis lýst upp til jökuls. Telja verður að hið sama gildi að þessu leyti um Merkurtungur og um Goðaland og Stakkholt, þ.e.a.s. að jökull hafi afmarkað það land sem máli skipti með augljósum hætti til suðurs.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir Goðaland, Stóra-Dal, Syðstu-Mörk og Neðridal. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Merkurtungna sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að langmestu leyti skýrt afmarkað af jökli, ám og árgiljum.

Umrædd landamerkjabréf eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki Goðalands og Stakkholts, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna, þ. á m. fyrirsvarsmenn Stóru-Merkur vegna Merkurtungna, sem þýðingu hafi hér. Jafnframt er landamerkjabréf Stóra-Dals áritað af fyrirsvarsmönnum Stóru-Merkur. Þá ber lýsingum bréfanna saman við þær litlu heimildir aðrar sem til eru um Merkurtungur. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að fyrirsvarsmenn Goðalands og Stakkholts hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum þeirra landsvæða gagnvart Merkurtungum væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Merkurtungna. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu norðan Merkurtungna, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Utan framangreinds landamerkjabréfs Goðalands frá 1891 er einungis fjallað um Merkurtungur í fjallskilareglugerðum Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar og gerðabók fasteignamatsnefndar 1916. Í fjallskilareglugerðum þessum er kveðið á um að hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps skuli sjá um fjallskil, réttarhöld, grenjaleitir o.s.frv. í „smáafréttunum“, þ. á m. Merkurtungum. Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 segir að Stóra-Mörk eigi „rétt til upprekstursˮ á Merkurtungur. Þá segir í afréttaskrá Rangárvallasýslu frá 1979 að Merkurtungur „tilheyri Stóru-Mörk 1-3“.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarðarinnar Stóru-Merkur hafi haft af Merkurtungum afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Merkurtungur hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýttar til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabil vegna friðunar Þórsmerkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að eigendur Stóru-Merkur hafi afsalað sér umræddum rétti.

Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig eigi að hafa verið stofnað til umkrafinna réttinda Stóru-Merkur. Þannig er ekki minnst á Merkurtungur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710, lýsingu séra Högna Sigurðssonar á Breiðabólstað á afréttum og örnefnum, frá því um miðja 18. öld eða lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld. Í tveimur síðastnefndu heimildunum er gert ráð fyrir að framan við Goðaland að sunnanverðu séu Stakkholt og Steinsholt en ekki minnst á Merkurtungur. Þá segir ekkert um Merkurtungur í lögfestu Stóru-Merkur sem færð var inn í landamerkjabók í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Merkurtungur séu innan upphaflegs landnáms á þessu svæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Stóru-Merkur I, II og III að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[1]

Heimildir benda hins vegar til þess að jörðin Stóra-Mörk I-III hafi átt upprekstrarrétt í Merkurtungum.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Merkurtungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Á móts við Stakkholt ræður Suðurgil, þ.e. Fremra-Hvannárgil. Á móts við Goðaland ræður Norðurgil, þ.e. Innra-Hvannárgil. Gilin mætast að norðanverðu og að sunnanverðu, þ.e. á milli upptaka tveggja framangreindra kvísla Hvannár í Suðurgili og Norðurgili við jökul er miðað við jökuljaðar eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Stóru-Merkur I-III, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign jarðarinnar Stóru-Merkur, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

6.9. Stakkholt

Landsvæði það sem nefnt hefur verið Stakkholt tilheyrir sunnanverðu miðhálendi Íslands.[1] Að Stakkholti liggur Steinsholt til vesturs, til norðurs Þórsmörk, til austurs Goðaland og Merkurtungur. Að sunnanverðu er Eyjafjallajökull með skriðjöklum sínum. Stakkholt tilheyrir svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár, ásamt Steinsholti, Merkurtungum, Goðalandi, Múlatungum og Teigstungum.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka, en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Stakkholt er bæði í hlíðar- og fjallbeltinu, í 200-900 m hæð. Bratt og sundurskorið fjalllendi einkennir stóran hluta þessa landsvæðis. Krossá rennur um flatlendið. Skörp skil eru á milli flatlendis og fjalllendis. Að sunnanverðu rís land hæst við jökuljaðar Eyjafjallajökuls í um 800-850 m hæð við Skaratungnahaus. Syðst í Stakkholti rísa fell og tindar, Hátindar (672 m) upp af Stakkhálsi, Skaratungnahaus (856 m) norður undir Eyjafjallajökli og bratt og algróið Rjúpnafell (497 m) liggur norðaustan undir Steinsholtsjökli. Norðan undir Hátindum eru grassléttur sem heita Hátindaflatir en annars er efri hluti landsvæðisins að miklum hluta gróðurlitlir klettar og urðir. Breið og djúp Stakkholtsgjáin sker afréttinn þvert og skiptir honum í tvo parta, Innafrétt og Framafrétt. Fremst á Stakkholti, vestan Stakkholtsgjárinnar, er svæði er kallast Fagriskógur en þar er nú skóglaust. Innan Fagraskógar er Bólhöfuð og Fagraskógarból. Norður undir Steinsholtsjökuls er Lón en þar eru upptök Steinsholtsárinnar. Austan Stakkholtsgjárinnar eru Flár og austan þeirra er stutt Stráksgilið. Austan þess við Hvannárgil eru Gunnufuð en innan þess eru brattar Nauthillur. Suðaustan Hátinda fyrir botni Syðra-Hvannárgils er Litlaland og nær það upp að jökli.

Talið er að um landnám hafi skógur teygt sig upp í hlíðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins, þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður, og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjalllendið verið þakið nokkuð samfelldum lággróðri. Í fjalllendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjallajökuls svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Stakkholt liggur norðan sama jökuls og er samkvæmt þeirri kröfugerð allt í þjóðlendu.

Á móti hafa eigendur Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli kunni að koma við landamerki falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.9.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að landsvæði þetta hafi verið numið en beini eignarrétturinn hafi fallið niður af einhverjum orsökum. Vera kunni að það hafi gerst við það að séreignir hofa féllu niður við kristnitökuna. Stakkholt sé ekki jörð, enginn þinglýstur eigandi og ekki vitað til þess að landið hafi verið nýtt til búskapar frá þeim jörðum, sem nú geri eignartilkall. Því er þó ekki mótmælt að þær jarðir, sem nýtt hafi þarna beit frá fornu fari, haldi þeim rétti sínum. Landið hafi hins vegar aldrei verið hluti af jörðunum sjálfum.

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

Af hálfu eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að Stakkholt tilheyri landnámi Jörundar goða. Fræðimenn séu á einu máli um að þar sé um að ræða landið sunnan Krossár sem frá ómunatíð hafi verið afréttarland. Stakkholt er eignarland og afréttur nokkurra jarða undir Vestur-Eyjafjöllum sem allar hafa áður verið hluti svonefndrar Dalstorfu en þær eru núverandi Dalstorfujarðir auk Syðstu-Merkur, Neðsta-Dals og Hamragarða. Vísað er til landamerkjabréfs Stóra-Dals þar sem fjallað er um Stakkholt. Margháttuð friðun „Þórsmerkursvæðisins“ eigi ekki að raska eignarrétti á svæðinu. Þar sé aðeins um stjórnsýsluframkvæmd að ræða, en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Stakkholt. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[1] Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur Stakkholt talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[2] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til athugunar hvað ráðið verður af þessum heimildum um afmörkun Stakkholts. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu Stakkholts.

Merkjum Stakkholts er fyrst lýst í lögfestu Neðra-Dals og Hamragarða frá 1816. Þá er til lýsing Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld. Ekki var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Stakkholt í kjölfar landamerkjalaganna frá 1882 en merkjum svæðisins er lýst í landamerkjabréfum Stóradalstorfu, dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892, Syðstu-Merkur, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, og Neðra-Dals, dags. 22. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Þá er gerð grein fyrir merkjum Stakkholts í afréttaskrá Rangárvallasýslu frá 1979.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Stakkholts, gagnvart Steinsholti. Í landamerkjabréfum Stóradalstorfu, Neðra-Dals og Syðstu-Merkur, frá 1888 og 1890, kemur fram að Steinholtsá ráði þar mörkum. Bréfin eru ekki árituð af hálfu Steinsholts en landamerkjabréf Steinsholts, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. maí 1892, er áritað um samþykki vegna Stakkholts, sbr. kafla 6.10. Merkjum er þar eins lýst og sama máli gegnir um lögfestu Neðri-Dals og Hamragarða frá 1816, afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld, heimild um merki Steinsholts frá 1890 og afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979.

Verður þá næst litið til norðurmerkja Stakkholts, gagnvart Þórsmörk. Af landamerkjabréfum Stóradalstorfu, Neðra-Dals og Syðstu-Merkur, frá 1888 og 1890, verður ráðið að Krossá ráði þar mörkum. Bréfin eru ekki árituð af hálfu Þórsmerkur. Þessi lýsing er í samræmi við afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 en á norðurmerki er ekki minnst í lögfestu Neðri-Dals og Hamragarða frá 1816. Landamerkjabréf Þórsmerkur, dags. 2. maí 1892 og þingl. 18. maí sama ár, lýsir merkjum í samræmi við þetta, sbr. einnig lögfestu frá 1753. Bréfið er áritað af hálfu Stakkholts, sjá kafla 6.4.

Samkvæmt landamerkjabréfum Stóradalstorfu, Neðra-Dals og Syðstu-Merkur, frá 1888 og 1890, liggja austurmerki Stakkholts, gagnvart Goðalandi og Merkurtungum, í Hvanná. Þessi lýsing er í samræmi við lögfestu Neðri-Dals og Hamragarða frá 1816, afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979. Landamerkjabréfin eru ekki árituð af

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

hálfu Goðalands og Merkurtungna. Samkvæmt landamerkjabréfi Goðalands, dags. í maí 1891 og þingl. 28. maí 1891, eru „...Hvanná og Hvannárgil milli Goðalands og Stakkholts upp til Merkurtungna og síðan norður gilið milli Goðalands og Merkurtungna upp til jökuls...“, sbr. kafla 6.7. Bréfið er ekki áritað af hálfu Stakkholts. Eldri heimildir um merki Goðalands miða einnig við Hvanná.

Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Merkurtungur en með hliðsjón af framangreindu landamerkjabréfi Goðalands frá 1891 verður að telja líklegt að merki Stakkholts gagnvart Merkurtungum liggi í svokölluðu Suðurgili, þ.e. Fremra-Hvannárgil. Þá skal þess getið að landmerkjabréf Stóra-Dals, þar sem m.a. er fjallað um Stakkholt, er áritað af eigendum og ábúendum Stóru-Merkur, sem talið hafa til réttinda yfir Merkurtungum, án þess þó að tilgreint sé hvers vegna þeir árita.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Stakkholts og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og austurs. Suðurmörkum Stakkholts, gagnvart Eyjafjallajökli, er hins vegar einungis lýst í afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979. Í hinni fyrrnefndu segir að Stakkholt nái „að sunnanverðu upp undir jökulinn“. Í hinni síðarnefndu segir að Stakkholt nái „uppundir jökulinn“. Í kröfugerð eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða er gert ráð fyrir að merki Stakkholts og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til afréttarins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir beri með sér að litið hafi verið svo á að merki Stakkholts næðu upp að jökli enda renna bæði Steinholtsá og Hvanná úr jökli.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir Stóradalstorfu, Neðra-Dals og Syðstu-Merkur. Fyrirliggjandi gögn, benda til þess að landamerkjum Stakkholts sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er afmarkað af jökli, ám og árgiljum.

Umrædd landamerkjabréf eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki Stakkholts, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða, sem þýðingu hafi hér. Þá ber lýsingum bréfanna saman við aðrar heimildir um merki Stakkholts. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að fyrirsvarsmenn Stakkholts hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Stakkholts. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu norðan Stakkholts, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Um Stakkholt er fyrst getið í lögfestu Stóra-Dals frá 19. desember 1665. Lýst er landamerkjum og síðan segir svo: „Þessi eru skógatakmörk Stóradals: í fyrstu þridja hvör hrísla í öllu Lánganesi inn undir Falljökul, item í Stakkholti allar Sudurhlídar, en á Midri Mörk....“ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 segir að Stóra-Dal fylgi „Afjrettur“, þar sem heiti Stakkholt. Fram kemur að hann hafi verið brúkaður frá Dal og Dalshverfi en líka frá öðrum bæjum, tolllaust. Önnur lögfesta Stóra-Dals er frá 31. ágúst 1795. Lýst er landamerkjum og því næst er fjallað um skógareign Stóra-Dals, „sýrteiga“ og fleiri atriði. Síðan segir m.a. svo: „... alt Stakkhollt allar Sudurhlyder hvört sem heldur til Skógarhöggs þiena kann edur Fiár Afriettar“. Næst er fjallað um Stakkholt í lögfestu og máldaga fyrir jörðunum Neðra-Dal og Hamragörðum frá 8. júní 1816. Lýst er landamerkjum og síðan segir svo: „Afréttur Stakkholt filgir öllu Dalshverfi milli Steinsholtsár og Hvannár – öllum óvidkomandi mönnum er hér med fyrirbodid án undirskrifadra leifis, öll beit og brúkun á tilteknu landi þá nefndra jarda ábúendum er og so hér med fyrirbodid ad gjöra kríngbúum sínum ágáng med hagbeit og brúkun út fyrir nefnd landamerki, eptir LLb. xvj. kap. hvorutveggju undir fullkomnar landnáms og skadabætur.“

Árið 1888 er gert landamerkjabréf „jarðarinnar Stóra-Dals (Stóradalstorfunnar), sem er með

býlunum Dalskoti, Króktúni, Eyvindarholti, Murnavelli, Steinmóðarbæ, Dalsseli, Borgareyrum og Brúnum“. Tveimur árum síðar eru gerð landamerkjabréf fyrir Syðstu-Mörk og Neðridal. Í fyrstnefnda bréfinu segir að Stakkholt „heyri til Stóradalstorfunni ásamt jörðunum Syðstu-Mörk, Neðra-Dal og Hamragörðum“. Í því næsta er notað orðalagið „Afréttarlandið Stakkholt ... er afréttur jarðarinnar að réttri tiltölu við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.“ Í því þriðja segir síðan „Afrétt á jörðin: Stakkholt ... að réttri tiltölu við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.“ Orðalag bréfanna er þannig með blæbrigðamun. Umfjöllun um Stakkholt er á eftir lýsingu merkja, með umfjöllun um reka og skógarítök. Þá eru landamerkjabréf Steinsholts og Þórsmerkur frá 1892 árituð um samþykki fyrir afréttinn Stakkholt.

Þegar fjallað er um Stakkholt í öðrum heimildum er það áfram nefnt afréttur, sbr. lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld og fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar, athugasemd í gerðabók fasteignarmatsnefndar 1916. Í hinni síðastnefndu segir að allar Stóradalstorfujarðir og Hamragarðar, Neðri-Dalur og Syðsta-Mörk eigi rétt til upprekstur á Stakkholt. Í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 segir að Stakkholt tilheyri Brúnum, Borgareyrum, Dalseli, Bjarkalandi, Steinmóðarbæ, Hamragörðum, Neðra-Dal, Mið-Dal, Stóra-Dal, Eyvindarholti og Syðstu-Mörk.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarðanna Brúna, Borgareyra, Dalsels, Bjarkalands, Steinmóðarbæjar, Hamragarða, Neðra-Dals, Mið-Dals, Stóra-Dals, Eyvindarholts og Syðstu-Merkur hafi haft af Stakkholti afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Stakkholt hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá benda fyrirliggjandi gögn, þ. á m. framangreindar lögfestur Stóra-Dals frá 1665 og 1795 og landamerkjabréfum Stóradalstorfu, Syðstu-Merkur og Neðri-Dals 1888 og 1890 fremur til afréttareignar jarðarinnar en beins eignarréttar. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabil vegna friðunar Þórsmerkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að eigendur framangreindra jarða hafi afsalað sér umræddum rétti.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig eigendur framangreindra jarða eru komnir að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Stakkholt sé innan upphaflegs landnáms á þessu svæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[1]

Heimildir benda hins vegar til þess að jarðirnar Brúnir, Borgareyra, Dalsel, Bjarkaland, Steinmóðarbær, Hamragarðar, Neðri-Dalur, Mið-Dalur, Stóri-Dalur, Eyvindarholt og Syðsta-Mörk hafi átt upprekstrarrétt í Stakkholti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Stakkholt, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Steinsholtsá ræður þaðan sem hún kemur undan jökli og þangað sem hún rennur í Markarfljót. Markarfljóti er fylgt þangað sem Hvanná rennur í það og Hvanná upp í Suðurgil, þ.e. Fremra-

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Hvannárgil, og í jökul. Á milli upptaka Steinholtsár og framangreindrar kvíslar Hvannár í jökli ræður jaðar Eyjafjallajökuls og er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Brúna, Borgareyra, Dalsels, Bjarkalands, Steinmóðarbæjar, Hamragarða, Neðra-Dals, Mið-Dals, Stóra-Dals, Eyvindarholts og Syðstu-Merkur sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign framangreindra jarða, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

6.10. Steinsholt

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Steinsholt, tilheyrir sunnanverðu miðhálendi Íslands.[1] Að Steinsholti liggja til vesturs Stóra-Mörk, til norðurs er Fljótshlíðarafréttur, einnig nefndur Grænafjall, og til austurs Stakkholt. Að sunnanverðu er Eyjafjallajökull. Steinsholt tilheyrir svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár, ásamt Stakkholti, Merkurtungum, Goðalandi, Múlatungum og Teigstungum.

Landsvæði þetta liggur í 200-900 m hæð. Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Steinsholt er bæði í hlíðar- og fjallbeltinu. Bratt og sundurskorið fjalllendi einkennir stóran hluta þessa landsvæðis. Að sunnanverðu, milli Gígjökuls og Steinholtsjökuls, er landslag sundurskorið af djúpum giljum. Þar standa Fremstihaus, Helluhaus, Mosahaus, Kirkjuhaus og austast Innstihaus, í 700-800 m hæð. Norðar skagar út úr fjalllendinu hryggur, er nefnist Hoftorfa, í um 300 m hæð. Flatlendi er takmarkað, aðallega nyrst á áraurum jökulárinnar Markarfljót.

Talið er að um landnám hafi skógur teygt sig upp í hlíðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður, og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarka hefur fjalllendið verið þakið nokkuð samfelldum lággróðri. Í því neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjallajökuls, svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Steinsholt liggur norðan sama jökuls og er því allt í þjóðlendu, miðað við þessa kröfugerð.

Á móti hafa eigendur jarðanna Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.10.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að Steinsholt sé samnotaafréttur. Að minnsta kosti hluti þessa landsvæðis hafi verið innan landnáms Jörundar goða og verið lagður til hofs. Líklegt sé að séreignir hofa hafi þá fallið niður. Engar heimildir liggi fyrir um fram-

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

sal þessa lands sem eignarlands og ekki sé vitað um búsetu. Því er mótmælt að þetta afréttarland sé þinglýst eign einhvers. Engin sérstök eignarheimild sé til og ekkert annað sönnunargagn en einhliða merkjalýsing. Eignarréttarkröfur séu þannig ekki studdar við gögn sem óbyggðanefnd hefur tekið mark á við fyrri úrskurði um bein eignarréttindi.

Af hálfu eigenda jarðanna Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að Steinsholt tilheyri landnámi Jörundar goða. Fræðimenn séu á einu máli um að þar sé um að ræða landið sunnan Krossár sem frá ómunatíð hafi verið afréttarland Austur-Eyfellinga, Merkurbæja og Dalstorfubæja, auk Fitjar og Hala (Fitjarmýrar). Steinsholt sé eignarland og afréttur þriggja jarða, þ.e. Mið-Merkur, Fitjar og Fitjarmýrar. Vísað er til landamerkjabréfs fyrir Steinsholt frá 14. maí 1892. Margháttuð friðun „Þórsmerkursvæðisins“ eigi ekki að raska eignarrétti á svæðinu. Þar sé aðeins um stjórnsýsluframkvæmd að ræða en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Steinsholt. Gögn þessi eru afrakstur af kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis, auk skjalaframlagningar málsaðila.[1] Kemur þá fyrst til athugunar hvað ráðið verður af þessum heimildum um afmörkun Steinsholts. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu Steinsholts.

Til eru nokkrar heimildir um merki Steinsholts. Elst er lýsing Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld. Því næst er landamerkjabréf Mið-Merkur, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí sama ár. Tveimur árum síðar er gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Steinsholt, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. maí 1892. Þá er merkjum Steinsholts lýst í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Steinsholts, gagnvart Stóru-Mörk. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Steinsholts liggja merki þar á milli í „Jökulsá frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Stóru-Merkur. Þessi lýsing er í ágætu samræmi við afréttalýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og landamerkjabréf Mið-Merkur frá 1890, sbr. einnig afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979. Hún er hins vegar nokkuð frábrugðin heimildum um merki Stóru-Merkur. Samkvæmt landamerkjabréfi (lögfestu) Stóru-Merkur, dags. 1890 (1741) og þingl. 23. maí 1890, liggja austurmerki, gagnvart Steinsholti, úr Þurragili í Þórólfsfelle „... j Jöldustein, og þadann Siónhending j Jökul austur“. Í kafla 6.11. er komist að þeirri niðurstöðu að með áritun af hálfu Stóru-Merkur á landamerkjabréf Steinsholts, tveimur árum eftir að lögfesta Stóru-Merkur fékk stöðu landamerkjabréfs, hafi óljós merki Stóru-Merkur og Steinsholts verið skýrð.

Norðurmerki Steinsholts, gagnvart Grænafjalli, afrétti Fljótshlíðinga, liggja samkvæmt landamerkjabréfinu í Markarfljóti, frá þeim stað þar sem Steinholtsá rennur í það og þar til Jökulsá fellur í það. Þessi lýsing er samræmi við landamerkjabréf Mið-Merkur frá 1890. Bréf Steinsholts er ekki áritað sérstaklega vegna Fljótshlíðarafréttar enda Markarfljót glögg afmörkun af náttúrunnar hendi. Um Fljótshlíðarafrétt er fjallað í máli nr. 4/2003 og þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að Markarfljót ráði gagnvart Steinsholti, sbr. m.a. lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmanns Teigs og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum árið 1753 um Grænafjall, Þórsmörk, Teigs- Guðrúnar- og Múlatungur, auk Langaness.

Verður þá næst litið til austurmerkja Steinsholts, á móti Stakkholti. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu ræður þar „... Steinholtsá allt frá upptökum hennar á jöklinum niður í Markarfljót ...“. Bréfið er áritað um samþykki vegna Stakkholts. Þessi lýsing er í samræmi við afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og landamerkjabréf Mið-Merkur frá 1890, sbr. einn-

1 Sjá nánar í kafla 4.

ig afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979. Ekki var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Stakkholt í kjölfar landamerkjalaganna frá 1882 en merkjum þess landsvæðis er lýst í landamerkjabréfum Stóradalstorfu, Neðra-Dals og Syðstu-Merkur, frá 1888 og 1890. Merkjum er þar eins lýst og sama máli gegnir um lögfestu Neðri-Dals og Hamragarða frá 1816.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Steinsholts og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og austurs. Suðurmörkum Steinsholts, gagnvart Eyjafjallajökli, er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Í kröfugerð jarðanna Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur er gert ráð fyrir að merki landsvæðisins og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins.

Óbyggðanefnd telur að framangreind landamerkjabréf Steinsholts og Mið-Merkur beri með sér að litið hafi verið svo á að merki þess næðu upp að jökli. Merkjum til vesturs og austurs er þannig lýst alla leið í jökul. Jökull hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til suðurs að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Suðurmerkjum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Steinsholt. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Steinsholts sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að skýrt afmarkað af jöklum, ám og árgiljum.

Umrætt landamerkjabréf er undirritað af Kjartani Einarssyni oddvita og presti í Holti og áritað af hálfu Fitjamýrar, Stóru-Merkur og Stakkholt, það er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að rétthafar Steinsholts hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum landsvæðisins væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Steinsholts. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu á því norðan Steinsholts, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Um Steinsholt er fyrst getið í lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld. Árið 1890 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Mið-Mörk og þar segir svo: „Afréttina Steinsholt á jörðin hlutfallslega við aðra sameigendur; takmörk þess eru þessi ...“ Tveimur árum síðar er gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Steinsholt. Þar segir svo: „Steinsholt, sem tilheyrir jörðunum Mið-Mörk, Fitjamýri og Fit í Vestur-Eyjafjallahreppi, hefir þessi takmörk: ...“ Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig stofnað hafi verið til þessara réttinda jarðanna Mið-Merkur, Fitjar og Fitjamýrar.

Þegar fjallað er um Steinsholt í öðrum heimildum eru það áfram nefnt afréttur, sbr. fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar og athugasemd í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916. Í hinni síðastnefndu segir að á Steinsholt eigi „rétt til upprekstursˮ Fit, Fitjamýri og Mið-Mörk. Hið sama kemur fram í afréttaskrá fyrir Rangárvallasýslu frá 1979.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarðanna Fitjar, Fitjamýrar og Mið-Merkur hafi haft af Steinsholti afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Steinsholt hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá benda fyrirliggjandi gögn, þ. á m. landamerkjabréf Steinsholts 1892 og Mið-Merkur 1890, fremur til afréttareignar jarðanna en beins eignarréttar. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabil vegna friðunar Þórsmerkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að eigendur framangreindra jarða hafi afsalað sér umræddum rétti.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig eigendur framangreindra jarða eru komnir að rétti sínum

til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Steinsholt sé innan upphaflegs landnáms á þessu svæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[1]

Heimildir benda hins vegar til þess að jarðirnar Fit, Fitjamýri og Mið-Mörk hafi átt upprekstrarrétt í Steinsholti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Steinsholt, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Frá þeim stað þar sem Steinsholtsá rennur undan Steinholtsjökli í Eyjafjallajökli og niður í Markarfljót. Þaðan er Markarfljóti fylgt þar til Jökulsá fellur í það og síðan Jökulsá að upptökum hennar í Eyjafjallajökli. Á milli upptaka Steinholtsár og Jökulsár í jökli ræður jaðar Eyjafjallajökuls, miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign framangreindra jarða, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

6.11. Stóra-Mörk

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í lögfestu Stóru-Merkur, dags. 2. september 1741, innfærð í landamerkjabók og þingl. 23. maí 1890.

Að Stóru-Mörk liggja til vesturs Mið-Mörk og Stóradalstorfa og til austurs er Gígjökull og Steinsholt. Að norðanverðu er Markarfljót og jarðir í Fljótshlíð. Til suðurs er Eyjafjallajökull og Ysti-Skáli.

Nyrsti hluti þess landsvæðis sem hér um ræðir er hallalítið undirlendi en fjalllendi og gróið heiðarland að sunnanverðu. Skörp skil eru á milli flatlendis og fjalllendis. Til suðausturs af bæjarstæði Stóru-Merkur rís aflíðandi grasi gróin Stórumerkurheiðin sem afmarkast af Illagili að austan. Austan Illagils tekur við aflíðandi Hrossavallaheiði og nær hún að Akstaðaheiði í austri og Miðtungugili í suðri. Við Langanes er hlíðin í landi Stóru-Merkur og er hún skarpari og brattari en vestari hlíðar jarðarinnar. Gil, gljúfur og skörð skera hlíðina og renna um þau vatnsföll sem eiga upptök sín í Eyjafjöllum og sameinast að lokum Markarfljóti niður á láglendi. Akstaðaá kemur niður vestan við Akstaðaheiði. Austar liggur Litlaheiði í um 600-700 m hæð og brattir Innstuhnaus-

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

ar vestan Gígjökuls. Syðst taka við undirhlíðar Eyjafjallajökuls uns land mætir jökli í um 900 m hæð. Frá bæjarstæði Stóru-Merkur til jökuls efst í Miðtungugili eru um 9 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá þeim stað þar sem Steinholtsá rennur út á Markarfljótsaura (punktur F), í Helluhnjúk (punktur E) og áfram í 706 m hæð í Arnargilshrygg (punktur D). Á móti hafa eigendur Stóru-Merkur lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.11.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að Ásgerður, ekkja Ófeigs, hafi numið land á milli Seljalandsmúla og Markarfljóts og Langanes allt upp til Jöldusteins. Hér sé ekki tiltekið land á milli vatnsfalla og glöggt sjáist að verið sé að nema land á láglendi og ekki hærra upp en að Seljalandsmúla. Kröfulína íslenska ríkisins miðist við hálendisbrún fyrir ofan jörðina Stóru-Mörk og Langanes. Þetta umþrætta land sé auðvitað langt fyrir ofan landnámslínu Ásgerðar. Langanesið sé stór hluti þessa kröfusvæðis. Það hafi ekki alltaf legið undir Stóru-Mörk. Samkvæmt elsta máldaga Holtsstaðar 1270 sé Langaness meðal staðareigna. Þetta hafi verið skilið þannig að Langanesið hafi verið afréttur Holtsstaðar á þessum tíma. Í máldaga Holtskirkju sem í Fornbréfasafni sé talinn frá 1332 segi um Langanes: „Nauta rétt úr Holti og útlöndum í Langanesi. Útvöxtu hálfa fyrir öllu Langanesi.“ Hér sé kveðið á um að grasnautnin sé handa nautum og leiguliðar Holtsprests hafi átt rétt á að reka naut sín í afréttinn. Talið sé að orðið útvextir sé notað um útfærslu á gróðri í áður ógrónu landi og hafi grasnautnin með sama hætti verið eign staðarins fyrir hálfu nesinu. Af yngri heimildum sé einnig ljóst að Holt hafi átt helming skóga í öllu Langanesi en verulegt skóglendi hafi haldist þar fram um miðja 18. öld. Árið 1753 hafi hálft Langanes, með vissum örnefnum og ítökum í Þórsmörk, verið lögfest Holts stað. Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir Holt, dags. 10. maí 1890, eigi Holt ýmis skógarítök, m.a. helming skógar í öllu Langanesi og sömuleiðis afrétt fyrir naut á Langanesi.

Þá kemur fram í greinargerð íslenska ríkisins að í máldaga Ásólfsskálakirkju, sem talinn sé frá 1332, segi: „Geldneyta afrétt í Langanes.“ Enn fremur er bent á Gíslamáldaga 1570 en þar sé sömu kirkju talinn afréttur í Langanesi og útvextir í Langanesi að helmingi við staðinn í Holti. Einnig sé getið um Langanes í heimildum um afréttarlönd í Stóradalssókn. Byggt er á því að hægt sé að eiga skógarítök án þess að grunnréttur fylgi, sbr. úrlausn óbyggðanefndar varðandi Þjórsárdal. Þá hafi verið kirkja að Steinum og samkvæmt vísitasíu Brynjólfur Sveinssonar frá 1641 hafi það leikið á tungum að Steinaskógur á Langanesi heyrði henni til.

Af hálfu eiganda Stóru-Merkur I-III, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði hafi allt verið numið og nýtt á einhvern hátt á hverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjalýsingar í bréfi, dags. 27. ágúst 1887 og þingl. 23. maí 1890, en þar sé um að ræða stafrétt eftirrit af frumskjali af lögfestu. Lögfesta þessi hafi verið gerð árið 1741 til að hindra ágang utansveitar fólks sem gerði stóran órétt með því að höggva, skera, rjúfa og beita Stórumerkurskóg og gras. Til sé önnur lögfesta fyrir Stóru-Mörk, dags. 3. júní 1833, með svipaðri merkjalýsingu. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands verið ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Stóru-Mörk er rakin í kafla 5.5. Þar kemur fram að Stóru-Merkur er getið í heimildum frá því á fyrri hluta 14. aldar en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til loka 10. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1] Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Stóru-Merkur er lýst í lögfestu jarðarinnar, dags. 2. september 1741. Lögfesta þessi fékk síðar stöðu landamerkjabréfs, var þinglýst 23. maí 1890 og færð inn í landamerkjabók Rangárvallasýslu. Þá er að auki til önnur lögfesta, dags. 3. júní 1833. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Stóru-Mörk. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til sunnanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Stóru-Merkur verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Merki Stóru-Merkur til norðurs liggja gagnvart jörðum í Fljótshlíðarhreppi, sbr. mál nr. 4/2003, handan Markarfljóts. Stóra-Mörk á einnig merki gagnvart Stórudalstorfu. Landamerkjabréf (lögfesta) Stórmerkur er áritað af hálfu Stórudalstorfu og gagnkvæmt. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Samkvæmt landamerkjabréfi (lögfestu) Stóru-Merkur 1890 (1741) liggja vesturmerki að sunnanverðu í „... Stóru-Merkur Á til Merkurbotna, þadann til Jökuls austur ...“ Landamerkjalýsing þessi er árituð af hálfu Mið-Merkur. Síðari lögfesta Stóru-Merkur, frá 1833, lýsir þessum merkjum með sambærilegum hætti. Landamerkjabréf Mið-Merkur, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, er einnig í samræmi við þetta og það er áritað af hálfu Stóru-Merkur. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Mið-Merkur, sbr. kafla 6.12.

Samkvæmt landamerkjabréfi (lögfestu) Stóru-Merkur 1890 (1741) liggja austurmerki, gagnvart Steinsholti, úr Þurragili í Þórólfsfelli „... j Jöldustein, og þadann Siónhending j Jökul austur“. Síðari lögfesta Stóru-Merkur, frá 1833, er frábrugðin að því leyti að talað er um Lausöldu í stað Jöldusteins og Falljökul í stað ótilgreinds jökuls. Landamerkjabréf Stóru-Merkur 1890 (1741) er ekki áritað í nafni Steinsholts en hins vegar af hálfu Mið-Merkur, svo sem áður sagði. Mið-Mörk er ein þeirra jarða sem Steinsholt er sagt tilheyra í landamerkjabréfi Steinsholts, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. maí 1892. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Steinsholts liggja vesturmerki, gagnvart Stóru-Mörk, í „... Jökulsá frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót“. Lýsing þessi fær vel samrýmst eldri heimildum um merki Steinsholts, sjá kafla 6.10., þ. á m. landamerkjabréfi Mið-Merkur frá 1890. Hins vegar er hún nokkuð frábrugðin framangreindum heimildum um merki Stóru-Merkur. Jökulsá kemur undan Gígjökli (Falljökli) og rennur þaðan í sveig til norðvesturs í Markarfljót. Bréf Steinsholts er gert tveimur árum eftir að lögfesta Stóru-Merkur fær stöðu landamerkjabréfs og það er áritað um samþykki vegna Stóru-Merkur. Með hliðsjón af framangreindu verður að líta svo á að með þessu hafi óljós merki Stóru-Merkur og Steinsholts verið skýrð.

Suðurmerkjum Stóru-Merkur er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu og þarfnast nánari athugunar. Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréfið bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Suðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Hér ber þess að geta að síðan þá hefur jökull hins vegar hopað, einkum að vestanverðu. Á korti sem danskir landmælingamenn unnu 1904 í mælikvarðanum 1:50.000 má sjá hvar jökull eða fannir liggja í Miðtungugili, að því er virðist u.þ.b. 3,3 - 3,5km til vesturs í beinni loftlínu út frá meginjökli Eyjafjallajökuls. Þessi jökull er nú horfinn.

Í köflum 6.12. og 6.13. er komist að þeirri niðurstöðu að heimildir um merki jarðanna Mið-Merkur og Ysta-Skála bendi til þess að merki þeirra hafi einnig náð upp að jökli, hin fyrrnefnda vestan við Stóru-Mörk og hin síðarnefnda sunnan Stóru-Merkur og Mið-Merkur. Norðurmerki Ysta-Skála og suðurmerki Stóru-Merkur og Mið-Merkur hafi þannig ekki náð saman heldur miðast við jökul sem að hluta sé nú horfinn. Í kröfugerð eigenda Stóru-Merkur, Mið-Merkur og Ysta-Skála

er gert ráð fyrir að merki þessara jarðanna nái saman, með tilteknum hætti, á svæði þar sem samkvæmt framangreindu er ástæða til að ætla að áður hafi verið undir jökli.

Úrlausn þess álitaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls á þessu svæði hafi á merki milli Stóru-Merkur, Mið-Merkur og Ysta-Skála fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland beggja vegna er komið út fyrir verksvið óbyggðanefndar. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar verður um eignarréttarlega stöðu Stóru-Merkur, Mið-Merkur, Ysta-Skála, og þess lands þar á milli sem áður var hulið jökli.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er lögfesta Stóru-Merkur frá 1741 færð inn í landamerkjabók og gefin staða landamerkjabréfs. Fyrirliggjandi gögn benda til þess en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Landamerkjabréf Stóru-Merkur er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Stóru-Merkur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Umfjöllun um skógarítök Stóra-Dals og fleiri aðila í Langanesi verður ekki talin mæla gegn beinum eignarrétti á svæðinu, sbr. þá niðurstöðu óbyggðanefndar að tilvist ítaks bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[1]

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Stóra-Mörk hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 og færð inn í landamerkjabók 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki, sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Stóru-Merkur gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[2] Framangreint getur þó einungis átt við um merki Stóru-Merkur að hluta. Suðvestur af jörðinni hefur jökull hopað svo mjög að merki jarðarinnar verða ekki lengur miðuð við jökuljaðar enda hefur það ekki sjálfstæða þýðingu um eignarréttarlega stöðu lands að það hafi einhvern tíma verið hulið jökli.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Stóru-Merkur sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig

1 Sbr. umfjöllun um ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[1] Það fellur þannig utan við verksvið óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja Stóru-Merkur sem samkvæmt framangreindu er eignarland, Mið-Merkur, Ysta-Skála og annarra jarða á þessu svæði sem einnig eru taldar eignarland, sbr. kafla 6.12. og 6.13. Hér ber þess einnig að geta að um jarðirnar Núp, Stóra-dalstorfu og Syðstu-Mörk, sem allar liggja vestan Ysta-Skála og Mið-Merkur er fjallað í kafla 6.26.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Stóru-Merkur, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.12. Mið-Mörk

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Mið-Merkur, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890.

Að Mið-Mörk liggja til suðvesturs Syðsta-Mörk og til norðausturs Stóra-Mörk. Að norðvestanverðu er Markarfljót og til suðurs Ysti-Skáli.

Fjalllendi og gróið heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Upp frá bæjarstæði Mið-Merkur rís Miðmerkurheiðin í um 500 m og nær hún suðaustur að Dagmálafjalli. Gróður minnkar eftir því sem ofar dregur í heiðinni. Ofan hennar taka við Merkurbotnar og sunnar rís Dagmálafjall í 968 m.y.s. Flatlendi jarðarinnar er vestan Miðmerkurheiðarinnar að Markarfljóti.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Helluhnjúk (punktur E) í 706 m hæð í Arnargilshrygg (punktur D) í Stórhöfða 741m (punktur C) og í hæsta punkt á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650 m hæð (punktur B). Á móti hefur eigandi Mið-Merkur lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.12.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að Ásgerður, ekkja Ófeigs, hafi numið land á milli Seljalandsmúla og Markarfljóts og Langanes allt upp til Jöldusteins. Hér sé ekki tiltekið land á milli vatnsfalla og glöggt sjáist að verið sé að nema land á láglendi og ekki hærra upp en að Seljalandsmúla. Kröfulína íslenska ríkisins miðist við hálendisbrún fyrir ofan jörðina Stóru-Mörk og Langanes. Þetta umþrætta land sé auðvitað langt fyrir ofan landnámslínu Ásgerðar. Lýsingar í landamerkjabréfum séu auk þessa ónákvæmar. Hvað varðar hefð þá sé hún einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Mið-Merkur, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Mið-Merkur, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands verið ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Mið-Mörk er rakin í kafla 5.6. Þar kemur fram að Mið-Merkur er getið í heimildum frá því á 14. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[2] Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Mið-Merkur er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, en eldri heimildir um merki hennar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Mið-Mörk. Athugun þessi tekur til sunnanverðra suðvestur- og norðausturmerkja, gagnvart hálendi, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Mið-Merkur verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Samkvæmt landamerkjabréfi Mið-Merkur liggja merki jarðarinnar til suðvesturs, gagnvart Syðstu-Mörk, að sunnanverðu „... úr fyrnefndum Grásteini bein stefna í Kambagil; ræður svo gilið svo langt sem það nær inn til heiðarinnar, og svo bein stefna í jökul eftir afstöðu af gilinu“. Landamerkjabréf Mið-Merkur er áritað af hálfu Syðstu-Merkur. Landamerkjum Syðstu-Merkur er lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí sama ár. Samkvæmt því liggja merki gagnvart Mið-Mörk að sunnanverðu „úr Grásteini – sem er vestanundir Merkurhólum – beina stefnu neðst í Kambagil. Það gil er norðanvið Rauðahraun, svo ræður gilið upp í efri brún Magradals sem er austan við Rauðahraun ...“. Landamerkjabréf Syðstu-Merkur er áritað af hálfu Mið-Merkur. Að auki eru til tvær eldri lýsingum á merkjum Syðstu-Merkur, í kaupsamningi frá 1608 og lögfestu, dags. 29. maí 1815. Í framangreindum kaupsamningi segir einungis um þetta efni að merki liggi frá láglendi „og riettsynis ij fiall austur“. Sú lýsing mælir ekki í mót landamerkjabréfinu. Í lögfestunni frá 1815 ná norðurmerki austur í „Kambagilsbotn hinn efri“ og suðurmerki austur í „gatid á Hrafnagili“ án þess þó að merkjum þar á milli sé lýst. Magridalur er ekki nefndur og því nær lýsingin ekki eins langt til suðausturs en að öðru leyti er lýsingin svipuð og í landamerkjabréfinu. Eldri heimildir um merki jarðarinnar virðast fá samrýmst þessu enda þótt orðalag sé ekki hið sama.

Samkvæmt landamerkjabréfi Mið-Merkur eru merki til norðausturs, gagnvart Stóru-Mörk, að sunnanverðu dregin „... úr Grásteini bein stefna í Merkurárgil að neðanverðu; ræður svo gilið svo langt sem það nær upp til heiðarinnar og svo bein stefna í afstöðu af gilinu allt í jökul“. Landamerkjabréf Mið-Merkur er áritað af hálfu Stóru-Merkur. Landamerkjum Stóru-Merkur er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi (lögfestu) Stóru-Merkur 1890 (1741), sbr. einnig síðari lögfestu Stóru-Merkur, frá 1833. Landamerkjalýsing þessi er árituð af hálfu Mið-Merkur.

Um suðurmerki Mið-Merkur er tekið fram að „jökullinn“ ráði. Hér ber þess að geta að síðan þá hefur jökull hins vegar hopað, einkum að vestanverðu. Á korti, sem danskir landmælingamenn unnu 1904 í mælikvarðanum 1:50.000, má sjá hvar jökull eða fannir liggja í Miðtungugili, að því er virðist u.þ.b. 3,3-3,5 km til vesturs í beinni loftlínu út frá meginjökli Eyjafjallajökuls. Þessi jökull er nú horfinn.

Í köflum 6.11. og 6.13. er komist að þeirri niðurstöðu að heimildir um merki jarðanna Stóru-Merkur og Ysta-Skála bendi til þess að merki þeirra hafi einnig náð upp að jökli, hin fyrrnefnda austan við Mið-Mörk og hin síðarnefnda sunnan Mið-Merkur og Stóru-Merkur. Suðurmerki Stóru-Merkur og Mið-Merkur og norðurmerki Ysta-Skála hafi þannig ekki náð saman heldur miðast við jökul sem að hluta sé nú horfinn. Í kröfugerð eigenda Mið-Merkur, Stóru-Merkur og Ysta-Skála er gert ráð fyrir að merki jarðanna nái saman, með tilteknum hætti, á svæði þar sem samkvæmt framangreindu er ástæða til að ætla að áður hafi verið undir jökli.

Úrlausn þess álitaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls á þessu svæði hafi á merki milli Mið-Merkur, Stóru-Merkur og Ysta-Skála fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland beggja vegna er komið út fyrir verksvið óbyggðanefndar. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar verður um eignarréttarlega stöðu Mið-Merkur, Stóru-Merkur, Ysta-Skála og þess lands þar á milli sem áður var hulið jökli.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Mið-Mörk. Fyrirliggjandi gögn benda til þess en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Landamerkjabréf Mið-Merkur er undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Mið-Merkur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Mið-Mörk hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar sem eigandi Mið-Merkur gæti hafa horft til þegar hann lýsti merkjum í jökul 1890 hefur gengið til baka. Land sem þá var hulið jökli er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Á svæðinu suður af jörðinni Mið-Mörk hefur jökull hins vegar hopað svo mjög að merki jarðarinnar verða ekki lengur miðuð við jökuljaðar enda hefur það ekki sjálfstæða þýðingu um eignarréttarlega stöðu lands að það hafi einhvern tíma verið hulið jökli.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Mið-Merkur sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[2] Það fellur þannig utan við verksvið óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja Mið-Merkur sem samkvæmt framangreindu er eignarland, Stóru-Merkur, Ysta-Skála, og annarra jarða á þessu svæði sem einnig eru taldar eignarland, sbr. kafla 6.11. og 6.13. Hér ber þess einnig að geta að um jarðirnar Núp, Stóra-dalstorfu og Syðstu-Mörk, sem allar liggja vestan Mið-Merkur og Ysta-Skála er fjallað í kafla 6.26.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Mið-Merkur, svo sem því er að framan lýst, þ. á m. að ótilgreindum mörkum gagnvart jörðinni Ysta-Skála, þar sem áður var jökull á milli, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.13. Ysti-Skáli

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Ysta-Skála, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Að Ysta-Skála liggja til vesturs Núpur og Stóradalstorfa. Til austurs er Mið-Skáli. Að norðanverðu eru Merkurjarðir og til suðurs Ásólfsskálatorfa.

Skörp skil eru milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Ysta-Skála. Hallalítið undirlendi jarðarinnar er einkum sunnan við Ystaskálaheiði sem rís skarpt norðan við bæjarstæði Ysta-Skála og nær allt að jökli. Að vestan sker heiðina Írá sem rennur niður á láglendi um Írárgil. Tungnahaus liggur á milli Myrkárgils og Írárgils en norðan Tungnahauss er Krókur. Land hækkar til norðurs og rís hæst við Miðtungugil í 1000 m.y.s. Frá brekkurótum Ystaskálaheiðarinnar að áðurnefndu Miðtungugili eru um 7,5 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Stórhöfða 741m (punktur C) og í punkt á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650 m hæð (punktur B). Á móti hafa eigendur Ysta-Skála I-IV lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.16.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum, beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalýsingar. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Ysta-Skála I-IV, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Ysta-Skála, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands verið ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Ysta-Skála er rakin í kafla 5.10. Þar kemur fram að Ysta-Skála er getið í heimildum frá því á 12. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1] Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Ysta-Skála er lýst í landamerkjabréfi torfunnar en eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Ysta-Skála. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Ysta-Skála verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Ysta-Skála er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890.

Samkvæmt landamerkjabréfi Ysta-Skála eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Núp, að norðanverðu miðuð við „...Ýrarárgil inn úr vestanvið Ystaskálatungur og áin úr því til jökuls“. Bréfið er áritað af hálfu Núps. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Núp.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Ysta-Skála eru merki til austurs, gagnvart Mið-Skála, að norðanverðu miðuð við „... merkigarð sem er með sínum krókum og bugum, síðan úr efri enda garðsins bein lína upp á Miðskálaegg svo ræður eggin marki til jökuls.“ Bréfið er áritað af hálfu Mið-Skála og gagnkvæmt. Landamerkjum Mið-Skála er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Mið-Skála, sbr. kafla 6.14.

Ysti-Skáli á einnig merki gagnvart Stórudalstorfu, þegar sunnar dregur að vestanverðu, og til suðurs er Ásólfsskálatorfa. Landamerkjabréf Ysta-Skála er áritað af hálfu Ásólfsskálatorfu og gagnkvæmt, sjá kafla 6.15, en ekki af hálfu Stórudalstorfu. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerkjum Ysta-Skála, gagnvart Merkurjörðum, er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu og þarfnast nánari athugunar. Bréf þessara jarða bera ekki gagnkvæmar áritanir. Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréfið bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Hér ber þess að geta að síðan þá hefur jökull hins vegar hopað, einkum að vestanverðu. Á korti sem danskir landmælingamenn unnu 1904 í mælikvarðanum 1:50.000 má sjá hvar jökull eða fannir liggja í Miðtungugili, að því er virðist u.þ.b. 3,3 - 3,5 km til vesturs í beinni loftlínu út frá meginjökli Eyjafjallajökuls. Þessi jökull er nú horfinn.

Í köflum 6.12. og 6.11. er komist að þeirri niðurstöðu að heimildir um merki jarðanna Mið-Merkur og Stóru-Merkur bendi til þess að merki þeirra hafi einnig náð upp að jökli, norðan við Ysta-Skála. Norðurmerki Ysta-Skála og suðurmerki Stóru-Merkur og Mið-Merkur hafi þannig ekki náð saman heldur miðast við jökul sem að hluta sé nú horfinn. Í kröfugerð eigenda Ysta-Skála, Mið-Merkur og Stóru-Merkur er gert ráð fyrir að merki jarðanna nái saman, með tilteknum hætti, á svæði þar sem samkvæmt framangreindu er ástæða til að ætla að áður hafi verið undir jökli.

Úrlausn þess álitaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls á þessu svæði hafi á merki milli Ysta-Skála, Mið-Merkur og Stóru-Merkur fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland beggja vegna er komið út fyrir verksvið óbyggðanefndar. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar verður um eignarréttarlega stöðu Ysta-Skála, Mið-Merkur, Stóru-Merkur og þess lands þar á milli sem áður var hulið jökli.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Ysta-Skála. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Landamerkjabréf Ysta-Skála er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Ysta-Skála hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ysti-Skáli hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar sem eigendur Ysta-Skála gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890 hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Á svæðinu norður af jörðinni Ysta-Skála hefur jökull hins vegar hopað svo mjög að merki jarðarinnar verða ekki lengur miðuð við jökuljaðar enda hefur það ekki sjálfstæða þýðingu um eignarréttarlega stöðu lands að það hafi einhvern tíma verið hulið jökli.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Ysta-Skála sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Það fellur þannig utan við verksvið óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja Ysta-Skála sem samkvæmt framangreindu er eignarland, Mið-Merkur, Stóru-Merkur og annarra jarða á þessu svæði sem einnig eru taldar eignarland, sbr. kafla 6.11. og 6.12. Hér ber þess einnig að geta að um jarðirnar Núp, Stóradalstorfu og Syðstu-Mörk, sem allar liggja vestan Ysta-Skála og Mið-Merkur er fjallað í kafla 6.26.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ysta-Skála, svo sem því er að framan lýst, þ. á m. að ótilgreindum mörkum gagnvart jörðinni Mið-Mörk, þar sem áður var jökull á milli, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.14. Mið-Skáli

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Mið-Skála, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890.

Að Mið-Skála liggja til vesturs Ysti-Skáli og til austurs og suðurs er Ásólfsskáli. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull.

Skörp skil eru milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Mið-Skála, svo sem víðast annars staðar undir Eyjafjöllum. Hallalítið undirlendi jarðarinnar er einkum sunnan við talsvert bratta Miðskálaheiði sem er hálend og hrjóstrug að innanverðu og nær norður að jökli. Ofan bæjarstæðis í um 600 m.y.s. gnæfir fjallið Miðskálaegg og nær það norður að Miðskálaheiði. Að austan sker fjalllendið Miðskálaá sem á upptök sín í Eyjafjallajökli og rennur hún um Miðskálaárgil. Miðskálatungur liggja austan Miðskálaheiðar og afmarkast af Tungugili að vestan og Miðskálaárgili að vestan. Land hækkar til norðurs og við taka undirhlíðar jökulsins uns það mætir jökulröndinni í um 900 m hæð. Frá bæjarstæða Mið-Skála til jökuls eru um 7 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Stórhöfða í 741m hæð (punktur C), í hæsta punkt á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650 m hæð (punktur B) og þangað sem bein lína milli punkts í Þríhyrningi og punkts í 527 m hæð í Lambafellsheiði sker hreppamörkin milli Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa (punktur A). Á móti hafa eigendur Mið-Skála I-III lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.17.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalýsingar. Árið 1985 hafi farið fram landskipti á torfunni að undanskildu heiðalandi. Heiðarlandið sé samkvæmt því í óskiptri sameign, eins og öll afréttarlönd hérlendis sem ekki tilheyri einum aðila. Þessi landskiptagerð styðji kröfugerð ríkisins. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Mið-Skála I-III, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Mið-Skála, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands verið ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Mið-Skála er rakin í kafla 5.11. Þar kemur fram að Mið-Skála er getið í heimildum frá því á 12. öld og sagnir um hana má rekja enn lengra aftur. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Mið-Skála er lýst í landamerkjabréfi torfunnar en eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Mið-Skála. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Mið-Skála verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Mið-Skála er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890. Norðurmerkjum er ekki lýst sérstaklega og ástæða er því til að huga að því hversu langt norður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Mið-Skála eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Ysta-Skála, að norðanverðu miðuð við „markgarð, sem úr því ræður marki með sínum krókum og bugum upp í fjallið og svo er bein lína upp á háa egg (Miðskálaegg) svo ræður eggin marki til jökuls“. Bréfið er áritað af hálfu Ysta-Skála. Landamerkjum Ysta-Skála er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Bréfið er áritað af hálfu Mið-Skála. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Ysta-Skála, sbr. kafla 6.13.

Samkvæmt landamerkjabréfi Mið-Skála eru merki til austurs, gagnvart Ásólfsskála, að norðanverðu miðuð við „Miðskálaá, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu á milli brekkanna, svo ræður áin í gljúfrinu merki til jökuls austan við Miðskálatungur.“ Bréfið er áritað af hálfu Ásólfsskála. Norðanverðum vesturmerkjum Ásólfsskálatorfu er eins lýst í landamerkjabréfi jarðatorfunnar, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, sbr. kafla 6.15. Bréfið er áritað af hálfu Mið-Skála. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Ásólfsskála að þessu leyti.

Norðurmerkjum Mið-Skála, gagnvart Eyjafjallajökli, er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðarinnar er gert ráð fyrir að

merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Mið-Skála frá 1887 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Mið-Skála. Fyrirliggjandi gögn benda til þess en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Mið-Skála er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Mið-Skála hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í tilviki þessarar jarðatorfu, sem og í tilvikum annarra sambærilegra jarðatorfa á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu, að landskiptagerðir sem fram hafa farið hafi þýðingu við mat á því óskipta fjallendi torfanna sem ekki hefur verið tekið undir viðkomandi skipti. Með vísan til niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, staðfestri með dómi hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, þar sem sambærilegum sjónarmiðum var haldið fram af ríkisins hálfu í tilviki Úthlíðartorfu í Bláskógabyggð, er sjónarmiðum í þessa veru hafnað. Niðurstöður landskiptagerða í þessa veru hafa því ekki, einar og sér, neina sérstaka eignarréttarlega þýðingu fyrir þann hluta lands sem skilið er eftir óskipt við landskipti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Mið-Skáli hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar sem eigendur Mið-Skála gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890 hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Mið-Skála sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

innan tilgreindra landamerkja Mið-Skála sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[1]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Mið-Skála, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.15. Ásólfsskálatorfa

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Ásólfsskála ásamt hjáleigunum Skálakoti, Moldgnúp, Rimhúsum og Björnskoti, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890.

Að Ásólsskálatorfu liggja til vesturs Mið-Skáli og Ysti-Skáli. Til austurs og suðurs eru Holtshverfisjarðir. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull. Skörp skil eru milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Ásólfsskála, svo sem víðast annars staðar undir Eyjafjöllum. Hallalítið undirlendi jarðarinnar er einkum sunnan við talsvert gróna Ásólfsskálaheiðina sem skiptist í Vesturheiði og Austurheiði. Norðar, í um 500 m hæð, gnæfir fjallið Ásólfsskálaegg. Eystra- og Vestra-Tungugil skera fjalllendið og afmarka Ásólfsskálatungur í um 500-700 m hæð. Til norðurs hækkar land og við taka undirhlíðar jökulsins uns land mætir jökulrönd í um 800 m hæð. Frá brekkurótum Ásólfsskálaheiðar til jökuls eru u.þ.b. 6 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá hæsta punkti á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650 m hæð (punktur B) og þangað sem bein lína á milli áðurnefnds punkts í Þríhyrningi og punkts í 527 m hæð í Lambafellsheiði sker hreppamörkin milli Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa (punktur A). Á móti hafa eigendur Ásólfsskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots og Rimahúsa lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðatorfunnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.18.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum, beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalýsingar. Árið 1948 hafi farið fram landskipti á heimalandi torfunnar. Heiðarlandi var ekki skipt og er því í óskiptri sameign, eins og öll afréttarlönd hérlendis sem ekki tilheyri einum aðila. Þessi landskiptagerð styðji kröfugerð ríkisins. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Ásólfsskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots og Rimahúsa, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Ásólfsskála, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Ásólfsskála er rakin í kafla 5.12. Þar kemur fram að Ásólfsskála er getið fyrst í frásögnum Landnámabókar sem rekja má til 10. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1] Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Ásólfsskálajarða er lýst í landamerkjabréfi torfunnar og hvað ráðið verður af eldri heimild um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Ásólfsskálatorfu. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðatorfunnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Ásólfsskálajarða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Ásólfsskálatorfu er lýst í landamerkjabréfi jarðatorfunnar, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Lýsing á merkjum jarðarinnar gagnvart Holtshverfisjörðum kemur einnig fram í áreiðargjörð frá 1850.

Samkvæmt landamerkjabréfi Ásólfsskála eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Mið-Skála, að norðanverðu miðuð við „Miðskálaá, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu milli brekknanna; svo ræður áin í gljúfrinu marki allt til jökuls austan við Miðskálatungur.“ Norðanverðum austurmerkjum Mið-Skála er eins lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890. Bréf Ásólfsskála er áritað vegna Mið-Skála og gagnkvæmt. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Mið-Skála, sbr. kafla 6.14.

Ásólfsskálatorfa á einnig merki gagnvart Ysta-Skála, þegar sunnar dregur að vestanverðu. Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað af hálfu Ysta-Skála og gagnkvæmt, sbr. landamerkjabréf Ysta-Skála, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Ásólfsskála eru merki til austurs, gagnvart Holtstorfu, að norðanverðu miðuð við „...Holtsá; svo ræður áin inn í jökul“. Bréfið er áritað vegna Holts. Árið 1850 er gerð áreið á landamerki Holtsstaðar og Ásólfsskála, til að semja og fastsetja mörk „hvar þau voru orðin óglögg og niðurfallin“. Fram kemur að eftir fornum skilríkjum og vitnisburðum frá 17. öld hafi Holtsá ráðið „inn eftir dalnum og í fjöll upp“ enda hafi hún áður haft „vissan farveg“. Samkvæmt áreiðargjörðinni skyldi „taka sjónhending í ána þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu neðan við svonefnda gildru, og ræður áin síðan inn eftir, og loksins kvíslin sem er fyrir austan Skálatungur, til jökuls“. Landamerkjabréf Holtshverfisjarða er dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Bréfið er áritað af hálfu Ásólfsskálatorfu. Merki gagnvart Ásólfsskálatorfu eru að norðanverðu í Holtsá og svo „ræður áin inn í jökul“. Til eru nokkrar eldri heimildir um merki Holtstorfu, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 „skipter Holltz á í fjöll upp“. Í vísitasíu Brynjólfs 1662 skyldi Holtsá ráða „inn eftir dalnum“, sbr. einnig vísitasíu Ólafs Gíslasonar 1752.

Norðurmerkjum Ásólfsskála, gagnvart Eyjafjallajökli, er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðarinnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Ásólfsskála frá 1890 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Ásólfsskála. Fyrirliggjandi gögn benda til þess en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Ásólfsskála er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðatorfunnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Ásólfsskálajarða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í tilviki þessarar jarðatorfu, sem og í tilvikum annarra sambærilegra jarðatorfa á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu, að landskiptagerðir, sem fram hafa farið, hafi þýðingu við mat á því óskipta fjallendi torfanna sem ekki hefur verið tekið undir viðkomandi skipti. Með vísan til niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, staðfestri með dómi hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, þar sem sambærilegum sjónarmiðum var haldið fram af ríkisins hálfu í tilviki Úthlíðartorfu í Bláskógabyggð, er sjónarmiðum í þessa veru hafnað. Niðurstöður landskiptagerða í þessa veru hafa því ekki, einar og sér, neina sérstaka eignarréttarlega þýðingu fyrir þann hluta lands sem skilið er eftir óskipt við landskipti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ásólfsskáli hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Ásólfsskála gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Ásólfsskálatorfu, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Ásólfsskálatorfu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[2]

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ásólfsskálatorfu, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.16. Holtshverfisjarðir

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi prestsetursins Holts ásamt hjáleigunum Hellnahól, Brennu, Efstakoti, Efstu-Grund, Mið-Grund, Syðstu-Grund og kirkjujörðunum Varmahlíð, Ormskoti, Vallatúni, Gerðakoti og Indriðakoti, dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890.

Að Holtshverfisjörðum liggja til vesturs Ásólfsskálatorfa og til austurs Núpakot og Steinar. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull og til suðurs haf.

Syðsti hluti þess landsvæðis sem hér um ræðir er hallalítið undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Niðri á sléttlendinu neðan vegar breiðir úr sér byggð í landi Holts og til norðurs ofan byggðarinnar rís bratt og hamrótt Steinafjallið. Að vestan sker fjallið Holtsá sem rennur niður á láglendi um Holtsárgil sem liggur milli Holtsheiðar og Ásólfsskálaheiðar. Frá brekkurótum að austanverðu liggur Holtsós og nær vatnið allt fram að sjó, aðeins er sandrif sem skilur frá hafi. Til norðurs hækkar land og við taka undirhlíðar jökulsins uns það mætir jökulröndinni í um 900 m hæð. Holtslambatungur ná inn að jökli og eru mjög víðáttumiklar en gilið Þrengsli skilur að tungurnar Holtsheiðina. Frá Hellnahóli við rætur Steinafjalls að jökli eru rúmir 7 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá hæsta punkti á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650 m hæð (punktur B) og þangað sem bein lína á milli áðurnefnds punkts í Þríhyrningi og punkts í 527 m hæð í Lambafellsheiði sker hreppamörkin milli Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa (punktur A). Á móti hafa eigendur og umráðamenn Holtshverfisjarða lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðatorfunnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.19.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalýsingar. Mikið misræmi sé í merkjalýsingum fyrir Holt og nýrri merki dregin lengra en áður hafi verið. Í vísitasíu Brynjólfs Jónssonar biskups 1641 hafi fjallmerkjum verið lýst svo: „síðan skiptir Holtsá á fjöll upp. Að austan eru landamerki úr merkigarði og ofan í Holts ós.“ Í áreiðargjörð 1850 og í landamerkjabréfi 1890 sé merkjum hins vegar lýst alla leið í jökul. Vísað er til þess að í dómsmálinu um Neðra Hundadal í Dölum hafi verið til eldri lögfesta fyrir næsta bæ, sem náð hafi skemur til fjalls en landamerkjabréf jarðarinnar. Þetta atriði hafi verið talið veita líkur á að eins væri farið með landamerkjalýsingu nágrannajarðarinnar. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Holtshverfisjarðanna Varmahlíðar, Vallatúns, Hellnahóls, Ormskots, Efstu-Grundar, Mið-Grundar, Syðstu-Grundar og Indriðakots, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Holtstorfujarðir eigi heiðalandið óskipt. Vísað er til landamerkjabréfs Holts, dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Allmargar vísitasíur lýsi vesturmerkjum Holtstorfu með sama hætti og landamerkjabréfið, að undanskildum neðstu brekkum.

Það atriði hafi ekki þýðingu í þessu máli. Að austanverðu séu lýsingar eldri skjala ófullkomnar en það hafi ekki heldur þýðingu. Þau mörk, sem hér skipti máli, séu glögg frá náttúrunnar hendi og lýst skilmerkilega í staðfestri og þinglesinni landamerkjaskrá. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annað hvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Holti er rakin í kafla 5.13. Þar kemur fram að Holts er getið í heimildum frá því um 1200 og í frásögnum Landnámabókar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1] Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Holtshverfisjarða er lýst í landamerkjabréfi torfunnar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Holtshverfi. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðatorfunnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Holtshverfisjarða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Holts er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Lýsingar á merkjum jarðarinnar koma einnig fram í vísitasíum Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 og 1662, vísitasíu Ólafs Gíslasonar 1752 og áreið á landamerki Holtsstaðar og Ásólfsskála frá 1850.

Samkvæmt landamerkjabréfi Holtstorfu eru merki hennar til vesturs, gagnvart Ásólfsskálatorfu, í Holtsá og svo „ræður áin inn í jökul“. Bréfið er áritað vegna Ásólfsskálatorfu. Samkvæmt vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 „skipter Holltz á í fjöll upp“. Í vísitasíu Brynjólfs 1662 skyldi Holtsá ráða „inn eftir dalnum“, sbr. einnig vísitasíu Ólafs Gíslasonar 1752. Árið 1850 er gerð áreið á landamerki Holtsstaðar og Ásólfsskála til að semja og fastsetja mörk „hvar þau voru orðin óglögg og niðurfallin“. Fram kemur að eftir fornum skilríkjum og vitnisburðum frá 17. öld hafi Holtsá ráðið „inn eftir dalnum og í fjöll upp“ enda hafi hún áður haft „vissan farveg“. Samkvæmt áreiðargjörðinni skyldi „taka sjónhending í ána þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu neðan við svonefnda gildru, og ræður áin síðan inn eftir, og loksins kvíslin sem er fyrir austan Skálatungur, til jökuls“.

Landamerkjabréf Ásólfsskála er dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Samkvæmt því eru merki gagnvart Holtstorfu að norðanverðu miðuð við „... Holtsá; svo ræður áin inn í jökul“. Bréfið er áritað vegna Holts. Frekari heimildir um merki Ásólfsskála eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.15.

Merki Holtstorfu til austurs, gagnvart Núpakoti, eru að norðanverðu miðuð við Þvertungnagil „sem skilur Þvertungur og Steinatungur; síðan ræður gilið inn í jökul milli Holts og Núpakots.“ Bréfið er ekki áritað vegna Núpakots. Samkvæmt því er greinir í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 eru landamerki að austan „úr merkisgarði úr Merkisgili og ofan í Holts ós.“ Áfram er miðað við Merkisgil í vísitasíu Brynjólfs 1662, sbr. einnig vísitasíu Ólafs Gíslasonar 1752. Landamerkjum Núpakots er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Merki gagnvart Holtstorfu eru að norðanverðu miðuð við Þvertungnagil „og ræður svo það gil til jökuls“. Bréf Núpakots er áritað vegna Holts. Eldri heimild um Núpakot fær samrýmst þessu, að teknu tilliti til framskriðs jökuls á síðari hluta 19. aldar, sbr. kafla 6.17.

Holtshverfi á einnig merki gagnvart Steinum þegar sunnar dregur að austanverðu. Landamerkjabréf Holtstorfu er áritað af hálfu þessarar jarðar. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerkjum Holtshverfis gagnvart Eyjafjallajökli er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðatorfunnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Holtshverfis frá 1890 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Holtshverfi. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra. Landamerkjabréf Holts er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Holtshverfisjarða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Holtshverfisjarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirsvarsmenn Holtshverfisjarða gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Holtshverfis, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Holtshverfis sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Holtstorfu, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.17. Núpakot

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Núpakots, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890.

Að Núpakoti liggja til vesturs Holtshverfi, Hlíð og Steinar. Til austurs og suðurs er Þorvaldseyri. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull. Skörp skil eru milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Núpakots, svo sem víðast annars staðar undir Eyjafjöllum. Undirlendi er takmarkað og liggur einkum sunnan við Steinafjall og austur inn með bröttum austurhlíðum fjallsins. Bæjarstæði Núpakots stendur við suðausturhorn Steinafjalls sem rís skarpt til norðurs. Í um 600 m y.s. eru Faxi og Faxalág í Steinafjalli og nyrst eru Þvertungur og Steinatungur. Djúp gil skera fjalllendið að norðan og má þar nefna Þvertungnagil sem skilur milli Holtsheiðar og Núpakotsdals og Norðurgil sem er austan Steinatungna. Frá bæjarstæði Núpakots til jökuls eru um 6 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Þríhyrningi undir Vestur-Eyjafjöllum og verður punktur F, þar sem sú lína sker hreppamörkin milli fyrrum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppa, í stefnu á 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E). Á móti hafa eigendur Núpakots lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.20.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalýsinganna. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Núpakots, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Núpakots, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Núpakoti er rakin í kafla 5.14. Þar kemur fram að Núpakots er getið í heimildum frá því því í byrjun 14. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Núpakots er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimild um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Núpakoti. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Núpakots verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Núpakots er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Auk þess er til lögfesta frá 4. júní 1866 þar sem fjallað er um sama efni.

Norðurmerkjum Núpakots er þannig lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1887 að þaðan sem Þvertungnagil ræður til jökuls „Ræður svo jökullinn í austur í gilið sem liggur austanmegin með Steinatungum. Ræður svo áin í gilinu fram í gilmynni ...“ Bréfið er áritað vegna Þorvaldseyrar (Svaðbælis). Í lögfestu Núpakots frá 1866 eru merki einnig dregin „inní þvertungna gil, og ræður það gil svo, þangað til ofanvert við Steinatungur, og þaðan beina stefnu ofan vert í gilið, sem er austan við Steinatungur.“ Lögfestu þessari var mótmælt á manntalsþinginu 1866, vegna jarðanna Steina, að því er varðaði Steinatungur, Svaðbælis og Hlíðar, þess að tilgreint væri af hverju.

Norðurmerkjum Núpakots er þannig sérstaklega lýst í framangreindum heimildum. Samkvæmt lögfestunni 1866 liggja þau beint á milli Þvertungnagils og gilsins austan við Steinatungur en samkvæmt landamerkjabréfinu, rúmlega 20 árum síðar, liggja þau með fram Eyjafjallajökli. Af lögfestu Svaðbælis, sem einnig er gerð 1866, sést glöggt hver staða jökuls var þá á svæðinu. Þar er lýst sjónhendingu „beint í gilið, sem er fyrir austan Steinatungur, skammt fyrir neðan jökultangan, sem ofaní það liggur, ... en lækurinn í gilinu ræður merkjum, þangað til hann kémur á aurunum í seinastnefnda stefnu-linu“. Með hliðsjón af framskriði jökuls á síðari hluta 19. aldar, verður að telja líklegt að norðurmerkjum sé lýst sunnar í landamerkjabréfinu en í lögfestunni.

Landamerkjabréf Núpakots og lögfesta eru hins vegar samhljóða um að neðan jökuljaðars sé Þvertungnagil á vesturmörkum, gagnvart Holtstorfu, og að gilið austan við Sviptungur á austurmörkum, á milli Núpakots og Þorvaldseyrar (Svaðbælis). Landamerkjabréf Holtstorfu, dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, og landamerkjabréf Þorvaldseyrar (Svaðbælis), dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, eru í samræmi við þetta. Bréf Núpakots er áritað vegna Holtshverfis og Þorvaldseyrar (Svaðbælis). Bréf Holtshverfis og Þorvaldseyrar (Svaðbælis) er hins vegar ekki áritað vegna Núpakots. Eldri heimild um merki Þorvaldseyrar (Svaðbælis) lýsir merkjum með svipuðum hætti og eldri heimildir um merki Holtshverfisjarða mæla þessu ekki í mót, sbr. kafla 6.18. og 6.16.

Núpakot á einnig merki gagnvart Hlíð og Steinum þegar sunnar dregur að vestanverðu. Landamerkjabréf Núpakots er áritað af hálfu Hlíðar. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Óbyggðanefnd telur ótvírætt af landamerkjabréfi Núpakots frá 1887 að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að jökli. Í kröfugerð núverandi eigenda Núpakots er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Núpakot. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Núpakots er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Núpakots hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Núpakot hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða

staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Núpakots gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1887, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Núpakots, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Núpakots sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[2]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Núpakots, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.18. Þorvaldseyri (Svaðbæli)

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Svaðbælis, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, en Svaðbæli (Svartbæli) nefnist nú Þorvaldseyri.

Að Þorvaldseyri liggja til vesturs jörðin Núpakot og Hlíð. Til austurs eru Seljavellir. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull og til suðurs Leirur og Berjanes. Fjalllendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess svæðis sem hér um ræðir, undirlendi er einkum sunnan Svaðbælisheiðarinnar sem liggur um 2 km norður af bæjarstæði Þorvaldseyrar. Svaðbælisá rennur niður á undirlendið um Núpakotsdalinn sem sker heiðina að vestan. Fremsti hluti heiðarinnar nefnist Svaðbælismúli og ofan hennar hækkar land jafnt uns kemur að jaðri Eyjafjallajökuls í um 800 m hæð. Heiðin er sundurskorin af giljum og talsvert gróin. Frá rótum Svaðbælisheiðar að jökli eru um 3 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Þríhyrningi undir Vestur-Eyjafjöllum og verður punktur F, þar sem sú lína sker hreppamörkin milli fyrrum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppa, í stefnu á 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E). Á móti hefur eigandi Þorvaldseyrar lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.21.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalýsinganna. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Af hálfu eiganda Þorvaldseyrar, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Svaðbælis, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Þorvaldseyri og áður Svaðbæli (Svartbæli) er rakin í kafla 5.15. Þar kemur fram að Svaðbælis er getið í heimildum frá því á 15. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1] Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Þorvaldseyrar (Svaðbælis) er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Þorvaldseyri. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Þorvaldseyrar verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Svaðbælis er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Auk þess er til lögfesta frá 1866 þar sem fjallað er um merki Svaðbælis og sættargerð um landamerki Svaðbælis og Lambafells frá 1876.

Norðurmerkjum Svaðbælis er þannig lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar 1887 að þaðan sem Merkigil ræður upp í jökul „ræður svo jökullinn vestur í gilið, sem liggur austanmegin með Steinatungum. Ræður svo áin í gilinu fram í gilsmynni ...“ Norðurmerkjum er hins vegar ekki lýst sérstaklega í eldri heimildum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt norður merkjum er þar lýst til vesturs og austurs og bera saman við landamerkjabréf jarðarinnar.

Landamerkjabréf og lögfesta Svaðbælis eru samhljóða um að gilið austanmegin með Steinatungum sé á vesturmörkum, gagnvart Núpakoti. Ekki er að sjá að bréf Þorvaldseyrar sé áritað vegna Núpakots. Í lögfestu Svaðbælis er tekin sjónhending „beint í gilið, sem er fyrir austan Steinatungur, skammt fyrir neðan jökultangan, sem ofaní það liggur, ... en lækurinn í gilinu ræður merkjum, þangað til hann kémur á aurunum í seinastnefnda stefnu-linu.“ Af þessari lýsingu sést glöggt hver staða jökuls var á svæðinu 1866. Með hliðsjón af framskriði jökla á síðari hluta 19. aldar verður að telja líklegt að vesturmerkjum sé lýst norðar í lögfestunni en landamerkjabréfinu. Lögfestu Svaðbælis var mótmælt á manntalsþinginu af ábúandanum á Núpakoti, meðal annarra. Lögfestu Núpakots var mótmælt á manntalsþinginu 1866, vegna jarðanna Steina, að því er varðaði Steinatungur, Svaðbælis og Hlíðar, þess að tilgreint væri af hverju. Í landamerkjabréfi Núpakots, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, og lögfestu þeirrar jarðar frá 1866 segir einnig að merki liggi í gilinu austanmegin með Steinatungum, sbr. kafla 6.17. Bréfið er áritað vegna Þorvaldseyrar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Svaðbælis eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Lambafelli (Seljavöllum), að norðanverðu miðuð við „Merkigil upp í jökul“. Bréfið er áritað af hálfu Lambafellstorfu. Lögfesta Svaðbælis frá 1866 er í samræmi við þetta, auk þess sem fram kemur að umrætt Merkigil liggi „á millum Svaðbælis- og Lambafells heiðar“. Jafnframt er tekið fram að

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

annars „sé landamerki Svaðbælis á þessa síðu það sama, sem Lambafells, hvers máldagi og lögfesta frá 4. Maí 1607 vottar að séu á milli þessara jarða, ...“. Sættargerð um landamerki Svaðbælis og Lambafells frá 1876 er í samræmi við framangreint, miðað er við „... merkigil upp í jökul“. Í landamerkjabréfi Lambafells (Seljavalla), dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893, eru norðanverð merki gagnvart Þorvaldseyri, einnig miðuð við merkigil sem síðan ráði „upp í jökul“, sbr. kafla 6.19. Bréfið er ekki áritað vegna Þorvaldseyrar. Í lögfestu Lambafells, dags. 4. maí 1607, segir á sama hátt „Rædur svo Merkigil upp ad Jökli“, sbr. framangreinda tilvísun til þessarar lögfestu í lögfestu Svaðbælis frá 1866.

Þorvaldseyri á einnig merki gagnvart Hlíð, Steinum og Berjanesi þegar sunnar dregur. Landamerkjabréf Þorvaldseyrar er áritað af hálfu þessara jarða. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Óbyggðanefnd telur ótvírætt af landamerkjabréfi Svaðbælis frá 1887 að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að jökli. Í kröfugerð núverandi eigenda er gert ráð fyrir að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Svaðbæli. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Svaðbælis er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Svaðbælis (Þorvaldseyrar) hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Svaðbæli hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Svaðbælis (Þorvaldseyrar) gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1887, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Þorvaldseyrar sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.26.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Þorvaldseyrar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[1]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Þorvaldseyrar, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.19. Seljavellir (Lambafell)

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Lambafells, dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893, nánar tiltekið þann hluta sem við skipti á Lambafellstorfu árið 1973 var talinn til Seljavalla.

Að Seljavöllum liggja til vesturs jörðin Þorvaldseyri og til austurs Raufarfell. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull og til suðurs Ystabælistorfa og Miðbælistorfa. Fjalllendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, undirlendi er einkum sunnan og austan með Lambafelli (160 m) sem skagar fram úr heiðarlandinu. Lambafellsháls tengir fellið og gróna Lambafellsheiðina að norðan. Lambafellsá, sem fellur úr Merkigili, sker heiðina að vestan og Laugará að austan. Til norðurs hækkar land jafnt og við taka undirhlíðar jökulsins uns það mætir jökulröndinni í um 800 m hæð við Mörleysur. Frá rótum Lambafells til jökuls eru um 6 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Þríhyrningi undir Vestur-Eyjafjöllum og verður punktur F, þar sem sú lína sker hreppamörkin milli fyrrum Austur- og Vestur- Eyjafjallahreppa, í stefnu á 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E). Þaðan er kröfulínan dregin áfram í Hornfellsnípu (punktur D). Á móti hefur eigandi Seljavalla lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.22.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Merkjalýsing Lambafells nái til jökuls en óvissa sé um það hvar jökulrönd hafi legið þegar hún hafi verið gerð. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í yfir 600 metra hæð og lítt gróið. Landskiptagerð Lambafells og Seljavalla frá 1973 styðji kröfugerð ríkisins. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eiganda Seljavalla, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Lambafells, dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Með skiptagerðinni á milli Seljavalla og Lambafells 1973 hafi öllu landi torfunnar allt til jökuls verið skipt á milli jarðanna. Í hlut Seljavalla hafi komið verðminna land, m.a. allt heiðalandið sem um sé deilt í máli þessu, en stærra að flatarmáli. Samkvæmt landskiptagerðinni hafi þannig verið litið á allt land jarðanna sem heimaland, sbr. 1. gr. landskiptalaga.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Seljavöllum og áður Lambafelli er rakin í kafla 5.16. Þar kemur fram að Lambafells er getið í heimildum frá 16. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1] Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Seljavalla (Lambafells) er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Seljavöllum. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Seljavalla verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Lambafells (Seljavalla) er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893. Auk þess er til lögfesta fyrir Lambafell, dags. 4. maí 1607, og sættargerð um landamerki Svaðbælis og Lambafells frá 1876.

Norðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í framangreindum heimildum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt norður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Lambafells eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Svaðbæli (nú Þorvaldseyri), að norðanverðu miðuð við merkigil sem síðan ráði „upp í jökul“. Í lögfestu Lambafells, dags. 4. maí 1607, segir á sama hátt „Rædur svo Merkigil upp ad Jökli“. Sættargerð um landamerki Svaðbælis og Lambafells frá 1876 er í samræmi við þetta, miðar við „... merkigil upp í jökul“. Í landamerkjabréfi Svaðbælis (nú Þorvaldseyrar), dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, er merkjum þessum eins lýst, sjá kafla 6.18. Það bréf er áritað vegna Lambafellstorfu en bréf torfunnar er ekki áritað vegna Þorvaldseyrar. Í lögfestu Svaðbælis frá 1866 er nokkuð nánari lýsing á þessum merkjum þar sem segir svo: „fyrst ofan frá jökli niður í merki-gilið á millum Svaðbælis- og Lambafells heiðar, svo ræður lækurinn, sem í því rennur ofan heiðina; annars er landamerki Svaðbælis á þessa síðu það sama, sem Lambafells, hvers máldagi og lögfesta frá 4. Maí 1607 vottar að séu á milli þessara jarða ...“.

Samkvæmt landamerkjabréfi Lambafells 1892 eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Raufarfelli, að norðanverðu miðuð við „... gilið, sem er vestan við svo nefndar Raufafells-tungur, liggur svo markið eftir miðju gilinu í jökul“. Í lögfestu Lambafells frá 1607 er efnislega samhljóða lýsing á þessum merkjum þar sem segir „Fyrst liggur Merkið ofan frá Jökli í Raudastein, sem stendur í Laugarárgili ...“. Í landamerkjabréfi Raufarfells, dags. 16. mars 1886 eða 1887 og þingl. 21. júní 1887, er nánast samhljóða lýsing á merkjum Lambafells og Raufarfells og áður greindi. Landamerkjabréf Raufarfells er áritað vegna Lambafells en ekki gagnkvæmt. Eldri heimild um merki Raufarfells er einnig í samræmi við framangreint, sjá kafla 6.20.

Seljavellir (Lambafell) eiga einnig merki gagnvart Ystabælistorfu og Miðbælistorfu þegar sunnar dregur. Landamerkjabréf Lambafellstorfu er ekki áritað af hálfu þessara jarða. Landamerkjabréf Miðbælis, dags. 15. mars 1886 og þingl. 21. júní 1887, er hins vegar áritað af hálfu Lambafells og sama máli gegnir um landamerkjabréf Ystabælis, dags. 15. mars 1886 og þingl. 21. maí 1890. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerkjum Seljavalla (Lambafells), gagnvart Eyjafjallajökli, er þannig ekki lýst sérstak-

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

lega í heimildum um merki jarðarinnar og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðarinnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Lambafells frá 1892 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Lambafell. Fyrirliggjandi gögn benda til þess en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Lambafells er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Lambafells (Seljavalla) hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í tilviki þessarar jarðatorfu, sem og í tilvikum annarra sambærilegra jarðatorfa á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu, að landskiptagerðir sem fram hafa farið hafi þýðingu við mat á því óskipta fjallendi torfanna sem ekki hefur verið tekið undir viðkomandi skipti. Með vísan til niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, staðfestri með dómi hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, þar sem sambærilegum sjónarmiðum var haldið fram af ríkisins hálfu í tilviki Úthlíðartorfu í Bláskógabyggð, er sjónarmiðum í þessa veru hafnað. Niðurstöður landskiptagerða í þessa veru hafa því ekki, einar og sér, neina sérstaka eignarréttarlega þýðingu fyrir þann hluta lands sem skilið er eftir óskipt við landskipti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Seljavellir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1893, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Lambafells (Seljavalla) gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1893, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Seljavalla, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Seljavalla sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[1]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Seljavalla, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.20. Raufarfell

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Raufarfells, dags. 16. mars 1886 eða 1887 og þingl. 21. júní 1887.

Að Raufarfelli liggur til vesturs jörðin Seljavellir, áður Lambafell, og til austurs Rauðafell. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull og til suðurs Miðbælistorfa. Fjalllendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Norður af Raufarfellsbæjum eru grónar hlíðar undir hamrabelti Raufarfells sem nær í 760 m y.s. Að vestan sker Laugará sem rennur um gil uns heiðinni sleppir, þar tekur við gróið undirlendi sem liggur vestur og suður með Raufarfelli. Brött vesturhlíð Raufarfells nefnist Raufarfellsheiði austan Laugarár. Raufarfellsheiði nær að inn að Eyjafjallajökli. Innri hluti heiðarinnar er sundurskorinn af giljum. Innst og vestast í heiðinni liggja sundurskornar gróðurlitlar Raufafellstungur milli Laugarár og Tungnaár inn að Eyjafjallajökli. Land mætir jökli við Guðnanípu í um 1050 m y.s. Frá Raufarfellsbæjum til jökuls eru um 6 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því í 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E) og í Hornfellsnípu (punktur D). Á móti hafa eigendur Raufarfells I, II og III og Selkots lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.23.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Merkjalýsing Raufarfells nái til jökuls en óvissa sé um það hvar jökulrönd hafi legið þegar hún hafi verið gerð. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í yfir 600 metra hæð og lítt gróið. Árið 1967 hafi landi Raufarfells og Selkots verið skipt, að undanskildu heiðalandi og áraurum. Heiðarlandið sé samkvæmt því í óskiptri sameign, eins og öll afréttarlönd hérlendis sem ekki tilheyri einum aðila. Þessi landskiptagerð styðji kröfugerð ríkisins. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Raufarfells I, II, III og IV og Selkots, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Raufarfells, dags. 16. mars 1886 og þingl. 21. júní 1887. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Raufarfelli er rakin í kafla 5.18. Þar kemur fram að Raufarfells er getið í heimildum frá því á 12. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1] Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Raufarfells er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimild um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Raufarfelli. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Raufarfells verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Raufarfells er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 16. mars 1886 eða 1887 og þingl. 21. júní 1887. Auk þess er til eldri lýsing á merkjum Raufarfells, frá því um 1870. Lýsing þessi er varðveitt á Þjóðskjalasafni og mun skrifuð upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909. Þar segir að jörðin Raufarfell liggi „til Fjalls nærst fyrir austann Laugará, og liggur heidarland hennar til Jökuls og fram med Laugarárgili. Lambafells máldagi tiltekur landamerkid þannig: Fyrst liggur markid ofann frá Jökli í Raudastein sem stendur í Laugarárgili.“ Lýsing þessi var ekki undirrituð og samþykkt af þeim sem hagsmuna áttu að gæta og hefur því takmarkað heimildargildi.

Norðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í framangreindum heimildum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt norður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Raufarfells eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Lambafelli (nú Seljavöllum), að norðanverðu miðuð við „... gilið, sem er vestanvið svonefndan Raufarfellstungur, liggur svo markið eptir gilinu til jökuls“. Bréfið er áritað af hálfu Lambafells. Í áðurnefndri heimild frá því um 1870 er gert ráð fyrir því að jörðin Raufarfell liggi „til Fjalls nærst fyrir austann Laugará, og liggur heidarland hennar til Jökuls og fram med Laugarárgili. Lambafells máldagi tiltekur landamerkid þannig: Fyrst liggur markid ofann frá Jökli í Raudastein sem stendur í Laugarárgili.“ Í landamerkjabréfi Lambafells, dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893, er nánast samhljóða lýsing á merkjum Lambafells og Raufarfells og áður greindi, sbr. kafla 6.19. Bréfið er ekki áritað vegna Raufarfells. Lögfesta Lambafells frá 1607 er efnislega samhljóða lýsing á þessum merkjum þar sem segir „Fyrst liggur markid ofan frá Jökli í Raudastein, sem stendur í Laugarárgili, ...“

Samkvæmt landamerkjabréfi Raufarfells eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Rauðafelli, að norðanverðu miðuð við „... Högnaklett, og úr Högnaklett ræður eggin í yrpústungnahöfuð í jökul ...“ Bréfið er áritað vegna Rauðafells. Í áðurnefndri heimild frá því um 1870 er gert ráð fyrir því að Rauðafellslandeign liggi „samsyda Raufarfellslandi til Jökuls“. Í landamerkjabréfi Rauðafells, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, eru norðanverð merki gagnvart Raufarfelli einnig miðuð við Högnaklett og þaðan í jökul. Bréfið er áritað vegna Raufarfells. Eldri heimildir um merki Rauðafells eru í samræmi við þetta, sjá kafla 6.21.

Raufarfell á einnig merki gagnvart Miðbælistorfu þegar sunnar dregur. Landamerkjabréf Raufarfells er áritað af hálfu Miðbælistorfu. Þá er landamerkjabréf Miðbælis, dags. 15. mars 1886 og þingl. 21. júní 1887, einnig áritað af hálfu Raufarfells. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerkjum Raufarfells, gagnvart Eyjafjallajökli, er þannig ekki lýst sérstaklega í heimildum um merki jarðarinnar og þau þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðarinnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Lambafells frá 1886 eða 1887 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Raufarfell. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Raufarfells er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Raufarfells hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í tilviki þessarar jarðatorfu, sem og í tilvikum annarra sambærilegra jarðatorfa á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu, að landskiptagerðir sem fram hafa farið hafi þýðingu við mat á því óskipta fjallendi torfanna sem ekki hefur verið tekið undir viðkomandi skipti. Með vísan til niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, staðfestri með dómi hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, þar sem sambærilegum sjónarmiðum var haldið fram af ríkisins hálfu í tilviki Úthlíðartorfu í Bláskógabyggð, er sjónarmiðum í þessa veru hafnað. Niðurstöður landskiptagerða í þessa veru hafa því ekki, einar og sér, neina sérstaka eignarréttarlega þýðingu fyrir þann hluta lands sem skilið er eftir óskipt við landskipti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Raufarfell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886 eða 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki, sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar sem eigendur Raufarfells gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1886 eða 1887, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Raufarfells, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Raufarfells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[1]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Raufarfells, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.21. Rauðafell

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Rauðafells, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890.

Að Rauðafelli liggur til vesturs jörðin Raufarfell og til austurs er Hrútafell. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull og til suðurs eru Bakkakot og Drangshlíð. Fjalllendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Norður af Rauðafellsbæjum eru grónar hlíðar sem ná upp undir bratt Rauðafell (743 m y.s.). Austan Rauðafells fellur Kaldaklifsá um Kaldaklifsgil uns heiðinni sleppir. Brött austurhlíð Rauðafells nefnist Rauðafellsheiði vestan Kaldaklifsár. Nyrst eru sundurskornar og giljóttar Rauðafellstungur. Nyrst á Rauðafellstungum mætir land jökli í um 1000 m y.s. Fremra-Tungugil, sem er djúpt gil, skilur að Rauðafellstungur og Rauðafellsheiði en kjaftur gilsins er við Rana sem er á suðvesturenda Rauðafellstungnanna. Frá Rauðafellsbæjum til jökuls eru um 7 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því í 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E) og í Hornfellsnípu (punktur D). Á móti hafa eigendur Rauðafells I, II og III lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.24.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Merkjalýsing Rauðafells nái til jökuls en óvissa sé um það hvar jökulrönd hafi legið þegar hún hafi verið gerð. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í yfir 600 metra hæð og lítt gróið. Árið 1974 hafi landi Rauðafellstorfu verið skipt, að undanskildu heiðalandi og landi utan fyrirhleðslugarða. Heiðarlandið sé samkvæmt því í óskiptri sameign, eins og öll afréttarlönd hérlendis sem ekki tilheyri einum aðila. Þessi landskiptagerð styðji kröfugerð ríkisins. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Rauðafells I, II og III, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Rauðafells, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Rauðafelli er rakin í kafla 5.8. Þar kemur fram að Rauðafells er getið fyrst í frásögnum Landnámabókar sem raktar eru til 10. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1] Jafnframt eru fremur líkur

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Rauðafells er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Rauðafelli. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Rauðafells verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Rauðafells er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Auk þess eru til tvær eldri lýsingar á merkjum Rauðafells, frá því um 1850 og 1870. Lýsingar þessar eru varðveittar á Þjóðskjalasafni og munu skrifaðar upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909. Lýsingar þessar voru ekki undirritaðar og samþykktar af þeim sem hagsmuna áttu að gæta.

Norðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í framangreindum heimildum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt norður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Rauðafells eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Raufarfelli, að norðanverðu miðuð við „Högnaklett og þaðan sömu beina línu í jökul eftir Kálfskálaegg“. Landamerkjabréf Rauðafells er áritað af hálfu Raufarfells. Áðurnefndar lýsingar frá því um 1850 og 1870 eru í samræmi við landamerkjabréf Rauðafells frá 1890. Í landamerkjabréfi Raufarfells, dags. 16. mars 1886 eða 1887 og þingl. 21. júní 1887, er norðanverðum merkjum gagnvart Rauðafelli einnig lýst úr Högnakletti og í jökul. Landamerkjabréf Raufarfells er einnig áritað vegna Rauðafells. Eldri heimild um merki Raufarfells, frá því um 1870, fær vel samrýmst framangreindri lýsingu, sbr. kafla 6.20.

Samkvæmt landamerkjabréfi Rauðafells eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Hrútafelli, að norðanverðu miðuð við Kaldaklifsárgil „og ræður svo áin í gilinu allt til jökuls“. Bréfið er áritað vegna Hrútafells. Austurmerkjum Rauðafells er lýst með sama hætti í þeim uppskriftum Brynjólfs Tómassonar frá 1909, sem áður hefur verið gerð grein fyrir.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hrútafells eru merki jarðarinnar til vesturs að norðanverðu miðuð við „Háuþúfu við Kaldaklifsárgil og síðan ræður Kaldaklifsárgil og farvegur upp til jökuls vestan Þorvaldstungna“. Bréfið er áritað vegna Rauðafells. Eldri heimildir um merki Hrútafells eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.22.

Hér ber þess að geta að Kaldaklifsá á upptök sín í nokkrum kvíslum frá jökli. Á milli vestustu upptakakvíslar Kaldaklifsár og þeirrar kvíslar árinnar, sem fellur næst Þorvaldstungum að vestanverðu, eru aflíðandi heiðarlönd, nefnd Hólatungur og Borgartungur. Þeirra á milli rennur enn ein upptakakvísl Kaldaklifsár. Sunnan við Hólatungur og Borgartungur, eins og þær eru teiknaðar á kort Landmælinga Íslands og afmarkaðar í kröfugerð málsaðila, sameinast þessar kvíslar og afmarka tungurnar frá Hrútafelli. Rauðafell á merki að Hólatungum næst jökli en Hrútafelli sunnan Hólatungna. Samkvæmt þessu miðast merki Rauðafells og Hrútafells næst jökli hvort við sína kvíslina og þar á milli liggja Hólatungur og Borgartungur. Í samræmi við þetta segir í landamerkjabréfi Eyvindarhóla, dags. 14. janúar 1885 og þingl. 21. maí 1890, að merki Hólatungna til vesturs, þ.e.a.s. gagnvart Rauðafelli miðist við árgil vestan Rauðafellsheiðar.

Rauðafell á einnig merki gagnvart Bakkakoti og Drangshlíð, þegar sunnar dregur. Landamerkjabréf Rauðafells er áritað af hálfu Drangshlíðar. Þá er landamerkjabréf Bakkakots, dags. 16. mars 1886 og þingl. 21. júní 1887, einnig áritað af hálfu Rauðafells. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Norðurmerkjum Rauðafells, gagnvart Eyjafjallajökli, er þannig ekki lýst sérstaklega í heimildum um merki jarðarinnar og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðarinnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Rauðafells frá 1887 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Rauðafell. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Rauðafells er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Rauðafells hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í tilviki þessarar jarðatorfu, sem og í tilvikum annarra sambærilegra jarðatorfa á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu, að landskiptagerðir sem fram hafa farið hafi þýðingu við mat á því óskipta fjallendi torfanna sem ekki hefur verið tekið undir viðkomandi skipti. Með vísan til niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, staðfestri með dómi hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, þar sem sambærilegum sjónarmiðum var haldið fram af ríkisins hálfu í tilviki Úthlíðartorfu í Bláskógabyggð, er sjónarmiðum í þessa veru hafnað. Niðurstöður landskiptagerða í þessa veru hafa því ekki, einar og sér, neina sérstaka eignarréttarlega þýðingu fyrir þann hluta lands sem skilið er eftir óskipt við landskipti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Rauðafell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Rauðafells gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1887, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Rauðafells, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Rauðafells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[1]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Rauðafells, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.22. Hrútafell, Hólatungur og Borgartungur

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hrútafells, dags. 14. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, ásamt Hólatungum og Borgartungum sem kröfugerð eigenda Hrútafells, Eyvindarhóla og Stóru-Borgar tekur einnig til.

Að Hrútafelli liggur til vesturs jörðin Rauðafell og til austurs eru Drangshlíð og Skarðshlíð. Að norðanverðu eru Hólatungur, Borgartungur, Eyjafjallajökull og Goðaland en til suðurs eru Eyvindarhólar. Fjalllendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Upp frá bæjarstæði Hrútafells rís landið skarpt með 200 m háum móbergshöfða sem gengur fram suðvestur úr Drangshlíðarfjalli og nefnist Hrútafell. Norðan Drangshlíðarfjalls liggur aflíðandi Hrútafellsheiðin og vestan við innanverða heiðina eru Borgartungur, Hólatungur og Þorvaldstungur í 500-900 m hæð. Norðar taka við undirhlíðar Eyjafjallajökuls og nefnist þar einu nafni Hraunin inn að Fimmvörðuhálsi sem er í um 1000 m y.s. milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls. Frá bæjarstæði Hrútafells inn að Fimmvörðuhálsi eru um 13 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því í 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E) og í Hornfellsnípu (punktur D). Á móti hefur eigandi Hrútafells lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Þá krefjast eigendur jarðarinnar Eyvindarhóla þess að Hólatungur verði viðurkenndar sem beitarítak „með tilteknum merkjum innan Hrútafellsheiðar og eigendur jarðarinnar Stóru-Borgar krefjast þess að Borgartungur verði viðurkenndar sem beitarítak“ með tilteknum merkjum innan Hrútafellsheiðar. Báðir hinir síðastnefndu aðilar „viðurkenna að öðru leyti eign Hrútafells að Tungunum“. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.25, 3.26 og 3.27.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár (Kaldaklifsár) og Jökulsár að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum, beri sönnunarbyrði fyrir því. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám. Í forsendum dóms um landamerki Hrútafells og Drangshlíðarjarða frá 1913 komi fram að í málinu væru engin skjalleg skilríki til að byggja á með nokkurri vissu hver væru rétt merki. Ekki væri á öðru að byggja en vitnisburðum lifandi manna en þeir væru mjög mismunandi. Árið 1954 hafi landi Hrútafells verið skipt. Heiðarlandið sé samkvæmt því í óskiptri sameign eins og öll afréttarlönd hérlendis sem ekki tilheyri einum aðila. Þessi landskiptagerð styðji kröfugerð ríkisins. Þá er vísað til H 1994 117 (Fimmvörðuháls) sem lokið hafi með frávísunardómi. Í forsendum Hæstaréttar segi m.a. að mjög sé á reiki sé hvar jökulbrúnin hefjist, óvíst sé hvar norðurmörk jarðarinnar Hrútafells liggi og engar heimildir liggi fyrir um að fé hafi fundið beit á þessu svæði. Þá sé ágreiningur í málinu um staðarmörk sveitarfélaga og mörk milli heimalanda, afrétta og hálendis. Þetta styðji allt kröfugerð ríkisins nú.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Þá er því haldið fram af hálfu íslenska ríkisins að Hólatungur og Borgartungur séu afréttarsvæði sem tilheyri annars vegar Eyvindarhólum og hins vegar Stóru-Borg. Um þessi svæði gildi sömu eignarréttarreglur og um afrétti almennt. Þar sé enginn þinglýstur eigandi og af svæðunum hafi einungis verið höfð beitarafnot. Þegar harðast hafi verið í ári hafi jökull flætt yfir hluta þessara svæða. Ríkið geri kröfu til þess að hér sé um þjóðlendu að ræða en viðurkenni afréttarrétt þeirra jarða sem hann hafi tilheyrt.

Af hálfu eiganda Hrútafells, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Hrútafells, dags. 14. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890. Að vestanverðu sé eðlilegt að miða við aðalkvísl Kaldaklifsár. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annað hvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Af hálfu eigenda Eyvindarhóla annars vegar og Stóru-Borgar hins vegar, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að Hólatungur séu beitarítak Eyvindarhóla í landi Hrútafells og Borgartungur séu beitarítak Stóru-Borgartorfunnar, einnig í landi Hrútafells. Þessu til stuðnings er vísað til landamerkjaskrár fyrir Eyvindarhóla og Hólatungur, dags. 14. janúar og 27. apríl 1885 og skrásetningar yfir landamerki Stóru-Borgar, Klömbru, Minni-Borgar og Sitjanda, dags. 25. febrúar 1886.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Hrútafelli er rakin í kafla 5.19. Þar kemur fram að Hrútafells er getið í heimildum frá því á 17. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1] Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hrútafells, Hóla- og Borgartungna er lýst í fyrirliggjandi landamerkjabréfum og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur til norðurmerkja og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hrútafells, Hóla- og Borgartungna verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða sem til umfjöllunar eru.

Landamerkjum Hrútafells er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 14. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890. Einnig er til lýsing Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli á merkjum Hrútafells og Drangshlíðar (Skarðshlíðar) frá 5. ágúst 1909. Þá er til dómur Landsyfirréttar frá 24. október 1910 um merki Skarðshlíðar, Drangshlíðar og Drangshlíðardals annars vegar og Hrútafells og Hrútafellskots hins vegar.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Hrútafells. Samkvæmt landamerkjabréfi Hrútafells eru merki jarðarinnar til vesturs að norðanverðu miðuð við „Háuþúfu við Kaldaklifsárgil og síðan ræður Kaldaklifsárgil og farvegur upp til jökuls vestan Þorvaldstungna“. Bréfið er áritað vegna Rauðafells. Í landamerkjabréfi Rauðafells, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, eru norðanverð merki einnig miðuð við Kaldaklifsárgil „og ræður svo áin í gilinu allt til jökuls“. Bréfið er áritað vegna Hrútafells. Eldri heimildir um merki Rauðafell eru í samræmi við framangreint, sjá nánar í kafla 6.21.

Hér ber þess að geta að Kaldaklifsá á upptök sín í nokkrum kvíslum frá jökli. Á milli vestustu

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

upptakakvíslar Kaldaklifsár og þeirrar kvíslar árinnar, sem fellur næst Þorvaldstungum að vestanverðu, eru aflíðandi heiðarlönd, nefnd Hólatungur og Borgartungur. Þeirra á milli rennur enn ein upptakakvísl Kaldaklifsár. Sunnan við Hólatungur og Borgartungur, eins og þær eru teiknaðar á kort Landmælinga Íslands og afmarkaðar í kröfugerð málsaðila, sameinast þessar kvíslar og afmarka tungurnar frá Hrútafelli. Rauðafell á merki að Hólatungum næst jökli en Hrútafelli sunnan Hólatungna. Samkvæmt þessu miðast merki Rauðafells og Hrútafells næst jökli við sitt hvora kvíslina og þar á milli liggja Hólatungur og Borgartungur. Ekki er gerð sérstök grein fyrir Hólatungum og Borgartungum í heimildum um merki Hrútafells. Um þessi landsvæði er hins vegar fjallað í heimildum um þær jarðirnar Eyvindarhóla og Stóru-Borg. Landamerkjabréf Hrútafells er ekki áritað vegna Eyvindarhóla eða Stóru-Borgar.

Í landamerkjabréfi Eyvindarhóla, dags. 14. janúar 1885 og þingl. 21. maí 1890, segir þannig að merki Hólatungna til vesturs, austurs og suðurs, þ.e.a.s. gagnvart Rauðafelli, Borgartungum og Hrútafelli, miðist öll við árgil, hið fyrstnefnda nánar tiltekið milli Hólatungna og Rauðafellsheiðar og hið síðastnefnda norðan við Hrútafellsheiði. Jafnframt er sérstaklega tekið fram að takmark Hólatungna að norðan sé „Eyjafjallajökullinn“. Landamerkjabréf Eyvindarhóla er áritað af hálfu Hrútafellstorfu. Eldri heimildir eru í samræmi við þetta. Í vísitasíum Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 og 1662 og brauðamati Eyvindarhóla 1855 eru Hólatungur þannig sagðar „norður j Heidinne“, „milli Hrutafellsheidar og Raufarfellsheidar“, og „nordan vid Hrutafellsheidi“.

Í landamerkjabréfi Stóru-Borgar o.fl., dags. 25. febrúar 1886 og þingl. 21. júní 1887, segir svo: „Beitarítak fylgir jörðinni, nefnt Borgartangar og meina menn það liggi innan Hrútafells-landamerkja.“ Bréfið er áritað af hálfu Hrútafells. Telja verður líklegt að hér sé átt við Borgartungur. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er einnig fjallað um merki Borgartungna þar sem segir „sígur Eyjafjallajökull á þetta takmark og spillir smámsaman“. Af þessu orðalagi er ljóst að svæðið hefur legið upp að jökli.

Í kröfugerð eigenda Hrútafells er gert ráð fyrir að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur þeirra nái til Hóla- og Borgartungna. Kröfugerð eigenda Eyvindarhóla vegna Hólatungna og Stóru-Borgar vegna Borgartungna er í samræmi við þetta. Einungis eru gerðar kröfur um beitarítök með tilteknum merkjum en „viðurkennd að öðru leyti eign Hrútafells að Tungunum“.

Svo sem að framan greinir kveður landamerkjabréf Hrútafells 1886 hins vegar skýrt á um það að vesturmerki jarðarinnar miðist við Kaldaklifsárgil og „farveg upp til jökuls vestan Þorvaldstungna“. Hóla- og Borgartungur eru vestan við umræddan farveg og liggja þannig utan við landamerkjalýsingu Hrútafells. Sé litið til landamerkjabréfs Eyvindarhóla 1885 fær þessi ályktun vel staðist. Óljóst orðalag í landamerkjabréfi Stóru-Borgar 1886, á þá leið að „menn meini“ að „Borgartangar“ liggi „innan Hrútafells-landamerkja“, ræður ekki úrslitum um þetta atriði. Krafa eigenda Hrútafells um að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur nái til Hólatungna og Borgartungna verður því ekki talin geta stuðst við lýsingu landamerkjabréfa Hrútafells, Eyvindarhóla eða Stóru-Borgar en um önnur þau atriði sem kröfu þessa varða er fjallað hér á eftir.

Verður þá næst fjallað um austurmerki Hrútafells. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1886 segir að merki hennar til austurs, gagnvart Drangshlíð (Skarðshlíð), miðist að norðanverðu við „Þorláksnýpu og þaðan í yxnadalsöx, þaðan beint í Hornfellsnýpu og þaðan í Fimmvörðuháls“. Bréfið var áritað af hálfu Skarðshlíðar en ekki Drangshlíðar. Lýsing Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli frá 1909 miðar einnig við „Finnvarðarháls“ auk þess sem tekið er fram að það sé „við Jökul“. Tekið skal fram að lýsing þessi var ekki undirrituð og samþykkt af öðrum þeim sem hagsmuna áttu að gæta og hefur því takmarkað heimildargildi. Dómur aukaréttar Rangárvallasýslu frá 24. október 1910, sbr. dóm Landsyfirréttar 31. mars 1913, um landamerki milli Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal á aðra hlið og Hrútafells með Hrútafellskoti á hina hlið“ er í samræmi við þetta, þó þannig að frá Hornfellsnýpu er dregin lína í jökul en ekki í Fimmvörðuháls eins og í landamerkjabréfinu.

Landamerkjabréf Drangshlíðar, að meðtöldum Drangshlíðardal og Skarðshlíð, dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890, er í samræmi við framangreindan dóm og sama máli gegnir um lýsingu Brynjólfs Tómassonar á landamerkjum Drangshlíðar og Skarðshlíðar frá því um 1870, sbr. kafla 6.23.

Hrútafell á einnig merki gagnvart Eyvindarhólum þegar sunnar dregur. Um landamerkjabréf Eyvindarhóla er þegar fjallað, þ. á m. áritun af hálfu Hrútafellstorfu Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Hrútafells, Hóla- og Borgartungna og aðliggjandi landsvæða til vesturs og austurs. Þá er að auki greint frá lýsingu á norðurmörkum Hólatungna, þ.e. Eyjafjallajökli, en norðurmörkum Hrútafells og Borgartungna er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Þarfnast það atriði nánari athugunar. Í kröfugerð jarðeigenda er gert ráð fyrir að merki svæðanna, beinn eignarréttur eigenda Hrútafells, ítaksréttur eigenda Eyvindarhóla í Hólatungum og ítaksréttur eigenda Stóru-Borgar í Borgartungum nái upp að jaðri jökulsins og á Fimmvörðuhálsi að línu sem dregin er frá austri til vesturs á milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls um Þrívörðusker þar sem það er hæst. Jafnframt er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Samkvæmt framangreindu er vesturmerkjum Hrútafells lýst til jökuls og austurmerkjum „í Fimmvörðuháls“. Þar fyrir norðan er Goðaland sem um er fjallað í kafla 6.7. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að heimildir um merki Goðalands bendi til þess að merki þess næðu upp að jökli. Kröfugerð Rangárþings eystra fyrir hönd eigenda lögbýla í Austur-Eyjafjallahreppi miðar suðurmerki Goðalands, á Fimmvörðuhálsi, við sömu línu og kröfugerð eigenda Hrútafells. Í kröfugerð Prestsetrasjóðs eru merki hins vegar dregin töluvert norðar.

Hér ber þess að geta að á Fimmvörðuhálsi, á milli stóru jöklanna tveggja, hefur ekki verið jökull um áratugaskeið. Heimildir eru hins vegar um að þar hafi verið samfelldur jökull fram á fyrri hluta 20. aldar. Í greinargerð Odds Sigurðssonar jarðfræðings, sjá skjal nr. 10(1), eru þó færð fyrir fram rök gegn því að jökull, samkvæmt skilgreiningu þess hugtaks, hafi verið á Fimmvörðuhálsi til þess tíma en fönn kunni að hafa hulið hálsinn.

Með hliðsjón af framangreindu telur óbyggðanefnd að landamerkjabréf Hrútafells, sbr. einnig dóm Landsyfirréttar 1913, bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Jökull eða heilsársfannir hafa að langmestu leyti afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Úrlausn þess álitaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls á þessu svæði hafi á merki milli Hrútafells og Goðalands fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland beggja vegna verður að útkljá ágreininginn eftir öðrum leiðum. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar verður um eignarréttarlega stöðu Hrútafells og Goðalands.

Þá telur óbyggðanefnd ljóst að Hólatungur afmarkist einnig af jökli til norðurs enda skýrt tekið fram í landamerkjabréfi Eyvindarhóla. Hið sama verður talið eiga við um Borgartungur enda afmarkaðar af giljum og ám sem eiga upptök í jökli.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir jarðirnar Hrútafell, Eyvindarhóla og Stóru-Borg. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Hrútafells og Hólatungna sé þar rétt lýst, svo langt sem þær lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er að mestu afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Hrútafells er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið

í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að rétthafar að viðkomandi landsvæðum hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Hrútafells. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu Hólatungna og Borgartungna.

Þess ber fyrst að geta að í H 1994:117 var deilt um norðurmörk Hrútafells vegna fjallaskála á Fimmvörðuhálsi. Ekki var lagður efnisdómur á málið og staðfesti Hæstiréttur frávísun héraðsdóms vegna vanreifunar. Í forsendum Hæstaréttar kom fram að vafi væri um norðurmörk Hrútafells og mjög væri á reiki hvar jökulbrún hæfist. Úr slíkum vafamálum er þjóðlendulögum hins vegar ætlað að leysa. Við þá efnisúrlausn verður engin stoð sótt í framangreindan dóm.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hrútafell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Yfirlýsing eigenda og ábúenda Hrútafells, Drangshlíðar, Drangshlíðardals og Skarðshlíðar, dags. 31. maí 1894 og þingl. 1. júní 1894, þess efnis að fyrirbjóða upprekstur á heiðarland téðra jarða, milli Kaldaklifsár og Skógarár, styður þetta.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér skipti máli. Engar heimildir eru um að land innan marka Hrútafells hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Hrútafells hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1886, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Ekki eru hins vegar efni til að land undir smájöklum og heilsársfönnum, sem skilist hafa frá jökulbreiðunni, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað það land sem utan jökulrandar er. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Hrútafells, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Eftir er þá að taka afstöðu til merkja Hrútafells, sem samkvæmt framangreindu er eignarland, og Goðalands en í kafla 6.7 er komist að þeirri niðurstöðu að það sé þjóðlenda. Óbyggðanefnd telur ljóst af framangreindu að snjór hafi að staðaldri hulið Fimmvörðuháls í lok 19. aldar þegar landamerkjabréf Hrútafells og Goðalands voru gerð. Í því sambandi verður ekki talið skipta máli hvort um jökul hefur verið að ræða eður ei. Svæði þetta hefur nú verið jökullaust um áratugaskeið og merki á milli Goðalands og Hrútafells verða því ekki lengur miðuð við jökuljaðar eða snjólínu. Með hliðsjón af framangreindu og staðháttum á svæðinu telur óbyggðanefnd eðlilegt að miða umrædd merki við þá línu sem miðað er við í kröfugerð jarðeigenda vegna Hrútafells og Rangáþings eystra fyrir hönd eigenda lögbýla í Austur-Eyjafjallahreppi vegna Goðalands.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Hrútafells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[2]

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Verður þá tekin afstaða til kröfu eigenda Hrútafells, Eyvindarhóla og Stóru-Borgar til Hólatungna og Borgartungna sem samkvæmt framangreindu er utan merkja Hrútafells.

Svo sem áður greinir eru Hólatungur landfræðilega aðskildar frá Hrútafelli og Borgartungum með giljum og árfarvegum. Þá eru Borgartungur með sama hætti landfræðilega aðskildar frá Hólatungum og Hrútafelli. Áður var komist að þeirri niðurstöðu að heimildir bendi til þess að tungurnar falli utan landamerkja Hrútafells. Þegar fjallað er um þessi landsvæði í heimildum er það fyrst og fremst í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Þannig segir í landamerkjabréfi Eyvindarhóla frá 1885 að Hólatungur séu „(sem ítak) lambaafréttur Eyvindarhólatorfunnar“ og eigendur Hrútafellstorfu árita þetta skjal um samþykki sitt. Hólatungur eru einnig nefndar „ítak“ í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641, sagðar „halldast enn under til Lamba og Gelldfiárreksturs“ í vísitasíu sama biskups 1662 og kallaðar „lambaafréttur“ í brauðamati Eyvindarhóla frá 1855. Í landamerkjabréfi Stóru-Borgar o.fl. frá 1886 segir að „beitarítak“ fylgi jörðinni, „nefnt Borgartangar“. Í vísitasíu Brynjólfs Sveinssonar frá 1641 segir að kirkjan að Borg „eigi“ Borgartungur en í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 eru Borgartungur nefndar „Afrjettar ítak“ og taldar fyrir 50 lömb.

Óbyggðanefnd telur að framangreindar heimildir um rétt Eyvindarhóla og Stóru-Borgar til Hólatungna og Borgartungna bendi þannig ótvírætt til þess að þessar jarðir hafi átt þar beitarrétt en ekki beinan eignarrétt.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Hólatungur og Borgartungur séu innan upphaflegs landnáms undir Eyjafjöllum eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Af hálfu eigenda Hrútafells, Eyvindarhóla og Stóru-Borgar hefur ekki verið sýnt fram á að Hólatungur og Borgartungur séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar til þess að jarðirnar Eyvindarhólar og Stóra-Borg hafi átt þar upprekstrarrétt.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hrútafells, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þau sem nefnd eru Hólatungur og Borgartungur, svo sem þau eru afmörkuð hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá jaðri Eyjafjallajökuls, þaðan sem áin í gilinu vestan Þorvaldstungna kemur undan Eyjafjallajökli og þangað sem hún rennur saman við ána úr Kaldaklifsárgili, austan Rauðafellstungna. Þaðan er hinni síðarnefndu á fylgt norður að upptökum sínum við jökul. Innan þessa svæðis eru Hólatungur að vestanverðu og Borgartungur að austanverðu og þar skilur á milli á sú sem rennur frá jökli á milli hinna tveggja. Á milli fyrrnefndra tveggja punkta við jaðar Eyjafjallajökuls, vestan Þorvaldstungna og austan Rauðafellstungna, er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Hólatungur eru í afréttareign eigenda jarðarinnar Eyvindarhóla og Borgartungur í afréttareign eigenda jarðarinnar Stóru-Borgar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þeirra svæða sem samkvæmt framangreindu eru í afréttareign, að því leyti sem þau liggja að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að þar er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. lag-

anna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

6.23. Drangshlíð, Drangshlíðardalur og Skarðshlíð

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Drangshlíðar, að Drangshlíðardal og Skarðshlíð meðtöldum, dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890.

Að Drangshlíðartorfu liggur til vesturs jörðin Hrútafell og til austurs eru Ytri-Skógar. Að norðanverðu er Mýrdalsjökull og til suðurs Eyvindarhólar. Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Skörp landfræðileg skil eru á milli undirlendis og heiðarlanda. Til norðurs ofan byggðarinnar rís bratt og hömrum girt Drangshlíðarfjall 476 m y.s. og norðar liggur gróin Drangshlíðarheiðin. Ofan heiðarinnar hækkar land og við taka Landnorðursbungur sem eru undirhlíðar jökulsins uns land mætir jökulröndinni í um 1000 m hæð við Fimmvörðuháls. Frá bæjarstæði Drangshlíðar til jökuls eru u.þ.b. 13 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því í 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E), yfir í Hornfellsnípu (punktur D) og áfram í punkt C sem er efst í Hofsárgili. Á móti hafa eigendur Drangshlíðar I-II, Drangshlíðardals og Skarðshlíðar I-III lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Mýrdalsjökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.28.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár og Jökulsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Drangshlíðar, dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890. Landamerki hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Loks er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Drangshlíðartorfu er rakin í köflum 5.20.-5.21 Þar kemur fram að Drangshlíðar og Skarðshlíðar er getið í heimildum frá því á 14. öld og sagnir um Drangshlíð má rekja enn lengra aftur. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.[1] Dragnshlíðardalur er stofnaður úr landi Drangshlíðar á 19. öld. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Drangshlíðartorfu er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að jarðatorfunni. Athugun þessi tekur til norðurmerkja hennar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska rík-

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

isins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Drangshlíðartorfu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Drangshlíðar, að meðtöldum Drangshlíðardal og Skarðshlíð, er lýst í landamerkjabréfi jarðatorfunnar, dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890. Einnig er til lýsing á merkjum Drangshlíðar og Skarðshlíðar frá því um 1870, varðveitt á Þjóðskjalasafni og mun skrifuð upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909. Lýsing þessi er ekki undirrituð af öðrum þeim sem hagsmuna áttu að gæta og hefur því takmarkað heimildargildi. Sama máli gegnir um bréf fyrirsvarsmanna Skarðshlíðar frá 28. júní 1777, þar sem gerð er grein fyrir ágreiningi við ábúendur Ytri-Skóga. Þá er til dómur Landsyfirréttar frá 24. október 1910 um merki Skarðshlíðar, Drangshlíðar og Drangshlíðardals annars vegar og Hrútafells og Hrútafellskots hins vegar.

Norðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í framangreindum heimildum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt norður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Drangshlíðartorfu 1885 liggja vesturmerki torfunnar, gagnvart Hrútafelli, „... í Þorláksnýpu og svo sjónhending úr Þorláksnýpu í stóra steininn í Yxnadalsöxl, úr steininum er sjónhending í Hornfellsnýpu, og þaðan sömu sjónhending í jökul“. Bréfið er áritað af hálfu Hrútafells. Dómur aukaréttar Rangárvallasýslu frá 24. október 1910, sbr. dóm Landsyfirréttar 31. mars 1913, um landamerki milli Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal á aðra hlið og Hrútafells með Hrútafellskoti á hina hlið er í samræmi við þetta. Sama máli gegnir um lýsingu Brynjólfs Tómassonar á landamerkjum Drangshlíðar og Skarðshlíðar frá því um 1870.

Í landamerkjabréfi Hrútafells, dags. 14. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, eru norðanverð merki gagnvart Drangshlíðartorfu miðuð við „Þorláksnýpu og þaðan í yxnadalsöx, þaðan beint í Hornfellsnýpu og þaðan í Fimmvörðuháls“, sbr. kafla 6.22. Bréfið var áritað af hálfu Skarðshlíðar en ekki Drangshlíðar. Lýsing Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli frá 1909 miðar einnig við „Finnvarðarháls“ auk þess sem tekið er fram að það sé „við Jökul“.

Verður þá næst litið til austurmerkja Drangshlíðarjarða, gagnvart Ytri-Skógum. Samkvæmt landamerkjabréfi Drangshlíðartorfu miðast norðanverð austurmerki, gagnvart Ytri-Skógum, við Skógá, sem „ræður merki frá jökli allt fram að Skóganúp“. Bréfið er ekki áritað vegna Ytri-Skóga. Lýsing Brynjólfs Tómassonar á landamerkjum Drangshlíðar og Skarðshlíðar frá því um 1870 miðar einnig við að Skógá skilji „áinn heidarlöndin í Jökul nordur“. Í bréfi fyrirsvarsmanna Skarðshlíðar frá 1777 kemur einnig fram sú skoðun þeirra að „... Dalurin [þ.e. Drangshlíðardalur] og Heidenn öll fyrer vestan Skogaá hafe fillgt Dráng‹s›hlyd allt nordur ad Drangshlydar Botnum, hvar Hrutfells Land tekur vid ... “

Landamerkjum Ytri-Skóga til vesturs er lýst í landamerkjabréfi jarðatorfunnar, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890. Bréfið er ekki áritað vegna Drangshlíðarjarða en samkvæmt því miðast norðanverð austurmerki við „... Skógargilið sem liggur fyrst til norðurs, þar eftir til austurs að landnorðurstunguánni, sem rennur fyrir vestan Landnorðurtungur undan jökli, landamerki millum Ytri-Skóga og Drangshlíðar heiðarlands.“ Eldri heimildir eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.24. Lýsingar á merkjum Ytri-Skóga og Drangshlíðar fá þannig ágætlega samrýmst.

Drangshlíðartorfa á einnig merki gagnvart Eyvindarhólum þegar sunnar dregur. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerkjum Drangshlíðartorfu, gagnvart Mýrdalsjökli, er þannig ekki lýst sérstaklega í heimildum um merki jarðarinnar og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðatorfunnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Drangshlíðartorfu frá 1885 bendi ótvírætt til þess að eigendur hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á

vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Drangshlíð, að meðtöldum Drangshlíðardal og Skarðshlíð. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Drangshlíðartorfu er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðatorfunnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Drangshlíðartorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jarðatorfan Drangshlíð, Drangshlíðardalur og Skarðshlíð hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Viðbrögð fyrirsvarsmanna Skarðshlíðar árið 1777 við beitarnotum Ytri-Skóga á landi fyrir vestan Skógará styðja þetta og sama máli gegnir um yfirlýsingu eigenda og ábúenda Drangshlíðar, Drangshlíðardals, Skarðshlíðar og Hrútafells, dags. 31. maí 1894 og þingl. 1. júní 1894, þess efnis að fyrirbjóða upprekstur á heiðarland téðra jarða, milli Kaldaklifsár og Skógarár. Ummæli í lýsingu Brynjólfs Tómassonar frá því um 1870, á þá leið að í Drangshlíðardal sé „bygd kominn fyrir fáum árum frá Drángshlíd“ og að dalur þessi hafi lagst til Drangshlíðar „eptir á, árid 1689“ segja ekki til um eignarréttarlega stöðu landsins áður en þar var sett niður byggð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér skipti máli. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Þá verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Drangshlíðartorfu gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1885, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Ekki eru hins vegar efni til að land undir smájöklum og heilsársfönnum sem skilist hafa frá jökulbreiðunni hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað það land sem utan jökulrandar er. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Drangshlíðartorfu, innan jaðars meginjökulsins, sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Drangshlíðar, Drangshlíðardals og Skarðshlíðar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[1]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Drangshlíðar, Drangshlíðardals og Skarðshlíðar, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.24. Ytri-Skógar

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi fyrir Ytri-Skóga, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, að teknu tilliti til sáttargjörðar um Skógafjall og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902. Um Skógafjall, sbr. afmörkun þess í framangreindri sáttargjörð, er fjallað sérstaklega í kafla 6.25.

Að Ytri-Skógum liggja til vesturs Drangshlíðartorfa og Eyvindarhólar. Til austurs eru Eystri-Skógar en austan þeirra er Skógarfjall. Að norðanverðu er Mýrdalsjökull og til suðurs haf. Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er flatt undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Til suðurs breiðir úr sér flatur og nokkuð gróinn Skógasandurinn og til norðurs ofan byggðarinnar rís hlíðin upp á gróna og talsvert sundurskorna Skógaheiðina. Ofar hækkar land jafnt og þétt og við taka undirhlíðar jökulsins uns land mætir jökulröndinni í um 1000 m hæð. Um 7 km (í beinni loftlínu) suður af jökli eru Kambfjöll í um 620 m y.s. Frá bæjarstæði Ytri-Skóga til jökuls eru u.þ.b. 11 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Hornfellsnípu (punktur D) og efst í Hofsárgil (punktur C). Á móti hafa eigendur Ytri-Skóga lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.29.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár (Kaldaklifsár) og Jökulsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Ytri-Skóga, og að auki Eystri-Skóga að því er varðar Skógafjall, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða og afrétta hafi ævinlega smalað sínar jarðir og afrétt. Vísað er til landamerkjabréfs Ytri-Skóga, dags. 22. maí og þingl. 21. maí 1890, og samnings um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14. desember 1899, staðfestur af stiftsyfirvöldum 14. september 1901 og þingl. 29. maí 1902. Landamerki Ytri-Skóga hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Að því er varðar Skógafjall er einnig vísað framangreinds til samnings frá 14. desember 1899. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá, teljist til eignarlands verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Ytri-Skógum er rakin í kafla 5.22. Þar kemur fram að Skóga (Ytri-Skóga) er getið í heimildum frá því um 1200 en sagnir um búsetu þar má rekja enn lengra aftur. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1]

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Ytri-Skóga er lýst í landamerkjabréfi hennar, samningi um Skógafjall og merki Skógajarða 1899 og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur til norðurmerkja og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Ytri-Skóga verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á merkjum Ytri-Skóga er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890. Lýst er merkjum til vesturs og austurs og sérstök grein gerð fyrir afmörkun „Ytri-Skóga-afréttar sem nefnist Skógafjall“ gagnvart Eystri-Skógum og Hvítmögu. Áður höfðu fyrirsvarsmenn Ytri-Skóga og Ytri-Sólheima einnig ritað undir lýsingu á merkjum milli „afrjettanna“ Skógafjalls og Hvítmögu, þ.e.a.s. austurmerkjum Skógafjalls, dags. 14. júní 1885 og þingl. 22. júní 1885. Fyrirsvarsmenn Ytri-Skóga og Eystri-Skóga gera síðan með sér samning um Skógafjall, „afréttarland Skóga“, og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902. Lýst er annars vegar merkjum Skógafjalls gagnvart Eystri-Skógum og Hvítmögu og hins vegar merkjum á milli Ytri- og Eystri-Skóga. Heimildum þessum ber ekki að öllu leyti saman, auk þess sem lýsingar á norðurmerkjum eru takmarkaðar. Ástæða er því til að huga nánar að þessum atriðum.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Ytri-Skóga, gagnvart Drangshlíðarjörðum. Samkvæmt landamerkjabréfi Ytri-Skóga, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, miðast norðanverð vesturmerki við „... Skógargilið sem liggur fyrst til norðurs, þar eftir til austurs að landnorðurstunguánni, sem rennur fyrir vestan Landnorðurtungur undan jökli, landamerki millum Ytri-Skóga og Drangshlíðar heiðarlands.“ Bréfið er ekki áritað vegna Drangshlíðarjarða.

Landamerkjum Drangshlíðar, að meðtöldum Drangshlíðardal og Skarðshlíð, er lýst í landamerkjabréfi jarðatorfunnar, dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890. Bréfið er ekki áritað vegna Ytri-Skóga en samkvæmt því miðast norðanverð austurmerki, gagnvart Ytri-Skógum, við Skógá, sem „ræður merki frá jökli allt fram að Skóganúp“. Eldri heimildir um merki Drangshlíðar og Skarðshlíðar styðja þetta, sbr. kafla 6.23. Lýsingar á merkjum Ytri-Skóga og Drangshlíðar fá þannig ágætlega samrýmst.

Verður þá næst litið til austurmerkja Ytri-Skóga, gagnvart Eystri-Skógum. Hér ber þess fyrst að geta að á ódagsettum seðli, sem er að finna í jarðabókargögnum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, segir að engin landamerki séu á millum þessara jarða. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Ytri-Skóga, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, eru norðanverð austurmerki, gagnvart Eystri-Skógum, miðuð við Dalagil og síðan Hnaukagil, sem ráði mörkum á milli „Ytri og Eystri-Skóga heiðarlanda meðan nokkur þess farvegsmerki eru“. Merkjum er því næst lýst til landnorðurs (norðausturs) inn á Bolagilstanga í vesturbrún Fjallgils. Síðan segir svo: „Bolagil afmarkar Ytri-Skóga heiðarlönd (sem kallast Sultartungur) frá Eystriskógaheiði austur að Fjallgili ...“ Þá er í beinu framhaldi sérstaklega fjallað um merki „Ytri-Skóga afrjettar, sem nefnist Skógafjall ...“, svo sem nánar verður gerð grein fyrir síðar. Bréfið er ekki áritað af hálfu Eystri-Skóga.

Í kafla 6.25. er gerð grein fyrir lýsingum fyrirsvarsmanna Eystri-Skóga á vesturmerkjum þeirrar jarðar, gagnvart Ytri-Skógum, lögfestu frá 1839 og tveimur landamerkjabréfum frá 1885. Þessar heimildir gera í megindráttum ráð fyrir að merkin liggi frá Dalagili og í jökul. Bréfin eru ekki árituð af hálfu Ytri-Skóga.

Ljóst er af framangreindu að fyrirsvarsmenn Ytri- og Eystri-Skóga hafa deilt um merki jarða sinna og Skógafjall sérstaklega í því sambandi. Um merki Skógafjalls sérstaklega er fjallað í kafla 6.25. Þar er m.a. gerð grein fyrir lýsingu fyrirsvarsmanna Ytri-Skóga og Ytri-Sólheima, án aðildar

Eystri-Skóga, á merkjum milli „afrjettanna“ Skógafjalls og Hvítmögu, þ.e.a.s. austurmerkjum Skógafjalls, dags. 14. júní 1885 og þingl. 22. júní 1885. Landamerkjabréf Eystri-Skóga eru gerð nokkrum mánuðum síðar. Í landamerkjabréfi Ytri-Skóga frá 1886 er síðan gert ráð fyrir því að merki Ytri-Skóga liggi þvert yfir það landsvæði sem lýst er í lögfestu og landamerkjabréfum Eystri-Skóga 1839 og 1885 og taki til þess norðanverðs, auk þess sem í beinu framhaldi er fjallað sérstaklega um merki Skógafjalls.

Deilum þessum lauk með því að fyrirsvarsmenn Eystri- og Ytri-Skóga gerðu með sér samning um Skógafjall, „afréttarland Skóga“, og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902. Skógafjall er sem fyrr sagt afmarkað af Jökulsá og Fjallgilsá. Merki Eystri-Skóga og Ytri-Skóga eru að norðanverðu miðuð við Dölu „upp að fossi, og svo áfram austan við svo nefndan Hnauka, alt innað Kambsfjöllum (frb. Kamfjöll) og þaðan í norður til jökuls“. Þessi lýsing er í samræmi við lögfestu Eystri-Skóga 1839 og síðara landamerkjabréf þeirrar jarðar frá 1885. Af hálfu Ytri-Skóga hefur hins vegar verið horfið frá því að draga mörk þvert yfir þau merki sem þessar heimildir um Eystri-Skóga lýsa, svo sem gert var í landamerkjabréfi þeirrar jarðar 1886.

Óbyggðanefnd telur að samningur fyrirsvarsmanna Eystri- og Ytri Skóga um Skógafjall og merki Skógajarða 1899 bendi til þess að Skógafjall hafi verið talið sérstakt landsvæði, utan við eiginleg landamerki Ytri-Skóga, sbr. einnig lýsingu á merkjum Skógafjalls og Hvítmögu 1885. Þá verður að líta svo á að með samkomulaginu 1899 dragi fyrirsvarsmenn Ytri-Skóga til baka þá lýsingu á austurmörkum sem fram kemur í landamerkjabréfi jarðarinnar 1886. Um önnur atriði er varða afmörkun og eignarréttarlega stöðu Skógafjalls er fjallað í kafla 6.25.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Ytri-Skóga og aðliggjandi landsvæða til vesturs og austurs. Norðurmörkum Ytri-Skóga, gagnvart Mýrdalsjökli, er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Í kröfugerð eigenda Ytri-Skóga vegna Ytriskógaheiði er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Að því er varðar norðurmerki Ytri-Skóga, gagnvart Mýrdalsjökli telur óbyggðanefnd að lýsing vesturmerkja í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1886 og austurmarka í samningnum 1899, beri með sér að eigendur hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum lýst í „landnorðurstunguánni, sem rennur ... undan jökli“ og í samningnum inn að Kambsfjöllum og þaðan „í norður til jökuls“. Jökull hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Ytri-Skóga og að afstöðnum nokkrum deilum er gerður samningur um merki Skógajarða og Skógafjalls. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að vesturmerkjum Ytri-Skóga sé rétt lýst í landamerkjabréfinu og austurmörkunum í samningnum, svo langt sem þessar lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra. Umrætt landamerkjabréf og samningur er undirritaður af fyrirsvarsmönnum Ytri-Skóga, skjölin eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þá ber landamerkjabréfinu saman við landamerkjabréf Drangshlíðarjarða sem einnig er þinglesið. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá formgalli sem á landamerkjabréfi Ytri-Skóga er að því leyti að áritun vantar vegna Drangshlíðarjarða verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að eigendur Ytri-Skóga hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum jarðarinnar væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Ytri-Skóga.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ytri-Skógar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886 og 1899, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér skipti máli. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Ytri-Skóga hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1886 og 1899, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Ytri-Skóga, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Ytri-Skóga sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[1]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ytri-Skóga, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.[2]

6.25. Eystri-Skógar og Skógafjall

Hér verður fjallað um landsvæði þau sem afmörkuð eru í samningi um Skógafjall og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902, annars vegar Eystri-Skóga og hins vegar Skógarfjall.

Að Eystri-Skógum liggja Ytri-Skógar til vesturs og suðurs og til austurs eru Skógafjall og Ytri-Sólheimar, þegar sunnar dregur. Austan Skógafjalls er Hvítmaga, afréttur Ytri-Sólheima. Að norðanverðu er Mýrdalsjökull.

Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er flatt undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Til suðurs breiðir úr sér marflatur Skógasandurinn og til norðurs ofan byggðarinnar rís gróið heiðarland. Þar er Flatheiðin, sem liggur austan Dalárgils, í um 200-300 m y.s. Austan Flatheiðar liggur fjallið Vestastiháls sem afmarkast af Hofsárgili að vestan og Þurragili að austan. Skógaheiði liggur milli Skógaár að vestan austur að Fjallgili. Skógaheiði er með nokkuð jafnan halla og hækkar land til norðurs og við taka undirhlíðar jökulsins uns það mætir jökulröndinni í um 900 m hæð. Frá bæjarstæði Eystri-Skóga til jökuls eru um 10 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Hornfellsnípu (punktur D) og efst í Hofsárgil (punktur C). Á móti hafa eigendur Eystri-Skóga lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar,

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.30.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár (Kaldaklifsár) og Jökulsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum, beri sönnunarbyrði fyrir því. Merkjalýsing Eystri-Skóga nái til jökuls en óvissa sé um það hvar jökulrönd hafi legið þegar hún hafi verið gerð. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í yfir 600 metra hæð og lítt gróið. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Eystri-Skóga, og að auki Ytri-Skóga að því er varðar Skógafjall, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða og afrétta hafi ævinlega smalað sínar jarðir og afrétt. Vísað er til landamerkjabréfa Eystri-Skóga, hið fyrra dags. 9. nóvember 1885 og þingl. 21. maí 1890, og hið síðara dags. 14. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890, og samnings um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14. desember 1899, staðfestur af stiftsyfirvöldum 14. september 1901 og þingl. 29. maí 1902. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Að því er varðar Skógafjall er einnig vísað framangreinds til samnings frá 14. desember 1899. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Eystri-Skógum er rakin í kafla 5.23. Þar kemur fram að Eystri-Skóga er getið í heimildum frá því fyrri hluta 14. aldar en sagnir um búsetu þar má rekja enn lengra aftur. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[1] Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Eystri-Skóga er lýst í samningi um Skógafjall og merki Skógajarða 1899 og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur til norðurmerkja og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Eystri-Skóga og Skógafjalls verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða sem til umfjöllunar eru.

Heimildir um merki Eystri-Skóga eru nokkrar. Sú elsta, lögfesta frá 22. nóvember 1839, lýsir merkjum til vesturs og austurs. Árið 1885 voru gerð tvö landamerkjabréf fyrir Eystri-Skóga, hið fyrra dags. 9. nóvember og hið síðara dags. 14. desember. Bæði eru bréfin þingl. 21. maí 1890. Í fyrra bréfinu er lýsing á austurmörkum og í því síðara á vesturmörkum. Þá liggur fyrir framangreindur samningur fyrirsvarsmanna Ytri-Skóga og Eystri-Skóga, um Skógafjall, „afréttarland Skóga“, og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902. Þar er gerð grein fyrir merkjum Eystri-Skóga til vesturs, þ.e. gagnvart Ytri-Skógum, og til austurs, þar sem lýst er merkjum Skógafjalls gagnvart Eystri-Skógum og Hvítmögu.

Heimildum þessum ber ekki að öllu leyti saman, auk þess sem lýsingar á norðurmerkjum eru takmarkaðar. Ástæða er því til að huga nánar að þessum atriðum.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Eystri-Skóga, gagnvart Ytri-Skógum. Hér ber þess fyrst að geta að á ódagsettum seðli, sem er að finna í jarðabókargögnum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, segir að engin landamerki séu á millum þessara jarða. Samkvæmt því er greinir í lögfestu Eystri-Skóga frá 1839 liggja norðanverð vesturmerki Eystri-Skóga hins vegar „... í Dalagilsfoss, og so rædur Dalagil til Jökuls ...“. Vesturmerkjum er ekki lýst í fyrra landamerkjabréfi Eystri-Skóga 1885 en í hinu síðara er miðað við „... dalagil þangað til að það fer að beygjast austur á við vestan við svonefnda hnauka, þá liggur markalínan í laufatungnagilið og það áfram sem næst í hánorður, norður í jökul.“ Tekið er fram að allt land austan merkjanna, „frá jökli til sjóar að mörkunum á milli Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima“ tilheyri Eystri-Skógum. Bréfið er ekki áritað af hálfu Ytri-Skóga.

Í landamerkjabréfi Ytri-Skóga, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, eru norðanverð austurmerki, gagnvart Eystri-Skógum, einnig miðuð við Dalagil og síðan Hnaukagil, sem ráði mörkum á milli „Ytri og Eystri-Skóga heiðarlanda meðan nokkur þess farvegsmerki eru“, sbr. kafla 6.24. Í stað þess að markalínan sé því næst dregin í jökul er merkjum hins vegar lýst til landnorðurs (norðausturs) inn á Bolagilstanga í vesturbrún Fjallgils. Síðan segir svo: „Bolagil afmarkar Ytri-Skóga heiðarlönd (sem kallast Sultartungur) frá Eystriskógaheiði austur að Fjallgili ...“ Í landamerkjabréfi Ytri-Skóga frá 1886 er þannig gert ráð fyrir því að merki Ytri-Skóga liggi þvert yfir það landsvæði sem lýst er í lögfestu og landamerkjabréfum Eystri-Skóga 1839 og 1885. Jafnframt er í beinu framhaldi fjallað sérstaklega um merki Skógafjalls, svo sem nánar verður gerð grein fyrir síðar. Bréfið er ekki áritað af hálfu Eystri-Skóga.

Verður þá næst litið til austurmerkja Eystri-Skóga. Að sunnanverðu liggja þau gagnvart Ytri-Sólheimum. Bréf Eystri-Skóga er áritað af hálfu þeirrar jarðar. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Samkvæmt því er greinir í lögfestu Eystri-Skóga frá 1839 liggja norðanverð austurmerki „... ur Fjörumarki nordur ad Fjallgili og þadan sýdann nordur í Jökul“. Í fyrra landamerkjabréfi Eystri-Skóga 1885 liggja austurmerki „á milli nefndrar jarðar Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima ...“ úr fjörumarki í „Jökulsárgil, svo ræður gilið upp undir svonefnt Skóga-fjall þá liggur merkjalínan austur úr votugjá, fyrir framan Skógafjall og austur í gilgljúfrið sem er á milli Hvítmögu og Skógafjalls, svo ræður áin sem er í síðastnefndu gljúfri marki norður í jökul“. Tekið er fram að allt land vestan merkjanna tilheyri Eystri-Skógum, „allt út að mörkunum sem eru á milli Eystri- og Ytri-Skóga“. Bréfið er áritað af hálfu Ytri-Sólheima.

Á milli Fjallgils og Jökulsárgils er svonefnt Skógafjall. Austan Jökulsárgils er Hvítmaga, afréttur Ytri-Sólheima, afmörkuð til norðurs af Mýrdalsjökli og Sólheimajökli til austurs og suðurs. Í síðara landamerkjabréfi Eystri-Skóga er austurmerkjum ekki lýst en þó tekið fram að allt land austan vesturmerkja jarðarinnar, sem tilgreind eru í bréfinu, „frá jökli til sjóar að mörkunum á milli Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima“ tilheyri Eystri-Skógum. Af framangreindu er ljóst að umtalsverður munur er á lýsingum á austurmerkjum Eystri-Skóga í heimildum frá 1839 og 1885. Nánar tiltekið felst mismunur þessi í umfjöllun um Skógafjall. Samkvæmt lýsingu í lögfestunni frá 1839 liggur Skógafjall utan merkja og á fjallið er ekki minnst í lögfestunni. Sama fjall er hins vegar innan merkja samkvæmt landamerkjabréfum frá 1885 og þar er enginn greinarmunur gerður á fjallinu og öðru landi þar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Skógafjalls er lýst í heimildum sem stafa frá fyrirsvarsmönnum annarra jarða. Elsta heimildin um afmörkun Skógafjalls er yfirlýsing fyrirsvarsmanna Ytri-Skóga og Ytri-Sólheima, dags. 14. júní 1885 og þingl. 22. júní 1885. Um er að ræða landamerkjabréf þar sem lýst er merkjum milli „afrjettanna“ Skógafjalls og Hvítmögu, þ.e.a.s. austurmerkjum Skógafjalls. Samkvæmt þeirri lýsingu liggur þar á milli „Jökulsárgil sem Jökulsá rennur nú framúr og hefir runnið svo lengi sem elstu menn muna til“. Fyrirsvarsmenn Eystri-Skóga eiga ekki aðild að þessu landamerkjabréfi og austurmerkjum Skógafjalls er hér eins lýst og austurmerkjum Eystri-Skóga í fyrra landamerkjabréfi þeirrar jarðar 1885 sem þegar hefur verið gerð grein fyrir,

sbr. einnig tilvísun til merkja Ytri-Sólheima í síðara landamerkjabréfi Eystri-Skóga frá sama ári. Eina eldri heimildin um afmörkun Hvítmögu er lögfesta frá 1789, sem endurnýjuð var 1865, sbr. mál nr. 3/2003. Merkjum er þar einnig lýst í „Jökulsár gamla Farvegi“, þ.e. Jökulsárgili, frá sjó og norður í jökul. Eðlilegt er að líta svo á að hér sé átt við Sólheimajökul en telja má víst að hann hafi á þessum tíma gengið fram í dalinn á milli Hestaþingháls og Loðmundarstrætis, sbr. skjal nr. 10.

Í landamerkjabréfi Ytri-Skóga, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, er lýsing á sunnanverðum vesturmörkum og austurmörkum Skógafjalls. Þar segir að Fjallgilsáin, sem komi undan jökli, sé „mark milli Ytri-Skóga-afréttar sem nefnist Skógafjall, og Eystri-Skógaheiðar; þangað til hún rennur aftur undir jökulinn við fremri enda Skógafjalls, og er fjallið þar umkringt jökli, að austan afmarkar Skógafjall eins og við höfum lýst, frá Hvítmöguafrétti Ytri-Sólheima Jökulsárgil og svo nefnt Lónið sem liggur innan við falljökulinn.“

Svo sem framangreindar heimildir bera með sér er Skógafjall glöggt afmarkað landfræðilega. Til vesturs er Fjallgil, sjá landamerkjabréf Ytri-Skóga 1886, sbr. einnig lögfestu Eystri-Skóga 1839. Til austurs er Jökulsárgil, sjá landamerkjalýsingu Skógafjalls og Hvítmögu 1885, fyrra landamerkjabréf Eystri-Skóga 1885 og landamerkjabréf Ytri-Skóga 1886.

Ljóst er hins vegar að fyrirsvarsmenn Ytri- og Eystri-Skóga hafa deilt um merki jarða sinna og Skógafjall sérstaklega í því sambandi. Skógafjall er utan þeirra merkja sem lýst er í lögfestu Eystri-Skóga frá 1839 en samkvæmt landamerkjabréfum jarðarinnar frá 1885 er það innan merkja og enginn greinarmunur gerður á fjallinu og öðru landi þar. Landamerkjabréf Eystri-Skóga eru gerð nokkrum mánuðum eftir að fyrirsvarsmenn Ytri-Skóga og Ytri-Sólheima undirrita lýsingu á merkjum Skógafjalls og Hvítmögu, án aðildar Eystri-Skóga. Það samkomulag fjallar einungis um merki Skógafjalls. Í landamerkjabréfi Ytri-Skóga frá 1886 er síðan gert ráð fyrir því að merki Ytri-Skóga liggi þvert yfir það landsvæði sem lýst er í lögfestu og landamerkjabréfum Eystri-Skóga 1839 og 1885 og taki til þess norðanverðs, auk þess sem í beinu framhaldi er fjallað sérstaklega um merki Skógafjalls.

Deilum þessum lýkur með því að fyrirsvarsmenn Eystri- og Ytri-Skóga gera með sér samning um Skógafjall, „afréttarland Skóga“, og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902. Skógafjall er sem fyrr afmarkað með Jökulsá og Fjallgilsá. Merki Eystri-Skóga og Ytri-Skóga eru að norðanverðu miðuð við Dölu „upp að fossi, og svo áfram austan við svo nefndan Hnauka, alt innað Kambsfjöllum (frb. Kamfjöll) og þaðan í norður til jökuls“. Þessi lýsing er í samræmi við lögfestu Eystri-Skóga 1839 og síðara landamerkjabréf þeirrar jarðar frá 1885. Af hálfu Ytri-Skóga hefur hins vegar verið horfið frá því að draga mörk þvert yfir þau merki sem þessar heimildir um Eystri-Skóga, svo sem gert var í landamerkabréfi þeirrar jarðar 1886.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Eystri-Skóga, Skógafjalls og aðliggjandi landsvæða til vesturs, suðurs og austurs. Norðurmörkum Eystri-Skóga og Skógafjalls, gagnvart Mýrdalsjökli, er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Í kröfugerð eigenda Eystri-Skóga vegna Eystri-skógaheiði er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Í sameiginlegri kröfugerð eigenda Ytri- og Eystri-Skóga vegna Skógafjalls er gert ráð fyrir að merki svæðisins og beinn eignarréttur þeirra, í hlutföllunum 4/5 og 1/5, nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að elstu heimildir, þ.e. lögfesta Eystri-Skóga frá 1839 og lýsing á merkjum Skógafjalls og Hvítmögu 1885, bendi til þess að Skógafjall hafi verið talið sérstakt landsvæði, utan við eiginleg landamerki jarðanna. Yngsta heimildin, þ.e. samningur fyrirsvarsmanna Eystri- og Ytri-Skóga um Skógafjall og merki Skógajarða 1899, staðfestir þann skilning. Aðrar heimildir bera með sér ágreining eigenda þessara jarða og tilraunir hvorra um sig til að telja Skógafjall innan eigin

merkja. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Skógafjall sé sérstakt landsvæði, utan við eiginleg landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, sbr. kafla 6.24. Með þessu er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu Skógafjalls sem fjallað verður um hér síðar.

Að því er varðar norðurmerki Eystri-Skóga, gagnvart Mýrdalsjökli, telur óbyggðanefnd að bæði landamerkjabréf Eystri-Skóga frá 1885, sbr. einnig lögfestu jarðarinnar frá 1839 og sáttargjörð frá 1899, beri með sér að eigendur hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Í þessum heimildum er merkjum til vesturs og austurs lýst alla leið í jökul. Auk þess er tekið fram í síðara landamerkjabréfinu að allt land austan tilgreindra vesturmerkja, „frá jökli til sjóar að mörkunum á milli Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima“ tilheyri Eystri-Skógum. Þá segir í fyrra landamerkjabréfi jarðarinnar, eftir að austurmerkjum hefur verið lýst „norður í jökul“, að „allt það land sem er fyrir vestan nefnda markalínu“ tilheyri Eystri-Skógum, allt út að mörkum við Ytri-Skóga. Jökull hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við.

Þá telur óbyggðanefnd ljóst að Skógafjall afmarkist einnig af jökli til norðurs enda eiga bæði Fjallgilsá á vesturmörkum og Jökulsá á austurmörkum upptök sín þar. Þar á milli hefur jökull afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Eftir að landamerkjalög hafa tekið gildi 1882 og að afstöðnum nokkrum deilum er gerður samningur um merki Skógajarða og Skógafjalls. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum annars vegar Eystri-Skóga og hins vegar Skógafjalls sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra og, að því er varðar Eystri-Skóga, sjó hið neðra. Umræddur samningur er áritaður af fyrirsvarsmönnum Eystri- og Ytri-Skóga, þinglesinn, færður í landamerkjabók og á honum byggt síðan um merki jarðanna og Skógafjalls, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Eystri-Skóga hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum jarðarinnar væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Eystri-Skóga. Að því loknu verður tekin afstaða til kröfu eigenda Eystri- og Ytri-Skóga um beinan eignarrétt að Skógafjalli sem samkvæmt framangreindu er utan merkja beggja jarða.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Eystri-Skógar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1899, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér skipti máli. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Eystri-Skóga hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1899, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti

í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.[1] Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Eystri-Skóga, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Eystri-Skóga sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[2]

Verður þá tekin afstaða til kröfu eigenda Eystri- og Ytri-Skóga um beinan eignarrétt að Skógafjalli sem samkvæmt framangreindu er ekki innan merkja jarðanna.

Svo sem áður greinir er Skógafjall landfræðilega aðskilið frá Eystri-Skógum með Fjallgili og frá Hvítmögu með Jökulsárgili. Um Skógafjall er fyrst og fremst fjallað í tengslum við deilur eigenda Eystri- og Ytri-Skóga um merki jarða sinna og rétt til fjallsins. Í elstu fyrirliggjandi heimild um þetta efni, landamerkjalýsingu Skógafjalls og Hvítmögu frá 1885, er Skógafjall nefnt „afrjettur“ Ytri-Skóga og sama máli gegnir um landamerkjabréf Ytri-Skóga 1886. Í landamerkjabréfum Eystri-Skóga frá 1885 er hins vegar enginn greinarmunur gerður á Skógafjalli og öðru landi innan merkja þeirrar jarðar. Þá er allt land vestan tilgreindrar markalínu sagt tilheyra Eystri-Skógum. Áður var hins vegar gerð grein fyrir lögfestu Eystri-Skóga frá 1839 þar sem ekki er gert ráð fyrir að fjallið sé innan merkja jarðarinnar og ekkert um það fjallað.

Í samningi fyrirsvarsmanna Eystri- og Ytri-Skóga um Skógafjall og merki Skógajarða frá 1899, í kjölfar málshöfðunar ábúenda Ytri-Skóga 1894, er fjallið nefnt „afréttarland Skóga“ og kveðið á um að Ytri-Skógar skyldu „eiga 4/5 nefnds afréttarlands, en Eystri-Skógar 1/5“. Þá segir svo: „Tekið skal fram að engar aðrar jarðir en Ytri- og Eystri-Skógar eiga rétt til upprekstrar í téð Skógafjall.“

Áður var komist að þeirri niðurstöðu að heimildir bendi til þess að Skógafjall falli utan landamerkja jarðanna Eystri- og Ytri-Skóga. Þá telur óbyggðanefnd að umfjöllun um fjallið í samningi þessara aðila frá 1899 bendi fremur til afréttareignar jarðanna en beins eignarréttar. Landamerkjalýsing Skógafjalls og Hvítmögu frá 1885 og landamerkjabréf Ytri-Skóga 1886 styðja þá ályktun. Þá verður að líta svo á að með samkomulaginu 1899 dragi fyrirsvarsmenn Eystri-Skóga til baka þá lýsingu á austurmörkum sem fram kemur í landamerkjabréfum jarðarinnar 1885 enda í ósamræmi við eldri heimild um sömu jörð. Þegar fjallað er um Skógafjall í heimildum er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engin gögn liggja fyrir um að Skógafjall hafi nokkurn tímann verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Skógafjall sé innan upphaflegs landnáms undir Eyjafjöllum eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Af hálfu eigenda Eystri- og Ytri-Skóga hefur ekki verið sýnt fram á að Skógafjall sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar til þess að jarðirnar Eystri- og Ytri-Skógar hafi átt þar upprekstrarrétt.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Eystri-Skóga, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Skógafjall, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá upptökum Fjallgilsár við Mýrdalsjökul og eftir Fjallgili [að Votugjá, síðan í þeirri gjá allt

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

til enda og þaðan í Jökulsárgil. Síðan er][1] Jökulsárgili fylgt að upptökum við Mýrdalsjökul. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Eystri- og Ytri-Skóga, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis, sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign eigenda Eystri- og Ytri-Skóga, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

6.26. Eyjafjallajökull, Mýrdalsjökull, Núpur, Stóri-Dalur, Syðsta-Mörk og önnur landsvæði

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess lands sem til meðferðar er í máli þessu, sbr. kafla 2.4. um afmörkun þess en ekki hefur þegar verið fjallað um. Það eru í fyrsta lagi Eyjafjallajökull og hluti Mýrdalsjökuls. Í öðru lagi þau landsvæði á Eyjafjallasvæðinu sem fyrri kaflar taka ekki til, þ. á m. landsvæði það norðvestur af Entujökli sem fellur utan merkja Almenninga, sbr. kafla 6.3., og jarðirnar Núp, Stóradalstorfa og Syðsta-Mörk, sbr. umfjöllun í köflum 6.11.-6.13. um jarðirnar Stóru-Mörk, Mið-Mörk og Ysta-Skála.

Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að Eyjafjallajökull og umræddur hluti Mýrdalsjökuls séu þjóðlenda, sbr. kafla 3.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi inn á jökulsvæðin, að öðru leyti en því að jökulrönd á hverjum tíma ráði merkjum. Íslenska ríkið gerir einnig þjóðlendukröfu til hluta þeirra landsvæða sem eigendur jarðanna Núps, Stóra-Dals og Syðstu-Merkur telja eignarland sitt og hafa sett fram kröfur um, sbr. kafla 3.1. og 3.13.-3.15. Óumdeilt er hins vegar að önnur landsvæði undir Eyjafjöllum en þau sem þegar hefur verið gerð grein fyrir hér og í fyrri köflum, séu eignarland. Hér ber þess að geta að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Þess ber fyrst að geta að óbyggðanefnd hefur áður hafnað þeirri almennu kröfu jarðeigenda að merki jarðar gagnvart jökli skuli miðuð við jökuljaðarinn eins og hann er á hverjum tíma, sbr. úrskurði nefndarinnar í málum á svæði 2. Grundvallast sú niðurstaða á því að löggjafinn hafi ekki álitið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands, sem hulið er jökli, fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Jafnframt hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. úrskurði í málum á svæði 2 og köflum hér að framan, að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að Eyjafjallajökull og Mýrdalsjökull sé stærri nú en á landnámstíma. Ætla má því að jökull hafi gengið yfir land sem numið var í öndverðu. Lega jökuls á landnámstíma verður hins vegar ekki ákvörðuð með nokkurri vissu og því ekki unnt að afmarka þau eignarréttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til. Staðhættir og sönnunarstaða leiða því til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.[2]

1 Við endurupptöku málsins, 6. september 2005, var bókað um svohljóðandi tilgreiningu úrskurðarlínu á þessu svæði, án þess að í því fælist efnisleg breyting.

2 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Þá telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að á viðkomandi jökulsvæðum hafi á síðari tímum stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það á Mýrdalsjökli sem til meðferðar er í máli þessu, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Dregin er lína upp eftir Entugjá frá upptökum Syðri-Emstruár í Entugjá í Entu. Úr Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, er dregin lína til suðausturs í stefnu á Huldufjöll (730 m), í suðaustanverðum Mýrdalsjökli, og þeirri línu fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er á milli upptaka Fúlalækjar, við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, og Mælifells, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul og þeirri línu fylgt til suðvesturs í upptök Fúlalækjar. Þaðan fylgir línan jaðri Mýrdalsjökuls að upptökum Syðri-Emstruár í Entugjá. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Það er einnig niðurstaða óbyggðanefndar að Eyjafjallajökull teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Allur Eyjafjallajökull, miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Þá er þess að geta að í kafla 6.3. er fjallað um Almenninga, vestur af Entujökli og Merkurjökli. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að norðurmerki Almenninga, gagnvart Emstrum, afrétti Hvolhrepps, miðist ekki við þá kvísl Fremri-Emstruár sem á upptök við Entugjá, sbr. niðurstöðu um merki Emstrusvæðisins í máli nr. 4/2003, heldur aðra upptakakvísl Fremri-Emstruár, sem kemur undan jöklinum nokkru sunnar og vestar. Á milli austasta hluta norðurmarka Almenninga og suðurmarka Emstrusvæðisins, upp við Entujökul er þannig landsvæði sem fellur hvorki innan merkja Almenninga né Emstra. Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að á viðkomandi jökulsvæðum hafi stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

